



**ÁRSSKÝRSLA**  
**SKÓLAÁRIÐ 2007-2008**

<b>INNGANGUR</b>	<b>3</b>
<b>HAGNÝTAR UPPLÝSINGAR</b>	<b>3</b>
NEMENDUR	3
STARFSMENN	5
YTRI TENGL	10
SKÓLAÁRIÐ	12
SKÓLADAGURINN	12
SMIÐJUR OG TÖFLUTÍMABIL Í SJÁLANDSSKÓLA	13
SKÓLAHÚSNÆÐIÐ - SKÓLALÓÐIN	14
SKÓLAHÚSNÆÐIÐ	<b>ERROR! BOOKMARK NOT DEFINED.</b>
HEIMASVÆÐI	15
SÉRGREINASTOFUR	15
SKÓLALÓÐIN	14
FJARAN OG ARNARNESVOGURINN	14
<b>ÞRÓUNARVERKEFNI Á SKÓLAÁRINU</b>	<b>15</b>
<b>SJÁLFSMAT SKÓLA</b>	<b>15</b>
<b>TYLLIDAGAR OG VIÐBURÐIR Á SKÓLAÁRINU</b>	<b>16</b>
<b>SAMSTARF HEIMILIS OG SKÓLA</b>	<b>20</b>
SKÝRSLA FORELDRARÁÐS SJÁLANDSSKÓLA	21
SKÝRSLA FORELDRAFÉLAGS SJÁLANDSSKÓLA	24
<b>SKÝRSLUR UMSJÓNARKENNARA</b>	<b>25</b>
SKÝRSLA UMSJÓNARKENNARA Í 1. OG 2. BEKK	25
SKÝRSLA UMSJÓNARKENNARA Í 3. OG 4. BEKK	29
SKÝRSLA UMSJÓNARKENNARA Í 5. OG 6. BEKK	34
SKÝRSLA UMSJÓNARKENNARA Í 7. BEKK	41
<b>SKÝRSLUR LIST OG VERKGREINAKENNARA</b>	<b>45</b>
SKÝRSLA ÍÞRÓTTAKENNARA	45
SKÝRSLA Í TEXTÍLMENNT OG MYNDMENNT	54
SKÝRSLA TÓNMENTAKENNARA	61
<b>SKÝRSLA SÉRKENNARA, ÞROSKAÞJÁLFA OG MEÐFERÐARFULLTRÚA</b>	<b>67</b>
<b>ÝMSAR SKÝRSLUR</b>	<b>70</b>
SKÝRSLA KENNSLURÁÐGJAFNA Í TÖLVU – OG UPPLÝSINGATÆKNI	70
SKÝRSLA DÖNSKUKENNARA	74
SKÝRSLA TÓMSTUNDAHEIMILISINS	78
<b>SAMTANTEKT OG MAT Á ÁRANGRI SKÓLASTARFSINS</b>	<b>91</b>
<b>FYLGISKJÖL</b>	<b>93</b>
STEFNA SKÓLANS	93
SKÓLADAGATAL	93
SKIPURIT	93
SKÝRSLA VEGNA NOREGSFERÐAR	93
SKÝRSLUR VEGNA DEILDARSTJÓRNAR	93
SKÝRSLA VEGNA FORELDRAKÖNNUNAR	93
FRÉTTIR	93

## Inngangur

Ársskýrsla Sjálandsskóla kemur nú út í þriðja sinn. Markmiðið skýrslunnar er að gefa sem bestar upplýsingar um starfið í Sjálandsskóla veturinn 2007-2008. Að gerð skýrslunnar koma skólastjóri, kennarar, ritari og aðstoðarskólastjóri sem ritstýrir verkinu. Skýrslan skiptist í ellefu kafla auk formála. Skýrslunni er dreift til foreldraráðs, stjórnar foreldrafélagsins, skólanefndar Garðabæjar, forstöðumanns fræðslu- og menningar sviðs, deildarstjóra skóladeildar, auk þess sem hún er aðgengileg á heimasíðu skólans og liggur frammi á skrifstofu hans. Ýmsar frekari upplýsingar um daglegt starf í Sjálandsskóla er að finna á heimasíðu skólans:

<http://www.sjalandsskoli.is>

Sjálandsskóli er einsetinn grunnskóli og bauð á þessu ári upp á starf fyrir nemendur í 1.-7. bekk. Í Garðabæ hafa foreldrar val um grunnskóla fyrir börn í 1.-7. bekk og um eiginleg skólahverfi er ekki að ræða. Nærhverfi skólans er: Sjáland, Ásar, Grundir og Nes og markast það að Hafnarfjarðarvegi í suður, Gálgahrauni í vestur, Arnarnesvogi í norður og Kópavogi í austur.

Fyrsti skóladagur skólaársins 2007-2008 var 22. ágúst og voru þá 157 nemendur skráðir við skólann. Fyrsta skóladaginn voru allir nemendur skólans boðaðir ásamt forráðamönnun í einstaklingsviðtöl hjá umsjónarkennurum. Markmið þessara viðtala var að kynna nýjum nemendum og skerpa á markmiðum vetrarins. Skipulag skólans er í samræmi við grunnskólalög og aðalnámskrá. Stefna skólans er í fylgiskjali 1. Skóladagatal skólans er í fylgiskjali 2. Skólastjóri á þriðja starfsári var Helgi Grímsson og aðstoðarskólastjóri var Ólöf Sigurðardóttir. Skipurit skólans er í fylgiskjali 3.


Sjálandsskóla í júní 2008

Ólöf S Sigurðardóttir aðstoðarskólastjóri

## Hagnýtar upplýsingar


### ***Nemendur***

Samtals voru 167 nemendur í skólanum, 157 við upphaf skólaársins en 167 þegar mest var. Stúlkur í skólanum voru 88 og piltarnir voru 77. Skipting nemenda í árganga var með eftirfarandi hætti 1. og 2. bekk var samkennt í þremur umsjónarhópum alls 44 nemendur. Samkennt var í 3. og 4. bekk í þremur umsjónarhópum. Þar voru 45 nemendur. 41 nemenda var samkennt í 5. og 6. bekk í tveim umsjónarhópum og 7. bekk var kennt í tveimur umsjónarhópum alls 35 nem. Gafst þetta fyrirkomulag vel.




Fjöldi nemenda Sjáländsskóla síðustu 3 ár

	2005-2006	2006-2007	2007-2008
Fjöldi nemenda	85	114	167



Eftirfarandi er skipting nemenda skólans eftir lögheimili. Athyglisvert er hversu fáir nemendur koma úr Sjálundsshverfi og skýrist það af íbúasamsetningu.



### Ástundun

Samantekt ástundunar leiðir í ljós að veikindadagar nemenda sem skráðir eru í Mentor eru samtals 446. Seinkomur eru í 912 stundir og ræður þar mestu seinkomur í upphafi skóladags. Beðið var um leyfi fyrir nemendur í 332 daga. Eftirfarandi tafla sýnir meðaltal ástundunar hjá nemendum skólans.

	Veikindi	Leyfi	Leyfi úr degi	Fjarvist	Seint
Dagar	4,08	3,1			
Stundir			0,26	0,2	7,03



### Starfsmenn

Starfsmenn Sjálundsskóla er hópur fagmenntaðra og ófaglærðra starfsmanna sem vinnur í sameiningu að því að byggja upp skólastarf sem einkennist af vilja og virðingu, með hag nemenda að leiðarljósi. Þeir starfa undir verkstjórn skólustjóra og eiga í nánú samstarfi sín á milli, við nemendur, foreldra þeirra og aðra sem að skólastarfinu koma. Allir starfsmenn skólans bera mikla ábyrgð á skólastarfinu jafnt undirbúningi, framkvæmd og mati og leggja metnað sinn í að styðja hvert annað í starfi, miðla þekkingu, reynslu og færni og nýta sér þau tækifæri sem gefast til þess að vaxa í starfi. Skólaárið 2007-2008 störfuðu við skólann 35 starfsmenn, 20 kennarar og stjórnendur. 2 þroskaþjálfar, 2 stuðningsfulltrúar, 1 bókaforður, 4 starfsmenn við tólmstundaheimilið, 4 skólaliðar 1 ritari og umsjónarmaður.


Eftirtaldir starfsmenn störfuðu við skólann þetta skólaár:

	<b>Stöðuheiti</b>	<b>Stöðuhlutfall</b>
Andri Freyr Björnsson	Skólaliði	100% - eftir áramót
Berglind Þórisdóttir	Umsjónarkennsla 3/4 bekkur	100%
Bjarney Gísladóttir	Bókavörður	50%
Bryndís A. Rail	Umsjónarkennsla 3/4 bekkur	33%
Dorin Tamasan	Skólaliði	100%
Edda Björg Sigurðardóttir	Umsjónarkennsla 3/4 bekkur	100% – hætti á áramótum
Elfa Hrönn Friðriksdóttir	Umsjónarkennsla 7 bekkur	100% – fór í orlof í mars
Elín R. Þorsteinsdóttir	Þroskaþjálfari	100%
Elvar L. Guðjónsson	Íþróttakennari	100%
Erna Sif Auðunsdóttir	Umsjónarkennsla 5/6 bekkur	100%
Evelinda Dealca Gomez	Skólaliði	100%
Guðbjörg Grétarsdóttir	Sérkennari	67%
Guðrún Dóra Jónsdóttir	Umsjónarkennsla 1/2 bekkur	100%
Helgi Grímsson	Skólastjóri	100%
Hrafnhildur Sigurðardóttir	Umsjónarkennsla 3/4 bekkur	100%
Hrafnhildur Sævarsdóttir	Íþrótt og sundkennari	67%
Íris Björk Baldursdóttir	Umsjónarkennsla 1/2 bekkur	100%
Jóhanna Elísa Magnúsdóttir	Meðferðafulltrúi	52%
Kristín Guðbrandsdóttir	Listgreinakennsla	100%
Kristín Steinarsdóttir	Kennsluráðgjafi U T	100%

Kristján Páll Kolka Leifsson	Starfsmaður tómsundah.	65%
Margrét Perla Kolka Leifsdóttir	Forstöðum. Tómsundaheimilis	75%
Margrét Tómasdóttir	Umsjónarkennsla 7 bekkur	100%
Marvin Raiss	Skólaliði	100%
Oddur Albertsson	Umsjónarkennsla 7 bekkur	100% - frá mars 2008
Ólafur Schram	Tónmennt og umsjónarkennsla 5/6 bekkur	100%
Ólög Sigurbjörg Sigurðardóttir	Aðstoðarskólastjóri	100%
Sesselja Þóra Gunnarsdóttir	Umsjónarkennsla 3/4 bekkur	100%
Sigríður Gísladóttir	Proskapjálfi	100%
Sigríður Ólafsdóttir	Sérkennari	66,70%
Sigrún Grímsdóttir	Forfallakennari	
Sigurður Guðleifsson	Umsjónarmaður skóla	100%
Soffía Dagmar Þorleifsdóttir	Ritari	100%
Vladimir Tóth	Starfsmaður tómsundah.	31,25%
Þórey Íris Halldórsdóttir	Umsjónarkennsla 3/4 bekkur	66,67% - eftir áramót
Þórunn Jónsdóttir	Starfsmaður tómsundah.	37,50%







### Símenntun starfsmanna

Kennarar skólans komu til starfa 9. ágúst. Fyrstu dagarnir voru nýttir til samráðs og dagana 13. og 14. ágúst sóttu allir kennarar skólans námsstefnu um útinám sem haldin var að frumkvæði samtaka um skólaþróun. Í kjölfarið fóru 17 kennarar og stjórnendur í 5 daga fræðsluferð til Noregs. Skýrsla vegna Noregsferðarinnar er í fylgiskjali 4. Sálfræðingurinn Guðbrandur Árni Ísberg kom í skólann og flutti fyrirlestur um líðan barna, Eypór Eðvarðsson kom og fræddi okkur um samstarf á vinnustað. Á skipulagsdegi á hausti fóru allir starfsmenn í skólaheimsóknir. Heimsóttir voru Salaskóli og Ártúnsskóli. Nú á vormánuðum voru 9 starfsmenn saman í leshring þar sem bók Sigrúnar Aðalbjarnardóttur Virðing og umhyggja var lesin og reifuð. Starfsmenn skólans sóttu fjölmörg önnur námskeið og fræðslufundi. Starfað var samkvæmt gildandi símenntunaráætlun. Kennarar fara margvíslegar leiðir í persónulegri endurmenntun og gera grein fyrir henni í starfsmannaviðtölum. Ennfremur skila allir kennarar yfirlitsblaði yfir endurmenntun sína ár hvert.

### Ráðningar starfsfólks

Nokkrar breytingar urðu á starfsmannahópnum. Í ágúst 2007 bættust 7 í starfshópinn, 5 kennarar og 2 aðrir starfsmenn. Um áramótin hætti einn kennari og annar var ráðinn í staðinn. Í mars fór einn kennari í fæðingarorlof og annar var ráðinn í hans stað. Tveir nýjir stuðningsfulltrúar bættust í hóp starfsmanna eftir áramótin. Allir nýjir starfsmenn voru kallaðir í viðtal. Við ráðningu var lögð rík áhersla á að allt starfsfólk skólans hefði það helsta hlutverk að starfa með börnum þó svo að hver starfsmaður hefði einnig sitt nánara verkefni. Þó var lögð rík áhersla á að starfsfólk sýndi sveigjanleika og væri tilbúið að grípa inn í störf allra annara starfsmanna ef aðstæður krefðust. Það er stefna skólans að allir þeir sem sinna kennslu í skólanum hafi kennsluréttindi og gekk það eftir.

### Forföll starfsmanna

Þegar kennarar forfölluðust var leitast við að tryggja að störf nemanda fylgdu kennsluáætlun og skólanámskrá. Breyting varð á innkomu kennara í forfallakennslu

með nýju samkomulagi sem kennararnir gerðu við Garðabæ. Ákvæði í samningnum gerði ráð fyrir því að kennarar bættu á sig forföllum annarra kennara í teyrum án sérstakrar greiðslu. Þetta fyrirkomulag átti við um forföll á fyrsta degi. Greitt var fyrir forföll í u.þ.b. 31% tilvika. Þá sinnti UT kennsluráðgjafi forfallakennslu sem og skólastjórnendur. Oft sinntu skólaliðar eftirliti með nemendum í forföllum kennara en þá með leiðsögn. Forföll annarra starfsmanna voru í flestum tilvikum leyst með hagræðingu og flutningi verkefna.

### **Samkomulag um breytta vinnutímaskilgreiningu og breytt vinnuframlag kennara**

Í október undirrituðu fulltrúar Garðabæjar og kennara Sjálandsskóla samkomulag um breytta vinnutímaskilgreiningu og breytt vinnuframlag kennara. Samkomulagið fól í sér að vinnutímaákvæði kennara yrðu hliðstæð og hjá öðrum háskólamenntuðum starfsmönnum sveitarfélaga, þ.e. á bilinu frá kl. 8 – 17 og innan þeirra tímamarka væri öll vinnuskylda kennara. Markmið samkomulagsins var að tryggja enn frekar vinnuumhverfi þar sem kennarar vinna saman sem hópur fagmanna að undirbúningi, framkvæmd og mati skólastarfs, undir verkstjórn skólastjóra; nemendum, starfsmönnum og skólastarfinu í heild sinni til bóta. Helstu markmiðin voru eftirfarandi:

- Auka gæði skólastarfs
- Stuðla í ríkara mæli að því að kennarar séu virkir og ábyrgir þátttakendur í stefnmörkun, mótun, framkvæmd og mati skólastarfs í Sjálandsskóla.
- Tryggja það að kennarar geti átt virkt samstarf og samráð við samstarfsmenn á hverjum vinnudegi.
- Skerpa verkstjórnarhlutverk skólastjóra.
- Nýta betur þann mannauð sem starfar í skólanum á hverjum tíma.
- Hafa vinnuálag jafnara yfir skólaárið.
- Auka starfsánægju kennara og stuðla að aukinn sátt um kaup og kjör.

Það er mat kennara og skólastjóra að vinna samkvæmt samkomulagi hafi gefið góða raun og tekist hafi að ná þeim markmiðum sem lagt var af stað með. Samkomulagið er rós í hnappagat bæjaryfirvalda sem enn og aftur hafa sýnt þor og framsýni til þess að þróa nýjar leiðir í skólastarfi.

### **Skipt deildarstjórn**

Því fjármagni sem skólinn hefur til aukinnar stjórnunnar var skipt niður á tiltekin verkefni. Þannig fengu tilteknir kennarar tíma og svigrúm til þess að sinna leiðtogaverkefnum í starfshópnum. Fjallað er um þessi verkefni í skýrslum deildarstjóra.

### **Starfmannasamtöl**

Starfmannasamtöl voru í mars og apríl og tóku skólastjórnendur þau við kennara og suma starfsmenn en umsjónarmaður tók viðtölin við skólaliða.

### **Ytri tengsl**

#### **Gestir**

Fjölmarginir gestir komu í vetur og kynntu sér starfsemi skólans og bygginguna. M.a.:

Kennarar úr Lundaskóla á Akureyri  
Kennarar úr Heiðarskóla Reykjanesbæ  
Kennarar úr Salaskóla  
Kennarar úr Álftanesskóla  
Kennarar úr Mýrarhúsaskóla  
Nemendur í tómsundafræði HÍ  
Nemendur í tómsundafræði KHÍ  
Danskur arkitektahópur  
Arkitektahópur sem vinnur að hönnun Urriðaholtsskóla  
Finnkir kennarar  
Danskir háskólakennarar  
Bæjaryfirvöld á Akranesi  
Síðan unnið með nokkrum kennaranemum við lokaritgerð  
Fjölmargir kennarar, foreldrar og aðrir sem vildu kynna sér starfsemi skólans.

### **Tengsl við aðra grunnskóla, leikskóla, atvinnulíf, íþrótt- og æskulýðsfélög, kirkju og frjáls félagasamtök**

Sjálandsskóli átti margháttað samstarf við aðila innan Garðabæjar að þróun skólastarfs.

- Skólastjórnendur og kennarar 1.- 2. bekkjar átti í samstarfi við leikskóla í bænum vegna "brúum bilið" verkefnisins.
- Náið samstarf var við leikskólann Sjáland og gagnkvæmar heimsóknir nemenda og starfsfólks reglulega allan veturinn.
- Samráð og samvinna var við félagsstarf aldraðra í Jónshúsi og Holtsbúð.
- Samráð haft við Stjórnuna og skátafélagið Vífil vegna ýmissa verkefna.
- Kennsluráðgjafi í upplýsinga - og tæknimennt vann að þróun upplýsinga- og tæknimenntar í samstarfi við kennsluráðgjafa í öðrum grunnskólum Garðabæjar.
- Skólastjórnendur áttu reglulega fundi með skólastjórum í Garðabæ og sátu fundi grunnskólafulltrúa.
- Sjálandsskóli hélt helgistund í Garðakirkju í samstarfi við sóknarprest.
- Nemendur í tónlistarskóla Garðabæjar héldu tónleika í Sjálandsskóla.
- Nemendur skólans gerðu verð og vörukönnun í Hagkaup í heimilisvikunni. Einnig fóru nemendur skólans í fjölmargar vettvangsferðir í nágrenni skólans allt skólaárið.
- Skólinn átti í samstarfi við fjölmargar bæjarstofnanir t.d. starfsfólk stofnana ÍTG, áhaldahús, garðyrkjudeild og bæjarskrifstofur vegna undirbúning og framkvæmd skólastarfsins.
- Þá átti skólastjóri og umsjónarmaður mikil samskipti við Fasteign vegna skólabyggingarinnar. Varð þetta samstarf til þess að Sjálandsskóli náði betur að starfa að markmiðum sínum og stuðlaði að auknum gæðum skólastarfs.

### **Tengsl við menntamálaráðuneytið og aðrar ríkisstofnanir**

Skólinn tók þátt í heimaskólaverkefni Kennaraháskóla Íslands sem felst í því að Sjálandsskóli fólstrar kennaranema öll þrjú ár nemans í náminu. Í vetur voru tveir nemandur í heimaskólaverkefninu. Auk þeirra voru 5 aðrir kennaranemar í vettvangsnámi við skólann í vetur

## **Skólaárið**

Fjöldi nemendadaga á skólaárinu voru 180. Skóladagatal Sjálandsskóla er fylgiskjal I. Dagar þar sem verulega var brugðið frá námi og kennslu voru skólaþingardagur sem jafnframt var foreldraviðtalsdagur, jólaskeið og skólaslit. Ekki voru hafðir foreldraviðtalsdagar eða prófadagar. Aðrir dagar á skólaárinu þar sem brugðið var út frá stundatöflu hjá öllum nemendum skólans voru:

14. september	Gróðursetningardagur
25. – 28. október	Heimilisvika
15. nóvember	Dagur íslenskrar tungu
1. desember	Fullveldishátíð
6. febrúar	Öskudagur
15. mars	Skíðaferð
9.-12. apríl	Listadagar
6. maí	Íþróttadagur
25. apríl	Dagur umhverfisins
23. maí	Unicefhreyfingin
2. -3. júní	Innilega

Þess ber þó að geta að ekki var um að ræða skerta kennsludaga heldur breytt fyrirkomulag. Aðeins öskudagur var einum tíma styttri en venja er. Fjallað er sérstaklega um skipulag þessara daga í sérstökum kafla. Einnig má lesa um flesta þessa viðburði í fréttadagbók (fylgiskjal 5).

## **Skóladagurinn**

07:30 – 08:15	Skólahús opið. Nemendur áttu næðisstund undir eftirliti skólaliða
08:15 – 08:20	Samkoma (morgunsöngur, atriði, tilkynningar)
08:20 – 08:30	Umsjónartími (skipulag dagsins, lífsleikni, markviss málörvun)
08:30 – 09:30	1. kennslustund
09:30 – 09:45	Hlé (morgunhressing: ávextir, grænmeti eða annað hollt nesti)
09:45 – 10:05	Hlé (útivera)
10:05 – 11:05	2. kennslustund - Í lok stundar var stutt hlé á kennslu.
11:05 – 12:05	3. kennslustund
12:05 – 12:25	Hlé (heitur matur)
12:25 – 12:55	Hlé (frímínútur - val um að vera inni eða úti)
12:55 – 13:55	4. kennslustund
13:55 – 14:05	Umsjónartími (uppgjör dagsins, lífsleikni, markviss málörvun)
14:05 – 17:00	Tómstundaheimili og annað frístundastarf.

Á samkomu komu nemendur saman í stiganum og sungu saman tvö lög, sáu skemmtiatriði ef slíkt var í boði og hlustuðu á tilkynningar. Skólastjóri stýrði samkomu og allir starfsmenn skólans tóku þátt í henni. Foreldrar og forráðamenn voru ávallt velkomnir að taka þátt í samkomu og nýttu margir sér það. Upplýsingar um gesti má sjá í fréttadagbók (fylgiskjal 5).

Í umsjónartíma áttu nemendur stund með umsjónarhópnum sínum á umsjónarsvæði. Farið var í markvissa málörvun, lífsleikni, skipulag eða uppgjör dagsins eftir því hvort um var að ræða umsjónartíma í upphafi eða lok dags.

Síðustu þrjár vikur skólaársins var gerð tilraun með breytingar á umsjónartíma og samkomu. Þannig var þessum liðum víxlað – byrjað á umsjón og farið þaðan í morgunsöng. Markmið þessarar breytingar var að kanna hvort stundvísi nemenda myndi aukast og hvort hægt væri að stytta þann tíma sem tæki nemendur að koma sér fyrir í stiganum. Við lok skólaársins var farið yfir reynsluna af þessu og var samdóma álit starfsmanna að þetta fyrirkomulag hentaði ekki og þær væntingar sem gerðar höfðu verið til þess stóðust ekki. Hugmyndir komu að annarskonar lausnum sem byrjað verður með á nýju skólaári.

Á milli kennslustunda áttu nemendur hlé. Þetta hlé var notað til næringar, útiveru, hreyfingar og slökunar. Í fyrra nesti snæddu nemendur nesti að heiman. Sérstök áhersla er lögð á að nemendur hefðu grænmeti eða ávexti í morgunnesti. Eindregið var hvatt til þess að allir nemendur fengju heitan mat í hádeginu og voru nemendur þá í heitum mat alla daga eða ekki. Í frímínútum gátu nemendur valið um hvort þeir færu út á skólalóð til leikja og íþróttar eða væru inni í rólegum leikjum, spilum, handavinnu eða vinnu með þroskandi leikföng.

Hver kennslustund var 60 mínútur og skipti þá ekki máli að hvaða fagi var unnið. Kennarar voru afar sáttir við þessa tímalengd og hentaði það skólastarfinu vel.

Skóladagurinn var jafn langur hjá öllum árgöngum. Var það upphaflega gert til þess að stuðla að betra næði í lok skóladags þar sem að allir árgangar voru saman á heimasvæði. Þannig fengu yngstu nemendur talsvert lengri skóladag en gengur og gerist en 5. , 6. og 7. bekkur bekkur ívið styttri. Var þetta gert með samþykki foreldraráðs, grunnskólafulltrúa og menntamálaráðuneytis. Gafst þetta fyrirkomulag skóladags afar vel og hefur því verið haldið áfram.

## ***Smiðjur og töflutímabil í Sjálandsskóla***

Í skólabyrjun var ákveðið að hefja tilraun með svokallaðar smiðjur í skólanum. Helstu markmið með smiðjunum voru eftirfarandi:

- Stuðla að samþættingu námsgreina, með sérstakir áherslu á list- og verkgreinar og tengja þannig list og verkgreinakennslu með skýrari hætti við aðra kennslu í skólanum.
- Stuðla að nýjum samstarfsmynstrum í starfsmannahópnum.
- Skapa vettvang til þess að kennarar geti unnið að “sérfræði/hugðarefnum” sínum.
- Skapa nemendum tækifæri til samstarfs við nemendur úr öðrum aldurshópum

Leiðir:

- Smiðjur verði í skólanum 4 stundir á viku tiltekið töflutímabil (lengd á töflutímabili ræðst af fjölda smiðja)

- Hver smiðja er samstarfsverkefni tveggja kennara sem koma úr “ólíkum áttum” og eru verkefnið kennarastýrð.
- Hver nemendahópur er í hverri smiðju í 4 stundir á viku og fer í allar smiðjurnar á töflutímabilinu (fjöldi smiðja ræðst eins og áður segir af fjölda hópanna.)
- Hver nemendahópur fylgist að í töflutímabilinu í ólíkum smiðjum og er hver hópur aldursblandaður (t.d. blanda annars vegar úr 1.-4. bekk og hins vegar 5.-7. bekk)
- Í hverjum nemendahópi eru 25-27 nemendur (og tveir kennarar).
- Smiðjur á hverju töflutímabili geta verið tengdar saman í eitt þema.
- 

Smiðjufyrirkomulagið var keyrt í gegn í tvö skipti. Kennarar voru almennt óánægðir með tilhögunina og því voru smiðjurnar lagðar niður. Það helsta sem óánægja var með voru skertir tímar í list- og verkgreinum auk þess sem fyrirkomulagið þótti flókið fyrir nemendur. Áfram voru þó keyrð töflutímabil og var vægi list- og verkgreina mismikið eftir töflutímabilum. Kennslumagn hvers kennara var auk þess mismikið á milli töflutímabila en jafnaðist út í heildina. Alls voru töflutímabilin 5.

### **Skólahúsnæði – skólalóð**

Skólinn er staðsettur í útjaðri Sjálandshverfis í fjöruborðinu í Arnarnesvogi. Hraunholtslækur rennur undir skólabygginguna.

### **Skólalóðin**

Sumarið 2007 og skólaárið 2007-2008 var unnið að framkvæmdum og frágangi lóðar norðan við skólann (m.a. brú yfir Hraunholtslæk og gönguleið í fjöru).

Haustið 2007 var byggður hænsnakofi og gert varanlegt hæsnagerði sunnan megin við skólann. Á vordögum taldi hæsnahjörð skólans einn hana og sex hænur.

Skólaárið 2007-2008 var ár hinna miklu flóða. Hraunholtslækurinn fann sér farveg að skólanum og fimm sinnum flæddi allur kjallarinn í kjölfar gríðarlegra vatnavaxta (allt að 15 cm djúpt vatn á öllum gólfpletinum). Unnið hefur verið að endurbótum lækjarfarveggar og fráveitulögnum til þess að tryggja að þetta endurtaki sig ekki.

### **Fjaran og Arnarnesvogurinn**

Nálægð við Arnarnesvoginn og Hraunholtslæk skiptir miklu máli í skólastarfinu og nýttist afar vel í allri útikennslu. Nemendur læra fljótt og vel að lækurinn og fjaran er ekki leiksvæði og þar má aðeins vera með starfsmanni skólans. Umsjónarmaður skólans (húsvörður) fór tvisvar til þrisvar í viku með barnahópa í “veiðiferðir” niður í fjöru í frímínútum vor og haust. og var aflinn settur í 2000 ltr. kaldsjávarbúr sem staðsett er í anddyri skólans.

Öllum nemendum 5.-7. bekkjar stóð til boða að fara út á sjó haust og vor. Haldið var sérstakt þriggja daga námskeið, annars vegar fyrir stelpur og hins vegar stráka í meðferð kajakanna. Þá var á skólaárinu starfræktur kajakklúbbur fyrir nemendur 5.-7. bekkjar. Þegar mest var í klúbbunum voru félagar 18.

### **Skólahúsnæðið**

Skólaárið 2007-2008 var nýting á skólahúsnæðinu svohljóðandi: tvö heimasvæði voru notuð til almennrar kennslu, eitt heimasvæði var notað sem hreyfirými og fjórða heimasvæðið sem húsnæði fyrir leikskólann Montessorisetrið, eldhús og tónmenntastofu. Tómsundaheimili var með miðstöð á gangi á mörkum heimasvæðisins og nýtti annað húsnæði skólans að vild. Forsalur á neðri hæð var nýttur sem matsalur.

### **Heimasvæði**

Þetta skólaár var nemendum skipt á milli heimasvæða með eftirfarandi hætti. 1.-4. bekkur var saman á neðri heimasvæði í 6 umsjónarhópum, 5.-7. bekkur var saman á efra heimasvæði í 4 umsjónarhópum. Það er ljóst að heimasvæði ber ekki fleiri en 80 nemendur með góðu móti. Alþjóðaskólinn var með umsjónarsvæði á vinnupalli í upplýsingamiðstöð, annað á heimasvæði 5.-7. bekkjar og það þriðja á palli hjá hreyfirými. Alþjóðaskólinn notaði aðalinngang skólans sem nemendainngang. Þannig þurfti því að nota svæði undir umsjón sem ekki voru hönnuð sem slík.

### **Sérgreinastofur**

Hefðbundið skólasafn og tölvustofa sameinast í upplýsingamiðstöð Sjálandsskóla. Hluta upplýsingamiðstöðvar þurfti að nýta sem umsjónarsvæði fyrir alþjóðaskólann. Nokkrir nemendur og aðrir Garðbæingar hafa gefið bækur til skólasafnsins í vetur.

Innangengt er á milli saumastofu (textílmennt), myndmenntastofu og smíðstofu (hönnun og tæknimennt) og hafa þeir kennarar sem þar kenna sameiginlega vinnuáðstöðu. Smíðakennsla fór fram í smíðastofu fram að áramótum.

Íþróttakennsla fór fram á skólalóð og í “hreyfirými”. Fyrstu og síðustu vikur skólaársins fór kennslan fram utandyra en yfir vetrarmánuðina voru yngstu nemendur báða íþróttatímanna innandyra en þau eldri annan tímann úti á lóð en hinn inni. Fundarherbergi voru notuð sem búningsklefar en börnunum gafst ekki færi á að fara í sturtu. Almenn ánægja var með þetta fyrirkomulag. Sund var kennt í lotum í sundlauginni í Ásgarði.

### **Þróunarverkefni á skólaárinu**

Áfram var unnið markvisst að þróun skólastarfsins og var skólafélagið Garðabæjar leiðarljós í þeirri vinnu. Unnið var að einu formlegu endurmenntunar- og þróunarverkefni sem styrkt var af endurmenntunarsjóði grunnskóla, Útikennsla. Starfshópurinn fór á námskeið Samtaka áhugafólks um skólaþróun sem fjallaði um

útikennslu. Þá fór hópurinn í námsferð til Noregs í ágúst og kynnti sér útikennslu í Osló. Einnig var keypt umtalsvert magn af búnaði til útikennslu (sjá nánar skýrslu deildastjóra í útikennslu) og starfsfólki leiðbeint um notkun hans.

Skólinn var þátttakandi í umsókn um Comeniusverkefni sem fjallar um – lýðræði og borgarvitund. Samstarfsaðilar innanlanda eru HÍ og Smáraskóli. Gert er ráð fyrir að 15 þáttökulönd séu í verkefninum.

## **Sjálfsmat skóla**

Lögð var fyrir formleg viðhorfakönnun fyrir foreldra í desember og brugðist við helstu niðurstöðum hennar. Skýrsla um könnunina er fylgiskjali 6. Niðustaða könnunarinnar er að foreldrar eru almennt mjög sáttir við skólstarfið og geta 95% foreldra mælt vel eða mjög vel með skólanum til annarra foreldra. Enn þarf að laga matarmál og er það eini þáttur skólstarfsins sem fellur á aðgerðabil samkvæmt þessari könnun. Einnig þarf að efla upplýsingastreymi kennara til foreldra varðandi námslega stöðu og námsáætlanir. Þá voru einstakir liðir í skólstarfinu metnir á starfsmannafundum, kennarafundum og heimavingum. Einnig var lagt mat á stöðu mála á fundum með skólaráði, foreldraráði og kennararáði.

## **Tyllidagar og viðburðir á skólaárinu**

### ***Morgunsöngur***

Morgunsöngur hefur verið í allan vetur. Sungin hafa verið tvö lög á hverjum morgni og reynt að hafa söngskrána fjölbreytta og að lögin höfði til sem flestra nemenda. Þá hafa lög markvisst verið kennd í tónmennt til að fjölga lögum sem nemendur þekkja og geta sungið vel. Í vetur hefur verið lögð áhersla á að nemendur syngi og þekki nokkur íslensk þjóðlög, lög við texta þjóðkunnra ljóðskálda, lög úr teiknimyndum og barnaleikritum, þjóðlög nokkurra annarra þjóða, ný og gömul barnalög og ný og gömul íslensk sönglög og dægurlög.

Reynt var að tengja morgunsönginn þeim þemum sem voru í gangi hverju sinni. Eftir áramót var ákveðið að umsjónahópar mundu koma fram einu sinni hver með æfð atriði. Aðeins náðu 1. – 4. bekkur að gera það og voru þau atriði flutt í staðinn fyrir morgunsöng.

Í vetur fengum við nokkra góða gesti í heimsókn í morgunsöng. Í nóvember kom Guðni Fransson og flutti dagskrá um hafið þar sem hann lék á klarinett og fleiri hljóðfæri fyrir nemendur og lék fyrir þá í ýmsum stílum. Rafn Emilsson og Anna María Björnsdóttir komu í desember og fluttu nokkur lög í jazz útsetningum. Í apríl kom Pálmi Sigurhjártarson píanóleikari og söngvari ásamt hljómsveit og flutti nokkur íslensk söng- og popplög undir heitinu Syngjandi skóli. Í maí flutti Oddur Albertsson eigin tónlist fyrir nemendur. Þá hafa nemendur skólans sem eru í tónlistarnámi nokkrum sinnum í vetur stigið á stökk og flutt tónlist.

### ***Gróðursetningardagur í Sandahlíð***



Sjálandsskóli fékk úthlutað landsvæði til ræktunar hjá Skógræktarfélagi Garðabæjar. Svæðið er í suðaustanverðri Sandahlíð nálægt Guðmundarlundi. Farið var með allan nemendahópinn föstudaginn 14. september í plöntunar og útivistarferð. Nemendahópnum var fjórskipt í vinnu. Á meðan einn hópur plantaði birkiplöntum undir stjórn starfsfólks Garðyrkjudeildar Garðabæjar voru hinir við leiki í Guðmundarlundi. Í hádeginu voru grillaðar pylsur og svo var frjáls leikur á svæðinu. Dagurinn tókst mjög vel enda var veður gott og allir í sólskinsskapi.

### **1. des. Fullveldisdagurinn**

Fullveldisdagurinn hófst með því að nemendur í 7. bekk fluttu dagskrá sem var samansett af ýmsum fróðleik um fullveldishátíðina 1918, aðdraganda hennar og líf og starf Íslendinga á þeim tíma. Um leið og textinn var fluttur var sýnd glærusýning með ljósmyndum frá fullveldishátíðinni, frostavetrinum mikla og af húsum og lífsháttum Íslendinga. Að lokum voru sungin tvö þjóðernislög. Nemendur Sjálandsskóla sem stunda nám í Tónlistarskóla Garðabæjar léku á lúðra. Að því loknu fór hver hópur nemenda til síns umsjónarkennara. Dagskráin gekk mjög vel.

### **Jóladagskráin**

Undanfarin tvö ár höfum við haft sameiginlegt jólaþema fyrir allan skólann. Að þessu sinni var ákveðið að brjóta þetta fyrirkomulag upp og hvert teymi skipulagði jólaþema fyrir sína nemendur. Sameiginleg dagskrá var eftirfarandi.

#### **19. desember**

Kirkjuferð í Garðakirkju kl. 11. Frábær ferð þar sem Sr. Jóna Hrönn Bolladóttir tók á móti okkur.

Þegar komið var heim í skóla var hangikjötsveisla.

#### **20. desember – litlu jólin**

Dagskráin var tvískipt frá 8:30 – 10:30 og frá 10:30 – 12:30. Tíminn var helst til knappur og varð af því nokkuð ónæði.

1. **Jólaball** á skólasafni (Helgi í forsöng, Ólafur spilar undir). Nemendur tóku vel undir. Nokkrir foreldrar komu með. Flottir jólasveinar kíktu í heimsókn.
2. **Jólaskemmtun** Nemendur í 5. bekk fluttu helgileik og aðrir nemendur fluttu margvíslega atriði.
3. **Bekkjarstund með umsjónarkennara.** Við enduðum síðasta skóladaginn á notalegri stund inn á heimasvæði. Þar var spjallað og leikið og nemendur borðuðu smákökur sem þeir höfðu meðferðis að heiman.

Starfsmenn borðuðu síðan saman jólahádegisverð að lokinni jólaskemmtun.

### **Öskudagur**

Á öskudegi var hluta úr degi brugðið út frá hefðbundnu skólastarfi. Nemendur máttu koma í öskudagsbúningi í skólann og starfsmenn voru einnig uppáklæddir í tilefni dagsins. Að loknum frímínútum var skemmtun og dans í hreyfirými. Síðan röðuðu nemendur sér upp í limbó og gátu síðan slegið Köttinn úr “tunnunni” frammi í matsal. Tvær tunnur voru hengdar upp, önnur fyrir yngri nemendur og hin fyrir eldri. Var tunnan spónaplötukassi og kötturinn lítið tuskudýr sem nemandinn fékk til eignar.

Eftir tunnusláttinn opnuðu 6 “verslanir” í skólanum þar sem nemendur gátu sungið söngva sína og fengið sælgæti að launum fyrir góðan söng. Sælgætið höfðu foreldrar gefið í skólann. Dagurinn tókst afar vel og voru börn og foreldrar ánægð með þennan dag.

## **Listadagar**

Listadagar Garðabæjar voru haldnir 8.-12. apíl. Þema daganna var “Náttúra”. Undirbúningi daganna var miðstýrt frá bæjarskrifstofum þar sem fulltrúi frá hverri stofnun kom á fundi í tengslum við undirbúninginn. Útbúin var prentuð dagskrá sem borin var í hvert hús í Garðabæ. Fulltrúar bæjarins settu hátíðina í Sjálandsskóla kl. 10 miðvikudaginn 9. apríl. Þema listadaganna “náttúra” var haft að leiðarljósi í þemavinnu vetrarins svo að til væru listaverk þegar að listadögum kæmi. Sú ákvörðun var tekin í Sjálandsskóla að skólastarf yrði með hefðbundnum hætti á listadögum en til að upplifa list annarra stofnana fóru nemendur og kennarar á kreik. Ekki gengu heimsóknirnar upp hjá öllum árgöngum því að fullbókað var á mörgum stöðum. Gestir og gangandi voru velkomnir í heimsókn í Sjálandsskóla hvenær dagsins sem var á meðan listadögum stóð. Heitt var á könnunni. Hver árgangur bauð foreldrum svo sérstaklega í skólann til að taka þátt í listadögum barnsins síns. Kennararnir undirbjuggu verkefni sem börn og foreldrar unnu saman. Eftirfarandi verkefni voru unnin í árgöngum:

1.-2. bekkur: Foreldrar og börn unnu klippimyndir.

3.-4. bekkur: Foreldrar og börn máluðu myndir af íslenskum fjöllum en árgangurinn var í *Íslandþema* um þær myndir sem listadagar voru.

5.-6. bekkur: Með foreldrum unnu nemendur klippimyndir en fyrir listadaga var Kjarval allsráðandi í listasköpun þeirra. Nokkrir nemendur máluðu málverk í anda Kjarvals og aðrir tóku myndir og unnu áfram með í tölvum í sama anda. Myndirnar voru til sýnis í Jónshúsi í Garðabæ.

7. bekkur: Gaf út ljóðabók fyrir listadaga. Ljóðin voru samin í *Ljóðabema* á haustönn en myndirnar unnar síðar. Náttúran var yrkisefnið í tilefni listadaga. Í foreldraheimsókninni lásu foreldrar upp ljóð barna sinna.

## **Íþróttadagur**

Undirbúningsferlið hófst með þeim hætti að á heimaþingi voru nemendur spurðir hvaða væntingar þeir hefðu til íþróttadags og hvað þeir vildu gera á íþróttadegi. Áður var búið að ákveða á kennarafundi að íþróttadagurinn yrði 6. maí. Næsta skref var að kennarar völdu einn nemanda úr hverjum árgangi, þó þannig að kynjahlutfallið var jafnt, í íþróttaráð til að ákveða gróflega hvernig dagurinn ætti að vera. Undir stjórn íþróttakennara hittist sá hópur og gerði drög að deginum. Endanleg ákvörðun var svo í höndum íþróttakennara. Íþróttakennari undirbjó svo daginn, raðaði kennurum niður á stöðvarnar og sagði þeim nákvæmlega hvað þeir áttu að gera. Nemendur fengu að velja þær stöðvar sem þeir vildu vera á. Hóparnir voru því aldursblandaðir. Hérna eru þær stöðvar sem nemendur gátu valið um:

### Fyrsta lota

1. Hreystistöðvar

2. Frjálst – íþróttahöld sett út t.d. stultur, sippub, boltar, krikket og fl.

3. Brettapallar.

### Önnur og þriðja lota

1. Kajakferð 5-7. bekkur á Vífilsstaðavatni, hjólað uppeftir.
2. Hjólaferð yngri (1-4. bekkur)/eldri (5-7. bekkur)
3. Línuskautuferð
4. Leikir á skólalóð (fjórar stöðvar) allir hóparnir fara á allar stöðvarnar.

#### Fjórða lota

1. Fótbolta mót
2. Brennó mót

Nemendur fengu allir það sem þeir höfðu valið. Það var ekki mjög mikil keppnisharka í gangi heldur var frekar mikil og góð samvinna milli nemenda svo ekki sé talað um gleði. Í knattspyrnunni var einna helst keppni þar sem það voru tveir riðlar og efstu liðin úr hvorum riðli áttu að spila til úrslita. Sá leikur var háður föstudaginn 9. maí. Það væri skemmtilegra á næsta ári að fá með sér nokkra kennara til að skipuleggja þenna dag. Íþróttakennari er svolítið sér á báti, þannig séð, og hefði verið gaman að vinna þetta með öðrum kennurum. Það hefði líka verið gaman að hafa þetta óvenjulegan íþróttadag með samblandi við aðrar námsgreinar t.d. pönnukökubaksturskeppni (eins og á Landsmóti). Nemendur voru almennt mjög ánægðir með daginn.

### ***Unicefhreyfingin***

Þann 23.maí tóku allir nemendur skólans þátt í í Unicefhreyfingunni. Nemendur hlupu frá 1 og upp í 15 km hver. Fyrir daginn höfðu nemendur safnað áheimum meðal ættingja sinna. Umsjónarhóparnir komu svo hver á eftir öðrum og hafði u.þ.b. klukkustund til að hlaupa. Starfsmenn skiptust á að standa við hlaupaleiðina og aðstoða nemendur ef þörf var á. Skemst er frá að segja að hlaupið tókst frábærlega vel og söfnuðu nemendur Sjálundsskóla 865.196 krónum. Bergsteinn Jónsson frá Unicef á Íslandi kom í morgunsöng og tók á móti söfnunarfénu.

### ***Útilegan og vorhátíðin***

2.- 3. júní var útivistardagur og innilega í Sjálundsskóla. Með yfirumsjón fóru Helgi Grímsson skólustjóri og Ólöf Sigurðardóttir aðstoðarskólustjóri. Allir kennarar skólans og aðrir starfsmenn tóku síðan þátt í frekari skipulagningu. Foreldrafélagið sá um skipulagningu á matartilbúningi en nemendur greiddu 500 krónur í fæðisgjald. Mánudaginn 2. júní var farið með strætisvögnum að Esjurótum. Í boði voru þrjár mismunandi gönguleiðir. Sú fyrsta var að ganga og leika sér í skóginum við Mógilsá. Önnur leiðin var ganga upp að "steini". Sú þriðja var ganga upp á topp en sú leið var aðeins í boði fyrir nemendur í 5. ,6. og 7. bekk með undirskrift foreldra.

Dagskráin var eftirfarandi:

#### **Mánudagur 2. júní**

Nemendur komu með farangur í skólann, sunginn morgunsöngur og stutt umsjón með umsjónarkennara. Þá var farið af stað í Esjugönguna. 15-20 foreldrar tóku þátt í göngunni með okkur og var það mjög ánægjulegt og auðveldaði ferðina mjög. Komið var tilbaka um miðjan dag og fengu þá börnin sér nesti. Nokkuð var um að börnin væru búin með allt nestið og þyrfti í framtíðinni að gera ráð fyrir síðdegishressingu í skólanum að lokinni göngu. Að því loknu tók við dótadagur og frjáls tími til undirbúnings kvöldvöku. Kvöldverður var í umsjón foreldrafélagsins og fengu börnin grillaða hamborgara og franskar kartöflur. Um kvöldið var sameiginleg kvöldvaka þar

sem nemendur og kennarar skemmtu hvort öðru með heimatilbúnum skemmtiatriðum. Yngri nemendur áttu að vera komin í ró um klukkan 22:00 en eldri nemendur máttu vaka til miðnættis. Þá átti að vera komin ró og ljósin voru slökkt. Starfsmenn höfðu að þessu sinni skipst á að vera á vöktum eftir Esjugönguna þannig að allir fengu a.m.k. tveggja klukkustunda hlé. Þetta tókst allt gríðarlega vel og allir stóðu sig með prýði.

### **Priðjudagur 5. júní**

Klukkan 8 voru ljósin kveikt og nemendur tóku til við að ganga frá og fá sér að borða morgunverð sem foreldrafélagið sá um. Eftir það fóru nemendur ásamt sínum umsjónarkennara í dagsferðir af ýmsum toga.

1. - 2. bekkur fóru í hjólreiðaferð
- 3.- 4. bekkur fóru í gönguferð og óðu í læknum við Vigdísarlund
- 5.- 6. bekkur fóru í heimsókn á Listasafn og snæddu hádegisverð á American Style
7. bekkur fóru í keilu og hamborgara í Keiluhöllinni.

Árgangarnir komu á misjöfnum tíma tilbaka en boðið var upp á samlokur og ávexti í hádegismat. Eftir það var frágangur allt til loka skóladags.

Umsjónarkennarar og aðstoðarskólastjóri gistu ásamt nemendunum í skólanum. Nokkur fjöldi foreldra mætti á kvöldvökuna og var það mjög skemmtilegt. Foreldrafélagið sá alfarið um matartilbúning þennan sólahring og var þar vel að verki staðið. Innilegan gekk vel og var skemmtilegur endir á skólastarfinu. Margir nemendur sigruðust á heimþrá og öryggisleysi.

## **Samstarf heimilis og skóla**

Forráðamenn eru mikilvægir samstarfsmenn skóla þar sem þeir bera ábyrgð á uppeldi og umönnun barna sinna. Afar mikilvægt er að foreldrar finni sig velkomna í skólann og að aðstoð þeirra sé vel þegin og hafi gildi. Þess er vænst að foreldrar fylgist náið með námsframvindu barna sinna, hvetji barnið áfram, sýni áhuga, tali jákvætt um skóla og skólastarf við barnið og spyrji viðeigandi spurninga (hver spurning á sinn stað og stund). Hvatt er til þess að foreldrar komi með virkum hætti að skólastarfinu með markvissum heimsóknum á skólatíma, þátttöku í starfi umsjónarþekkja, foreldrafélags og foreldraráðs.

Viðamikil viðhorfakönnun var lögð fyrir foreldra í desember til þess að fá fram viðhorf foreldra til fyrstu mánaðanna í starfi skólans. Niðurstöður könnunarinnar eru fylgiskjal 4. Samkvæmt niðurstöðum könnunarinnar eru foreldrar afar ánægðir með starf Sjálandsskóla og virðist nemendum líða vel í skólanum. Starf skólans er í samræmi við stefnuna, skólabragur og andi uppbyggilegur og starfsfólk lætur sér annt um velferð barnanna. Þá komu skýrar vísbendingar um það sem betur má fara.

### **Samstarf kennara og foreldra**

Á haustdögum kynntu kennarar skólans komandi starfsár og helstu áherslur í starfi. Skólaárið hófst á foreldraviðtalsdegi. Þar gafst dýrmætt tækifæri til þess að miðla upplýsingum milli foreldra og kennara. Á skólaárinu voru einnig að lágmarki tvö viðtöl við alla foreldra, þó ekki á sérstökum foreldraviðtalsdögum heldur eftir að kennslu

lauk eða í eyðum í stundatöflum kennara. Eins og gefur að skilja voru fundir, símtöl og tölvupóstsendingar tíðari hjá stórum hópi nemenda. Sérstakir viðtalstímar kennara voru ekki skráðir á töflu heldur var upplýsingagjöf og samráði við foreldra sinnt eins fljótt og hægt var. Gafst það fyrirkomulag afar vel. Rík áhersla var lögð á upplýsingastreymi til forráðamanna. Var það gert með vikulegum bréfum umsjónarkennara.

### Foreldraheimsóknir

Fjölmargir foreldrar komu reglulega í morgunsöng og einnig var fjölmenni á viðburðum á samkomu í byrjun skóladags. Á haustdögum voru foreldrar sérstaklega hvattir til að koma og taka frekari þátt í skólastarfinu. Nokkrir foreldrar brugðust við þessari áskorun og mættu í skólann og aðstoðuðu við kennsluna eða tóku tóku þátt í þeim störfum sem verið var að vinna hverju sinni. Þá voru nokkrir foreldrar sem voru með börnum sínum hluta skóladagsins og margir tóku þátt í vettvangsferðum. Áfram verður unnið að því að efla þátt foreldra í þátttöku í skólastarfinu.

### **Skýrsla foreldraráðs Sjálundsskóla**

Aðalfundur 2007 var haldinn 26.5.2007 og var eftirfarandi stjórn þar kjörin til starfa.  
Guðmundur Guðnason, var áður varamaður  
Ragný Þóra Guðjohnsen, var áður formaður  
Hjördís Líney Pétursdóttir, kom ný inn  
Bjarney Björnsdóttir, kom ný inn

Á fyrsta fundi skipti stjórn með sér verkum. Guðmundur formaður, Ragný ritari, Hjördís varaformaður og Bjarney varamaður. Auk þess var komið að Sjálundsskóla að vera með fulltrúa í skólanefnd Garðabæjar og tók Guðmundur þar sæti og Hördís varamaður. Sem fulltrúi í skólanefnd var Guðmundur einnig formaður svæðaráðs en það er sameiginlegur vettvangur foreldraráða og foreldrafélaga í Garðabæ.

Sem fyrr starfaði foreldraráð Sjálundsskóla með skólaráði Sjálundsskóla en skólaráð skipa skólastjóri, foreldraráð, kennararáð og tveir fulltrúar starfsmanna. Tilgangur þessa fyrirkomulags er að tengja betur saman starfsfólk skólans og foreldra. Fundir foreldraráðsins voru alls 7 á skólaárinu þar af 3 með skólaráði.

Í upphafi vetrar fór foreldraráð yfir gátlista frá Heimili og skóla varðandi starfssemi foreldrarráða almennt og efnistösk fundu vetrarins ákveðin með hliðsjón af þeim lista. Neðangreind er áætlun foreldraráðs fyrir veturinn:

Verkefni	Tekið fyrir
Skoða fjárhagsáætlun sveitarfélagsins og bera saman framlög til skólamála miðað við aðra málaflokka og miðað við framlög annarra sveitarfélaga að svipaðri stærð. Bera einnig saman framlög til skóla innan sveitarfélagsins	Október 2007
Lesu grunnskólalög, reglugerðir og reglur um skólalald frá menntamálaráuneytinu og bera saman við áætlanir sveitarfélags	
Lesu skólanámskrá og bera saman við aðalnámskrá og grunnskólalög. Skila umsögn um skólanámskrá til skólastjóra og skólanefndar	Apríl 2008

Fara yfir skóladagatal, aðgæta hvort skóladagatal er samræmt milli allra leik- og grunnskóla í sveitarfélaginu. Senda umsögn um skóladagatal til skólastjóra og skólanefndar	Febrúar 2008
Fara yfir stundaskrár (tímamagn sbr. aðalnámskrá) og aðrar áætlanir skólans	Mars 2008
Skoða niðurstöður kannana og samræmdra prófa og fá skýringar hjá skólastjóra	Janúar
Skoða skólahúsnæði, tækjakost skólans, bókasafn og annan búnað sem og almennan aðbúnað nemenda	Apríl 2008
Skoða mótuneyti og matseðla, fá upplýsingar um hve margir kaupa mat og hvetja til þess að viðhorf nemenda og foreldra til matarmála sé kannað reglulega	Apríl 2008
Skoða húsnæði og dagskrá heildagsskólans, fá upplýsingar um starfmannahald heildagsskólans sem og nýtingu og ánægju með þjónustuna.	Apríl 2008
Skoða íþróttaaðstöðu. Kanna hvernig gæslu í sturtum er háttað í leikfimi og sundi	Apríl 2008
Spyrja út í starfsmannastefnu, starfsmannahald og endurmenntunaráætlun skólans	Mars 2008
Spyrja út í eineltisstefnu, áfallaáætlun og forvarnir.	Janúar 2008
Fara yfir stöðu valgreina í unglíngadeild og framboð á félagsstarfi fyrir alla nemendur	Febrúar 2008
Fá upplýsingar um sjálfsmatsáætlun skólans, fylgjast með framgangi hennar sem og niðurstöðum kannanna sem gerðar eru í tengslum við sjálfsmat	Mars 2008
Kynna sér stefnu skólans um samstarf heimila og skóla sem og upplýsingagjöf til foreldra	Handbók
Heimsækja skólann á skólatíma	Apríl 2008
Tala við og hlusta eftir röddum foreldra, nemenda, kennara og annarra starfsmanna	Hvenær sem við á
Kynna sér skólaakstur t.d. með því að fara í skólabílnum. Skoða ferðir til og frá sundi, athuga hver fylgir börnunum sem og hver annast sturtugæslu	Nóvember 2008
Koma með tillögur til úrbóta um það sem betur má fara ef þörf krefur	Hvenær sem við á

Eftirfarandi eru helstu mál sem hafa verið á döfinni hjá skólaráði þennan veturinn.

#### Almennt samstarf við skólayfirvöld

Almennt verður að segjast að samstarf við skólastjóra, skólayfirvöld og starfsfólk skólans hefur gengið mjög vel. Skólastjóri hefur á fundum með foreldraráði kynnt það helsta sem er í gangi hverju sinni í rekstri skólans. Þar má nefna:

- Markmiðasetningar fyrir skólaárið og hvernig ætlunin sé að ná þeim markmiðum.
- Fjárhagsáætlun fyrir árið 2008 kynnt
- Umræður um breyttar stundartöflu og breyttan tíma í upphafi dags
- Vinaleið
- Viðhorfskönnun til foreldra
- Samræmd próf og niðurstöður þeirra
- Eineltisáætlun bæjarins og hvernig Sjáländsskóli starfar eftir henni
- Forvarnarstarf í skólanum
- Undirbúningur fyrir unglíngastig og kynning á starfi vinnuhóps sem
- Aðstaða skólans, kringum skólann og umferðarmál í kringum skólann.
- Áætlun um nýtingu skólans á næsta skólaári.
- Áætlun um fjölda nemenda fyrir næsta skólaár
- Staða á starfsmannahaldi
- Umræður um námsmat
- Skólanámsskrá fyrir næsta skólaár
- Mat á skólastarfi og áætlanir um að fá ytra mat á skólanum á næsta ári.

#### Viðhorfskönnun

Eins og undanfarin ár var ákveðið að senda út viðhorfskönnun til foreldra og var hún að mestu óbreytt frá fyrri árum til að auðvelda samanburð. Foreldraráð yfirfór könnun með skólastjóra áður en hún var send út.

Helstu niðurstöður sem kalla á athygli eða aðgerðir voru þessar:

- Enn nokkur óánægja með gæði matarins og einnig þætti foreldrum matur helst til of dýr.
- Einhver óánægja var með að hefja skóladaginn 10 mínútum fyrr en á síðasta skólaári
- Auka mætti upplýsingagjöf skólans um námsstöðu nemenda.

Viðhorfskönnunin gefur stjórnendum skólans ómetanlegar upplýsingar um hvar áherslur til umbóta þurfa að vera en ekki styður einnig við gott starf með jákvæðu viðhorfi í flestum þáttum könnunarinnar.

#### Svæðaráð

Formaður skólaráðs og fulltrúi foreldrafélags störfuðu í svæðaráði í vetur. Svæðaráðið hittist á 2 formlegum fundum en þess utan var samráð í tölvupóstsamskiptum og undirbúningur fyrir fræðslufund sem var á vegum fulltrúa foreldrafélaganna í svæðaráðinu.

#### Matarmál

Sígilt umræðuefni og málefni sem krefst stöðugrar eftirfylgni fjallar um matinn sem nemendum Sjáländsskóla býðst að borða í hádegishléi. Fyrirkomulagið er þannig að Garðabær er með samning við Skólamat ehf. sem sér öllum grunnskólum Garðabæjar fyrir hádegismat fyrir nemendur. Um er að ræða mat sem er að mestu eldaður í Reykjanesbæ og svo fluttur tilbúinn í skólana. Í skólunum er hann svo fulleldaður og framreiddur. Foreldraráð hefur má segja frá opnun skólans fjallað um þetta málefni með það fyrir augum að auka gæði matarins og þar með ánægju nemenda og foreldra en þetta atriði er eitt af fáum atriðum sem hefur komið illa út í viðhorfskönnunum hjá foreldrum. Í upphafi vetrarins fékkst það staðfest að Garðabær

hefði framlengt samning sinn við Skólamat ehf. en með viðaukum sem fjalla um auknar kröfur til næringarinnihalds með hliðsjón af leiðbeiningum Lýðheilsustöðvar. Foreldraráð leit á þetta sem áfangasigur en þörf væri á áframhaldandi vinnu í þessu máli.

Það sem hefur svo áunnist í vetur er að starfandi er mötuneytisnefnd sem hittist í hvert sinn sem Skólamatur leggur fram nýja matseðla og auk þess hefur Garðabær fengið óháðan næringarfræðing til að meta matseðlana í hvert skipti með tilliti til þess hvort næringarinnihald sé að standast kröfur samningsins. Skólamatur hefur einnig aukið fjölbreytni matseðils með því meðal annars að bjóða þemavikur og með því að bjóða rétti í samstarfi við Móðir náttúru. Gert er ráð fyrir því að þetta starf muni halda áfram til að bæta enn frekar gæði þess matar sem börnunum býðst í skólanum. Haustið 2009 er svo áætlað að ný álma skólans verði tekin í notkun ásamt framleiðslueldhúsi sem gefur fyrirheit um breytt fyrirkomulag á matarmálum.

Foreldraráð vill fyrir hönd allra foreldra þakka mjög gott við skólann sem við teljum að sé að mörgu leyti einstakt. Það að til staðar sé skólaráð sem telur bæði fulltrúa starfsmanna, stjórnenda og foreldra ber vott um framsýni skólastjórnenda þar sem einmitt slíkt fyrirkomulag er hluti af frumvarpi til breytinga á grunnskólalögum.

Foreldraráð þakkar einnig ykkur foreldrum frábært samstarf og hlakkar til frekara samstarfs næsta ár.

F.h. foreldraráðs Sjálandsskóla skólaárið 2007-2008.

Guðmundur Guðnason  
Ragný Þóra Guðjohnsen  
Hjördís Líney Pétursdóttir  
Bjarney Björnsdóttir

## **Skýrsla foreldrafélags Sjálandsskóla**

Á skólaárinu 2007 – 2008 skipuðu eftirtaldir stjórn foreldrafélags Sjálandsskóla:

- \* Hrafnhildur Helgadóttir - formaður
- \* Elín Guðmundsdóttir – gjaldkeri
- \* Sveinn Helgason – ritari
- \* Einar Páll Tamimi – stjórnarmaður
- \* Guðrún Kristjánsdóttir – stjórnarmaður

### **Meðfylgjandi er yfirlit yfir starfsemi félagsins í vetur:**

Í upphafi skólaárs stóð foreldrafélagið fyrir fundi með bekkjarfulltrúum þar sem farið var yfir fyrirhugaðar uppákomur á skólaárinu. Þar var kynning á hlutverki bekkjarfulltrúa og uppákomur sem foreldrafélagið myndi standa fyrir. Farið var yfir handbók heimilis og skóla og bent á umfjöllun um bekkjarfulltrúa og annað athyglisvert í þeirri handbók. Aðstoðarskólastjóri kynnti jafnframt hugmyndir um það hvernig hægt væri að tengja betur saman foreldra og skóla og einnig var farið yfir hugmyndir um vinahópa ofl.



Í janúar stóð foreldrafélagið fyrir leikhúsfærð fyrir nemendur og fjölskyldur þeirra. Farið var í Þjóðleikhúsið að sjá Skilaboðaskjóðuna. Þátttaka var góð.

Í mars var haldið hið árlega Páskabingó. Þátttaka var mjög góð.

Í apríl stóð foreldrafélagið ásamt skólanum fyrir morgunverði og tónleikum í skólanum. Birgitta Haukdal og Magni Ásgeirsson skemmtu viðstöddum við góðar undirtektir.

Í júní aðstoðaði foreldrafélagið við "innilegu" sem haldin er árlega í skólanum fyrir nemendur. Innilegan er ákveðin vorhátíð fyrir nemendur og er mjög vinsæl. Kennarar og annað starfsfólk skólans á heiður skilið fyrir þeirra vinnu í tengslum við innileguna.

Í júní var aðalfundur félagsins haldinn. Þar var kjörin ný stjórn og gjald til foreldrafélagsins var ákveðið kr. 1.500 sem er óbreytt frá fyrra ári.

#### **Annað:**

Foreldrafélagið hefur átt fulltrúa í Svæðaráði. Staðið var að fræðslufundi í samvinnu við foreldrafélög grunnskólanna í Garðabæ.

Foreldrafélagið hittist reglulega yfir starfsárið og var í netsambandi þess á milli.

#### **Framundan:**

Kynning á skólaflíspeysum í skólasetningu í haust.

Koma á nefnd um tómstundaheimili og jafnframt nefnd um jólaföndur.

#### **Foreldrafélagsgjald:**

Foreldrafélagsgjald var 1.500 fyrir skólaárið. Gjaldið er innheimt fyrir hvert heimili, óháð barnafjölda.

## **Skýrslur umsjónarkennara**

### **Skýrsla umsjónarkennara í 1. og 2. bekk**

Nemendur í 1. bekk voru 14 og í 2. bekk voru nemendur 31. Tveir nemendur í 2. bekk bættust í hópinn á miðju skólaári. Umsjónarkennarar voru Berglind Þórisdóttir, Guðrún Dóra Jónsdóttir (einnig myndmenntakennari) og Íris Björk Baldursdóttir. Aðrir kennarar sem kenndu í hópnum voru Kristín Guðbrandsdóttir sem kenndi listir, Hrafnhildur Sævarsdóttir og Elvar Lúðvík Guðjónsson kenndu íþróttir, Sigríður Ólafsdóttir sérkennari og Ólafur Schram sem kenndi tónmennt.

#### **Kennslustundir**

Nemendurnir fengu 20 kennslustundir á viku (60 mín hver stund). Námið fór fram í þemalotum og var samþætt. Þannig voru námsgreinarnar íslenska, stærðfræði, samfélagsfræði, náttúrufræði, kristinfræði, tölvur, heimilisfræði og lífsleikni kennd samþætt við efni lotunnar. Fjöldi kennslustunda í hverri námsgrein var því mismikill

eftir því hvaða viðfangsefni var um að ræða hverju sinni. Við vetrarlok er gert ráð fyrir að viðmiðunarstundum námsgreinanna hafi verið náð. Skólaárinu var skipt í 4 töflutímabil. Listir, textílmennnt og myndmennnt, voru fastar í stundatöflu ein klukkustund á viku í tvö töflutímabil (fyrir jól) og 2 klukkustundir á viku í tvö töflutímabil (eftir jól). Tónmennnt var í eina klukkustund á viku í þrjú töflutímabil og íþróttir voru í tvær klukkustundir á viku í 4 töflutímabil. Sund var kennt á tveimur námskeiðum, annarsvegar að hausti og hins vegar að vori, samtals 17 klukkustundir. Enska var kennt einu sinni í viku í 20 mínútur í senn í þrjú töflutímabil. Reynt var eftir megni að samþætta sérgreinarnar við viðfangsefnin og gekk það almennt mjög vel.

### Helstu áherslur hópsins

Meginmarkmið í starfi vetrarins voru þau að börnunum liði vel í skólanum að þau fái jákvæða tilfinningu fyrir skólastarfinu og að vekja jákvæðan námsáhuga. Í upphafi var mikil áhersla lögð á almenna skólafærni. Skólinn, umhverfi hans og umgengnisreglur í skólasamfélaginu voru kynntar og æfðar. Lífsleikni var ríkur þáttur þennan vetur og mikið unnið með vináttu, tillitsemi og samkennd. Á hverjum degi var frátekinn tími þar sem nemendur gátu talað um það sem þeim lá á hjarta hverju sinni. Mikil áhersla var lögð á lestrarnám og ritun. Hjá 2. bekk var aukin áhersla lögð á einfalda málfræði og nemendunum leiðbeint með stafsetningu. Reynt var að láta alla nemendurna lesa daglega í skólanum og mælst til þess að eins væri gert heima. Í stærðfræði var unnið með talnaskilning auk einfaldra reikniaðgerða. Nemendur í 1. bekk notuðu smáhlutasafn í ýmiskonar hlutbundna stærðfræðivinnu. Nemendur í 2. bekk æfðu samlagningu og frádrátt, tugi og einingar og ýmiskonar flýtleiðir við úrlausnir. Mikil áhersla var lögð á hlutbundna stærðfræði og leik í stærðfræði. Í öllum námsgreinum var stuðst við markmið Aðalnámskrár grunnskóla.

### Þemaverkefni vetrarins

Yfirheiti	Helstu áherslur í verkefninu
<b>Umferðinn og umhverfið</b>	Kynnast skólaumhverfinu og reglum innan skólans sem utan og reglum í umferðinni
<b>Heimilisvika</b>	Verkefni sem tengjast heimilishaldi unnin í skóla og heima
<b>Líkaminn</b>	Þekkja helstu líkamshluta með nafni og kynnast helstu líffærum líkamans
<b>Jól</b>	Lesin var sagan Ævintýrið um Augastein eftir Felix Bergson og unnin verkefni í tengslum við hana. Jólasagan var einnig lesin.
<b>Þjóðsögur og ævintýri</b>	Kynnast þekktum íslenskum þjóðsögum og ævintýrum
<b>Vatn og vísindi</b>	Kynnist eiginleikum vatsins og mikilvægi þess fyrir lífríki jarðar.
<b>Páskar - Kristinfræði</b>	Þekki tilefni páskanna
<b>Heimilisvika</b>	Verkefni sem tengjast heimilishaldi unnin í skóla og heima
<b>Smádýr</b>	Að nemendur þekki nokkur smádýr í nánasta umhverfi

### Skipulag kennslunnar

Unnið var út frá hugmyndum hugsmiðahyggju og hugmyndum um einstaklingsmiðað nám. Stuðst var við fjölbreyttar kennsluaðferðir en hlutbundin vinna, leikir, leitarnám,

uppgötvunarnám og skapandi vinna voru þær aðferðir sem voru helst notaðar. Útikennsla var í hverri viku 2-3 kennslustundir. Mikil áhersla var lögð á að nemendur tileinkuðu sér sjálfstæði í vinnubrögðum og skipulegðu eigið nám. Unnið var út frá sterkum hliðum hvers einstaklings og námið byggt upp út frá þeim. Fjölgreindakenningin var í hávegum höfð. Í upphafi og lok hvers dags hittist hver umsjónarhópur með umsjónarkennara þar sem dagurinn var ræddur og fengu nemendur þar stöðuga endurgjöf kennara á samskipti, framkomu og almennt gengi hópsins.

### **Foreldrasamstarf**

Gott samstarf var á milli foreldra og kennara. Kennarar sendu út vikuleg fréttabréf í tölvupósti. Foreldrar fengu einnig send heim námsmatsmöppurnar með "Gera mitt besta" blöðunum þar sem helstu markmið hvers þema voru tilgreind.

### **Ferðir/útikennsla**

Hópurinn fór í fjölmargar ferðir. Farið var í Náttúrugripasafn Kópavogs, gróðursett í Sandahlíð, Ráðhús Reykjavíkur, Hellisgerði í Hafnarfirði, bókasafn Garðabæjar, hjólaferðir, skíðaferð, kirkjuferð og fjölmargar ferðir í nágrenni skólans. Vorferð var farin á Esju.

Verkefni í útikennslu:

- Fjaran og lækurinn – Í tengslum við fyrsta þemað okkar um umhverfið og umferðina. Við fórum í fjöruna og lækinn þar sem það er hluti af nánasta umhverfi skólans.
- Gálgahraun-berjamó
- Gönguferð um nágrennið – umhverfisskoðun - skólinn utanfrá - form. Þessi gönguferð var farin í tengslum við þemað um umhverfið og umferðina. Gengið var um hverfið, spáð í umferðamerki og reglur í umferðinni.
- Heimsókn í Hellisgerði í Hafnarfirði – haustlitaferð. Krakkarnir fengu vír sem þau söfnuðu laufi og berjum á.
- Gönguferð upp með hraunsholtslæknum
- Gálgahraun - tjalda - borða nesti. Helgi skólastjóri kom með í þessa ferð. Hann aðstoðaði okkur við að tjalda og sagði svo sögur í tjaldinu á meðan allir borðuðu nesti.
- Heimsókn á bókasafn Garðabæjar. Starfsmenn bókasafnsins tóku vel á mótí okkur. Krakkarnir lituðu myndir, skoðuðu bækur og horfðu á fræðslumyndbönd.
- Jól í skókassa – Allir krakkarnir komu með í skólann gjafir í skókassa til að gefa. Við pökkuðum þeim inn í sameiningu í skólanum og svo var farið í útikennslu með gjafirnar í höfuðstöðvar KFUM og K inn í Reykjavík.
- Heimsókn í leikskólann Sjáland. Sjálandsskóli og leikskólinn Sjáland eru í miklu samstarfi yfir veturinn. Að þessu sinni fórum við í heimsókn til þeirra og lékum í garðinum.
- Stöðvavinna á skólalóð í tengslum við þemað líkaminn Tveir og tveir unnu saman. Annar var með bundið fyrir augu og hinn leiddi mælingar með líkamanum: þumlungur, faðmur, spönn o.fl.
- Ýmsar aflraunir, hvað getur líkaminn okkar gert: lyftingar, stökk, hlaup o.fl .
- Gálgahraun-leitað að tröllum og álfum. Þessi ferð var farin í tengslum við þjóðsögupema. Ýmsar kynjaverur sáust í hrauninu svo var fundinn leynistaður og sögð saga.

- Ráðhús Reykjavíkur. Þessi ferð var farin í tengslum við þjóðsögupema. Við skoðuðum Íslandskortið og sáum marga staði þar sem þjóðsögur gætu hafa átt sér stað.
- Vasaljósiferð – farið var í stutta gönguferð í myrkrinu með vasaljós.
- Snjóþotuferð. Rennt var við enda skólalóðar (við undirgöngin) og við brettapalla.
- Gönguferð til að ná í sýni úr sjónum og úr Hofstaðalæknum. Þetta var í tengslum við þemað um vatn og vísindi. Svo voru sýnin skoðuð í smásjá og allir teiknuðu það sem þau sáu.
- Sigling – Krakkarnir smíðuðu sér báta til að sigla niður Hofstaðalækinn. Þetta gerðum við í tengslum við þemað um vatn og vísindi.
- Náttúrufræðisafn Kópavogs. Við fengum leiðsögn um safnið þar sem megin áhersla var á vatna- og sjávardýr. Þetta var í tengslum við þemað um vatn og vísindi.
- Útikennsla - stöðvar á skólalóð (þema – smádýr):
- Útibrauðbakstur – pizzadeig – búin til lítil brauð sem steikt voru á pönnu. Borðuð með smjöri og osti.
- Tína rusl –Dagur umhverfisins
- Skoða náttúruna/smádýr með stækkunargleri í tengslum við smádýraþemað
- Hjólaferð - upp með Hofstaðalæknum að Hofstaðaskóla. Þar lékum við okkur og hjóluðum til baka.
- Bæjarferð – Hrafnhildur íþróttakennari fór með og stjórnaði leikjum í Hljómskálagarðinum.
- Esjuganga – Allur skólinn fór í saman.
- Hjólaferð- upp með Hraunsholtslæknum. Seinni dagur innilegu þar sem 1.-2. bekkur fór saman í hjólaferð með nesti.

### Ástundun

Veikindadagar samtals í hópnum voru 141 dagar.

Leyfi voru 236 dagar.

### Námsmat

Námsmat var unnið samhliða þeim verkefnum sem unnin voru. Kannanir voru lagðar reglulega fyrir og nokkur hefðbundin skimunarpróf. Nemendur gerðu reglulega sjálfsmat. Könnun á líðan nemenda var lögð fyrir í tvígang. Námsmat var kynnt foreldrum þrívægis í vetur. Í lok skólaársins var nemendum afhent heildarmat vetrarins þar sem mat var lagt á einstaka námsþætti, sjálfsmat og mat á þemalotunum.

### Námsbækur og gögn

Kátt er í Kynjadal

Eining 1-2-3-4

Viltu reyna 1-2-3

Vasareiknir 1

Komdu og skoðuðu líkamann

Komdu og skoðuðu land og þjóð

Komdu og skoðuðu umhverfið

Komdu og skoðuðu eldhúsið

Pínulitla Ritrún

Litla Ritrún

Ritrún

Vinnubók 1-2-3-4

Stig af stigi 1-2

Skrift 1-2-3-4

Ýmsar lestrarbækur

Ýmsar handbækur í tengslum við viðfangsefnið hverju sinni

### **Mat á vetrinum**

Starfið í vetur gekk almennt mjög vel. Þemaloturnar voru í flestum tilfellum hæfilega langar og tókst okkur að vinna þau verkefni sem við lögðum upp með. Mikil áhersla var lögð á grunnfærnina í lestri og ritun og gekk það vonum fram. Námsárangur var að jafnaði mjög góður og stóðu nemendur sig vel í allri vinnu jafnt utan dyra sem innan.

### **Skýrsla umsjónarkennara í 3. og 4. bekk**

Nemendur í 3.-4.bekk voru 47 fyrir áramót og 46 eftir áramót. Engir nýir nemendur bættust við eftir áramót en einn nemandi úr 4.bekk hætti.

Umsjónarkennarar hópsins fyrir áramót voru Bryndís Rail, Hrafnhildur Sigurðardóttir og Edda Björg Sigurðardóttir. Eftir áramót bættust þær Sesselja Þóra Gunnarsdóttir og Þórey Halldórsdóttir í hópinn en Edda Björg Sigurðardóttir hætti störfum um það leyti. Elín Ragna Þorsteinsdóttir þroskaþjálfari sá um þjálfun eins nemanda og eftirfylgni verkefna hans. Sigríður Ólafsdóttir sérkennari sá um sérkennslu hópsins. Kristín Guðbrandsdóttir kenndi listir, Guðrún Dóra Jónsdóttir kenndi myndmennt. Ólafur Schram kenndi tónmennt, Hrafnhildur Sævarsdóttir kenndi sund og Elvar Lúðvíksson kenndi íþróttir. Fyrir áramót kenndi Edda Björg Sigurðardóttir smíði en eftir áramót féll sú kennsla niður.

### **Kennslustundir**

Nemendur fengu 14 kennslustundir (60mín hver stund) á viku með umsjónarkennurum. Námið fór fram í þemalotum og var samþætt. Þannig voru námsgreinarnar íslenska, stærðfræði, samfélagsfræði, náttúrufræði, kristinfræði, tölvur, heimilisfræði og lífsleikni kennd samþætt við efni lotunnar. Fjöldi kennslustunda í hverri námsgrein var því mismikill eftir því hvaða viðfangsefni var um að ræða hverju sinni. Við vetrarlok er gert ráð fyrir að viðmiðunarstundum námsgreinanna hafi verið náð. Listir, tónmennt og íþróttir voru fléttað inn í tvennskónar hringekjur ásamt íslensku og stærðfræði. Annars vegar þar sem lágu fjórir kennarar að baki og hins vegar þrír kennarar.

Stærðfræði 1 fastur tími á viku, einnig var stærðfræði fléttað inn í þemun.

Íslenska 2 fastir tímar á viku, einnig var íslensku fléttað inn í þemun.

Listir einn tími á viku

Myndmennt einn tími á viku

Tónmennt einn tími á viku

Íþróttir einn tími á viku

Sund kennt á tveimur námskeiðum, fyrir og eftir áramót, samtals 18 klukkustundir.

Tölvukennsla var föst á stundatöflu fyrir áramót en var samþætt þemum eftir áramót um það bil ein klukkustund á viku.

### Helstu áherslur hópsins

Lögð var áhersla á að nemendur fengju jákvæða tilfinningu fyrir skólastarfinu og að námsumhverfið næði að vekja hjá nemendum jákvæðan námsáhuga.

Í upphafi var mikil áhersla lögð á jákvæð samskipti á milli nemenda, samhug og samkennd ásamt almennri skólafærni. Skólinn, umhverfi hans og umgengnisreglur í skólasamfélaginu voru kynntar og æfðar. Mikil áhersla var lögð á lestrarnám, málfræði og stærðfræði. Skóladagurinn hófst alltaf á hljóðlestrarstund og þannig var það tryggt að allir lásu á hverjum degi upphátt fyrir kennara eins og kostur var. Í heimanámi nemenda var lögð rík áhersla á nemendur læsu og var ætlast til að þeir læsu minnst 15 mínútur á dag. Í málfræði var unnið með námsþættina andheiti - samheiti, sérnöfn - samnöfn, eintölu – fleirtölu, sagnorð, nafnorð og lýsingarorð. Í stærðfræði var unnið með talnaskilning, mælingar, ýmis rit, brot og form. Mikið var unnið með margföldun strax í upphafi vetrar. Eftir áramót unnu nemendur 4. bekkjar með deilingu ásamt nokkrum nemendum 3. bekkjar. Í öllum námsgreinum var stuðst við markmið Aðalnámsskrár grunnskóla.

### Þemaverkefni vetrarins

Yfirheiti vinnulotunnar	Helstu áherslur í verkefninu
Hvað er að vera ég ?	Efla samkennd hópsins. Kynnast sjálfum sér og öðrum nemendum hópsins. Læra á skólaumhverfið í upphafi nýs skólaárs.
Náttúra að hausti	Kynnast náttúrunni að hausti til. Umfjöllun um árstíðaskiptin. Gróðursetning trjáa og umfjöllun um þau. Plöntur og blóm úr íslenskri náttúru voru kynnt.
Jörðin	Umfjöllun um dægraskiptin, flóð og fjöru, heiminn og heimsálfurnar.
Heimilisvika	Kenna nemendum um helstu heimilisstörfin og gera þá að þátttakendum í heimilisstörfum.
Tölur og tungumál	Að vinna með markmið úr Aðalnámsskrá stærðfræði og íslensku í gegnum leik og fjölbreytta vinnu.
Jólin	Boðskapur jólanna.
Lína langsokkur	Unnið var með nokkur markmið aðalnámsskrár íslensku og stærðfræði í gegnum bókina Lína langsokkur. Nemendur settu upp leikrit.
Búrkína Fasó	Kynnast lífi og starfi fólksins í landinu.
Páskar	Páskaboðskapurinn. Þemað var unnið í samvinnu við kennaranema.
Ísland	Fjallað var um land og þjóð. Kynning á hugtökum s.s. láglendi, hálendi, þéttbýli, dreifbýli. Nemendur öfluðu heimilda og unnu kynningar.
Húsdýr	Nemendur unnu verkefni um íslensku húsdýrin. Farið var í sveitaferð.

## Skipulag kennslunnar

Unnið var út frá hugmyndum hugsmíðahyggju og einstaklingsmiðað nám í öllu skólalífinu. Stuðst var við fjölbreyttar kennsluáferðir en hlutbundin vinna, leikir, leitarnám, uppgötvunarnám og skapandi vinna voru þær áferðir sem voru helst notaðar. Útikennsla var í hverri viku, að minnsta kosti 2 kennslustundir í senn en oftast 3 stundir. Námsgreinar og efni sem tengdust þeim voru lestur, skrift, móðurmál, stærðfræði og önnur tilfallandi verkefni tengd viðfangsefnum hverju sinni. Unnið var út frá sterkum hliðum hvers einstaklings og námið byggt upp og skipulagt út frá þeim.

## Kennsluhættir í stærðfræði

Kennsluháttum var skipt í eftirfarandi þætti:

- Getuskiptir hópar í Einingu
- Útikennsla/verklegr kennsla
- Þema
- Vinnublöð
- Vikukönnun
- Stærðfræðibækur

Kennslubækur

3. bekkur Eining 5 og 6, Stefnum á margföldun, Viltu reyna, auk ýmissa verkefna af Skólavefnum.

4. bekkur Eining 6 og 7, Stefnum á margföldun, Stefnum á deilingu, Viltu reyna, auk ýmissa verkefna af Skólavefnum.

Umsjónarhópum í 3. og 4. bekk var skipt í 4 getuskipta hópa. Í þessum tímum var kennd Eining. Þetta fyrirkomulag reyndist mjög vel.

\*Í útikennslu og þemaverkefnum spilaði stærðfræðin stórt hlutverk. T.a.m. mæla flatarmál á skólalóðinni, vigta snjó mæla hraða og lengd, finna hnit á korti í Íslandspema o.s.frv.

\*Eftir áramót byrjuðum við að hafa margföldunarkönnun í lok vikunnar, nemendur fengu að vita niðurstöður strax og voru þá eingöngu skráðar villur. Það var mikil hvatning hjá nemendum að læra töflurnar og fá sem færstar villur.

\*Í bókunum Stefnum á margföldun og deilingu og Viltu reyna fengu nemendur að vinna á eigin hraða, og voru þá 3. og 4. bekkur saman.

## Námsbækur og gögn

Litla Ritrún

Ritrún,

Ás,

Tvistur,

Þristur

Við stefnum á margföldun

Við stefnum á deilingu

Í undirdjúpum – frádráttur

Í undirdjúpum - samlagning

Skrift 1 - 7

Hollt og gott f. 4.bekk

Eining 1-2-3-4-5-6-7

Viltu reyna 1-2-3-4

Kostuleg kort og gröf

Komdu og skoðaðu - þemabækur

Ýmsar lestrarbækur

Ýmsar handbækur í tengslum við viðfangsefnið hverju sinni

### Foreldrasamstarf

Gott samstarf var á milli foreldra og umsjónarkennara. Kennarar sendu út vikuleg fréttabréf um starfið í vikunni sem leið. Foreldrar höfðu þó nokkur samskipti við umsjónarkennara í gegnum tölvupóst í tengslum við vinnulotur og ýmis önnur mál. Margir foreldrar vildu auka heimanám barnanna og var ákveðið að heimanám yrði eftir óskum og í samráði við foreldra hvers og eins. Þeir sem óskuðu eftir því að fá vinnubækur með sér heim fengu það.

### Útikennsla og ferðir

	Helstu áherslur í verkefninu
Gróðursetningarferð í Guðmundarlund	Nemendur skólans fóru og gróðursettu plöntur í Sandahlíð.
Haustleikar	Stærðfræðileikir á skólalóðinni. Nemendur fóru á milli stöðva.
Gálgahraun	Gengið var út að Gálgahrauni. Nemendur tjölduðu og léku sér í hrauninu. Kveiktur var eldur.
Útiöldun	Eldaður var matur úti á skólalóð yfir opnum eldi.
Stærðfræðileikar	Stærðfræðileikir á skólalóðinni. Nemendur fóru á milli stöðva. Unnið var sérstaklega með flatarmál og ummál.
Kjarvalsstaðir	Nemendur kynntu sér blómasýningu.
Fjöruferð	Könnun gerð á muni flóðs og fjöru.
Árbæjarsafn	Safnið skoðað.
Línu leikar	Stærðfræði og íslensku leikir. Unnir var á stöðvum.
Snjópotuferð	Nemendur komu með þoturnar að heiman og renndu sér í brekkunum við skólann.
Skíðaferð	Allur skólinn fór í skíðaferð í Bláfjöll.
Íslandsleikar	Farið var í höfuðáttir, fána, áttavita, staðarheiti og leiki á skólalóð.
Tína rusl	Á umhverfisdegi Garðabæjar tíndu nemendur rusl í fjörunni við Sjáländsskóla.
Ásar og Holtsbúð	Nemendur sungu vel valin ljóð í tilefni að degi íslenskrar tungu.
Útlandaleikar	Nemendur gerðu figúrur úr snjó. 10



	snjóboltum var safnað í poka og vigtaðir og skrifuð voru orð sem tengdust veðri í heitu og köldu landi í snjóinn.
Hjólaferð að Vífilsstaðavatni	Hjólað að Vífilsstaðavatni og nesti borðað í lundinum við vatnið. Hjólað var hringinn í kringum vatnið.
Hjólaferð að Íshestum	Hestarnir skoðaðir og kynning á starfsemi.
Sveitarferð	Sveitaferð í Miðdal í Kjós með Alþjóðaskólanum.
Esjuganga	Nemendur gengu upp að staur 3. Tekinn var strætó (samtal 3) upp að Esjurótum.
Gönguferð	Gengið meðfram Hraunholtslæknum, nemendur fengu að vaða, bjuggu til blómakransa og léku sér.
Kartöflurækt	Kassar voru undirbúnir og arfahreinsaðir og setta voru niður kartöflur.

### Námsmat

Námsmat var unnið samhliða þeim verkefnum sem unnin voru. Kannanir voru lagðar reglulega fyrir og 3 hraðlestrarpróf voru í vetur. Í hverju þema var mat á vinnu nemenda, ýmist var lagt fyrir sjálfsmat, könnun og kennaramat.

Námsmat var kynnt foreldrum eftir jól með viðtölum og svo var námsmat afhent í sérstakri möppu í lok skólaársins.

### Almennt mat á vetrinum

Starfið í vetur gekk almennt mjög vel. Vel tókst að halda utan um loturnar og tímalengd stóðst mjög vel. Námsárangur nemenda var almennt góður og var það metið út frá markmiðum hveftrar lotu og markmiðum aðalnámskrár sem lagt var upp með í haust.

### Samræmd könnunarpróf í 4.bekk – niðurstöður

	Íslenska	Íslenska* Normaldreifðar	Stærðfræði	Stærðfræði* Normaldreifðar
Sjáländssk <sup>a</sup>	6,3	29,9	6,9	30,7
Sjáländssk <sup>b</sup>	5,4	24,9	5,7	23,5
Landið	6,2	30,0	6,8	30,0
Suðvestur	6,3	30,6	6,9	30,8
Reykjavík	6,2	30,4	6,8	30,0

\* Normaldreifðar einkunnir á kvarðanum 0-60 (meðaltal 30).

<sup>a</sup> Nemendur sem komu í Sjáländsskóla haustið 2005 og 2006

<sup>b</sup> Nemendur sem komu í Sjáländsskóla haustið 2007

## **Skýrsla umsjónarkennara í 5. og 6. bekk**

Í 5. bekk voru 24 nemendur og 17 í 6. bekk. Umsjónakennarar voru Erna Sif Auðunsdóttir og Ólafur Schram. Aðrir kennarar sem kenndu hópnum voru Elfa Hrönn Friðriksdóttir sem kenndi almenna kennslu, Elvar L. Guðjónsson sem kenndi íþróttir, ensku og almenna kennslu, Guðbjörg Grétarsdóttir sérkennari, Hrafnhildur Sævarsdóttir sem kenndi sund, Kristín Guðbrandsdóttir sem kenndi textíl, Kristín Steinarsdóttir sem kenndi upplýsingatækni, Oddur Albertsson sem kenndi almenna kennslu og Sesselja Þóra Gunnarsdóttir sem kenndi almenna kennslu. Þá vann Sigríður Gísladóttir þroskaþjálfari með hópnum. Skólaliðarnir Evelinda Dealca Gomez og Andri Freyr Björnsson unnu sem stuðningur inn í hópinn.

### **Kennslustundir**

Á 1. töflutímabili fengu nemendur 16 kennslustundir (miðað við 40 mín. stundir) með umsjónakennara eða öðrum sem kenndu almenna kennslu. Nemendur fengu 15 kennslustundir og 5 mín. (60 mín. hver stund) með umsjónarkennara. Á 1. töflutímabili voru smíðjur 6 kennslustundir á viku. Í þeim voru almennar námsgreinar og list og verkgreinar samþættar á fjölbreyttan hátt. Á 2. töflutímabili fengur nemendur 23 kennslustundir með umsjónakennara eða öðrum sem kenndu almenna kennslu. Á 3. og 4. töflutímabili fengur nemendur 20,5 kennslustundir með umsjónakennara eða öðrum sem kenndu almenna kennslu. Námið fór fram í þemalotum og var samþætt. Námsgreinarnar sem teknar voru til umfjöllunar í vetur voru íslenska, stærðfræði, samfélagsfræði, kristinfræði, náttúrufræði, tölvu- og upplýsingatækni, heimilisfræði og lífsleikni. Námsgreinarnar voru ekki kenndar allar í senn heldur voru tekin fyrir ákveðin efni til umfjöllunar í þemunum og námsgreinum fléttað inn í það eins og við átti. Fjöldi kennslustunda í hverri námsgrein var því mismikill eftir því hvaða viðfangsefni var um að ræða hverju sinni. Við vetrarlok er gert ráð fyrir að viðmiðunarstundum námsgreinanna hafi verið náð. Á 1. og 2. töflutímabili voru smíði, listir, textíl og tónmennt kennd eina klukkustund á viku. Á 1. töflutímabili voru íþróttir kenndar 1 klukkustund á viku en tvær klst. á töflutímabili 2, 3, og 4. Sund var kennt á tveimur 10 vikna tímabilum 3 kennslustundir í viku. Á 1, 2 og 3 töflutímabili fengu nemendur 1 klst. í tölvu og upplýsingatækni. Á 1. og 2. tímabili var nemendum kennd ein klst. í viku í ensku en 2 klst. á 3. og 4 töflutímabili. Enska var kennd sameiginlega fyrir báða árganga.

### **Helstu áherslur hópsins**

Meginmarkmið í starfi vetrarins var að byggja upp gott og heilbriggt námsumhverfi fyrir nemendur. Einnig var lögð áhersla á útikennslu og var einn morgun í viku helgaður henni. Það fór svo eftir viðfangsefnum hversu margir tímar voru nýttir í útikennsluna. Það gat verið frá einni klst. upp í fjórar. Á fyrstu vikum vetrarins var lögð áhersla á að árgangarnir kynntust og þjálfuðust í að vinna saman að ýmsum verkefnum. Lögð var áhersla á að nemendur væru virkir þátttakendur í að móta það skólasamfélag sem þeir voru hluti af og í kjölfarið var mikið unnið með samskipti, framkomu og samvinnu í hópnum. Í upphafi og lok hvers dags hittist umsjónarhópurinn með umsjónarkennara þar sem dagurinn var ræddur og fengu nemendur þar stöðuga endurgjöf kennara á samskipti, framkomu og almennt gengi hópsins. Í

einstaklingsmiðuðu námi er lykilatriði að fram fari meira nám en kennsla og var því mikil og stöðug áhersla á sjálfstæði í vinnubrögðum nemenda og að þeir beri ábyrgð á eigin vinnu. Einnig að skólinn sé vinnustaður nemenda og að þeir vinni eins mikið af sinni vinnu og hægt er á vinnustaðnum og nýti vinnutíma sinn sem best. Heimanám var fyrst og fremst í formi lestrar valbóka en samt sem áður voru ákveðin viðfangsefni í tengslum við þemun og þjálfun í stærðfræði og íslensku unnin heima.

### Þemaverkefni vetrarins

Yfirheiti vinnulotunnar	Helstu áherslur í verkefninu
Umhverfið- Garðabær	Að nemendur kynnist umhverfi skólans og heimabyggðinni Garðabæ.
Heimilisvika	Auka þátttöku nemenda í störfum fjölskyldunnar. Styrkja sjálfsbjargarviðleitni og auka ábyrgð nemenda á nánasta umhverfi sínu. Fá þjálfun í að útbúa einfalda rétti.
Landnám Íslands	Að nemendur læri um landnám Íslands, ástæður þess og afleiðingar.
Vinátta	Að nemendur læri að efla og bæta samskipti sín á milli. Jafnframt að kynna öruggt umhverfi fyrir nemendur.
Rafmagn	Að nemendur læri um eðli og notkun rafmagns og tækniframfarir tengdar rafmagni.
Bókmenntir og ljóð	Að nemendur kynnist og fjalli um íslenskar bókmenntir og ljóð og höfunda þeirra.
Norðulöndin	Að nemendur kynnist Norðurlöndunum og einkennum þeirra.
Líf og starf Jesú	Að nemendur læri um atburði páskahátíðarinnar, þýðingu og afleiðingar þeirra.
Heimilisvika II	Að nemendur þjálfist að vinna eftir skriflegum uppskriftum. Að nemendur þjálfist í að nota mælitæki við matreiðslu.
Ísland	Að nemendur læri um mótun lands og náttúru og kynnist einkennum Íslands.

--	--

### **Skipulag kennslunnar**

Unnið var út frá hugmyndum um einstaklingsmiðað nám í öllu skólastarfinu. Stuðst var við fjölbreyttar kennsluaðferðir svo sem samræðuaðferðir, sýnikennslu, skoðunarferðir, gestafyrirlesara og heimsóknir, skriflegar æfingar, vinnubókarkennslu, skriflega tjáningu, töflukennslu, lesið, spurt og spjallað, leikræna tjáningu og leiki. Í haust var lagt upp með að útikennslan væri í hverri viku, einn tíma í senn. Í einstaka tilfellum féll hún niður. Eins og áður segir var mikil áhersla lögð á að nemendur tileinkuðu sér sjálfstæði í vinnubrögðum og skipulegðu eigið nám. Nemendur gerðu vikuáætlun í málfræði, stafsetningu, skrift og stærðfræði og unnu eftir þeirri áætlun í vinnustundum sem voru yfirleitt fimm klukkustundir á viku, þvert á þemavinnuna. Hvert þema var kennt í eina til fimm vikur allt eftir umfangi og markmiðum þemans. Í þemunum var leitast við að samþætta námsgreinar til að dýpka þekkingu nemenda og nálgast viðfangsefnin frá sem flestum hliðum. Þá var nemendum boðið að vinna einstaklingsverkefni sem fæli í sér að velja sér viðfangsefni, læra um það og kynna fyrir samnemendum.

### **Námsefni**

Námsefni hópsins var fjölbreytt og miðað að þörfum hvers og eins. Þar mætti telja í íslensku, Skruddu I og II, Skræða I og II. Mál til komið og Mál í mótun og Mál er miðill + vinnubækur. Skrift 5, 6 og 7. Blákápa, Ljóðspor og efni af skólavef. Í stærðfræði var notast við Einingarbækurnar og Geislabækurnar. Í ensku voru bækurnar Build up og Speak out notaðar og málfræðihefti eftir Barbro Carlsson og Lena Sjöholm. Jafnframt voru notaðar bækurnar Enska með gátum og skritlum eftir Tom Dahlke & Jan Birck og lestrabókin The Prisoner of Zenda eftir Anthony Hope. Gott og gagnlegt I og II í heimilisfræði. Jafnframt notuðum við ýmis konar efni af vef og ljósrit.

### **Foreldrasamstarf**

Gott samstarf var á milli foreldra og umsjónarkennara. Kennarar sendu reglulega fréttabréf um starfið og skipulag námsins og veittu upplýsingar sem voru gagnlegar fyrir foreldra. Foreldrar höfðu þó nokkur samskipti við umsjónarkennara í gegnum tölvupóst í tengslum við vinnulotur, samskipti og líðan nemenda og ýmis önnur mál. Sú heimavinna sem nemendur unnu var oftast hugsuð sem samvinna nemenda og foreldra. Foreldrar kvittuðu fyrir heimalestri nemenda sem var föst heimavinna allan veturinn. Í heimilisviku unnu nemendur ýmis verkefni á heimilinu sem foreldrar höfðu eftirlit með og mátu frammistöðu nemenda. Þá var einstaklingsverkefnið unnið að ¾ hluta heima undir leiðsögn og með hjálp foreldra. Foreldrafulltrúar nemendahópsins stóðu fyrir spilakvöldi, nemendur hittust í Bjarkarhúsinu og fengu aðgang að tækjum, vídeókvöldi, keiluferð og bekkjarkvöldi.

### **Útikennsla**

Farið var í margar skemmtilegar ferðir í tengslum við þema.

### Hofsstaðir

Við fórum að skoða Hofsstaði í Garðabæ. Árið 1944 fundust þar merkar minjar af næst stærsta landnámsskála sem fundist hefur á Íslandi. Skálinn er frá lokum 9. aldar *Tilgangur* ferðarinnar var að nemendur fengu tækifæri til að kynna nánasta umhverfi sínu og fræðast um söguminjar hvernig fólk bjó hér á árum áður. Í skólanum skrifuðu nemendur svo um upplifun sína í dagbók.

### Vífilsstaðavatn - hjólaferð

Nemendur fóru hjólandi að Vífilsstaðavatni þar sem fiskifræðingurinn Bjarni Jónsson og Sigurður Hafliðason starfsmaður garðyrkjudeildar Garðabæjar tóku á móti okkur. Þeir leiddu nemendur í allan sannleikann um lífríki vatnsins og lækjarins. Veiddir voru fiskar og hinar ýmsu lífverur vatnsins fangaðar af nemendum. Eftir heimkomu í skólann krufði Bjarni urriða við mikinn áhuga nemenda. Nemendur krufðu svo sjálfir fiska. Margt fróðlegt kom fram í þessari ferð.

### Gálgahraun

Við fórum í Gálgahraun með nemendur. Í farteskinu vorum við með plastaðan pappír sem að var búið að þússa með sandpappír til að nemendur gætu skrifað á hann með blýanti (margnota!). Nemendur áttu að semja ljóð um Hraunið og skrifa á blaðið.

### Útiöldun í Gálgahrauni

Nemendum var skipt í hópa og allir fengu hlutverk. *Tilgangur* ferðarinnar var að efla samvinnu á milli nemenda og þjálfva nemendur í útiöldun. Jafnframt tjölduðum við tjaldinu góða.

Hóparnir voru: Skurðarhópur, spaggettíhópur, tjaldhópur, steikingarhópur, kakóhópur  
Hver hópur fékk leiðbeiningar :

#### *Skurðarhópur*

1. Notið skurðbretti og skurðhníf, varist að skera í fingur!
2. Skerið laukinn, paprikuna og sveppina smátt niður.
3. Blandist svo saman við nautahakkið

#### *Spaggettíhópur*

1. Hellið vatni í pottinn. Býðið eftir að suðan komi upp
  2. Látið spaggettí í pottinn og látið sjóða í 5-10 mínútur
- Spaggettí er tilbúið þegar það er orðið lint og gómsætt

#### *Kakó*

Byrjið á því að hella vatninu ( ca. 5 Lítrum) í ketilinn.

Býðið eftir að suðan kemur upp.

Hellið EKKI kakóduftinu saman við

Þegar vatnið er tilbúið þá er vatninu hellt í glös og ca. 2 tsk af kakódufti blandað saman í hvert glas.

Njótið vel ☺

#### *Tjaldhópur*

1. Takið tjaldið úr pokanum
2. Dreifið úr tjaldinu
3. Setjið stangirnar saman og farið inn í tjaldið og reisið það.
4. Festið alla hæla og bönd

### *Þjóðmenningarhúsið- Surtsey, jörð úr ægi*

Nemendur fóru í vettvangsferð í Þjóðmenningarhúsið í tengslum við þemað umhverfið Garðabær á sýninguna Surtsey. Þar tók hún Jóhanna á móti okkur og fræddi nemendur um sérstöðu Surtseyjar, landmótum og landnám lífs í eyjunni. Í skólanum skrifuðu nemendur í dagbók um upplifun sína.

### *Innkaupaferð á Smáratorg*

Nemendum var skipt í hópa. Hver hópur fékk ákveðna upphæð til þess að innréttu herbergi. Þurftu nemendur að útbúa fjárhagsáætlun þar sem að gera átti ráð fyrir málningu, gólfefnum auk húsgagna og raftækja í herbergið. *Tilgangur* ferðarinnar var að styrkja sjálfstæði og sjálfsbjargarviðleitnin nemenda og jafnframt að þjálfa þá í að lesa úr tölfræðilegum upplýsingum um verð og magn.

Úrvinnsla upplýsinga fór svo fram í skólanum og nemendur teiknuðu flatarmynd í réttum hlutföllum af herberginu.

### *Þjóðminjasafnið*

Nemendur fóru í vettvangsferð í Þjóðminjasafnið í tengslum við þemað um landnám Íslands. Fjallað var um landnámið og skoðaðar fornleifar sem eru einstakar fyrir Þjóðminjasafnið. Nemendur skoðuðu og snertu eftirgerðir hluta og hlustuðu á frásögn landnámskonu (hljóðstöð í grunnsýningu). Allir nemendur klæddust landnámsbúningum sem merktir voru nöfnum úr Landnámu meðan á heimsókninni stóð. *Tilgangur* ferðarinnar var að veita nemendur innblástur í forna tíð og kveikju að hugsanlegu hópa og einstaklingsverkefni.

### *Rafheimar*

Nemendur fóru í vettvangsferð í Rafheima. Þar fengu nemendur fræðslu um rafmagn og fengu að vinna ýmis verkefni á staðnum. *Tilgangur* ferðarinnar var að kynna nemendum rafmagn, framförum í vísindum og tækni í daglegu lífi. Eftir þessa skemmtilegu kveikju unnu nemendur ýmis verkefni tengd rafmagni í skólanum t.d. unnu með rafhlöður, ljósaperur, tengivír og rofa til að komast að niðurstöðu um hvað þarf til að mynda rafstraum.

### *Ljóðainnblástur- Gálgahraun*

Í tengslum við bókmennta og ljóðabema þá fengum við ljóðskáldið hann Þórarinn Eldjárn til að koma í heimsókn. Hann ræddi við nemendur um ljóðalistina og las fyrir þau ljóð. *Tilgangur* skáldsins var að veita nemendum innblástur í ljóðalistina og kveikju að ljóðagerð nemenda. Nemendur örkuðu svo í Gálgahraun og sömdu ljóð af fullum krafti.

### *Kjarvalsstaðir*

Nemendur fóru í heimsókn á Kjarvalsstaði. Þar fræddust þau um listaverk Kjarvals og einbeittu sér sérstaklega að myndum hans af hrauni. *Tilgangur* ferðarinnar var að fá innblástur í eigin hraunmyndir sem að nemendur ætla að "skissa" í hrauninu. Jafnframt fengum við góða heimsókn frá henni Steinunni Helgadóttur sem fræddi nemendur enn meir um Kjarval sjálfan og fór með okkur í fræðsluleiðangur í Gálgahraun. Sumir nemendur höfðu með sér skissubók og skissuðu mynd sem að þeir ætluðu að mála í myndlist. Aðrir nemendur tóku ljósmyndir í hrauninu og unnu með hana í upplýsingatækni.

### Úrkomumæling

Nemendum var skipt í hópa. Hver hópur fékk afhentar ítarlegar leiðbeiningar til að framkvæma úti. Áhöld: dollur með loki, skeiðklukka, mæliglös. Leiðbeiningar fylgja með:

#### Úrkomumæling

##### Leiðbeiningar:

Komið dollunni fyrir á góðum stað og gætið þess að hún fjúki ekki ef það er vindur. Það gæti verið gott að koma fyrir grjóti í dollunni svo hún fjúki síður í burtu. Ef þið eruð í fjörunni getið þið grafið hana niður í sandinn svo hún detti ekki um koll.

Þegar þið hafið komið dollunni fyrir skuluð þið athuga hvað klukkan er eða setja skeiðklukku af stað. Eftir 15 mínútur eigið þið svo að tæma úr dollunni í plastmál með loki og skrifa staðsetninguna og "mæling 1" á dolluna. Svo komið þið dollunni aftur fyrir og takið tímann aftur í 15 mínútur. Að þeim tíma liðnum skuluð þið hella úr henni í hitt plastmálið og merkja hana með staðsetningunni og "mæling 2"

Þegar inn í skóla var komið unnu nemendur úr upplýsingum sem að þeir fengu á blaði.

### Kajak

Nemendur fóru á kajak. Sigurður umsjónarmaður og Helgi skólastjóri fóru yfir grundvallaratriði og útbúnað kajaks með nemendum. Siglt var frá skólanum og út í ylströndina hér í Garðabæ. Margir nemendur voru að fara í fyrsta sinn og því margir sigurvegarar þann daginn.

### Heiðmörk- hjólaferð

Nemendur hjóluðu í Heiðmörk. Þar grillaðum við og áttum góðan tíma saman. Nutum þess að vera úti í náttúrunni á vordögum.

### Víkingamat

Nemendum var skipt í hópa og allir fengu hlutverk. Eldaður var urriði að hætti víkinga! Notuðum tjald, prímusu, gasgrill og eldhúsahöld s.s. hnífa, skurðarbretti

#### **Tjaldhópur**

Hlutverk: Tjalda, kveikja eld og halda honum lifandi, slökkva eldinn og hreinsa eldhólkinn.

#### **Tehópur**

Hlutverk: Sjóða vatn á prímus og blanda te úr íslenskum jurtum fyrir alla (20 nemendur)

#### **Gulrótahópur**

Hlutverk: Hreinsa gulrætur fyrir alla (20 nemendur) og sjóða á prímus.

#### **Hvannarrótarhópur**

Hlutverk: Hreinsa hvannarræturnar fyrir alla (20 manns) og sjóða á prímus.

#### **Grillhópur**

Hlutverk: Hreinsa fiskinn, setja kryddsmjör í hann og grilla á gasgrilli fyrir alla (20 manns). Notuðum þara undir fiskinn til að fá smá salt á fiskinn.

### Ratleikur um Leif Eiríksson

Í tengslum við Landnám Íslandspemað fóru nemendur í ratleik. Hér koma stöðvarnar

<b>Stöð 1</b>	Krossgáta	
<b>Stöð 2</b>	Spurningar:	<ol style="list-style-type: none"><li>1. Hvað geymdi Þorgestur fyrir Eirík sem hann vildi svo ekki skila?</li><li>2. Hvað heita skipin sem landnámsmenn sigldu á frá Noregi til Íslands?</li><li>3. Hvað kölluðu Leifur og menn hans landið sem þeir fundu og í dag er kallað Norður-Ameríka?</li></ol>
<b>Stöð 3</b>	Semja texta við lagið Óskasteinar eða Öxar við ána um landnám Leifs. Æfa svo lagið og flytja fyrir Ólaf eða Ernu þegar þau koma svo aftur í skólann.	
<b>Stöð 4</b>	Helgun lands – fara eftir fjörinni með hlut í eftirdragi á ákveðnum tíma. Ákveðnar vegalengdir þíða ákveðin stig.	
<b>Stöð 5</b>	Spurningar:	<ol style="list-style-type: none"><li>1. Nefnið þrjá landnámsmenn fullu nafni</li><li>2. Hvar fæddist Leifur?</li><li>3. Afhverju var Leifur gerður útlægur í 3 ár?</li></ol>
<b>Stöð 6</b>	Rúnalestur	ÞU HITIR I MARK
<b>Stöð 7</b>	Glima	
<b>Stöð 8</b>	Spurningar:	<ol style="list-style-type: none"><li>1. Hvað hét Mamma Leifs?</li><li>2. Hvað gaf heimilisfólkið völvunni að borða?</li><li>3. Nefnið tvær gerðir næla sem landnámskonur notuðu.</li></ol>
<b>Stöð 9</b>	Teiknið mynd af landnámsbæ og umhverfi hans. Látið sjást í landslaginu einhverja landkosti sem landnámsmönnum þóttu góðir.	
<b>Stöð 10</b>	Kveikjum eld	
	Það sem þarf:	
	Tunnu og kaðal	
	Glimubelti	
	Eldspítur og kurl og smágreinar	

### **Ástundun**

Veikindadagar samtals í hópnum voru 92 dagar og 42 stundir

Leyfisveitingar voru 78 dagar og 83 stund.

Fjarvistir 19 stundir

Seint 230 stundir



## **Námsmat**

Námsmat var unnið samhliða þeim verkefnum sem unnin voru. Einnig mátu nemendur eigin vinnu og afurð sem og samnemenda sinna. Í heimilisviku tóku foreldrar þátt í mati á vinnu nemenda. Kannanir voru lagðar fyrir í íslensku, stærðfræði og ensku í janúar og maí. Námsmat var kynnt foreldrum eftir jól og aftur um vorið. Í lok skólaársins var nemendum afhent heildarmat vetrarins þar sem mat var lagt á einstaka námsþætti, sjálfsmat og mat á þemalotunum.

## **Almennt mat á vetrinum**

Starfið í vetur gekk almennt vel. Mikið var unnið með framkomu og samskipti ákveðinna nemenda og framfarir urðu líka miklar þegar leið á veturinn. Vel tókst að halda utan um loturnar og tímalengd stóðst oftast. Námsárangur nemenda var almennt góður og var það metið út frá markmiðum hvernar lotu og markmiðum aðalnámskrár. Útikennslan gekk mjög vel en þegar leið á veturinn þá vantaði okkur fjölbreyttari hugmyndabanka.

## **Skýrsla umsjónarkennara í 7. bekk**

Nemendur í 7. bekk voru 35 í vetur. Umsjónarkennarar voru Margrét Tómasdóttir og Elfa Hrönn Friðriksdóttir. Elfa Hrönn fór í barnsburðarleyfi í byrjun marsmánaðar en hana leysti af hólmi Oddur Albertsson. Aðrir kennarar sem kenndu hópnum voru Kristín Guðbrandsdóttir sem kenndi listir, Elvar Lúðvík Guðjónsson sem kenndi íþróttir og Hrafnhildur Sævarsdóttir sem kenndi sund, Margrét Perla Kolka Leifsdóttir kenndi dönsku og tónmennt kenndi Ólafur Scram. Edda Björg Sigurðardóttir kenndi smíði en nemendur fengu smíði helming fyrri annar. Kristín Steinarsdóttir sá um tölvu og upplýsingartækni fyrir áramót en slíkir tímar voru ekki á töflu eftir áramót. Guðbjörg Grétarsdóttir sérkennari sá um sérkennslu fyrir ákveðna nemendur og þá í fámenum hópum. Sigríður Gísladóttir, þroskaþjálfari kom einnig að sérkennslu fyrir einstaka nemendur þó aðallega einn þeirra. Fyrir áramót sá Bryndís Rail um enskukennslu en eftir áramót var það Russell Robert Alderson

## **Kennslustundir**

Nemendur fengu 18, 75 kennslustundir (miðað við 40 mínútna kennslustundir) með umsjónarkennara á viku að meðaltali yfir veturinn. Námið fór fram í þemalotum og var samþætt. Námsgreinarnar sem teknar voru til umfjöllunar í vetur voru íslenska, stærðfræði, samfélagsfræði, náttúrufræði, kristinfræði, tölvur, heimilisfræði, enska, tónmennt og lífsleikni. Námsgreinarnar voru ekki kenndar allar í senn heldur voru tekin fyrir ákveðin efni til umfjöllunar í þemunum og námsgreinum fléttað inn í það eins og við átti. Fjöldi kennslustunda í hverri námsgrein var því mismikill eftir því hvaða viðfangsefni var um að ræða hverju sinni. Við vetrarlok er gert ráð fyrir að viðmiðunarstundum námsgreinanna hafi verið náð. Listir voru fastar á stundatöflu ein klukkustund á viku, smíði var ein klukkustund á viku frá 22. okt til áramóta sem og tölvu og upplýsingamennt. Tónmennt var kennd eina klukkustund á viku og íþróttir voru tvær klukkustundir en sund kennt í lotum. Enska var kennd eina klukkustund á viku allan veturinn.

## Helstu áherslur hópsins

Áhersla var lögð á að námið væri aðlagð að getu, þörfum og vinnuhraða hvers og eins. Einng var áhersla lögð á að nemendur bæru ábyrgð á eigin námi og að nemendur héldu áfram að tileinka sér þau viðhorf að skólinn sé vinnustaður þeirra. Mikið var unnið með samskipti í hópnum, að styrkja einstaklinginn og rétt allra til að fá að njóta sín og líða vel á sínum vinnustað. Frá því í apríl fengum við til liðs við okkur þau Pál Ólafsson unglingaráðgjafa og Hrafnhildi Teklu Pétursdóttur sálfræðing til aðstoðar við að vinna með samskipti nemenda. Gekk sú vinna nokkuð vel og var gott innlegg í samskiptavinnuna.

Í upphafi og lok hvers dags hittist umsjónarhópurinn með umsjónarkennaranum þar sem dagurinn var ræddur og fengu nemendur þar stöðuga endurgjöf kennara á samskipti, framkomu og almennt gengi hópsins.

Að hausti var gerður samningur um heimavinnu. Ekki var um stöðuga heimavinnu að ræða. Heimavinna tengdist oft þemunum og einnig voru teknar tarnir í heimavinnu í íslensku og stærðfræði og þá eftir þörfum hvers nemanda fyrir sig. Nemendur unnu ljóð í tengslum við veðurþemað. Þessi ljóð voru dregin fram í apríl þegar upp kom sú hugmynd að gefa út ljóðabók. Nemendur gerðu teikningar við ljóðin og búin var til forsíða. Bókin var hönnuð af nemendum og prentuð í 250 eintökum í prentsmiðju. Nemendur seldu fjölskyldu og vinum bókina sem og almenningi á Garðatorgi og seldust nær öll eintökin. Helmingur söluhagnaðarins rann til UNISCEF. Hinn helminginn notuðu nemendur í árshátíð sína og ferð í Keiluhöllina í Öskjuhlíð á vordögum.

## Þemaverkefni vetrarins

Yfirheiti vinnulotunnar	Helstu áherslur í verkefninu
Líf og umhverfi	
Veðrið	Hvaða þættir í umhverfinu hafa áhrif á veður og veðurfar, hvernig veður hefur áhrif á daglegt líf.
Ísland og miðaldir	Öðlist skilning á stöðu Íslands í heiminum á tímanum frá siðaskiptum til upphafs seinustu aldar
Heimilisvika	kynnast helstu heimilisstörfunum og að nemendur verði þátttakendur í þeim.
Efni og eðli	Kynnast frumeindum og sameindum og læri um sérkenni efna
Þjóðsögur	Kynnast þjóðsögum, einkennum þeirra og vinni með þær á fjölbreyttan hátt.
Líkaminn og lífið	Kynnast mannslíkamanum og þeim breytingum sem verða á honum frá fæðingu til dauða.
Kristni	Læri helstu atriði Kristnisögunnar fram til

	dagsins í dag. Öðlist innsýn í kristilegt siðgæði og tileinki sér samskiptareglur sem byggjast á kærleika og umhyggju fyrir öðrum.
Evrópa	Fái heildræna mynd af Evrópu "smæð" hennar, sögu og menningu.

### Skipulag kennslunnar

Unnið var út frá hugmyndum "hugsmíðahyggjunnar" og hugmyndum um einstaklingsmiðað nám. Hugsmíðahyggjan leggur áherslu á möguleika mannsins til að greina heiminn á heildrænan hátt og sjá leiðir í að betrubæta hann.

Stuðst var við fjölbreyttar kennsluaðferðir en hlutbundin vinna, leikir, leitarnám, samvinnunám, uppgötvunarnám, vettvangsnám og skapandi vinna voru þær aðferðir sem voru helst notaðar.

Hvert þema var kennt í eina til fjórar vikur allt eftir umfangi og markmiðum þemans. Í þemunum var leitast við að samþætta námsgreinar til að dýpka þekkingu nemenda og nálgast viðfangsefnin frá sem flestum hliðum.

### Námsefni

Námsefni hópsins var fjölbreytt og miðað að þörfum hvers og eins. Í íslensku voru notaðar bækurnar Mál í mótun, Mál er miðill, Blákápa, Grænkápa, Ljóðspor, Skrift 7, Fallorð, Sagnorð auk efnis af Skólavefnum, vef Námsgagnastofnunnar o.fl. námsvefjum. Í Stærðfræði notuðu nemendur Geisla 3 grunnbók, og verkefnabækurnar Geisla 3A- og B, einnig stjörnubækurnar og efni af Skólavefnum og vef Námsgagnastofnunar. Í þemum voru eftirtaldar bækur notaðar: Ein grjóthruða í hafinu, Auðvitað I, II og III, Upprisan og lífið, Ljós heimsins, Líkami mannsins, Þjóðsagnasafn Jóns Árnasonar auk fleiri þjóðsagnasafna og efnis á netinu.

### Foreldrasamstarf

Gott samstarf var á milli foreldra og umsjónarkennara. Kennari sendi vikulega eða oftár fréttabréf um starfið og skipulag námsins og veitti upplýsingar sem voru gagnlegar fyrir foreldra. Foreldrar höfðu þó nokkur samskipti við umsjónarkennara í gegnum tölvupóst í tengslum við vinnulotur, samskipti og líðan nemenda og ýmis önnur mál. Í heimilisvikunum unnu nemendur ýmis verkefni á heimilinu sem foreldrar höfðu eftirlit með og mátu frammistöðu nemenda.

### Útikennsla

Hellisgerði – Byggðasafnið í Hafnarfirði	Skiptum hópnum í tvennt og meðan annar hópurinn fékk fræðslu á Byggðasafninu fór hinn í Hellisgerði.
--	--

Leikrit	Fengu miða með “setningu – staðreynd” sem þau áttu að búa til leikþátt um. Flutningur var úti.
Stærðfræði	Unnin stærðfræði verkefni úti um flatarmál og ummál.
Árbæjarsafn	Í tengslum við þemað Ísland og miðaldir
Gönguferð við sjóinn	Innblástur vegna ljóðagerðar
Krikjuferð	Ferð í kirkjuna í tengslum við jólahátíðina.
Hafnarborg	Heimsótt listasýning
Lögreglustöðin	Fengum fræðslu um sakhæfisaldur og sakaskrá og fleira
Gerðasafn	Heimsóttum ljósmyndasýningu.
Kirkjuferð	Ferð í kirkju Kapólska safnaðarins þar sem við fengum fræðslu hjá presti. Í tengslum við kristinfræðiþemað.
Holtsbúð	Heimsóttum elliheimilið í Holtsbúð og Jónshús í tengslum við þemað Líkaminn og lífið. Nemendur tóku viðtöl við eldri borgara.
Stofnanir fyrir fatlaða/þroskahefta	Hópnum var skipt í þrennt og var farið í Rjóðrið, Lyngás og Hæfingastöð og markmiðið var að nemendur áttuðu sig á að ekki eru allir eins og þau.
Kajakferð	Farið á kajak út á Arnarnesvoginn.
Miðbær Reykjavíkur	Farið í ratleik í miðbænum þar sem nemendur kynntust mismunandi byggingum, stytum of.
Heiðmörk	Hjólað upp í Heiðmörk og grillað.

## Ástundun

Veikindadagar samtals í hópnum voru 218 dagar og 11 stundir.  
Leyfisveitingar voru 185 dagar og 7 stundir.

## Námsmat

Nemendur 7. bekkjar þreyttu samræmt próf og var árangur góður og að mestu í samræmi við væntingar. Námsmat var unnið samhliða þeim verkefnum sem unnin voru. Einnig mátu nemendur oft eigin vinnu og afurð sem og samnemenda sinna. Í heimilisviku tóku foreldrar þátt í mati á vinnu nemenda. Kannanir voru lagðar fyrir í þeim greinum sem kenndar voru þvert á þemun í janúar og maí. Námsmat var kynnt

foreldrum eftir jól. Í lok skólaársins var nemendum afhent heildarmat vetrarins þar sem mat var lagt á einstaka námsþætti, sjálfsmat og mat á þemalotunum. Námsárangur nemendar var almennt ágætur og var það metið út frá markmiðum hvernar lotu og markmiðum aðalnámskrár.

### Samræmd könnunarpróf í 7.bekk - niðurstöður

	Íslenska	Íslenska* Normaldreifðar	Stærðfræði	Stærðfræði* Normaldreifðar
Sjáländssk	7,3	32,3	7,7	32,9
4. b. 2004**				
Landið	7,0	30,0	7,0	30,0
Suðvestur	7,2	30,8	7,3	31,3
Reykjavík	7,1	30,5	7,1	30,6

\* Normaldreifðar einkunnir á kvarðanum 0-60 (meðaltal 30).

\*\* Niðurstöður árgangans úr samræmdum prófum í 4. bekk árið 2004 ekki fyrirbyggjandi.

### Almennt mat á vetrinum

Starfið í vetur gekk almennt mjög vel. Fyrrihluta vetrar var lögð áhersla á að skapa hópkennd og innleiða markviss vinnubrögð. Þá þurfti einnig að fínstilla ýmis atriði sem vörðuðu samskipti á heimasvæði og í matsal. Nokkur tími í október fór í undirbúning vegna samræmdra prófa og reyndist það nauðsynlegt. Ágætlega tókst að halda utan um þemun en þröngur tímarammi var kringum síðustu tvö þemun.

## Skýrslur list og verkgreinakennara

### Skýrsla íþróttakennara

#### 1.- 2. bekkur

##### Markmið

Markmið með íþróttakennslunni er aðallega að nemendur fái fjölbreytta hreyfingu í gegnum mismunandi æfingar og leiki. Einnig að allir fái eitthvað við sitt hæfi, að íþróttakennslan sé fjölbreytt, að nemendur fái stundum að velja hvað þau gera í tímum og að stundum sé frjáls hreyfing. Einnig er lögð áhersla á að kynna ýmsa tegund hreyfingar fyrir nemendum hvort sem um er að ræða íþróttagrein eða almenna hreyfingu. Rík áhersla er lögð á að nemendur geti verið sjálfstæðir við eigin

Íþróttaiðkun óháð því hvað hópurinn gerir eða hvað honum finnst. Að síðustu er mjög mikil áhersla lögð á samvinnu og að aðstoða og hvetja félagi sína áfram.

### **Tími**

Nemendur fengu tvo klukkutíma á viku í íþróttakennslu. Frá ágúst fram í nóvember og frá apríl fram í júní var eingöngu um útikennslu að ræða. Annars voru nemendur inni í hreyfirýminu.

### **Viðfangsefni**

Eins fljótt og hægt er að hausti eru nemendur teknir í hreyfifroskapróf og út frá þeim niðurstöðum miðast íþróttakennsla vetrarins að svolitlu leyti. Með tilliti til nemendahópsins var lögð áhersla á eftirfarandi þætti í íþróttum í vetur: Þolþjálfun var mikið í gegnum hlaup, leiki, þrautabrautir og aðrar íþróttagreinar. Styrktarþjálfun var m.a. í gegnum stöðvabjálfun og þrautabrautir. Liðleikabjálfun í gegnum teygjur. Boltaíþróttir, dans, litlir boltaleikir eins og ýmis afbrigði af skotbolta, brennó og kýló. Frjálsariþróttir, spretthlaup, kúla, spjót, þrístökk og langstökk og þar voru nemendur m.a. í hlutverkum tímavarða og mælitækna. Rattleikir, frjálsir tímar og hinn sívinsæli Tarzanleikur. Nemendur fengu stundum að velja hvaða leiki eða hvað var gert í tímum. Brekkurnar í kringum skólann voru notaðar fyrir sleðaferðir. Boccia, krikket, kóngaleikinn og frisbeegolf var kynnt fyrir nemendum. Viðfangsefni í íþróttum eru endalaus og það sem við gerðum í vetur er ekki allt upptalið hér að framan. Það sem ekki var komist yfir í vetur verður bætt úr á næsta skólaári. Heimsókn er einu sinni á ári, á vorönn, frá elsta hópi á leikskólanum Sjálandi og þá er reynt að hafa þrautabraut.

### **Kennslu og vinnuaðferðir**

Á haustinn fara öll 6 ára börn í hreyfifroskapróf MOT 4-6. Við undirbúning námsskipulags var farið eftir markmiðum aðalnámskrár í íþróttum líkams- og heilsurækt og var þeim náð að mestu leyti. Þær kennsluaðferðir sem aðallega voru notaðar voru samvirkt nám, stöðvabjálfun þar sem húsnæðið býður svolítið upp á þá kennsluaðferð og svo voru þrautabrautir. Í byrjun hverrar annar glugga ég í aðalnámskrá grunnskóla og rifja upp hvaða þætti er gott að hafa í huga þegar kennsluáætlun er útbúin. Síðan geri ég grófa áætlun þar sem ég merki hjá mér hvaða þætti ég mun taka fyrir hverju sinni. Þar næst geri ég annaráætlun og að lokum tímaseðla. Eftir fyrri önn þ.e. um jólin endurskoða ég svo áætlunina mína með tilliti til getu hópsins, hvað ég tók fyrir í tímum, hvað virkaði vel og hvað ég á eftir að fara betur í. Ég vinn eftir þessu grófskipulagi en auðvitað vík ég frá þessu skipulagi allt eftir dagsformi mínu og nemendanna.

### **Tenging við lotur**

Lítið var unnið með umsjónarkennurum varðandi lotur en það væri sniðugt að gera meira af því á næsta ári. Ég tengdi íslensku og stærðfræði inn í íþróttirnar. Einnig tengdust íþróttir sameiginlegum viðburðum eins og íþróttadegi, skíðaferð, gróðurdegi og stærðfræðidegi.

### **Námsgögn og efni**

Ýmsar bækur, áhöld og tónlist.

### **Vettvangsferðir**

Farið var í skíðaferð og í vor fór íþróttakennari með í bæjarferð og var farið í leiki undir stjórn íþróttakennarans í Hallargarðinum í Reykjavík.

### **Matsaðferðir**

Ef útkoma úr hreyfiproskaprófi (sem tekið er sem fyrst á haustönn) er slök þá fá foreldrar vitneskju um það og ráðleggingar um úrbætur. Eins ef nemendur eiga í erfiðleikum með að framkvæma ákveðna hluti þá er haft samband við foreldra og sameiginleg lausn fundin á málinu. Í janúar voru nemendur metnir, þ.e. áhugi, virkni, hegðun, færni og samvinna og einnig skrifuð stutt umsögn um hvern og einn. Í maí voru eftirfarandi atriði metin af kennara: Kasta og grípa, fjölþreppróf (þolpróf), liðleiki, sipp, kraftur, boltakast, samvinna, áhugi/virkni, framkoma/hegðun og að lokum hvernig þau fara eftir fyrirmælum.

### **Mat á því hvernig til tókst og úrbætur ef einhverjar eru**

Til að ná ákveðnum markmiðum aðalnámskrár fyrir 1. og 2. bekk var álitid að það þyrfti að færa kennsluna inn yfir vetrartímann og var það gert. Það reyndist hárrétt ákvörðun. Mér fannst kennslan takast vel í vetur og hafði ég mjög gaman af að kenna þessum kraftmikla og skemmtilega nemendahópi.

## **3. – 4. bekkur**

### **Markmið**

Markmið kennslunnar er að allir fái eitthvað við sitt hæfi, að íþróttakennslan sé fjölbreytt, að nemendur fái stundum að velja hvað þau gera í tímum og að stundum sé frjáls hreyfing. Einnig er lögð áhersla á að kynna ýmsa tegund hreyfingar fyrir nemendum hvort sem um er að ræða íþróttagrein eða almenna hreyfingu. Einnig er lögð rík áhersla á er að nemendur geti verið sjálfstæðir við eigin íþróttaiðkun óháð því hvað hópurinn gerir eða hvað honum finnst. Í efri bekkjunum er áhersla á að nemendur séu það sjálfstæðir og meðvitaðir um hvað er hægt að gera sér til hreyfings að þeir geti sjálfir stundað þá hreyfingu sem þeir vilja, hvort sem er í íþróttafélagi eða einir og sér. Mikil áhersla er á samvinnu og að aðstoða og hvetja félaga sína áfram.

### **Tími**

Nemendur fengu tvo klukkutíma á viku í íþróttakennslu. Frá ágúst fram í nóvember var nokkuð mikið um útikennslu að ræða. Annars voru nemendur annan tímann inni í hreyfirýminu með sínum umsjónarhópi og hinn tími vikunnar var kenndur úti.

### **Viðfangsefni**

Það var lögð áhersla á eftirfarandi þætti í íþróttum í vetur: Þolþjálfun var mikið í gegnum hlaup, leiki og aðrar íþróttagreinar. Styrktarþjálfun var m.a. í gegnum stöðvapþjálfun og þrautabrautir. Liðleikþjálfun í gegnum teygjur. Við vorum lítið í skólagolfi og vil ég leggja meiri áherslu á það næsta skólaár. Boltaiþróttir, dans, litlir boltaleikir eins og skotbolti, brennó og kýló höfðu nemendur mjög gaman af. Frjálsar íþróttir, spretthlaup, kúla, spjót og langstökk var farið í og þar voru nemendur í hlutverkum tímavarða og mælitækna. Ratleikir, frjálsir tímar, hinn sívinsæli Tarzan leikur og svo fengu nemendur stundum að velja hvaða leiki eða hvað var gert í tímum. Brekkurnar í kringum skólann notaðar fyrir sleðaferðir. Við fórum í haust á

hjólabrettapallana við skólann sem er ágætis tilbreyting. Viðfangsefni í íþróttum eru endalaus og það sem við gerðum í vetur er ekki allt upptalið hér að framan.

### **Kennslu og vinnuaðferðir**

Við undirbúning námsskipulags var farið eftir markmiðum aðalnámskrár í íþróttum-líkams- og heilsurækt og var þeim náð að mestu leyti. Þær kennsluaðferðir sem aðallega voru notaðar voru samvirkt nám, stöðvabjálfun þar sem húsnæðið býður svólítið upp á þá kennsluaðferð og svo voru þrautabrautir.

### **Námöggn og efni**

Ýmsar bækur, áhöld og tónlist.

### **Matsaðferðir**

Í janúar og maí voru nemendur metnir þ.e. áhugi, virkni, hegðun, færni og samvinnu og svo var skrifuð stutt umsögn um hvern og einn. Það var mjög gaman að sjá þá nemendur sem þurftu að bæta sig, bæta sig og taka tillit til þess sem þau þurftu að breyta/bæta (að mati kennara).

### **Vettvangsferðir**

Farið var í hjólaferð.

### **Mat á því hvernig til tókst og úrbætur ef einhverjar eru**

Til að ná ákveðnum markmiðum aðalnámskrár fyrir 3. og 4. var kennslan aðlöguð að útiverunni.

## **5.- 7. bekkur**

### **Markmið**

Markmið með íþróttakennslunni eru að allir fái eitthvað við sitt hæfi, að íþróttakennslan sé fjölbreytt að nemendur fái stundum að velja hvað þau gera í tímum og að stundum sé frjáls hreyfing. Einnig er lögð áhersla á að kynna ýmsa tegund hreyfingar fyrir nemendum hvort sem um er að ræða íþróttagrein eða almenna hreyfingu. Einnig er lögð rík áhersla á að nemendur geti verið sjálfstæðir við eigin íþróttaiðkun óháð því hvað hópurinn gerir eða hvað honum finnst. Í efri bekkjunum er áhersla á að nemendur séu það sjálfstæðir og meðvitaðir um hvað er hægt að gera sér til hreyfings að þeir geti sjálfir stundað þá hreyfingu sem þeir vilja, hvort sem er í íþróttafélagi eða einir og sér. Mikil áhersla er á samvinnu og aðstoða og hvetja félaga sína áfram.

### **Tími**

Nemendur fengu tvo klukkutíma á viku í íþróttakennslu. Frá ágúst fram í nóvember var mikið um útikennslu að ræða. Yfir háveturinn voru nemendur annan tímann inni og hinn úti.

### **Viðfangsefni**

Áhersla var lögð á eftirfarandi þætti í íþróttum í vetur. Þolþjálfun var mikið í gegnum hlaup, leiki og aðrar íþróttagreinar. Boltaiþróttir, litlir boltaleikir eins og skotbolti, brennó og kúló höfðu nemendur mjög gaman af. Frjálsar íþróttir, spretthlaup, kúla, spjót og langstökk var farið í og þar voru nemendur í hlutverkum tímavarða og mælitækna. Ratleikir (kortaratleikir, teningaraleikir), frjálsir tímar og svo fengu



nemendur stundum að velja hvaða leiki eða hvað var gert í tímum. Viðfangsefni í íþróttum eru endalaus en það sem við gerðum í vetur er ekki allt upptalið hér að framan.

### **Kennslu og vinnuaðferðir**

Við undirbúning námsskipulags var farið eftir markmiðum aðalnámskrár í íþróttum-líkams- og heilsurækt og tókst að ná þeim að mestu leyti. Þær kennsluaðferðir sem aðallega voru notaðar voru samvirkt nám, stöðvaþjálfun þar sem húsnæðið bauð mikið upp á það og svo voru þrautabrautir.

### **Tenging við lotur**

Það má vera miklu meiri tenging við loturnar á næsta ári.

### **Námsgögn og efni**

Ýmsar bækur og áhöld.

### **Matsaðferðir**

Í janúar og maí voru nemendur metnir þ.e. áhugi, virkni, hegðun, færni og samvinnu og svo var skrifuð stutt umsögn um hvern og einn. Það var mjög gaman að sjá þá nemendur sem þurftu að bæta sig, bæta sig og taka tillit til þess sem þau þurftu að breyta/bæta (að mati kennara).

### **Mat á því hvernig til tókst og úrbætur ef einhverjar eru**

Til að ná ákveðnum markmiðum aðalnámskrár fyrir 5., 6. og 7. bekk aðlagði ég kennsluna að útiverunni.

### **Sundkennsla**

#### **1.-2. bekkur**

#### **Markmið**

Markmið sundkennslunnar er að nemendur hafi gaman af því að vera í vatni, séu óhrædd og geti hugsanlega notað sér sund sem holla og góða hreyfingu í framtíðinni. Markmiðið er líka að kenna þeim á búningaþstöðu en mikilvægt er að foreldrar geri það sumarið fyrir skólabyrjun svo hægt sé að nota sundtímana meira ofan í lauginni.

Samræmda sundstigið er eftirfarandi:

Markmiðin fyrir 1. bekk:

- Staðið í botni í grynri hluta laugar og andað að sér, andlitið fært í kaf og andað frá sér. Endurtekið 10 sinnum.
- Flotið á bringu eða baki með eða án hjálpartækja
- Gengið með andlit í kafi 2,5 metra eða lengra.
- Bringusundsfótatök við bakka með eða án hjálpartækja.

Markmiðin fyrir 2. bekk.

- marglyttuflot með því að rétta úr sér.
- 10 metra bringusund með eða án hjálpartækja
- 10 metra skólabaksundsfótatök með eða án hjálpartækja
- spyrnt frá bakka og rennt með andlitið í kafi, að lágmarki 2,5 metra

- hoppað af bakka í laug

### **Tími**

Það voru tvær sundlotur, hvor um sig stóð yfir í ca. 4 vikur og fóru nemendur tvisvar hverja viku í 40 mínútna sundtíma. Nemendur fóru að hausti og að vori þegar hlýtt var í veðri. Nemendur fengu 17 sundtíma.

### **Viðfangsefni**

Vatnsaðlögun, leikir, fjórar sundaðferðir, köfun, öndun, flot o.s.frv.

### **Kennslu og vinnuaðferðir**

Á fyrri námskeiðinu var hópnum kennt í sveppalauginni svokölluðu. Þar var farið í vatnsaðlögun, flot, leiki og fótatökum í skriðsundi og bringusundi. Umsjónakennari var í flestum tímum ofan í lauginni en sundkennari á bakkanum. Á seinna námskeiðinu fór sundkennari ásamt umsjónakennara ofan í og í lok námskeiðisins var umsjónakennari með nemendur í leikjum og æfingum í sveppalauginni á meðan sundkennari var með nemendur í grynri hluta dýpri laugarinnar í kennslu á sundaðferðunum.

### **Matsaðferðir**

Fyrir fyrri sundnámskeiðið var foreldrum sent heim bréf um það hvað var gert í hverjum sundtíma fyrir sig. Eftir fyrri námskeiðið var sent matsblað heim til foreldra, þar kom fram hvað vantar hjá nemendum og úrbætur sem foreldrar geta gert t.d. sent nemendur á sundnámskeið eða farið oftar í sund og gert ákveðnar æfingar sem gefnar voru upp. Foreldrum var einnig bent á að hafa samband við sundkennara ef spurningar vöknudu. Eftir seinna námskeiðið fengu nemendur sundskírteini þar sem fram kom hvort nemendur hefðu náð sundstigi viðkomandi árgangs eða ekki og umsögn um nemandann.

### **Námsgögn og efni**

Bækur sem til eru um sundkennslu í skólanum og áhöld sem til eru í sundlauginni og í skólanum.

### **Mat á því hvernig til tókst og úrbætur ef einhverjar eru**

Nauðsynlegt er að hafa umsjónakennara með þessum aldri í sundtímum og stórkostlegt að hafa kennarann ofan í vatninu. Við verðum að halda því áfram upp á árangursríka kennslu. Mér fannst líka koma mjög vel út að sundkennari fari ofan í laugina. Það sem er óþarfi er að senda bréf heim til foreldra um hvað sé gert í hverjum sundtíma. Einnig finnst mér tilgangur með millimati eftir fyrri námskeiðið tilgangslaus. Þar sem því miður er ekki farið eftir ráðleggingum sundkennara.

### **3. – 4. bekkur**

#### **Markmið**

Markmið sundkennslunnar er að nemendur hafi gaman af því að vera í vatni, séu óhrædd og geti hugsanlega notað sér sund sem holla og góða hreyfingu í framtíðinni. Samræmdu sundstigin eru eftirfarandi:

Markmiðin fyrir 3. bekk.

- 12 m bringusund
- 12 m skólabaksund með eða án hjálpartækja
- 6 m skriðsunds fótatök með andlit í kafi og arma teygða fram
- 6 m baksunds fótatök með eða án hjálpartækja

- Kafað eftir hlut á 1 – 1,5 metra dýpi.

Markmiðin fyrir 4. bekk

- 25 m bringusund
- 15 m skólabaksund
- 12 m skriðsund með eða án hjálpartækja
- 12 m baksund með eða án hjálpartækja
- Flugsundsátök með eða án hjálpartækja
- Stunga úr kropstöðu

### **Tími**

Það voru tvær sundlotur, fyrri stóð yfir í ca. 4 vikur og fóru nemendur tvisvar hverja viku í 40 mínútna sundtíma. Nemendur fengu 17 sundtíma.

### **Viðfangsefni**

Vatnsaðlögun, leikir, sundaðferðir, köfun, flot o.s.frv.

### **Kennslu og vinnuaðferðir**

Á námskeiðinu var hópnum skipt í tvennt undir stjórn umsjónakennara í grunnri laug í vatnsaðlögun og leikjum. Hinn hópurinn var þá með sundkennaranum að læra sundaðferðirnar í dýpri laug. Hvor stöð var í 20 mínútur. Með þessu móti voru nemendur á fullu allan tímann og engin bið eftir því að einhverjir væru búnir að synda. Hópaskiptingin fór eftir getu nemendanna. Á fyrra námskeiðinu syntu nemendur þvert til að byrja með en í lok námskeiðisins voru allir í 4. bekk farnir að synda 25m í einu. Í lok seinna námskeiðisins voru eiginlega allir nemendur farnir að synda 25m í einu.

### **Matsaðferðir**

Fyrir fyrra námskeiðið sendi ég heim blað til foreldra þar sem fram kom hvað gert yrði í tímunum og hvað nemendur þyrftu að geta að vori. Eftir fyrra námskeiðið var svo sent matsblað heim til foreldra, þar kom fram hvað vantar hjá nemendum og úrbætur sem foreldrar geta gert t.d. sent nemendur á sundnámskeið eða farið oftari í sund með nemendum og gert ákveðnar æfingar sem gefnar voru upp. Foreldrum var líka bent á að hafa samband við sundkennarann ef spurningar vöknuðu. Eftir seinna námskeiðið fengu nemendur sundskírteini þar sem fram kom hvort nemendur hefðu náð sundstigi viðkomandi árgangs eða ekki og umsögn um nemandann.

### **Námsgögn og efni**

Bækur sem til eru um sundkennslu í skólanum og áhöld sem til eru í sundlauginni og í skólanum.

### **Mat á því hvernig til tókst og úrbætur ef einhverjar eru**

Þetta var mjög einstaklingsmiðuð kennsla þar sem umsjónakennarar voru mjög virkir að aðstoða (fengu fyrirmæli frá sundkennara). Nauðsynlegt er að hafa umsjónakennara með þessum aldri til að ná hámarksárangri. Það sem er óþarfi er að senda bréf heim til foreldra um hvað sé gert í hverjum sundtíma. Einnig finnst mér tilgangur með millimati eftir fyrra námskeiðið tilgangslaus. Þar sem því miður er ekki farið eftir ráðleggingum sundkennara.

### **5.- 6. bekkur**

#### **Markmið**

Markmið sundkennslunnar er er að nemendur hafi gaman af því að vera í vatni, séu óhrædd, auki sundpolið og geti hugsanlega notað sér sund sem holla og góða hreyfingu í framtíðinni.

Samræmdu sundstigin eru eftirfarandi:

Markmiðin fyrir 5. bekk.

- 75 m bringusund
- 25 m skriðsund m. fitum
- 25 m skólabaksund
- 12 m baksund
- Marvaði í 20-30 sek
- 10 m flugsundsfótat. m hjálpart.
- Stunga af bakka
- Kafa eftir hlut 1-2m dýpi eftir 5m sund

Markmiðin fyrir 6. bekk.

- 200m bringusund
- 25m bringusund (35 sek)
- 50m skólabaksund
- 25m skriðsund
- 25m baksund
- Marvaði
- 8m kafsund

### **Tími**

Það voru tvær sundlotur, fyrri stóð yfir í ca. 4 vikur og fóru nemendur tvisvar hverja viku í 40 mínútna sundtíma. Nemendur fengu 17 sundtíma.

### **Viðfangsefni**

Mest áhersla var lögð á sundfærni og sundþol.

### **Kennslu og vinnuaðferðir**

Nemendum var skipt á 3-4 brautir í lauginni eftir verkefnum. Raðað var á brautir eftir getu. Farið var mjög vel í allar sundaðferðirnar og var hópurrinn einstaklega duglegur. Nemendur voru misfljótir að framkvæma þær æfingar sem lágu fyrir þannig að þeir fljótustu fengu tímaseðla sem þau syntu eftir þegar þau höfðu lokið þeim æfingum sem kennarinn var með. Með þessu móti tókst að sinna vel þeim sem þurftu virkilega aðstoð en hinir fengu engu að síður eftirtekt, hrós, hvatningu og síðast en ekki síst nóg að gera.

### **Matsaðferðir**

Fyrir námskeiðið sendi ég heim blað til foreldra þar sem fram kom hvað gert yrði í tímum og hvað nemendur þyrftu að geta að vori. Eftir námskeiðið var svo sent matsblað heim, þar kom fram hvað vantar hjá nemendum og úrbætur. Eftir seinna námskeiðið fengu nemendur sundskírteini þar sem fram kom hvort nemendur hefðu náð sundstigi viðkomandi árgangs eða ekki og umsögn um nemandann.

### **Námsgögn og efni**

Bækur sem til eru um sundkennslu í skólanum og áhöld sem til eru í sundlauginni og í skólanum.

## **Mat á því hvernig til tókst og úrbætur ef einhverjar eru**

Það voru ekki allir nemendur sem náðu sundstiginu og var þeim gefin kostur á að æfa sig og hafa svo samband við sundkennara að vori til að ná sundstiginu. Meira að segja kom sundkennari með tillögur að æfingum í námsmatinu. Það var einn nemandi sem hafði hug á að bæta sig. Það sem er óþarfi er að senda bréf heim til foreldra um hvað sé gert í hverjum sundtíma. Ég er ekki alveg viss hvort þetta millimat þurfi að fara heim, kannski til þeirra sem þurfa á meiri æfingu að halda.

## **7. bekkur**

### **Markmið**

Markmið sundkennslunnar er er að nemendur hafi gaman af því að vera í vatni, séu óhrædd, auki sundþolið og geti hugsanlega notað sér sund sem holla og góða hreyfingu í framtíðinni.

Markmiðin fyrir 7. bekk.

- 300 metra bringusund, tímamörk; synt á minna en 10 mínútum.
- 50 metra skólabaksund, stílsund.
- 15 metra björgunarsund með jafningja, (skólabaksundsátök).
- 8 metra kafund, stílsund.
- Val nemenda:
- 50 metra bringusund á tíma
- 25 metra skriðsund á tíma

### **Tími**

Það voru tvær sundlotur, fyrri stóð yfir í ca. 4 vikur og fóru nemendur tvisvar hverja viku í 40 mínútna sundtíma. Nemendur fengu 17 sundtíma.

### **Viðfangsefni**

Mest áhersla var lög á sundfærni og sundþol.

### **Kennslu og vinnuaðferðir**

Nemendum var skipt á 3-4 brautir í lauginni eftir verkefnum. Raðað var á brautir eftir getu. Farið var mjög vel í allar sundaðferðirnar og var hópurinn einstaklega duglegur. Nemendur voru misfljótir að framkvæma þær æfingar sem lágu fyrir þannig að þeir fljótustu fengu tímaseðla sem þau syntu eftir þegar þau höfðu lokið þeim æfingum sem kennarinn var með. Með þessu móti tókst að sinna vel þeim sem þurftu virkilega aðstoð en hinir fengu engu að síður eftirtekt, hrós, hvatningu og síðast en ekki síst nóg að gera.

### **Matsaðferðir**

Fyrir námskeiðið sendi ég heim blað til foreldra þar sem fram kom hvað gert yrði í tímunum og hvað nemendur þyrftu að geta að vori. Eftir námskeiðið var svo sent matsblað heim, þar kom fram hvað vantar hjá nemendum og úrbætur. Eftir seinna námskeiðið fengu nemendur sundskírteini þar sem fram kom hvort nemendur hefðu náð sundstigi viðkomandi árgangs eða ekki og umsögn um nemandann.

### **Námsgögn og efni**

Bækur sem til eru um sundkennslu í skólanum og áhöld sem til eru í sundlauginni og í skólanum.

### **Mat á því hvernig til tókst og úrbætur ef einhverjar eru**

Það voru ekki allir nemendur sem náðu sundstiginu og var þeim gefin kostur á að æfa sig og hafa svo samband við sundkennara að vori til að ná sundstiginu. Meira að segja kom sundkennari með tillögur að æfingum í námsmatinu. Það var einn nemandi sem hafði hug á að bæta sig. Það sem er óþarfi er að senda bréf heim til foreldra um hvað sé gert í hverjum sundtíma. Ég er ekki alveg viss hvort þetta millimat þurfi að fara heim, kannski til þeirra sem þurfa á meiri æfingu að halda.

### **Ábendingar um kennslutæki.**

Það verður frábært að fá sundlaug við skólann. Mér fannst vanta fleiri skemmtileg Leikföng/sundáhöld fyrir yngri nemendur sérstaklega. Skólinn keypti köfunardót og vonandi verður hægt að bæta einhverju við það fyrir næsta vetur. Nauðsynlegt er að hafa hópana ekki of stóra. Einnig er frábært í 1.-4. bekk að hafa tvo kennara, grunnurinn er svo mikilvægur fyrir framhaldið hjá nemendum. Flott að hafa 1.-2. bekk í sundi þegar hlýtt er. Mér finnst að 1. bekkur ætti að vera sér í sundi því það er mjög mikill munur á nemendum í 1. og 2. bekk. Mestu skiptir þó að hóparnir séu ekki of fjölmennir bæði öryggissins vegna og eins upp á framfarir nemenda.

## **Skýrsla í textílmennt og myndmennt**

### **1.- 2. bekkur**

Í listum í 1.-2. bekk var unnið eftir markmiðum aðalnámsskrár. Samkenntsla var í árgöngunum og var unnið með markmið beggja árganga. Fram að jólum var unnið samhliða eftir markmiðum 1. og 2. bekkjar í textílmennt og myndmennt. Horft var til þess aðsem flest markmið yrðu tekin á tveggja ára tímabili. Kennari var Kristín Guðbrandsdóttir. Nemendur komu einu sinni í viku í listir, klukkutíma í senn. Allur gangur var á því hvort báðar námsgreinarnar voru í gangi í einu eða hvort tímarnir skiptust í einn tími myndmennt og einn tími textílmennt. Ef margt var í gangi í einu þá var nemendum skipt niður í þrjá hópa og hringekja notuð til að halda utan um skipulagið. Reynt var að skipta tímafjölda jafnt milli námsgreina yfir önnina. Í grunninn byggðist námið upp af skylduverkefnum en stundum voru frjálsir tímar þar sem sköpun nemenda réð ríkjum – þá réðu þeir við hvað þeir unnu, þ.e.a.s. textíl- eða myndmennt.

Fram að jólum unnu nemendur í 1.- 2. bekk eftirfarandi verkefni í listum:

- Möppu fyrir verkefni.
- Sjálfsmynd.
- Grunnform kynnt - skoðað hvað hægt er að gera úr þeim.
- Sjálfsmynd úr grunnformum.
- Litafræði – farið yfir litahringinn og einfaldar litablöndur gerðar – mest unnið með 6 lita hringinn ásamt því hvernig brúnn verður til. Vatnslitaverkefni unnið.
- Skissað eftir leiðbeiningum úr bók.
- Servíettubrot.
- Bangsi hannaður og saumaður saman í höndum með varplegg eða tunguspori. Verkefninu lauk ekki fyrir jól.

Eftir jólin var listatímunum skipt upp í textílmennt og myndmennt og kennslutímunum fjölgað þannig að hóparnir komu annarsvegar í eina klukkustund í textílmennt og eina klukkustund í myndmennt á viku. Hóparnir voru minnkaðir og kennararnir voru tveir, Kristín Guðbrandsdóttir með textílmennt og Guðrún Dóra Jónsdóttir með myndmennt.

Í **textílmennt** var haldið áfram að vinna eftir markmiðum aðalnámskrár. Hringekjunum fækkaði því hóparnir voru orðnir viðráðanlegri. Í byrjun annar var haldið áfram að vinna verkefni þar sem frá var horfið fyrir jól. Að auki var farið í eftirfarandi:

- Að hnýta hnút.
- Tvær aðferðir kenndar við að þræða nál.
- Bókamerki með krosssaum og tunguspori (aðallega 2. bekkur).
- Vefnað (1. bekkur).
- Hönnun á krossaums-/perlumynstri.
- Eigið perlumynstur perlað.
- Eigið mynstur krosssaumað – valverkefni fyrir þá sem voru búnir með önnur verkefni.
- Brúðuleikhús.
- Klippipróf – fínhyreyfingar æfðar.
- Frjáls verkefni eins og dúskar, vinabönd, fléttur o.fl.

Í **myndmennt** var einnig unnið áfram eftir markmiðum aðalnámskrár. Námið byggðist upp af skylduverkefnum en stundum voru frjálsir tímar þar sem sköpun nemenda réð ríkjum. Verkefni voru eftirfarandi:

- Litafræði, nemendur völdu sér ávexti, teiknuðu, máluðu og röðuðu þeim svo á blað eftir því hvar ávöxturinn kemur fyrir í litahringnum.
- Mótun, börnin bjuggu til tröll úr leir og glerjuðu.
- Tilraunir, unnar voru nokkrar myndir í tilraunum þar sem börnin að gera tilraunir með pappír og liti. Málað var með vatnslitum og salti stráð yfir myndina, málað með þekjulitum og myndin sett ofan í vatn, teiknað með klessulitum og vatnslitað yfir, teiknað með kerti og málað yfir með bleki ásamt því að rífa niður vaxliti og strauja yfir.
- Mósaík, börnin unnu tvö saman, þau völdu sér eitt smádýr, teiknuðu það á tréplatta og límdu mósaíklísar á.
- Dýrið mitt, börnin teiknuðu uppáhaldsdýrið sitt og lituðu.

### **Samvinnuverkefni**

Viðfangsefni lista tengdust stundum þeim þeim sem nemendur unnu að hjá bekkjarkennara. Í vetur voru tvö samvinnuverkefni í 1.-2. bekk:

- Í heimilisviku lærðu nemendur servíettubrot og var afraksturinn notaður á uppskeruhátíð 1. og 2. bekkjar.
- Fiskar úr klósettrúllum.
- Í *heimilisviku* lærðu nemendur servíettubrot og fóru með heim.
- Brúðuleikhús – samvinnuverkefni milli myndmenntar og textílmenntar.

### **Námsgögn og námsefni**

Námsgögn voru öll þau tól og tæki sem við höfðum til umráða í listastofunum.

### **Kennsluaðferðir**

Þær kennsluaðferðir sem helst voru notaðar voru innlagnir, sýnikennsla, verklegar æfingar, umræðu og spurnaraðferðir ásamt sjálfstæðum vinnubrögðum.

### **Matsaðferðir**

Við námsmat voru markmið hvers verkefnis höfð að leiðarljósi. Kennarinn merkti hjá sér þegar einstaka þættir voru skoðaðir. Einnig gerðu nemendur sjálfsmat. Í lok annar var færni nemenda metin með eftirfarandi skala:

- Mjög góð tök
- Nokkuð góð tök
- Á erfitt með

Einnig var metið hvort nemandinn hafði lagt sig fram og þá hversu mikið. Við þetta mat var eftirfarandi skali notaður:

- Lagði sig fram
- Lagði sig lítið fram
- Lagði sig ekki fram

### **3. – 4. bekkur**

Í **textílmenn** í 3. – 4. bekk var unnið eftir markmiðum aðalnámsskrár. Samkensla var í 3. og 4. bekk og unnið var með markmið beggja árganga. Horft var til þess að sem flest markmið yrðu tekin á tveggja ára tímabili. Á haustönn komu nemendur þrisvar sinnum á hverjum fjórum vikum, klukkutíma í senn. Á vorönn komu nemendur komu einu sinni í viku alla önnina. Bæði var nemendahópum kennt sem heild og hringekja notuð til að skipta hverri einingu niður í smærri hópa. Það var oft gert þegar ný færni var lögð inn sem og þegar um mjög krefjandi verkefni var að ræða. Í grunninn byggðist námið upp af skylduverkefnum en að þeim loknum fylgdu stundum frjálsir þar sem sköpun nemenda réð ríkjum – þá réðu þeir við hvað þeir unnu innan textílgreinarinnar. Mikið var unnið með mynstur í 3.-4. bekk í vetur. Í vetur unnu nemendur í 3. og 4. bekk eftirfarandi verkefni í textílmenn:

- Haustpúða – unnið með 6 lita hringinn ásamt því var rifjaður upp ásamt því hvernig brúnn verður til, lauf pressuð og þau þrykkt á púðaefnið, tunguspor var notað til að sauma púðann saman.
- Bangsa eftir uppskrift – lærðu að tituprjóna, sauma í saumavél, staðsetja efnisbút á stærri fleti og fara eftir skriflegum leiðbeiningum.
- Þæfðu efni í óróa.
- Hönnuðu og bjuggu til óróa.
- Klippipróf – fínhreyfingar æfðar.
- Skissað eftir leiðbeiningum úr bók.
- Servíettubrot.
- Spegilmynstur í pappír.
- Saumavélaæfingar á blöð.
- Í frjálsum tímum var vinsælast að prjóna, sauma í saumavél, skissa, gera dúska, vinabönd og sauma bangsaföt.

Nemendur voru flestir duglegir að velja sér fjölbreytt verkefni þar sem þeir lærðu eitthvað nýtt.

#### **Samvinnuverkefni**

Viðfangsefni lista tengdust stundum þeim þeim sem nemendur unnu að hjá bekkjarkennara.

- Unnin var harmonikubók í tengslum við þemað *Línu Langsokk þema*
- Forsíða unnin á bók í *Hausþema*.
- Haustpúði var unninn í *Hausþema*.
- Í *heimilisviku* lærðu nemendur servíettubrot og fóru með heim.

#### **Námsgögn og námsefni**

Námsgögn voru öll þau töl og tæki sem við höfðum til umráða í listastofunum ásamt



gersemum úr umhverfi skólans ásamt saumavélaæfingum af vef námsgagnastofnunar.

### **Kennsluaðferðir**

Þær kennsluaðferðir sem helst voru notaðar voru innlagnir, sýnikennsla, verklegar æfingar, umræðu og spurnaraðferðir ásamt sjálfstæðum vinnubrögðum.

### **Matsaðferðir**

Við námsmat voru markmið hvers verkefnis höfð að leiðarljósi. Kennarinn merkti hjá sér þegar einstaka þættir voru skoðaðir. Einnig gerðu nemendur sjálfsmat. Í lok annar var færni nemenda metin með eftirfarandi skala:

- Mjög góð tök
- Nokkuð góð tök
- Á erfitt með

Einnig var metið hvort nemandinn hafði lagt sig fram og þá hversu mikið. Við þetta mat var eftirfarandi skali notaður:

- Lagði sig fram
- Lagði sig lítið fram
- Lagði sig ekki fram

Í **myndmennt** í 3. – 4. bekk var unnið eftir markmiðum aðalnámsskrár. Samkennsla var í 3. og 4. bekk og unnið var með þrepamarkmið beggja árganga. Horft var til þess að sem flest markmið yrðu tekin á tveggja ára tímabili. Kennari var Guðrún Dóra Jónsdóttir.

Á haustönn komu nemendur þrisvar sinnum á hverjum fjórum vikum, klukkutíma í senn. Á vorönn komu nemendur einu sinni í viku alla önnina. Í grunninn byggðist námið upp af skylduverkefnum en að þeim loknum fylgdu stundum frjálsir tímar þar sem sköpun nemenda réð ríkjum – þá réðu þeir við hvað þeir unnu.

Í vetur unnu nemendur í 3. og 4. bekk eftirfarandi verkefni myndmennt:

- Möppur fyrir verkefni.
- Leturgerð.
- Litafræði, nemendur gerðu verkefni í grunnlitunum ásamt því að vinna verkefni í heitum og köldum litum.
- Límþrykk – mynd unnin á pappa og prentað.
- Jólaverkefni.
- Grunnformin.
- Afrísk mynstur.
- Teikning, mynd gerð þar sem í henni komu fram grunnformin og form sem mynduðu afrísk mynstur.
- Skissað eftir leiðbeiningum úr bók.
- Páskaverkefni, klippiverkefni.
- Hugtökin forgrunnur og bakgrunnur. Nemendur teiknuðu mynd þar sem forgrunnur og bakgrunnur komu greinilega fram.
- Þrívíddarvinna, tvívíðu formi breytt í þrívítt. Nemendur völdu sér eitt íslenskt húsdýr sem þau skoðuðu og bjuggu svo til þrívítt úr dagblöðum og veggfóðurslími.
- Í frjálsum tímum var vinsælast að gera klippiverkefni, mála, leira frjálst og skissa.

Nemendur voru flestir duglegir að velja sér fjölbreytt verkefni þar sem þeir lærðu eitthvað nýtt.

### **Samvinnuverkefni**

Viðfangsefni lista tengdust stundum þeim þemum sem nemendur unnu að hjá

bekkjarkennara.

- Mynstur – unnið í tengslum við Afríkubema. Unnin voru mynstur úr grunnformunum ásamt þeim mynstrum sem eru einkennandi í afrískri list.
- Þrívíddarvinna – unnið í tengslum við húsdýrabema. Nemendur völdu sér húsdýr sem þau bjuggu til þrívítt úr pappír og veggfóðurslími.

### **Námsgögn og námsefni**

Námsgögn voru öll þau tól og tæki sem við höfðum til umráða í listastofunum ásamt gersemum úr umhverfi skólans.

### **Kennsluaðferðir**

Þær kennsluaðferðir sem helst voru notaðar voru innlagnir, sýnikennsla, verklegar æfingar, umræðu og spurnaraðferðir ásamt sjálfstæðum vinnubrögðum.

### **Matsaðferðir**

Við námsmat voru markmið hvers verkefnis höfð að leiðarljósi. Kennarinn merkti hjá sér þegar einstaka þættir voru skoðaðir. Einnig gerðu nemendur sjálfsmat. Í lok annar var færni nemenda metin með eftirfarandi skala:

- Góð tök
- Er á réttri leið
- Á erfitt með

## **5. – 6. bekkur**

Í **textílmenn** í 5. – 6. bekk var unnið eftir markmiðum aðalnámsskrár. Kennari var Kristín Guðbrandsdóttir. Samkennsla var í 5. og 6. bekk og var unnið með markmið beggja árganga. Horft var til þess að sem flest markmið yrðu tekin í skylduverkefnum á tveggja ára tímabili. Nemendur komu í textílmenn einu sinni í viku, klukkutíma í senn.

Yfir skólaárið var skylduverkefnum og val verkefnum blandað saman. Hver nemandi vann verkefni á sínum eigin hraða. Við val á verkefnum voru nemendur beðnir um að finna sér verkefni þar sem þeir lærðu eitthvað nýtt. Farið var fram á að þeir veldu sér verkefni við hæfi - þar sem þeir teldu að þeir bættu við sig nýrri þekkingu.

Eftirfarandi verkefni voru skylduverkefni í textílmenn hjá 5. – 6. bekk í vetur:

- Víkingaband – unnið eftir myndrænum leiðbeiningum. Nemendur lærðu einnig að rúlla upp hnikil.
- Frjálst textíilverkefni – valið og unnið í hringekju.
- Þæfing undirbúin – jólaverkefni sem ekki var klárað vegna veikinda kennara.
- Húfa – nemendur hönnuðu húfu úr fleese efni sem þeir svo saumuðu.
- Töskur – skylduverkefni sem breyttist í val vegna tímaskorts.
- Krosssaums-/perlumynsturs hönnun.
- Spegilmynstur í pappír.

### **Samvinnuverkefni**

Í fljótandi tímum listakennara var reynt að tengja listir og þau viðfangsefni sem unnin voru hjá bekkjakennara. Viðfangsefni lista tengdust stundum þeim þemum sem nemendur unnu að hjá umsjónarkennara.

- Harmonikubók með harðspjalda bókarkápu unnin í tengslum við *Íslensku- og ljóðabema*.
- Biblíumyndir unnar í *Kristinfræðibema*. Nemendur unnu myndir sem voru stækkaðar og færðar yfir á plexíglar – endurnýtanlegt gluggalistaverk.

### **Námsgögn og námsefni**

Námsgögn voru öll þau tól og tæki sem við höfðum til umráða í textílstofunni ásamt

saumavélaæfingum af vef námsgagnastofnunar, bókakostur skólans, s.s. listaverkabækur, þrjónabækur, saumablöð og skissubækur.

### **Kennsluaðferðir**

Þær kennsluaðferðir sem helst voru notaðar voru innlagnir, sýnikennsla, verklegar æfingar, umræðu og spurnaraðferðir ásamt sjálfstæðum vinnubrögðum.

### **Matsaðferðir**

Við námsmat voru markmið hvers verkefnis höfð að leiðarljósi. Kennarinn merkti hjá sér þegar einstaka þættir voru skoðaðir. Einnig gerðu nemendur sjálfsmat. Í lok annar var færni nemenda metin með eftirfarandi skala:

- Mjög góð tök
- Nokkuð góð tök
- Á erfitt með

Einnig var metið hvort nemandinn hafði lagt sig fram og þá hversu mikið. Við þetta mat var eftirfarandi skali notaður:

- Lagði sig fram
- Lagði sig lítið fram
- Lagði sig ekki fram

Í **myndmennt** í 5. – 6. bekk var unnið eftir markmiðum aðalnámsskrár. Kennari var Guðrún Dóra Jónsdóttir. Samkennsla var í 5. og 6. bekk og var unnið með markmið beggja árganga. Horft var til þess að sem flest markmið yrðu tekin í skylduverkefnum á tveggja ára tímabili. Nemendur komu í myndmennt einu sinni í viku, klukkutíma í senn. Á þriðja töflutímabili voru nemendur ekki í myndmennt.

Í myndmennt voru ákveðin skylduverkefni sem allir unnu að en að þeim loknum var oft frjáls sköpun.

Í vetur unnu nemendur í 5. og 6. bekk eftirfarandi verkefni:

- Möppu fyrir verkefni
- Litafræði, þar sem áherslan var lögð á að skoða hvað væru heitir og kaldir litir.
- Mynstur. Skoðað voru mynsturreglur eins og miðmynstur, spegilmynstur, símynstur og mynsturbekkur. Nemendur gerðu teikningu út frá hverri mynsturreglu.
- Grímugerð, nemendur bjuggu til grímu úr dagblöðum og veggfóðurslími.
- Skissugerð og snið var búið til af bolla og disk.
- Mótun, bolli og diskur hannaður úr leir og glerjað. Nemendur fengu frjálsar hendur með hönnun hlutana en studdust við sniðið og skissuna sem þau voru búin að gera.
- Kjarvalsverkefni, hluti af 5.-6. bekk vann málverk í anda Kjarvals. Þetta verkefni var tengt Listadögum í Garðabæ.

### **Samvinnuverkefni**

Viðfangsefni lista tengdust stundum þeim þeimum sem nemendur unnu að hjá bekkjarkennara.

- Grímugerð, nemendur unnu grímu sem tengdist Landnámsþemanu.
- Kjarvalsverkefni, nemendur unnu verkefni fyrir Listadaga í Garðabæ. Þau fóru út í hraun og skissuðu upp þann stað sem þau vildu vinna frekar með. Nemendur unnu svo áfram með skissuna með því að búa til málverk í anda Kjarvals.

### **Námsgögn og námsefni**

Námöggn voru öll þau töl og tæki sem við höfðum til umráða í myndmenntastofunni, ásamt bókakosti skólans, s.s. listaverkabækur og skissubækur.

### **Kennsluaðferðir**

Þær kennsluaðferðir sem helst voru notaðar voru innlagnir, sýnikennsla, verklegar æfingar, umræðu og spurnaraðferðir ásamt sjálfstæðum vinnubrögðum.

### **Matsaðferðir**

Við námsmat voru markmið hvers verkefnis höfð að leiðarljósi. Kennarinn merkti hjá sér þegar einstaka þættir voru skoðaðir. Einnig gerðu nemendur sjálfsmat. Í lok annar var færni nemenda metin með eftirfarandi skala:

- Góð tók
- Er á réttri leið
- Á erfitt með

## **7. bekkur**

Í listum í 7. bekk var unnið eftir markmiðum aðalnámsskrár. Kennari var Kristín Guðbrandsdóttir. Nemendur komu í listir einu sinni í viku, klukkutíma í senn. Í haustbyrjun var reynt að skipta listatímum jafnt á milli myndmenntar og textílmenntar en þegar fjölga tók í nemendahópunum (allt að 18 nemendur í hóp) tók myndmenntin yfirhöndina. Mest megnis unnu nemendur skylduverkefni sem öll voru krefjandi og tímafrek. Þeir sem fljótastir voru með verkefni sín fengu meira rými fyrir frjálsa sköpun. Þegar nemendur lærðu eitthvað nýtt og spennandi var reynt að hafa frjálsan tíma að verkefni loknu til að nemendur gætu prófað þær hugmyndir sem kviknuðu.

Í vetur unnu nemendur í 7. bekk eftirfarandi verkefni í myndmennt:

- Abstrakt list kynnt.
- Mappa fyrir verkefni í anda abstrakt listar – einungis var gerð forsíða en þetta átti að verða bók.
- Bogin lína - brotin lína. Nemendur kanna möguleika línunnar og áhrif hennar á myndflöt.
- Skissað eftir fyrirmynd úr bók.
- Kúbismi kynntur.
- Skuggamynd í anda kúbismans.
- Myndir í ljóðabók.
- Hreyfimyndagerð – samvinnuverkefni milli tölvu, lista, tónmenntar og bekkjarkennara.
- Fjarvídd – götummynd með einum hvarfpunkti.
- Spegilmynstur í pappír.

### **Samvinnuverkefni**

Í fljótandi tímum listakennara var reynt að tengja listir við þau viðfangsefni sem unnin voru hjá bekkjakennara. Viðfangsefni lista tengdust stundum þeim þeim sem nemendur unnu að hjá bekkjarkennara.

- Hreyfimyndagerð unnin í samvinnu í *Þjóðsögubema* með bekkjarkennara, tónmenntakennara og tölvukennara.
- Myndir í ljóðabók sem nemendur gáfu út. Bókin var gefin út fyrir listadaga Garðabæjar en nemendur sömdu ljóðin í *Ljóðabema* og teiknuðu svo myndirnar til að myndskreyta útgáfuna.

### **Námöggn og námsefni**

Námöggn voru öll þau töl og tæki sem við höfðum til umráða í listastofunum ásamt gersemum úr umhverfi skólans. Við nýttum bókakost og tölvur skólans eftir því sem hentaði hverju sinni.

### **Kennsluaðferðir**

Þær kennsluaðferðir sem helst voru notaðar voru innlagnir, sýnikennsla, verklegar æfingar, umræðu og spurnaraðferðir ásamt sjálfstæðum vinnubrögðum.

### **Matsaðferðir**

Við námsmat voru markmið hvers verkefnis höfð að leiðarljósi. Kennarinn merkti hjá sér þegar einstaka þættir voru skoðaðir. Einnig gerðu nemendur sjálfsmat. Í lok annar var færni nemenda metin með eftirfarandi skala:

- Mjög góð tök
- Nokkuð góð tök
- Á erfitt með

Einnig var metið hvort nemandinn hafði lagt sig fram og þá hversu mikið. Við þetta mat var eftirfarandi skali notaður:

- Lagði sig fram
- Lagði sig lítið fram
- Lagði sig ekki fram

## **Skýrsla tónmenntakennara**

### **Tími**

Á fyrsta töflutímabili var tónmennt kennd 8 klst. Þar af voru 4 klst. fljótandi. Að auki voru 4 klst. í smiðjum þar sem smíði og tónmennt voru samtvinnuðar. 5. – 6. og 7. bekk var kennd tónmennt eina klst. á viku. Vegna smiðjanna var ekki tónmennt hjá 1. – 2. og 3. – 4. bekk. Fljótlega var þó ákveðið að nýta hluta af fljótandi tónmenntatímunum í að hafa söngstund hjá þessum hópum og fékk hver umsjónarhópur 30 mínútur í viku í söngstund. Fljótandi tímarnir voru að öðru leiti nýttir í tengslum við þemavinnu nemenda.

Á öðru töflutímabili fengu nemendur í 1. – 2., 5. – 6. og 7. bekk tónmennt eina klst. á viku. 3. – 4. bekk var skipt í þrjá hópa. 3. – 4. bekk var úthlutað 2 klst. á viku og því var hverjum hóp kennd tónmennt tvær af hverjum þrem vikum, að meðaltali 40 mínútur á viku. Engin fljótandi tónmennt var á öðru töflutímabili.

Á þriðja og fjórða töflutímabili var tónmennt kennd 10 klst. á viku og var hverjum nemendahóp kennd 1 klst. á viku.

### **Kennslan í 1. – 2. bekk**

#### **Viðfangsefni vetrarinnis voru eftirfarandi.**

- Söngur. Mikil áhersla hefur verið lögð á söng og að nemendur læri ný lög í tengslum við morgunsönginn.
- Taktur. Unnið hefur verið með þrí- og fjórskiptan takt í gegnum hlustun, tónfræði og þeirra eigin hljóðfæraleyk.
- Spuni. Nemendur hafa spunnið á sílafóna yfir undirspil.
- Tónsköpun. Nemendur hafa samið og flutt stutt hljóðverk og skráð með óhefðbundinni nótnaskrift.

- Hljóðfæri. Nemendur hafa lært um mun á laglínuhljóðfærum og takthljóðfærum auk hljóðfæraflokkana: ásláttar-, tréblásturs-, málmblásturs- og strengjahljóðfæri. Þá hafa þeir unnið mikið með og leikið á skólahljóðfærin bæði takt- og laglínuhljóðfæri. Nemendur hafa leikið stutt hljóðverk skráð með óhefðbundinni nótnaskrift þar sem nokkrir hljóðfærahópar hafa þurft að fylgja stjórnanda og leika ólíka "parta" á sama tíma.
- Hlustun. Nemendur hafa hlustað á og rætt um fjölbreytta tónlist frá ýmsum tímabilum tónlistarsögunnar og unnið með þau á fjölbreyttan hátt.
- Tónfræði. Sérstaklega hefur verið unnið með eftirfarandi þætti tónfræðinnar:
  - styrkleika (sterkt-veikt, vaxandi-minnkandi)
  - langa og stutta tóna
  - tónhæð (háir og lágir tónar)
  - óhefðbundna nótnaskrift
  - tónbil (fimmundir)
- Hreyfing. Nemendur fóru í ýmsa takt- og hreyfileiki.

### Námsgögn

Námsgögn voru hin ýmsu skólahljóðfæri, fjöldi geisladiska og ýmis skrifleg verkefni í tengslum við tónfræði og hlustun.

### Námsefni:

Mest var unnið með námsefni tilbúið af tónmenntakennara. Einnig var unnið með námsefnið *Það var lagið*, bæði hlustunarefni og tónfræðiverkefni auk verkefna úr verkefnabók 1 fyrir tónmennt.

### Matsaðferðir:

Þeir þættir sem voru metnir í 1. og 2. bekk voru:

- Tekur virkan þátt í söng, spilar spuna á sílafón í takt við undirspil
- getur lesið og spilað eftir óhefðbundinni nótnaskrift
- þekkir og getur skrifað algengustu nóturnar
- getur spilað á takthljóðfæri eftir einföldum nótum
- getur spilað einfalda útsetningu af lagi á skólahljóðfæri

Námsmat var gert með skriflegum könnunum, verklegum könnunum, videoupptökum af hljóðfæraleik og söng nemenda og hljóðupptökum af hljóðfæraleik og söng nemenda. Merkt var við hvort nemandi hafi *góð tók, sé á réttri leið eða eigi erfitt með*.

### Kennslan í 3. – 4. bekk

Viðfangsefni vetrarinnis voru eftirfarandi.

- Söngur. Mikil áhersla hefur verið lögð á söng og að nemendur læri ný lög í tengslum við morgunsönginn. Unnið var sérstaklega með íslensk þjóðlög og í tengslum við Afríkupema voru sungin afrísk lög.

- Taktur. Unnið hefur verið með takt og lögð áhersla á að nemendur fái tilfinningu fyrir takti og geti leikið í takt og heyrt breytingar á takti bæði taktstkipti og hraðabreytingar. Þetta hefur verið unnið með hlustun og hljóðfæraleik á takt- og laglínuhljóðfæri. Í tengslum við Afríkupema var sérstaklega unnið með afríska takta.
- Spuni. Nemendur hafa spunnið á sílafóna yfir undirspil og hefur spuni þeirra verið tekinn upp reglulega og framfarir metnar.
- Tónsköpun. Nemendur sömdu eftir ákveðnum aðferðum stef úr nafninu sínu þar sem bókstöfum var breytt í nótur. Nemendur unnu svo með stefið og léku á hljóðfæri.
- Hlustun. Nemendur hafa hlustað á og rætt um fjölbreytta tónlist frá ýmsum tímabilum tónlistarsögunnar og unnið með þau á fjölbreyttan hátt. Sérstök áhersla var lögð á tónlist eftir Beethoven, Smetana og Ravel. Unnið var með íslensk þjóðlög sem nemendur hlustuðu á og sungu. Í tengslum við Afríkupema var hlustað á afríska tónlist.
- Hljóðfæri. Nemendur hafa leikið einfaldar útsetningar af lögum á skólahljóðfæri, bæði laglínuhljóðfæri og takthljóðfæri. Í tengslum við Afríkupema var sérstök áhersla lögð á afrísk hljóðfæri.
- Tólistarsaga. Nemendur kynntust tónskáldinu Ludvig Van Beethoven, lífi hans og tónlist. Unnið var með íslensk þjóðlög og tilurð þeirra og varðveislu.
- Tónfræði. Unnið var með:
  - styrkleika (piano – forte, vaxandi styrkur-minnkandi styrkur)
  - ritun og lestur algengustu nótnagilda
  - hraða (hratt – hægt)
  - tónhæð (háir og lágir tónar)
  - óhefðbundna nótnaskrift
  - þrískiptan og fjórskiptan takt auk taktbreytinga
  - form laga (sérstaklega unnið með rondó formið)
- Hreyfing. Nemendur fóru í ýmsa takt- og hreyfileiki.

### **Námsgögn**

Námsgögn voru hin ýmsu skólahljóðfæri, tónlistarforrit, fjöldi geisladiska og ýmis skrifleg verkefni í tengslum við tónfræði og hlustun.

### **Námsefni:**

Mest var unnið með námsefni tilbúið af tónmenntakennara. Einnig var unnið með námsefnið *Það var lagið*, bæði hlustunarefni og tónfræðiverkefni og tölvuforritið *Háskaleik*.

### **Matsaðferðir:**

Þeir þættir sem voru metnir í 3. og 4. bekk voru:

- Tekur virkan þátt í söng
- spilar spuna á sílafón í takt við undirspil
- Þekkir einkenni afrískrar tónlistar
- Þekkir og getur notað einföld tónfræðihugtök
- þekkir tónskáldið Beethoven og nokkur verka hans
- Hefur vald á að spila á ýmis skólahljóðfæri
- Getur spilað takt eftir nótnatáknum
- Þekkir tónverkið Bolero eftir Ravel og einkenni þess
- Þekkir og getur fjallað um tónverkið Moldá
- Getur samið stutt stef og skráð það með nótum
- Veit hvað þjóðlag er og þekkir nokkur þeirra

Námsmat var gert með skriflegum könnunum, verklegum könnunum, videoupptökum af hljóðfæraleik og söng nemenda og hljóðupptökum af hljóðfæraleik og söng nemenda. Merkt var við hvort nemandi hafi *góð tæk, sé á réttri leið eða eigi erfitt með*.

### **Kennslan í 5. og 6. bekk**

Viðfangsefni vetrarinnis voru eftirfarandi.

- Söngur. Mikil áhersla hefur verið lögð á söng og að nemendur læri ný lög í tengslum við morgunsönginn. Þá voru æfð og tekin upp nokkur lög útfra kennslu um afríska tónlist, blús og rapp. Nemendur lærðu um sjómannaög og æfðu og sungu.
- Taktur. Unnið hefur verið með takt og lögð áhersla á að nemendur fái tilfinningu fyrir takti og geti leikið í takt og heyrt breytingar á takti bæði taktstkipti og hraðabreytingar. Þetta hefur verið þjálfað með hlustun og hljóðfæraleik á takt- og laglínuhljóðfæri.
- Spuni. Nemendur hafa spunið á skólahljóðfæri sem og þau hljóðfæri sem þeir sem stunda hljóðfæranám leika á. Spunið hefur verið yfir blúsformið. Spuninn hefur verið tekinn upp og notaður við mat á frammistöðu og framförum nemenda.
- Sköpun. Í tengslum við bókmennta og ljóðapema sömdu nemendur tónlist við ljóð. Í tengslum við kristinfræðipema sömdu nemendur tónverk um píslagöngu Jesú. Í tengslum við kennslu um rapp unnu nemendur rappundirspil við íslensk sönglög og tóku upp rapp yfir undirspilið. Flest verkefni voru birt á heimasíðu skólans.
- Hlustun/tónlistarsaga Við höfum fræðst um nokkrar tegundir tónlistar þar sem hlustun, söngur, tónlistarsaga og þeirra eigin hljóðfæraleikur blandaðist saman. Við unnum sérstaklega með afríska tónlist, blús og rapp tónlist. Tónlist Jóns Leifs var kynnt í tengslum við landnámspema. Unnið var með rímur. Þá lærðu nemendur um sjómannaög.



- Hljóðfæri. Nemendur léku undirleik á hljóðfæri í ýmsum sönglögum og í ýmsum tónlistarstílum. Margir nemendur nýttu sér hljómsveitarherbergi skólans þar sem þeir geta fengið tíma til að æfa sig saman eða ein á hefðbundin popp/rokk hljómsveitar hljóðfæri.
- Tónfræði. Í viðfangsefnum vetrarins og sérstaklega tónsköpun á tölvur hefur verið unnið með frumbætti tónlistar, s.s. tónhæð, tónlengd, hljóma, tónblæ, tónstyrk, form og túlkun.
- Tölvur. Nemendur hafa unnið með upptökuforritið Garage band og tekið upp eigin tónlist, söng og hljóðfæraleik.

### **Námsgögn**

Námsgögn voru hin ýmsu skólahljóðfæri, tónlistarforritin Garage band, Live og Pro tools, fjöldi geisladiska og ýmis skrifleg verkefni í tengslum við tónfræði og hlustun. Þá var notað kennsluforritið Háskaleikur.

### **Námsefni:**

Mest var unnið með námsefni tilbúið af tónmenntakennara.

### **Matsaðferðir:**

Þeir þættir sem voru metnir í 5. og 6. bekk voru:

- Tekur virkan þátt í söng
- Þekkir einkenni afrískrar tónlistar
- Getur leikið afríska tónlist á skólahljóðfæri
- Þekkir blústónlist og helstu einkenni hennar
- Getur spunið blús áheyrilega
- Þekkir tengsl blústónlistar við rapptónlist
- Þekkir einkenni rapptónlistar
- Getur rappað stutt rapp á íslensku
- Þekkir einkenni íslenskra rímna
- Þekkir tónskáldið Jón Leifs og tónlist hans
- Getur samið tónlist við ljóð
- Þekkir og getur skýrt mun á tóni og hljómi
- Þekkir sjómannaög og nokkur einkenni þeirra
- Getur notað tónlistarforrit til að búa til einfalda tónlist

Námsmat var gert með skriflegum könnunum, verklegum könnunum, videoupptökum af hljóðfæraleik og söng nemenda og hljóðupptökum af hljóðfæraleik og söng nemenda. Merkt var við hvort nemandi hafi *góð tók, sé á réttri leið eða eigi erfitt með.*

### **Kennslan í 7. bekk**

Viðfangsefni vetrarinnis voru eftirfarandi.

Meirihluta vetrar var tónmennt að mestu kennd út frá kvikmyndatónlist. Unnið var með frumbætti tónlistar út frá kvikmyndatónlist og í tengslum við hana unnu nemendur með eftir farandi þætti:

- Hlustun/Tónlistarsaga. Saga kvikmyndatónlistar á 20. öld kennd. Kvikmyndatónskáldin John Williams, Ennio Morricone og Hilmar Örn Hilmarsson. Nemendur kynntust og krufu tónlist Bjarkar Guðmundsdóttur.
- Blær – tilfinning. Í tónsköpun unnu nemendur sérstaklega með þessa þætti.
- Spuni. Nemendur hafa spunið á skólahljóðfæri sem og þau hljóðfæri sem þeir sem stunda hljóðfæranám leika á. Spunið hefur verið yfir blúsformið.
- Tónsköpun. Nemendur hafa samið eigin tónlist við teiknimyndir sem þeir unnu í samvinnu bekkjarkennara, tölvukennara og listakennara í þjóðsögubema. Einnig sömdu nemendur og tóku upp tónlist við stuttmyndir.
- Tónfræði. Í viðfangsefnum nemenda var unnið með tónhæð, þagnir, tónlengd, hljóma, tónblæ, tónstyrk, form og túlkun.
- Tölvur. Nemendur hafa unnið með tónlistarforritin: Garage band, Live og Pro tools. Í þeim hafa nemendur samið eigin tónlist og tekið upp.

### Samvinnuverkefni

Í tengslum við þjóðsögubema gerðu nemendur teiknimyndir sem þeir settu inn í tölvu og sömdu svo tónlist, tóku upp og settu við myndirnar. Verkefnið var unnið í samvinnu við listakennara og tölvukennara auk umsjónakennara.

### Námsgögn

Námsgögn voru hin ýmsu skólahljóðfæri, tónlistarforritin Garage band, Live og Pro tools, fjöldi geisladiska og kvikmynda.

### Námsefni:

Mest var unnið með námsefni tilbúið af tónmenntakennara. Einnig var unnið með námsefnið *Það er gaman að hlusta á kvikmyndatónlist*.

### Matsaðferðir:

Þeir þættir sem voru metnir í 7. bekk voru:

- Getur sungið fjölbreyttlög, fylgt laglínu með skýrum framburði
- Getur búið til einfalda kvikmyndatónlist við eigin stuttmynd sem túlkar sömu tilfinningar og myndin
- Getur samið kaflaskipta tónlist í tölvu
- Getur notað tónfræðihugtök til að lýsa tónlist
- Getur notað tónlistarforrit við að semja og taka upp tónlist
- Þekkir tónlistarkonuna Björk og tónlist hennar
- Getur greint form lags (t.d. A, B, A, C, A)
- Getur fært rök fyrir því hvort tónlist sé góð eða léleg
- Þekkir samsetningu strengjakvartetts

Námsmat var gert með skriflegum könnunum, verklegum könnunum, videoupptökum af hljóðfæraleik og söng nemenda og hljóðupptökum af verkum og söng nemenda. Merkt var við hvort nemandi hafi *góð tók, sé á réttri leið eða eigi erfitt með*.

## Skýrsla sérkennara – þroskaþjálfar og meðferðarfulltrúa

Í vetur voru tveir starfandi sérkennarar við skólann þær Guðbjörg Grétarsdóttir sem sá um sérkennslu hjá nemendum í 5.-7. bekk, og Sigríður Ólafsdóttir sem sá um sérkennslu í 1.-4. bekk. Báðar voru þær í um 66% starfi. Einnig störfuðu við skólann tveir þroskaþjálfar Elín Þorsteinsdóttir sem vann með yngri nemendum og Sigríður Gísladóttir sem vann með eldri nemendum. Þær voru báðar í 100% starfi. Í desember var ráðin meðferðarfulltrúi Jóhanna Magnúsdóttir leikskólakennari til aðstoðar einum nemenda. Sérkennslan fór fram bæði inni á kennslusvæðunum og í sérkennslustofum, bæði hópkennsla og einstaklings. Skólasálfræðingur kom tvisvar í mánuði og talmeinafræðingur kom u.þ.b einu sinni í mánuði.

### Umsóknir

Nemendur sækja um sérkennslu á sérstöku eyðublaði skólans en niðurstöur skimunar í lestri, og stærðfræði leiða líka til aðgerða. Foreldrar eru ávallt upplýstir og sótt eftir samþykki ef barn þeirra fær sérkennslu.

Að vori lögðu umsjónarkennarar fram skriflega beiðni um sérkennslu fyrir nemendur sína til skólastjórnenda. Að hausti voru lestrarpróf lögð fyrir alla nemendur og síðan voru allir hópar nemenda skimaðir bæði í lestri og stærðfræði. Þegar niðurstöður lágu fyrir var tekin ákvörðun um frekari aðstoð við nemendur og sérkennslan endurskipulögð og verkefnum forgangsraðað.

### Kennslufyrirkomulag

Aðaláherslupættir sérkennslunnar var þjálfun í grunnfærni í lestri, stærðfræði og almennum vinnubrögðum.

Haustönnin hófst með því að sérkennari lestrarprófaði alla nemendur í 1.- 4. bekk í byrjun september, fyrsti hlutinn af Læsi skimunarprófunum var síðan lagður fyrir yngri árgangana og loks Tove Krog skimunarprófið fyrir nemendur í 1. bekk. Unnið var úr niðurstöðum prófanna og kennslan endurskipulögð eftir þörfum.

Lestrarkennslan fór ýmist fram einstaklingslega eða í hóp (4 - 10 börn í hóp). Hópkennslan var tímabundin og kennt var í lotum, oftast daglega í 4 - 6 vikur í senn. Einstaklingskennslan miðaði að því að byggja upp grunnfærnina í lestri og stærðfræði en einnig var fylgt eftir heimavinnu nemenda ef þeir óskuðu eftir því og þeir hvattir áfram.

Lestrar- og stærðfræðikannanir voru lagðar fyrir reglulega yfir veturinn. Ef grunur vaknaði hjá umsjónarkennara um að námið gengi ekki sem skyldi voru gerðar ráðstafir og reynt að finna lausnir.

Fjöldi nemenda sem fékk sérúrræði og aðstoð á skólaárinu:

1. bekk 8 nemendur, þar af 6 drengir og 2 stúlkur
2. bekk 7 nemendur, þar af 4 drengir og 3 stúlkur
3. bekk 6 nemendur, þar af 1 drengur og 5 stúlkur
4. bekk 19 nemendur, þar af 14 drengir og 5 stúlkur (stór árgangur)

Ráðgjöf var veitt foreldrum í sambandi við nám barna þeirra ef með þurfti.

Þroskaþjálfar aðstoðuðu tvo nemandur sérstaklega og var kennsla þeirra unnin í samráði við sérkennara.

## Greiningar

Læsiþróf voru lögð fyrir samkvæmt skipulagi. Læsiþróf 1.1 – 1.3 var lagt fyrir í 1. bekk og Læsi 2.1 og 2.2 í öðrum bekk. Greinandi teikniþróf Tove Krogh var lagt fyrir nemendum í 1. bekk í byrjun nóvember.

Stella talmeinafræðingur lagði fyrir lesskimunarþróf Les 1. og Les 2 fyrir nemendum í 1. og 2. bekk í maí.

Leitast var við að finna orsakir erfiðleika nemenda með ýmsum málþroska- og lestrargreiningarþrófum og í lok vetrar var lagt fyrir nýja LOGOS lestrargreiningarþrófið, málþroskaþrófið TOLD2P og 2I var einnig lagt fyrir 9 nemendum yfir skólaárið, þar af lagt fyrir 5 nemendum á yngri stigi og 4 nemendum á eldri stigi. Auk þess komu sálfræðingur, talmeinafræðingur og fleiri sérfræðingar að greiningum nemenda og bentu á úrræði.

**Lágmarksviðmið** í raddlestri voru ákveðin að hausti og yngstu nemendum gefið tækifæri til að fara rólega af stað við upphaf lestrarnámsins. Viðmiðin í 1 og 2. bekk voru því höfð mjög sanngjörn og áhersla lögð á að leggja góðan grunn að lestrarnáminu.

Hraðaviðmið í raddlestri:

1. bekkur 0 - 50 atkvæði lesin á mínútu
2. bekkur 50 - 95 atkvæði lesin á mínútu
3. bekkur 95 -150 atkvæði lesin á mínútu
4. bekkur 200 atkvæði lesin á mínútu
5. bekkur 230 atkvæði lesin á mínútu
6. bekkur 265 atkvæði lesin á mínútu.

Í eftirfarandi töflu má sjá fjölda nemenda sem náðu viðmiðum árgangs í lestri atkv/min skólaárið 2007-2008.

	1.b	2.b	3.b	4.b	5.b	6.b	7.b
<b>Viðmið um atkv./mín</b>	<b>50</b>	<b>50- 95</b>	<b>95- 150</b>	<b>150- 200</b>	<b>200</b>	<b>230</b>	<b>265</b>
Hlutfall nemenda í maí 2008 sem náðu lestrarviðmiðum	92%	97%	92%	95%	50%	72%	80%

Í nýjum skóla með nýjar áherslur er tenging sérkennslunnar við annað nám í stöðugri þróun. Sérkennslan þarf að geta verið sveigjanleg og aðlagð sig að breyttu þemaskipulagi skólans. Fastur rammi þarf þó að vera utan um kennsluna og góð eftirfylgni. Kostur við Sjáländsskóla er að kennslurými sérkennslunnar er staðsett á miðju kennslusvæði og því auðvelt fyrir sérkennarann að nálgast nemendum sem þurfa aðstoð. Markmiðið skólans er að hver nemandi fái tækifæri til að þjálf sig og þroska og taka þátt í fjölbreytilegu skólastarfi í nýjum og opnum Sjáländsskóla.

## **Starf þroskaþjálfara.**

Skólaárið 2007-2008 voru tveir þroskaþjálfarar í 100 % starfi í 4. og 7. bekk. Markmið með störfum þeirra var að bera ábyrgð á og skipuleggja allt nám nemanda með fötlun sem voru í 4. og 7. bekk. Þroskaþjálfarnir skipulögðu vinnustundir og útbjuggu námsefni við hæfi. Auk þess fylgdu þroskaþjálfarnir nemendum í kennslustundir í listum, smíði og upplýsingatækni og skipulagði það nám í samvinnu við viðkomandi kennara. Þroskaþjálfinn skipulagði námið samkvæmt Teetch kerfinu, útbjó stundatöflu og raðaði verkefnum samkvæmt kerfinu. Fjölbreyttar kennsluáðferðir voru notaðar og einnig var fjölbreyttni í umbun og hvatnigu til nemandans. Ýmist voru verkefni útbúin, ljósrituð eða notast við stærðfræðibækur úr Einingu, málfræðibækur Ás og Tvistur. Einnig var notast við sérkennsluefni í stærðfræði og íslensku. Nemendurnir tóku þátt í þeim sem lögð voru fyrir í 4. og 7. bekk. Þroskaþjálfarnir aðlöguðu námsefni og markmið með þarfir þeirra í huga. Nemendurnir voru að mestu í vinnustundum með bekkjarfélögum sínum en voru teknir út úr hópnum til að lesa og leggja inn einstök verkefni. Meginmarkmið náms voru lestur, skrift og stærðfræði, einnig var vellíðan nemandans, aukinn félagslegur þroski og samvera með skólafélögum meginmarkmið vetrarins. Þroskaþjálfinn gerði einstaklingsnámskrá fyrir nemandann, auk þess að gera markmið hvers mánaðar fyrir sig. Í febrúar voru markmið endurskoðuð og ný sett fyrir vorönn. Í lok skólaárs útbjó þroskaþjálfinn námsmatsblöð út frá markmiðum vetrarins og sjálfsmatsblöð og var námið í heild metið.

Auk þess að bera ábyrgð á námi nemanda með miklar sérþarfir sinnti þroskaþjálfarnir öðrum nemendum. Þroskaþjálfinn á eldra stigi var með hóp þriggja nemanda í ensku, aðstoðaði börn í 5.-6. bekk sem eiga í námserfiðleikum og sinnti nemanda sem átti í miklum félagslegum erfiðleikum. Þroskaþjálfari á yngra stigi aðstoðaði einnig hópa í stærðfræði. Þroskaþjálfarnir fóru í vettfangsferðir með 4. og 7. bekk þroskaþjálfinn á eldra stigi fór á Reyki ásamt 7. bekkjar árgangnum. Þroskaþjálfarnir hafa verið í töluverðum samskiptum við forráðamenn nemendanna í vetur.

Júní 2008

Elín Þorsteinsdóttir og Sigríður Gísladóttir

## **Starf meðferðarfulltrúa**

Hlutverk mitt var aðalega að fylgja og aðstoða einn nemenda í 7. bekk. Aðrir nemendur í hópnum fengu svo aðstoð mína eftir því sem tími og aðstæður leyfðu. Aðalmarkmið mitt var að aðstoða nemenda við að ná settum markmiðum. Aðstoða hann við að fylgja settum reglum um hegðun, umgengni og vinnubrögð. Að styrkja jákvæða hegðun nemandans.

Helstu leiðir sem notaðar voru:

Að ítreka og endurtaka fyrirmæli eða skrifleg fyrirmæli. Að umbuna jákvæða hegðun með punktakerfi eða öðru því sem hægt var að nota og hentaði hverju sinni. Að taka nemenda afsíðis ef þurfa þykir.

Það sem gafst vel:

- Punktakerfi þar sem hann fékk punkt eftir hverja kennslustund og umbun heima.

- Skriflega lýsingu á því sem hann átti að gera í tímanum , hann las það yfir og vissi hvað hann átti að gera s.s. í sundi og tölvum
- Að hann gat farið afsíðis ef hann þurfti þess með.

Júní 2008

Jóhanna Elísa Magnúsdóttir

## Ýmsar skýrslur

### **Skýrsla kennsluráðgjafa í tölvu – og upplýsingatækni**

Kennsluráðgjafi hefur umsjón með uppbyggingu og þróun tölvu- og upplýsingatækni við skólann. Það felur í sér ráðgjöf við kennara í tengslum við tölvu- og upplýsingatækni í kennslu og umsjón með heimasíðu. Vegna minni nemendafjölda í Sjálandsskóla tók kennsluráðgjafi einnig að sér kennslu (10 kennslustundir á viku) fram að páskaum. Hann hefur einnig umsjón með bókasafni skólans. Kennsluráðgjafi hefur því yfirumsjón með upplýsingamiðstöð skólans. Kennsluráðgjafi tók einnig fullan þátt í öllu skipulagi skólastarfsins, kennarafundum, vettvangsferðum, sérstökum þemadögum (jól, listadagar, smíðjur ofl.)

#### **Kennslan**

Nemendur í 1. - 4. bekk áttu fasta tíma á tölvupalli í hverri viku og sáu umsjónarkennarar um kennsluna. Nemendur í 5. - 7. bekk komu vikulega stærstan hluta vetrar í tölvustofu í kennslustund hjá kennsluráðgjafa í eina klukkustund í senn. Kennarar sendu einnig hópa á tölvupall sem fengu aðstoð eftir þörfum í tenglum við ýmis verkefni. Alþjóðaskólinn nýtti tölvurnar einnig mjög mikið í sinni kennslu. Nýting á tölvupalli jókst mikið í vetur og var hann þétt setinn flesta daga.

#### **Kennsluráðgjöf**

Kennsluráðgjafi fylgdist með þeim sem voru í gangi hjá hverjum hópi og var vakandi fyrir möguleikum tölvu- og upplýsingatækninnar þar inni. Þá voru fundnar til heimasíður með efni sem tengdist þemunum og gert aðgengilegt fyrir nemendur. Kennsluráðgjafi aðstoðaði nýja kennara að nýta sér fartölvurnar og kynnti þeim tölvukerfi skólans. Kennsluráðgjafi aðstoðaði síðan kennara eftir þörfum með minni tæknileg vandamál. Almenn er kennarahópurinn nokkuð sjálfstæður hvað varðar tölvunotkun en með fjölgun starfsmanna og fartölva verður óhjákvæmilega meiri vinna tengd þessu. Kennsluráðgjafi fylgdist með nýjungum, vefsíðum, námsefni sem nýttist í tölvuveri eða fyrir kennara í tengslum við kennslu þeirra á hverjum tíma.

Kennsluráðgjafi fundaði reglulega með hinum kennsluráðgjöfum grunnskólanna í Garðabæ.

#### **Tölvuver**

Tölvuver Sjálandsskóla telur 24 tölvur. Skipulag tölvustofunnar er sérstaklega skemmtilegt, það er uppröðun í 4 “eyjar”. Nemendur hafa nægt pláss við hverja tölvu ásamt því að fleiri nemendur geta setið saman við vinnu. Samskipti við tölvuvinnu eru því mjög hentug bæði ef setið er saman við eina tölvu og eins þar sem nemendur

geta setið andspænis hvor öðrum. Fjöldi tölva gerir okkur mögulegt að vera jafnvel með tvo hópa samtímis þegar ekki eru beinar innlagnir. Þrátt fyrir að kennsla sé í gangi geta litlir hópar auðveldlega komist að. Tómsundaheimilið nýtir einnig tölvupall.

4 tölvur voru inn á heimasvæði nemenda. Þær nýttust mjög vel þar. Huga þarf að fleirum tölvum á heimasvæðum sem í vetur voru tvö og jafnvel fartölvuvagni. Kennsluráðgjafi fylgist með því að tölvur í tölvustofu og jaðartæki í tölvustofu og á heimasvæðum séu í lagi. Hann er í samskiptum við tæknimann varðandi vandamál varðandi tölvur og hugbúnað. Huga þarf að uppsetningum og lagfæringum. Útvega jaðartæki, hugbúnað og annað sem vantar til að halda stofunni í horfinu og koma til móts við þá þætti sem verið er að vinna að með nemendahópnum hverju sinni.

Tæknimaður er ekki á staðnum heldur veitir símaþjónustu og kemur þegar á þarf að halda. Hann brást alltaf vel við en það gat tekið langan tíma að fá úrlausn mála. Mun meira þurfti að leita til tæknimanns nú í vetur en í fyrra. Þar kemur til bæði að fleiri nemendur eru á svæðinu og fleiri kennarar með fartölvur. Þá hefur mun meiri tími farið í það í vetur að finna út úr vandamálum er upp koma með tölvur kennara og nemenda.

Staðsetning tjalds fyrir skjávarpa er ekki heppileg þar sem birta er mjög mikil frá stórum glugga og endurkasti frá sjónum, það nýtist því ekki sem skyldi.

### **Vinnuaðstaða**

Kennsluráðgjafi var í byrjun hausts með vinnuaðstöðu á tölvupalli. Mikill notkun er orðin á tölvupalli og yngsti hópur í Alþjóðaskóla fékk aðstöðu á móti tölvupalli sem gerði það að verkum að þetta var ekki lengur heppileg vinnuaðstaða fyrir kennsluráðgjafa. Vinnuaðstað var því flutt í skrifstofu á 2. hæð við kaffistofu starfsmanna.

### **Myndasöfn**

Í skólanum hefur verið lögð mikil áhersla að taka myndir af starfinu. Myndirnar eru verðmætar heimildir um það starf sem börnin hafa tekið þátt í. Kennsluráðgjafi sá markvisst um að taka myndir af starfinu á hverjum tíma. Kennarar voru einnig mjög duglegir í því sambandi og hefur hver árgangur eða teymi myndavél til umráða. Kennarar sáu einnig flestir um að koma myndum inn á sameign. Þá hafa börnin fengið að velja sér myndir í tengslum við sögugerð og frásögn. Mjög mikilvægt er að hafa gott skipulag á myndasafninu og skoða þyrfti etv. einhver forrit sem aðstoða við það.

### **Heimasíða**

Kennsluráðgjafi sér um að halda úti heimasíðu skólans <http://www.sjalandsskoli.is> Ný heimasíða grunnskólanna fjögurra í Garðabæ ásamt heimasíðu Garðabæjar var opnuð 15. maí. Vefsíðan er unnin í vefumsjónarkerfinu Lisu. Mikil vinna hefur verið lögð í að hanna útlit og skipulag heimasíðunnar s.l. ár. Þetta hefur verið samstarfsverkefni okkar kennsluráðgjafanna og Eskils. Síðan lærðum við á kerfið og fluttum inn gögn. Markvisst hefur verið sett út mikið af lýsandi myndum af skólastarfinu og fréttum ásamt þeim praktísku upplýsingum sem þurfa að vera fyrir hendi á hverjum tíma. Við höfum einnig sett út sýnishorn af vinnu nemenda bæði í myndum og stafrænu formi. Vísir af því er kominn en það er tónlistarefni sem

tónmenntakennari vann með nemendum og hreyfimyndir og myndasýningar sem kennsluráðgjafi vann með nemendum.

Nýja vefumsjónarkerfið gerir okkur kleyft að bjóða fleiri aðilum innan skólans að setja inn efni á vefinn. Þannig geta stjórnendur, ritari, tómsundaheimili og foreldrafélag fengið aðgang að kerfinu og komið efni inn.

### **Bókasafn**

Starfsmaður var ráðinn á bóksafnið í hlutastarf. Hún sér um daglega umsjón á safninu, útlán, skil og að tengja nýjar bækur, plasta. Bókasafnið hefur verið opið fyrir útlán frá 8:30-13 en er annars alltaf opið.

Nemendur hafa lært á útlánakerfi skólasafnsins og sjá nemendur sjálfir um útlán og skil. Kennsluráðgjafi stýrði vinnunni á bókasafninu og hafði hönd í bagga með umsjón og faglega aðstoð. Bókasafnið hefur stækkað mikið og nú er brýnt að fá skólasafnskennara til að það nýtist sem best. Margir nemendur og kennarar færðu skólanum bækur að gjöf og eru þeim færðar bestu þakkir fyrir það.

Kennsluráðgjafi sá um öll innkaup í samráði við starfsmann á safni ásamt því að panta allar námsbækur frá Námsgagnastofnun.

### **Kennslufyrirkomulag**

Kennslan í tölvustofu og notkun nemenda á tölvum og kennsluefni þar miðast að öllu leyti við það að verið sé að kenna þeim að nýta sér tölvurnar í tengslum við annað nám þeirra. Þá var rík áhersla lögð á að nemendur væru að vinna með opin forrit sem gerðu þeim kleift að fara ólíkar leiðir, unnið væri með efni sem tengdist þeirra eigin raunveruleika eða nýttist beint við úrvinnslu þeirra eigin gagna. Kennsluáætlanir kennsluráðgjafa í tölvu- og upplýsingatækni í Garðabæ voru hafðar til hliðsjónar. Ég reyndi að vera vakandi fyrir því hvað umsjónarkennarar voru að vinna að í ýmsum greinum/þemum og finna tengsl við tölvu- og upplýsingatæknina þar sem við átti. Samvinna var við umsjónarkennara um afmörkuð verkefni. Öll vinnan miðaðist að sjálfsögðu við markmið námskrár í tölvu- og upplýsingatækni.

#### **1. – 2. bekkur**

Umsjónarkennarar 1. – 2. bekkjar sáu um tölvukennsluna. Þau komu að jafnaði 1 klukkustund í viku eftir áramót. Kennsluráðgjafi aðstoðaði við undirbúning tímanna og var til aðstoðar ef á þurfti að halda. Nemendur lærðu að nýta sér teikniforritið Kidpix, talsettu myndir og bjuggu til sameiginlega sýningu. Þau unnu í sögugerð í forritinu 2 Create a story og nýttu ýmis kennsluforrit í lestri og stærðfræði þar sem við átti. Innipúkinn í umferðinni. Aðaláherslan var á vinnu með ritvinnsluna Word og sögugerð, teikniforritið Kidpix, frásagnir í því og myndasýningar sem unnar voru í samvinnu.

#### **3. - 4. bekkur**

Umsjónarkennarar 3.- 4. bekkjar sáu um tölvukennsluna. Nemendur komu að jafnaði 1 klukkustund í viku fast. Þau voru dugleg að nýta sér tölvurnar í tengslum við þemaverkefni. Þannig var Kidpix notað í myndvinnslu og sögugerð í tengslum við haustið og húsdýrapema. Publisher í tengslum við bæklingagerð, boðskort og plakat í íslenskupemanum um Línu langsokk. Myndir úr útikennslu við sögugerð í Word. Powerpoint til kynningar á efni í Íslandspema ásamt Kortavefsjá og Google Earth.



Húsdýravefurinn var notaður markvisst í húsdýrabemanu í gegnum leik sem kennarar útbjuggu sem finna má í kennsluáætlunum. Tölvufærni jókst í gegnum öll þessi verkefni. Leggja þarf meiri áherslu á fingrasetningu og Ritfinn í þessum hópi næsta vetur.

### **5. - 6. bekkur**

Nemendur í 5. – 6. bekk komu fast eina klukkustund í viku fram að páskum. Þau lærðu að nota vefpóstinn, tóku nokkra tíma í Word og svo að nýta sér Google Earth í tengslum við vinnu með Norðurlöndin og sínar eigin ferðir s.l. sumar. Þau nýttu markvisst nokkra vefi í íslensku. Photostory var notað í myndasöguggerð um útikennsluna. Nemendur lærðu að nýta sér teikniforritið PaintNet. Fyrir listadaga vann einn hópur myndverk. Þau tóku mynd úti hrauni og unnu með hana í Paintnet, myndin átti að tengjast þemanu um Kjarval. Orkuleikurinn og vefurinn um Leif heppna voru notaðir markvisst í tengslum við þemu. Þjálfun í vélritun í Ritfinn var einnig á dagskrá.

### **7. bekkur**

Nemendur voru fast 1 klukkustund á viku hálfan veturinn auk fleiri tíma í stærri verkefnum. Nemendur unnu sína eigin vefsíðu. Þá var samvinnuverkefni í tengslum við þjóðsögubema og unnu þau stuttmynd í Moviemaker í samvinnu við listgreinakennara og tónsmíðar í tengslum við tónmenntakennara. Einnig nýttu nemendur sér kennsluefni á neti þar sem við átti. Þjálfun í vélritun í Ritfinn var einnig á dagskrá.

### **Námsmat**

Ég lagði fyrir nemendur sjálfsmat eftir ákveðnar lotur. Þar var bæði verið að meta færnimarkmið og vinnusemi. Ég lagði einnig mat á ákveðin verkefni nemenda út frá námsmatsblöðum sem við erum að þróa hér við skólann. Við munum halda áfram að þróa námsmatið.

Það hefur verið mjög áhugavert að halda áfram að þróa starf kennsluráðgjafa í tölvu- og upplýsingatækni við Sjálandsskóla í vetur. Margt hefur komist til framkvæmda og mörg spennandi verkefni eru framundan. Kennsluáætlanir eru og verða stöðugt í þróun og endurskoðun með hliðsjón af starfinu á hverjum tíma. Kennsluráðgjafi sinni töluverðri kennslu í ár eins og fyrri ár. Því tímabili lauk um páska er umfang vinnu við nýja heimasíðu skólans var orðin mikil ásamt öðrum verkefnum. Kennsluráðgjafi verður því hér eftir ekki með fasta kennslu en er reiðubúinn að koma að kennslu í samstarfi við kennara þegar hentar og hef ég trú á að það geti orðið til hagsbóta fyrir alla aðila

Unglingastig verður í fyrsta sinn í Sjálandsskóla næsta vetur og nemendafjöldi verður meiri. Miðað við nemendafjölda í Sjálandsskóla og Alþjóðaskóla verða 8 nemendur á hverja tölvu. Aðgengi hefur verið nokkuð gott en er farið að þrengja aðeins að núna. Mikilvægt að skoða möguleika á fleiri tölvum inná heimasvæði eða fartölvuvagn.

Mikill tími hefur farið í úrlausn ýmissa tæknilegra vandamála í samstarfi við tæknimann. Það er brýnt með stækkandi skóla að aðgengi að tæknimanni verði jafnara og meira. Eftirlit með tölvubúnaði og umgengni við hann tekur einnig drjúgan

tíma. Kennsluráðgjafi hefur farið yfir reglur um umgegni í tölvustofu með hópum og er miklægt að gera það reglulega.

Nýja heimasíðan hefur tekið drjúgan tíma kennsluráðgjafa í vetur og hefur verið áhugavert að vinna að þróun hennar. Enn á eftir að koma ýmsu efni inná hana sem er enn í þróun hjá okkur. En þægilegt viðmót heimasíðunnar á örugglega eftir að auka möguleika fólks til að nálgast upplýsingar um skólastarfið og gera starfsfólki auðveldara að koma efni frá sér.

Kennsluráðgjafi hefur einnig verið að kynna sér könnunarkerfi á netinu. Sett var upp könnun á þörf á endurmenntun í tölvu- og upplýsingatækni fyrir kennara og aðra starfsmenn. Í haust verður farið af stað með námskeið sem byggjast á þeirri þörf sem kannanirnar sýna. Þetta verður samvinnuverkefni grunnskólanna í Garðabæ og mun setja svip sinn á skólastarfið næsta vetur. Námskeiðin eiga að tryggja enn betri nýtingu á tölvu- og upplýsingatækni í öllu skólastarfi þar sem við á.

Kristín Steinarsdóttir júní 2008

## **Skýrsla dönskukennara**

Kennari Margrét Perla Kolka Leifsdóttir

31 nemandi í 7. bekk og 1 nemandi í 6. bekk fengu dönskukennslu á skólaárinu. Nemendurnir skiptust í tvo hópa, 14 nemendur í öðrum og 18 í hinum. Hvor hópur fyrir sig fékk 60 mínútna kennslu á viku. Samtals 66 klukkustundir eða 33 klukkustundir hvor hópur.

### **Markmið**

Markmiðum dönskukennslunnar má skipta í 6 flokka: Hlustun, lestur og bókmenntir, talað mál, ritun, málfræði og þekking á danskri menningu og þjóðfélagsháttum. Markmiðin eru byggð á námsskrá Sjálandsskóla og aðalnámsskrá grunnskólanna.

### **Hlustun**

Hér var lagt upp með að nemandi hafi hlustað á fjölbreytt talað mál. Að nemandinn skilji heiti og einstök orð úr efnisflokkum sem unnið hefur verið með. Nemandinn skilji einfalt mál um efni sem tengist daglegu lífi, skilji einfaldar leiðbeiningar og upplýsingar hjá kennara og skilji aðalatriði í samtölum.

### **Lestur**

Nemendur hafa fengið texta, af ýmsum gerðum, til lestrar. Unnið er að því að nemendur geti lesið og skilið stuttan texta með algengum orðum, geti áttað sig á megininnihaldi í lengri texta á léttu máli. Mikilvægt er að nemandi hafi orðaforða um sjálfan sig, umhverfi sitt og reynsluheim. Hafi hraðlesið eina stutta léttlestrarbók/og eða eina léttu smásögu og notað byjendaorðabækur og myndaorðabækur. Einnig er gott að nemandinn hafi skoðað danskar heimasíður og gert gagnvirk verkefni á netinu.

### **Talað mál**

Nemendur hafa lesið, leikið og sungið danska texta af ýmsum gerðum. Unnið er að því að nemendur geti sagt frá tilteknu efni með aðstoð mynda eða minnispunkta. Sé

fær um að segja frá efni sem nemandinn þekkir. Geti líkt eftir framburði. Geti myndað einfaldar setningar og svarað einföldum spurningum. Geti heilsað og kvatt og þakkað fyrir sig. Geti notað grunnorðaforða á eigin forsendum í nýju samhengi. Þekki réttan framburð á dönsku stafrófi og geti borið fram tölur frá 0-100.

### **Ritun**

Nemendur hafa skrifað stuttan texta. Unnið er að því að nemendur geti skrifað stuttar aðalsetningar þannig að röng stafsetning valdi ekki misskilningi. Að þeir hafi notað byrjendaorðabækur og/eða myndaorðabækur og geti nýtt sér orðaforða sinn til að búa til samhangandi texta.

### **Málfræði**

Nemendum voru kynntar undirstöðureglur í danskri málfræði. Unnið var að því að nemendur þekki reglur um kyn – hvorugkyn og samkyn, reglur um ákveðinn og óákveðinn greini nafnorða og reglur um eintölu og fleiritölu nafnorða. Einnig var áhersla lögð á að kynna nemendum málfræðireglur um lýsingarorð og að nemendur geti aðlagð lýsingarorð að þeim nafnorðum sem að þau tilheyra og geti stígbreytt algengum lýsingarorðum. Áhersla var lögð á að nemendur þekki persónufornöfn, eignarfornöfn og spurnarfornöfn og þekki nafnhátt og nútíð algengra sagnorða.

### **Þekking á danskri menningu og siðum**

Nemendur hafa fengið að kynnast danskri menningu og dönskum þjóðfélagsháttum. Unnið var að því að nemendur hafi kynnt sér ýmsa danska siði sem eru ólíkir þeim íslensku og hafi hlustað á danska tónlist, horft á danskar bíómyndir og lesið danska bókmenntatexta. Einnig var lögð áhersla á að nemendur hafi kynnt sér þekktu danska einstaklinga og staði í Danmörku og séu færir um að segja frá grunnupplýsingum um danska þjóð, tungu og land.

### **Skipulag kennslunnar**

Vinna á haustönn miðaðist við að auka orðaforða með hlustun, lestri og ritun. Vekja áhuga á og kynna danska menningu og siði. Á vorönn bættist við málfræðikennsla og lestur smásögu auk áframhaldandi vinnu við fyrrnefnd markmið.

### **Kennsluhættir**

Leitast var við að hafa kennsluhætti sem fjölbreyttasta. Verkefni voru unnin í pörum, sem einstaklingsverkefni og í hópavinnu. Unnið var með heimildir úr bókum, af netinu, að heiman og munnlegar heimildir. Verkefni voru skrifleg, myndræn, leikin og sungin. Mikil áhersla var lögð á jákvætt viðhorf gagnvart náminu og tungumálinu og að styrkja nemandann í trú á eigin getu í faginu. Heimanám var að mestu leiti valfrjálst. Þó var ætlast til að nemendur kláruðu verkefni sem að þeir náðu ekki að vinna í tímum heima. Á vorönn bættust við skilaverkefni svo sem lestur smásögu og verkefni úr henni. Einnig málfræðilegt ýtarefni sem að nemendur máttu vinna í eftir getu og vilja. Nemendur áttu að vinna skriflegt próf utan skólatíma og undirbúa sig fyrir getukönnun og munnlegt próf.

### **Hlustun**

Mikil áhersla var lögð á réttan, danskan framburð. Nemendur hlustuðu á framburð kennara og annarra nemenda auk þess sem að þeir hlustuðu á danskt tal í þeim bíómyndum sem sýndar voru yfir veturinn. Einnig var notast við hlustunarefni námsbókanna.

### Lestur

Unnið var í námsbókum auk annarra verkefna svo sem með söngvatexta. Nemendur skoðuðu danskar heimasíður við leit að efni fyrir plakatagerð og lásu danska smásögu. Danskar bíómyndir sem sýndar voru yfir veturinn voru textaðar á dönsku.

### Talað mál

Þegar ný orð voru kynnt til sögunar æfðu nemendur sig einir eða í hóp eftir fyrirmælum kennara. Þeir hlustuðu á aðra nemendur lesa og leika ásamt því að þeir hlustuðu og horfðu á sungið og leikið danskt efni. Einnig var notast við hlustunaræfingar sem fylgja námsbókunum. Áhersla var lögð á að kenna réttan, danskan framburð.

### Ritun

Unnið var í námsbókum auk annarra verkefna sem unnin voru svo sem plaköt og skrappbók.

### Málfræði

Grunnreglur danskrar málfræði voru kynntar og ýmsar málfræðiæfingar unnar í kjölfarið.

### Þekking á danskri menningu og siðum

Nemendur hlustuðu á frásagnir kennara og annarra af Danmörku og Dönum. Þeir hlustuðu og sungu danska söngva, horfðu á danskar bíómyndir sem sýndu danska jafnaldra ásamt því að gefa mynd af danskri menningu og dönskum siðum. Nemendur unnu plaktöt þar sem þeir kynntu Danmörk, þekktu Dani, danska tungu, þjóðfánann, dönsku myntina, danskt stjórnarfar og þekktu staði í Danmörku. Áhersla var lögð á að kynna landið á jákvæðan hátt fyrir nemendur til hvatningar fyrir áframhaldandi dönskunámi og áhuga og jákvæðu viðhorfi gagnvart tungumálinu.

## **Kennsluefni**

Kennslubækur: Klar parat A og B bækur (Lesbók og vinnubók) og hlustunarefni.

Ýtarefni: Málfræðiæfingar af Skólavefnum eftir Jónu Hansen og Grammatik 1&2 eftir Kristínu Jóhannesdóttur, Arnbjörgu Eiðsdóttur og Lindu Hrönn Sigurðardóttur

Bókmenntatextar: Smásögur eftir Janne Hejgaard.

Menningartengt efni: Danskar bíómyndir – *Min søsters børn, Min søsters børn i sneen, Min søsters børn i Egypten*. Einnig voru danskir söngvar sungnir.

Annað: Leikir, spunaæfingar, æfð samtöl/leikrit.

## **Verkefni**

Helstu verkefni á haustönn voru gerð persónulegrar orðabókar (glósubókar) og persónulegrar skrappbókar (minningabókar) með myndum og texta á dönsku sem hver nemandi gerði fyrir sjálfan sig. Þema voru a) ég sjálf/ur, b) heimilið mitt, c) fjölskyldan mín, d) vinir mínir, e) áhugamálin mín, f) átrúnaðargoð og uppáhalds tónlistarfólk/leikarar. Þar að auki var unnið í námsbókunum og ýmsum öðrum smáverkefnum.

Helstu verkefni vorannar voru hópverkefni - plakatagerð um Dani og Danmörku (land og þjóð, frægt fólk, skemmtilegir staðir), skrifleg og munnleg verkefni með tölur, dagsetningar, ártöl og töluorð, málfræðihefti (nafnorð, persónu- og spurnarfornöfn, lýsingarorð, sagnorð), lesa smásögu og skila verkefni úr henni, undirbúa skriflegt og munnlegt próf.

## **Heimavinna**

Almennt var lítið af skylduheimanámi. Nemendur voru hvattir til að vinna áfram í námsbókunum heima eftir áhuga og getu. Einnig var gerð krafa á að þau verkefni

sem nemendurnir náðu ekki að klára í tímum yrðu kláruð utan kennslustunda. Heimanámskröfur jukust þó sem leið á skólaárið og náðu hámarki í lok vorannar með skil á smásöguverkefni og lokaprófum. Nemendur voru einnig hvattir til að vinna aukalega í ýtarefninu og hlusta og horfa á danskt efni í frítíma sínum.

### **Námsmat**

Getukönnun var lögð fyrir nemendur í lok vorannar þar sem kannað var kunnátta og geta nemenda í málfræði, orðaforða og stafsetning. Nemendur skiluðu skriflegu lokaprófi (rammi frá kennara, efnistöð þekkt frá vinnu vetrarins, undirbúið heima) í lok vorannar. Þeir lásu einnig upp texta að eigin vali (rammi frá kennara, undirbúið heima) fyrir kennara og samnemendur sem munnlegt lokapróf. Við mat á skriflegu prófi var horft til lengdar textans, réttar málfræði og stafsetningar, orðaforða, frumleika og skemmtanagildis. Við mat á munnlegu prófi var réttur framburður eða tilraun til bera orðin fram með dönskum framburði metinn, sem og réttur framburður á tölum. Viðleitni og vandvirkni var einnig metin til stiga.

Námsmat á haustönn var þrískipt: 1) Mat á einstaka námsþáttum (orðaforði, framburður, stafsetning og tölustafir), 2) Umsögn um skrappbókarverkefni, 3) Umsögn (þátttaka í tímum og verkefnum, styrkleikar og veikleikar í dönskunáminu). Námsmat á vorönn var þrískipt. 1) Mat á einstaka námsþáttum (orðaforði, framburður, stafsetning, málfræði – nafnorð, lýsingarorð, sagnorð), 2) Umsögn (þátttaka í tímum og verkefnum, styrkleikar og veikleikar í dönskunáminu), 3) Einkunnir: Smásöguverkefni (vægi 10%), Skriflegt próf (vægi 30%), munnlegt próf (vægi 30%), vetrareinkunn (30% - byggð á verkefnavinnu og þátttöku í tímum).

### **Til umhugsunar**

#### **Áskorun í starfi**

Í litlum skóla þar sem einungis er einn fagkennari í dönsku er mikilvægt að hafa aðgang að ráðgjöf og stuðningi. Gott er að rammi og stefna séu í takt við annað starf í skólanum. Eftirtaldir spurningar hafa ítrekað komið upp í mótun starfsins undanfarin tvö ár og munu sjálfsgert gera það áfram: Hvernig getur dönskukennslan fallið inn í ramma einstaklingsmiðaðs náms? Hvernig er stuðningi við nemendur sem eiga við námsörðuleika háttáð og hver ber ábyrgð á þeim stuðningi? Er gert ráð fyrir aukatímum fyrir þá nemendur sem á því þurfa að halda? Hvernig ber að taka tillit til hegðunar- og námsörðuleika og annarra getuskerðinga í kennslu og námsmati?

#### **Betrumbætur**

Gott væri með stækkun skólans að efla samstarf tungumálakennara og einnig samstarf milli annarra kennara skólans. Miklir möguleikar eru í tengslum við þemaverkefni sem hægt væri að tengja við tungumálakennsluna sem og samstarf við danska jafnaldra eða bekkir í dönskum skólum.

Skólinn hefur fest kaup á bók Halfdan Rasmussens – ABC með geisladiski. Þetta efni gefur möguleika á að vinna með hlustun, orðaforða og skilning á mjög skemmtilegan hátt. Námsefnið kom of seint til að hægt væri að nýta það á þessu skólaári. Einnig finnast mikið af gagnvirku efni á vefnum sem ekki voru kynnt fyrir nemendum á þessu skólaári en voru notuð í dönskukennslu 7. bekkjar skólaárið 2006-2007.

Plakataverkefninu voru gefnir tveir tímar (ætlast var til að nemendur ynnu utan kennslutíma ef þurfti). Talsvert mikið var um að nemendur væru veikir eða í fríi og þess vegna margir sem ekki náðu að klára. Einnig áttu sumir nemendur erfitt með að skilja danska texta á heimasíðum.

Heimasíða skólans hefur ekki verið nýtt í dönskukennslunni hingað til en með auknu aðgengi kennara að heimasíðunni má segja að opnast hafi ýmsir möguleikar. Til dæmis mætti setja upplýsingar svo sem um kennsluáætlun, skil á verkefnum og próf. Verkefni gætu verið tiltæk og þeir nemendur sem misst hafa úr tíma eða tapað verkefnum sínum nálgast þau þar. Eins væri gaman að hafa tengla á áhugaverðar síður og gagnvirk verkefni. Þá væri hægt að hafa ítarefni fyrir áhugasama og/eða getumikla nemendur.

### **Vel heppnuð verkefni**

Tilraun með að æfa samtöl/leikrit heppnuðust vel og ánægja með verkefnið meðal nemenda. Gaman hefði verið að þróa þetta og nota fleiri tíma í svona verkefni. Þetta krefst þó talsverðs aga og góðs ramma. Bjöllukeppni (milli kynjana) í skilningi talna, töluorð, dagsetninga og ártala var einstaklega vel heppnuð. Skólinn á bjöllu fyrir svona verkefni. Skrappbókarverkefnið var skemmtileg leið til að vinna með orðaforða og mikil ánægja meðal flestra nemenda með verkefnið. Mikilvægt er þó að tryggja það að nemendur glósi vel.

## **Skýrsla tómstundaheimilisins**

### **1. Starfsmannamál**

Mikil fjöldi starfsmanna hefur starfað við tómstundaheimilið í vetur. Stöðugildi eru 2-4 starfsmenn á hverjum tíma allt eftir nemendafjölda á hverjum tíma. 12 starfsmenn hafa unnið í tómstundaheimilinu í vetur og verður þeim gerð skil hér að neðan.



Hér, eins og á mörgum tómstundaheimilum á höfuðborgarsvæðinu, var erfitt að manna stöður leiðbeinanda. Orsakir þessa má líklegast skýra með lágum launum og litlu sem engu atvinnuleysi á Íslandi. Þetta hefur haft áhrif á starfseminu að hluta til. Ýmislegt má þó gera til að bæta og efla starf leiðbeinandans og mikilvægt að gera það eftirsóknarvert fyrir gott starfsfólk. Nánar verður fjallað um það hér að neðan.

Starfsmenn á tímabilinu og helstu verksvið þeirra

Starfi umsjónarmanns gengdi skýrsluhöfundur, Margrét Perla Kolka Leifsdóttir. Fastir starfsmenn voru Kristján Páll Kolka Leifsson og Vladimir Tóth í hlutastarfi allan veturinn, Anna Sleszynska (fyrir áramót) og Andri Freyr Björnsson (eftir áramót) sem sáu um almenna gæslu úti og inni og umsjón með ýmsum verkefnum.

Aðrir starfsmenn sem komu að starfinu í afleysingum og/eða sérstökum verkefnum voru Þórunn Jónsdóttir, Jóhanna Jóhannesdóttir, Evelinda Dealca Gomez, Hekla

Kolka Hlööversdóttir, Sigríður Helgadóttir, Alma Rún Hannesdóttir og Björg Óskarsdóttir.

#### Bakgrunnur starfsmanna

Undirrituð er músíkþerapisti að mennt og þetta er annar veturinn í starfinu í skólanum. Kristján P. K. Leifsson er nemi á 2. ári í félagsfræði í HÍ og hefur unnið í tómtundaheimilinu síðan í nóvember 2006. Vladimir Tóth er frá Slóvakíu og kom til Íslands í ágúst 2007 og hóf störf hjá skólanum á sama tíma. Vladimir er á lokaári í lögfræði í háskóla í heimalandi sínu. Anna Sleszynska er menntuð sem viðskiptafræðingur og í kennslufræði. Hún er frá Póllandi og flutti til Íslands í ágúst. Andri F. Björnsson lauk stúdentsprófi frá Fjölbrautarskólanum í Garðabæ í desember 2007 og hóf störf hjá Sjáländsskóla í janúar 2008. Hann vann einnig sem stuðningsfulltrúi á skólatíma.



Þórunn Jónsdóttir er annars árs nemi í KHÍ og hefur unnið í tómtundaheimili Sjáländsskóla og í skólanum sjálfum síðan 2005. Jóhanna Jóhannesdóttir er nemi í HÍ í uppeldis- og menntunarfræðum og kom til okkar í starfsnám sem var hluti af námskeiðinu *starfskynning í uppeldis- og félagsstarfi*. Hún vann bæði í skólanum og var með leikjanámskeið í tómtundaheimilinu á vorönn. Hún hélt svo áfram í afleysingum í tómtundaheimilinu að starfsnáminu loknu. Evelinda D. Gomez starfar sem skólaliði hjá skólanum og hefur leyst af í veikindum og leyfum starfsmanna. Hekla K. Hlööversdóttir, Sigríður Helgadóttir og Alma Rún Hannesdóttir sinntu afleysingum og stuðningi í tómtundaheimilinu á álagstímum. Þær eru fæddar 1993 og 1991 og eru námsmenn. Björg Óskarsdóttir, nemi í tómtundafræðum í KHÍ, vann verkefni, sem hluta af námi sínu, í samvinnu við tómtundaheimilið.

#### Starfslýsingar

Starfsvið umsjónarmanns er fjölbreytt. Dagleg störf fela í sér skráning nemenda inn og út úr tómtundaheimilinu, eftirlit með starfinu auk almennrar gæslu. Einnig sér umsjónarmaður um (eða leiðbeinir öðrum starfsmönnum) að taka á agamálum eða öðrum aðkallandi málum sem snúa að velferð nemenda. Önnur verkefni eru skipulagning starfsins, samskipti við foreldra, innkaup, þjálfun leiðbeinenda, tímaskráning og samskipti við innheimtudeild Garðabæjar, samstarf við aðra starfsmenn skólans og aðila utan skólans.



Starf leiðbeinanda felur í sér umsjón með nemendum frá því skóla lýkur og þar til þeir fara heim. Álagstími er fyrst eftir að skóla lýkur þegar nemendafjöldinn er sem mestur. Eftir að nemendur hafa safnast saman og komuskráningu er lokið fara nemendur hópaskipt að borða. Að því loknu velja nemendur sér svæði eða verkefni og dreifast starfsmenn á þau svæði til eftirlits og aðstoðar. Eftir því sem nemendum fækkar minnkar starfsmannapörfin. Einn starfsmaður ber ábyrgð á að loka tómtundaheimilinu. Það felur í sér að tryggja að allir nemendur séu örugglega farnir

heim, frágangur á svæðum sé í lagi, ljós séu slökkt og nemendainngangur sé læstur. Starfsmannafjöldi má, af öryggisástæðum, ekki vera færri en tveir starfsmenn á hverjum tíma.

Á ferðalagi með nemendur skulu starfsmenn ekki vera færri en tveir nema nálægðin við skólann sé mjög mikil. Upplýsingar um öryggisferla má finna í gögnum skólans.

### Tillögur að úrbótum



Starfsemi tómsundaheimilanna hefur verið í stöðugri þróun undanfarin ár og auknar kröfur hafa verið gerðar um faglegt og metnaðarfullt starf. Í Garðabæ hafa opnunartímar þar að auki breyst til að koma betur á mótis við þarfir foreldra og er nú boðið upp á starfsemi á skólafrídögum. Laun leiðbeinenda endurspeglar engan veginn þær kröfur sem gerðar eru til starfsmanna og þess vegna hefur reynt erfitt að manna þessi störf.

Mikilvægt er að skilgreina vel starf leiðbeinenda og útbúa starfslýsingar og starfsmannahandbók. Þar að auki er mikilvægt að bjóða upp á markvissa og reglulega símenntun sérstaklega sniðinn fyrir þennan starfsmannahóp. Þar væri kynnt skipulag og markmið frítímastarfs með börnum þar sem farið verður m.a. í samskipti við börn, agi og uppeldi, skapandi starf (s.s. myndlist, leiklist, leikir), börn með sérþarfir, öryggisferlar og skyndihjálpar. Fyrir erlenda starfsmenn þarf að bjóða upp á íslenskunám og gott væri ef að sveitafélög höfuðborgarsvæðisins tækju sig saman og byðu upp á fræðslu fyrir erlenda starfsmenn. Þar væri hægt að fara yfir kröfur í starfi og jákvæðum samskiptum við börn og kynna íslenskt skólasamfélag og menningu til að minnka líkurnar á menningarlegum árekstrum.



Með því að meta símenntun starfsmanna til launahækkunar er hægt að bæta kjör áhugasamra og metnaðarfullra starfsmanna og halda lengur hæfum starfsmönnum. Það myndi einnig virka hvetjandi á starfsmenn til að bæta sig í starfi og auka þekkingu sína.

(Þessi atriði og önnur má sjá í skjali sem nálgast má hjá skýrsluhöfundum: *Hugmyndir að bættri stefnumótun og fagþróun í málefnum tómsundaheimila Garðabæjar eftir Kolbrúnu Þ. Pálsdóttur og Margréti Perlu Kolka Leifsdóttur*).

Í dag reiknast sami barnafjöldi á umsjónarmann og aðra leiðbeinandur eða 12 börn. Þetta er að mörgu leiti óhentugt þar sem að starf umsjónarmannsins felur í sér ýmis önnur verkefni sem að bitna á eftirlitshlutverkinu. Þar á meðal má nefna að grennslast fyrir um nemendur sem ekki skila sér í tómsundaheimilið, sinna ýmsum uppákomum sem oft koma upp á í erli dagsins, sinna sérverkefnum með börn með sérþarfir og hópa sem að þarf að vinna sérstaklega með. Það myndi einnig léttu verulega á álagi við afleysingar ef að umsjónarmaður gæti sinnt því hlutverki.



Eftir því sem fjölgar í tómsundaheimilinu eykst umfang starfs þess starfsmanns eða þeirra starfsmanna sem sjá um eftirmiðdagssnarið. Frá því að þessi þjónusta var tekin upp sem tilraunaverkefni, haustið 2006, hefur fyrirkomulagið verið í stöðugri þróun. Reynslan hefur sýnt að ekki nægir að hafa hvaða starfsmann sem er í þessu hlutverki. Heilbrigðisástæður krefjast kunnáttu og reynslu ásamt því að ferli og leiðbeiningar þurfa að vera í lagi. Einn möguleiki væri ef ráðinn væri starfsmaður (matráður) sem að væri bæði í eldhúsi skólans og tómsundaheimilisins. Einnig væri spennandi ef ráðinn væri starfsmaður sem hefði reynslu af eldamennsku og bakstri sem gæti einnig verið með fasta tíma í bakstri með börnunum.

Mikilvægt er að tómsundaheimilið marki sér leiðarljós og markmið í starfi sínu og framkomu við börn og foreldra. Ekki síður mikilvægt er að þessi viðmið séu öllum starfsmönnum ljós og þeir séu studdir í starfi og þjálfaðir til að geta framfylgt þeim. Starfsmannahandbók væri góð leið til þess en annað mikilvægt skref er símenntun starfsmannanna.

## 2. Starfsemin í vetur



### Sælukotsbúar

55 nemendur hafa verið skráðir í tómsundaheimilið í vetur. Hámarksfjöldi nemenda skráðir í sama mánuði voru 50 og 45 börn sama dag. Nemendur voru í 1. – 4. bekk og talsvert var einnig um að eldri nemendur kæmu og hjálpuðu til eða væru í skólanum á sama tíma. Aldursdreifingin var talsvert sérstök enda eru árgangar misstórir í Sjálandsskóla - 11 nemendur úr 1. bekk, 25 úr 2. bekk, 4 úr 3. bekk

og 10 nemendur úr 4. bekk.

Nemendum var hópaskift í komuskráningu og á matarborðum. 1. bekkur valdi sér nafnið “Mörgæsaklúbburinn”, 2. bekkur “Ljónahópurinn” og 3. og 4. bekkur var í sama hóp og völdu þau sér nafnið “Meistararnir”. Reynt var að tengja starfsmenn við ákveðna hópa til að auðvelda tengslamyndun þótt starfsmenn væru á öðrum tímum að sjá um svæði með blönduðum barnahópum.



### Starfstími

Tómsundaheimilið hóf starfsemi sína þennan skólavetur fyrsta skóladag (23. ágúst) og síðasti starfsdagur var 3. júní. Tómsundaheimilið var opið frá skólalokum 14:05 til 17:15. Talsvert færri voru skráðir milli 17:00 og 17:15 en síðasta skólaár. Ástæðan er líklega sú að skólinn byrjar fyrr á morgnanna. Boðið var upp á dvöl í tómsundaheimilinu í skólafríum. Ekkert barn var skráð í jóla- og páskafríum en 5 voru skráð í vetrarfríinu og 6 á skipulagsdegi.

### Viðfangsefni vetrarins

Frjáls leikur: Áhersla hefur verið lögð á frjálsan leik og val á verkefnum og stöðvum í vetur. Nemendur velja sér svæði og merkja sig á svæði með þar til gerðum

nafnspjöldum. Langflestir nemendur hafa sóst eftir þessu frelsi eftir skipulögð verkefni í skólanum fyrir um daginn.

Verkefni: Ýmis verkefni voru í boði fyrir þá nemendur sem áhuga höfðu. Þar má nefna árstíðatengd verkefni (haust, hrekkjavaka, jól, páskar) og önnur tengd föndri eða hreyfingu. Nemar úr KHÍ og HÍ tengdust tveimur af þessum verkefnum. Einnig var farið í gönguferðir, fjöruferðir, kveikt í báli, bakað og farið í leiki á lóð skólans.

Námskeið: Námskeið hafa verið í boði fyrir nemendur Sjálundsskóla á vegum annarra skóla, Stjórnunnar, einkaaðila, Alþjóðaskólans og kennara Sjálundsskóla.

Þar má nefna Legónámskeið, spænskunámskeið, ABC music and me (tónlistar og enskunámskeið), sundnámskeið, afródans, og stærðfræðinámskeið.

Foreldrahátíðir: Foreldrum var tvisvar formlega boðið í heimsókn í tómsundaheimilið. Fyrir áramót var haldin hrekkjavökuhátíð þar sem að nemendur útbjuggu hrekkjavökumat og stöðvar og buðu aðstandendum sínum að koma og skemmta sér með þeim. Á vorönn var þeim aftur á móti boðið á vorhátíð sem haldin var úti. Þar voru nokkur af útikennslutækjum skólans notuð til að búa til kræsingar og leikir og íþróttatæki til skemmtunar. Mikil ánægja var meðal foreldra með að hátíð haustannarinnar skyldi ekki vera í desember þar sem svo mikið annað er í boði hjá skólum og öðrum vinnustöðum.

Tillögur að úrbótum

Efla mætti samstarf tómsundaheimilanna í Garðabæ að mörgu leiti og þá ekki síst með tilliti til sérhæfðs starfsfólks. Skemmtilegt gæti verið að ráða inn listamenn af ýmsu tagi svo sem myndlistamenn, tónlistamenn og leikara sem farið gætu milli heimilanna og unnið með börnunum í verkefnum tengdum þeirra list. Einnig væri mögulegt að fá handverksfólk af ýmsu tagi til að vinna á sama hátt. Þarna mætti gjarnan bjóða upp á ýmsa klúbba fyrir eldri nemendur skólans líka. Auka þarf samstarf við annað tómsundastarf í bænum til að tryggja að vinnudegi barnanna ljúki fyrir á daginn og minnka álag á foreldra. Slíkt myndi ennfremur tryggja fleiri börnum aðgang að ýmsu tómsundastarfi. Mikilvægt er að þetta gerist í góðri samvinnu við tómsundaheimilin.

Sem dæmi um slíkt samstarf gæti verið ef að Stjarnan byði upp á íþróttaskóla eða álíka námskeið fyrir börn í 1. og 2. bekk. Tíminn gæti verið frá kl. 15-15:45 og þau börn sem væru í tómsundaheimilum gætu fengið fylgd þaðan. Foreldrar gætu sótt börnin sín í íþróttahúsið, þau gengið sjálf heim eða fengið fylgd aftur í tómsundaheimilið og verið þar lengur. Með þessu gætu fleiri börn stundað íþróttir, þau væru búin fyrir á daginn og álagið á foreldra myndi minnka. Þetta myndi einnig minnka álagið á tómsundaheimilin. Á þennan hátt myndu börnin fá það eftirlit, umhyggju og stuðning sem að þau þurfa. Þetta þyrfti ekki að bitna á foreldrasamstarfi þar sem foreldrar væru síður að stökkva úr vinnu til að skutla og hefðu meira svigrúm. Í bænum er innanbæjarstrætisvagn sem hægt væri að ferðast á milli með þegar vegalengdirnar eru of langar fyrir börn á þessum aldri.

### 3. Skipulagning

Húsnæði



Tómstundaheimilið hefur aðstöðu í skólanum sjálfum þar sem enn er ekki búíð að reisa þann hluta skólans sem að ætluð er sem aðstaða fyrir tómstundaheimili. Kjarnastarfseminn fór fram í eldhúsi hjá íþróttasvæði og á íþróttasvæðinu sjálfu. Síðdegishressingin var útbúin og snædd í eldhúsi á neðri hæð.

Samnýting húsnæðis með skólanum býður upp á fjölbreytta og hagkvæma notkun húsnæðis, húsgagna og tækja. Erfitt getur samt verið að verja viðkvæm verkefni eða spennandi hráefni fyrir ágangi annarra nemenda á daginn. Skúffuskápur á hjólum sem tómstundaheimilið eignaðist í lok vorannar bætir þó verulega úr þeim vanda. Lykilatriði er gott samstarf við annað starfsfólk skólans og gagnkvæm tillitsemi þegar deilt er svæðum með öðrum og þarf að leggja mikla áherslu á þetta við allt starfsfólk tómstundaheimilanna. Mikilvægt er að skila öllum svæðum af sér í lok dagsins í góðu ásigkomulagi.

Ef hópnum er dreift á mörg svæði er hávaði minni og andrúmsloftið afslappaðra. Þetta krefst á móti fleiri starfsmanna í eftirlit.

#### Eftirlit

Ekki er framkvæmanlegt, eins og húsnæðismál tómstundaheimilisins eru núna, að hafa starfsmenn á öllum svæðum í einu. Á ákveðnum svæðum er þó mikilvægara að hafa eftirlit en á öðrum. Helst má þá nefna útisvæðið en nemendur mega ekki fara út án starfsmanns þegar þeir eru í tómstundaheimilinu. Lækurinn, sjórinn og umferðagötur eru helstu hætturarnar á útisvæði en nemendum er leiðbeint um hegðun og umgengni á þessum svæðum. Ljóst er þó að mikilvægara er að fylgjast með yngri börnum en þeim eldri og vel kæmi til greina að gera ákveðna foreldrasamninga þar sem að eldri nemendur fengju meira frjálrsræði í þessum málum en þau yngri. Flest eldri börnin fara sjálf heim og er vel treystandi til að fara ein út. Sérstaklega eru það hópur nemenda sem vill spila fótbolta á battavellinum sem að sækir í að fá að vera meira úti en aðrir hópar og ekki alltaf hægt að koma á móts við þær þarfir starfsmannalega séð.



Annað svæði sem mikilvægt er að sé undir stöðugu eftirliti er tölvupallurinn. Einungis er leyfilegt að fara í tölvurnar með starfsmönnum. Undanfarna tvo vetur hafa tölvur verið í boði einn dag í viku. Þeir dagar hafa verið mjög vinsælir og meirihluti barna nýtt sér það tilboð. Í tölvunum er hægt að fara í leiki og forrit bæði sem eru í tölvunum og á netinu. Almennar tölvureglur skólans gilda einnig í tómstundaheimilinu. Stöðugt þarf að fylgja þeim eftir og minna á þær. Þær helstu eru að ekki má spila bardagaleiki eða leiki sem eru bannaðir börnum. Ekki má vera á heimasíðum þar sem efni er ekki ritskoðað, svo sem myndbandasíðum og ekki má vera í leikjum eða á síðum þar sem hægt er að hafa samskipti við aðra á netinu. Mikilvægt er að starfsmenn þekki vel þær síður sem börnin sækja í og kynni sér vel reglur og leiðbeiningar um örugga netnotkun – hægt er að kynna sér þær á [www.saft.is](http://www.saft.is).

Einn starfsmaður (oftast umsjónarmaðurinn) ber ábyrgð á komuskráningu nemenda og leita þarf skýringa ef að nemandi sem skráður er mætir ekki í skólalok. Nemendur eru skráðir út jafnóðum og þeir



fara og ber sá starfsmaður sem síðast fer ábyrgð á því að allir nemendur séu skráðir út á réttan hátt. Misjafnt er hvort nemendur gangi sjálfir heim eða séu sóttir. Hverfi nemandi án þess að kveðja þarf að leita skýringa á því og tryggja að allir hafi verið sóttir eða farið sjálfir heim áður en tómsundaheimilinu er lokað.

Kerfi með svæðaspjöldum og merkimiðum með nafni og mynd nemenda hafa gefið mjög góða raun. Það hjálpar starfsmönnum að fá yfirlit yfir dreifingu barna á svæði, nemendum að finna vini sína og leikfélaga og foreldrum að finna börnin sín þegar þau eru sótt.


#### Tímaskráning

Umsjónarmaður ber ábyrgð á að skrá tímafjölda barna á mánuði og senda þær upplýsingar til Garðabæjar 19. hvers mánaðar en mánaðargjaldið er innheimt fyrirfram. Miðað er við fjórar vikur í mánuðinum. Stefnan í tómsundaheimilinu undanfarin tvö ár hefur verið sú að sýna ákveðinn sveigjanleika og skilning þegar kemur að viðveru nemenda og undantekningalaust verið góð samvinna við foreldra þar um. Gott er að hafa leiðbeiningar og útskýringar á reglum og gjaldtöku aðgengilegar fyrir foreldra.

Í vetur var systkinaafsláttur tekinn upp og fá því foreldrar sem eiga börn í tómsundaheimilinu eða í leikskólum í Garðabæ 50% afslátt fyrir elsta barn ef að börnin eru tvö og 75% afslátt ef börnin eru þrjú.

#### Agastjórnun

Mikilvægt er að hafa réttláta og skýra agastjórnun í tómsundaheimilum. Það er einnig mikilvægt að hún sé í takt við aðra agastjórnun skólans og að reglur þarna stangist ekki á. Reglurnar þurfa að vera einfaldar og þjálfar og kenna þarf nemendum þær ítrekað, sérstaklega í byrjun skólaárs. Í vetur voru brot á skólareglum eða hegðunarfrávik flokkuð í þrjú þrep. Á fyrsta þrepi eru hegðunarfrávik sem segja má að tengist galsaskap eða saklausari hegðunarfrávikum. Mörg brot á fyrsta stigi á stuttum tíma (nemandi breytir ekki hegðun sinni þrátt fyrir tiltal) flokkast sem annars stigs hegðunarfrávik. Annars stigs hegðunarfrávik er alvarlegra og þá er haft samband við foreldra nemandans. Mörg brot á öðru stigi á stuttum tíma flokkast sem þriðja stigs brot. Þriðja stigs brot valda tímabundinni brotvikningu úr skóla. Nánari lýsingu á viðbrögðum við hegðunarfrávikum má finna á heimasíðu skólans. Dæmi um hegðunarfrávik á fyrsta stigi eru stríðni, á öðru stigi handalögmál og þriðja stigi líkamsárás.





Í tómsundaheimilinu eru allmörg fyrsta stigs hegðunarfrávik og eitthvað um annars stigs hegðunarfrávik. Á haustönn 2007 var tekið upp sjónrænt stjörnukerfi (sjá myndir) sem útfærslu á þrepakerfi skólans. Annars stigs hegðunarfrávik eða ítrekin fyrsta stigs hegðunarfrávik á sama degi (nemandi hættir ekki þótt rætt hafi verið við hann og honum gerð grein fyrir hegðun sinni) valda því að nemandi missir stjörnu. Gefnar eru þrjár stjörnur á dag. Eina fyrir upplestrartíma, aðra fyrir matartíma og þriðju fyrir það sem eftir er dags. Þannig fá allir sjálfkrafa stjörnu nema annars stig hegðunarfrávik valdi því að nemandi missi stjörnu á þeim tíma sem hegðunin átti sér stað. Að öllu jöfnu fengu nemendur því 15 stjörnur fyrir vikuna (3 á dag í 5 daga). Ef

nemandi var ekki á staðnum missti hann ekki stjörnu og ekki var hægt að missa fleira en eina stjörnu í einu.

Þetta kerfi reynist mjög gott til að beina nemendum í rétta átt og minnka óæskilega hegðun á álagstímum. Í vikulok voru stjórnur taldar saman og þeir nemendur sem náðu lágmarksfjölda fengu að velja sér stöðvar á ákveðnum degi. Þetta eru réttindi sem að öllu jöfnu voru í boði.

Mikilvægt er að gefa foreldrum upplýsingar um hegðun barna sinna ef þau ítrekað sýna óæskilega hegðun eða hegðunarfrávik á 2. stigi. Ekki síður er mikilvægt að grennslast fyrir um ástæður þessarar hegðunar. Þekkir nemandi reglurnar eða er óskýrt til hvers er ætlast af honum. Líður nemandi illa eða er hann ósáttur. Mjög algengt er að vanlíðan eða atburðir sem tengjast skólatímanum endurspeglast í hegðun nemenda þegar í tómsundaheimilið er komið. Einnig gæti þurft að endurskoða skipulag ef hegðun á álagstímum er ekki eins og æskilegt væri.



#### Tillögur að úrbótum

Sjáländsskóli er stór og opinn og aðstandendur sem koma sjaldan í skólann verða oft á tíðum ansi ringlaðir þegar þeir koma að sækja börnin í tómsundaheimilið. Kjarnaaðstöðu tómsundaheimilisins mætti gjarnan merkja betur og einnig setja upp myndir og nöfn starfsmanna.

Nauðsynlegt er að útbúa starfsmanna- og foreldrabæklinga með helstu upplýsingum fyrir tómsundaheimilin í Garðabæ. Bæklingar ÍTR eru ágæt fyrirmynd þótt aðlaga þurfi þá að áherslum í Garðabæ. Í millitíðinni væri gott að taka saman helstu upplýsingar og minnislista og hafa aðgengilegt fyrir nýtt starfsfólk. Minnislisti vegna vettfangsferða má finna í gögnum skólans.

Í vetur hafa fréttabréf frá umsjónarmanni, myndir og fleira verið sett á heimasíðu skólans. Í lok skólaársins var ný heimasíða tekin í notkun sem ætti að auðvelda umsjónarmanni að setja inn efni á síðuna. Annað sem gott væri að hafa á síðunni er: Upplýsingar um starfsfólk, upplýsingar um gjald (tímaútreikningar, afslættir, matargjald, reglur og gjaldskrá), leiðarljós tómsundaheimilisins (á forsíðu tómsundarheimilissíðunnar), fréttabréf, myndir, verkefni og uppskriftir (algeng bón frá börnunum).

#### 4. Matarmál

Þróun skipulags síðdegishressingar

Síðdegishressingin var, eins og áður var sagt, tekin upp haustið 2006 sem tilraunaverkefni. Ástæðan var sú að nesti barnanna er oft búið að liggja í töskunni allan daginn og frekar ólystugt oft á tíðum. Mikilvægi þess að vera vel nærður fyrir líkama og sál er óumdeilanlegt og hefur mikil áhrif á líðan barnanna. Þessi nýjung hefur fallið í góðan jarðveg bæði hjá nemendum og foreldrum þeirra. Segja má að

Þessi hefð hafi fest sig í sessi og hafa hin tómstundaheimilin í Garðabæ einnig tekið þetta upp.

Framkvæmd og skipulagning hafa þróast þessi tvö ár í takt við aukinn barnafjölda og breyttan starfsmannahóp. Fyrsta árið sáu starfsmenn um að útbúa matinn með hjálp hóps barna. Börnin voru sjálfboðaliðar en fengu broskarl að launum. Með ákveðnum fjölda broskarla var hægt að fá ís, aukatíma í tölvum eða leika sér með talstöðvar. Í byrjun skólaársins var einungis boðið upp á grænmeti og ávexti en fljótlega varð ljóst að það nægði ekki til að börnin yrðu södd og þá var brauði með ýmsu álegg bætt við.



Á þessu skólaári varð talsverð aukning í barnafjölda og breyting á starfsmannahópnum og framkvæmd matarmála endurskoðuð í kjölfarið. Í stað þess að smyrja brauðsneiðar með áleggi þá var brauð, smjör og álegg sett á borðin og börnin smurðu sér sjálf brauð. Þannig varð nýting á matnum betri og minni vinna fyrir starfsfólkið. Einnig gátu börnin frekar fengið mat sem hentaði þeirra sérþörfum þar sem að þau smurðu hann sjálf. Ávextir og grænmeti voru skorin niður eftir sem áður.

Nemendur gengu sjálfir frá diskum og glösum í uppvottavél þegar þeir voru búnir að borða. Í lok skólaársins var tekið upp á þeirri nýbreytni að láta hvern barnahóp ganga sameiginlega frá því borði sem að þau sátu við. Þetta tók nemendurna lítinn tíma en sparaði talsverða vinnu fyrir starfsmenn. Þetta stuðlaði einnig að meiri meðvitund um mikilvægi góðrar umgengni.

Þessi matartími getur stundum verið hávaðasamur og álagstími fyrir starfsmenn. Mikil áhersla hefur verið lögð á að kenna nemendum borðsiði og að matartíminn eigi að vera róleg og notaleg samverustund. Þetta krefst góðrar mönnunar og stöðugar vinnu við að halda hávaða í lágmarki og stöðva óæskilega hegðun eins fljótt og mögulegt er svo að allir geti notið stundarinnar og borðað í ró og næði.

Verklagsreglur og innra eftirlit

Í ljós hefur komið að matarmálin eru flóknari en virtist í fyrstu. Ekki er hægt að treysta því að allir starfsmenn hafi þekkingu og skynbragð á hvers þarf að varast og hvernig umgangast eigi matvæli. Einnig eru mannaskipti tíð í þessum störfum og því hætta á að ekki séu allir með þá þekkingu sem æskilegt væri sem sjá um matinn að hverju sinni. Það er því mikilvægt að hafa góðar verklagsreglur og eyðublöð sem tryggja að heilbrigðiseftirlit sé í lagi.

Í lok þessa skólaárs voru eyðublöð útbúin eftir fyrirmynd frá heilbrigðiseftirliti. Þessi eyðublöð hafa verið aðlöguð að starfsemi tómstundaheimilisins og ná yfir þrif og innkaup. Þessi eyðublöð og starfslýsingu fyrir eldhússtarfsmann í tómstundaheimilinu má finna í gögnum skólans.

Innkaup

Þau tvö skólár sem að síðdegishressing hefur verið í boði hefur umsjónarmaður verslað vikulega inn matinn. Seinna skólaárið voru ávextir og grænmeti keypt af Ávaxtabílnum sem að afhendir vikuskammtinn á mánudagsmorgnum. Þetta hefur gefist mjög vel. Sá möguleiki er einnig fyrir hendi að versla brauð og álegg í heimsendingu. Gæði ávaxta og grænmetis frá Ávaxtabílnum hafa verið mikil og

fjölbreytt úrval. Heilhveitisamlokubrauð hefur verið notað í þessi tvö ár en vel kæmi til greina að kaupa grófara brauð og fjölbreyttari tegundir. Álegg hefur aðallega verið ostur, skinka, malakoff, hangikjöt, bananar (komu frá Ávaxtabílnum), spægipylsa og kæfa. Þarna eru einungis tvær tegundir af áleggi sem að ekki eru kjötálegg og mætti gjarnan auka úrvalið. Auk smjörs hefur pizzasósan verið vinsælt viðbit og sérstaklega á þeim dögum sem samlokugrillið hefur verið í boði. Ekki hefur verið boðið upp á mjólk með síðdegishressingunni en það er líka eitthvað sem vert er að kanna áhugann á betur.

Einstaka börn hafa haft sérþarfir í mat. Einn drengur af trúarástæðum (ekki svínakjöt) og þrjú börn hafa ekki mátt borða hveiti, sykur og mjólkurvörur og hafa innkaup tekið mið að þessum sérþörfum.




Skólaárið 2006-2007 var matargjald 90 kr á dag en hækkaði upp í 100 kr skólaárið 2007-2008. Mikil ánægja hefur verið með þetta hjá foreldrum og börnum og öll börn verið í þessari mataráskrift. Þar sem að gjald hefur eingöngu verið miðað við hráefnisinnkaup en ekki vinnu starfsmanns er ástæða til að endurskoða raunkostnað við hráefnisinnkaup og vinnu starfsmanna sem og gjaldið og starfsmannabörfina. Undirbúningur hefur tekið um 45 mínútur og frágangur 30 – 60 mínútur eftir fyrirkomulagi.

## 5. Samstarf

Starf umsjónarmanns krefst samvinnu við ótal marga aðila. Góð og nán samvinna við þá sem koma að umsjón nemendanna eykur skilning á þörfum þeirra og aðstæðum og gerir starf umsjónarmannsins auðveldara og áhrifaríkara.

Skólinn



Sérstaklega er mikilvægt fyrir velferð nemenda í tómsundaheimilinu að samstarf við starfsmenn skólans sé náð og gott. Umsjónakennarar gegna þar lykilhlutverki. Upplýsingaflæði milli hans og tómsundaheimilisins þarf að vera gott svo að allir sem bera ábyrgð á barninu í skólanum viti um líðan og

heilbrigði barnsins, auk heimilisaðstæður ef að þær hafa áhrif á líðan barnsins. Síðastliðin tvö ár hefur umsjónarmaður tómsundaheimilisins skrifað umsögn um líðan og hegðun hvers nemenda fyrir foreldravíðtöl að hausti og eftir áramót. Umsögnin hefur verið stutt en gefur foreldrum breiðari mynd af nemendanum í skólanum og er mikilvæg til að auka meðvitund foreldra og kennara á því að tómsundaheimilið sé hluti af skólastarfinu. Eins er gott að ræða við umsjónakennara ef að hegðun eða líðan gefur til kynna að eitthvað sé ekki eins og það á að vera svo hægt sé að taka heildstætt á vandamálinu. Alvarlegar áhyggjur þarf einnig að ræða við aðstoðarskólastjóra sem ráðleggur og beinir málinu í réttan farveg. Mikilvægt er að allir starfsmenn þekki *Verklagsreglur skólafólks* og rétt viðbrögð við grun um brot á barnaverndunarlögum. Þessar verklagsreglur má finna í gögnum skólans.



#### Samskipti við foreldra

Leggja þarf mikla áherslu á góð samskipti við foreldra. Taka gagnrýni og neikvæðar athugasemdir sem hvatningu til að endurskoða og bæta starfið. Því betur sem starfsmenn þekkja foreldra því auðveldara er að koma á mótis við þarfir þeirra og barna þeirra og mikilvægt er að kynnast börnunum vel til að skilja viðbrögð þeirra og líðan.

Regluleg fréttabréf eru góð til að gefa foreldrum innsýn í starfið. Einnig er spjall þegar sótt er góð leið til að kynnast. Tvisvar á ári, einu sinni á hvorri önn, hefur foreldrum verið boðið í heimsókn í tómsundaheimilið. Á haustönn var foreldrum boðið á hrekkjavökuhátíð og var mikil ánægja meðal foreldra með að hafa þetta í október/nóvember því mikið er um að vera í desember. Á vorönn hefur foreldrum verið boðið á vorhátíð.

#### Önnur tómsundaheimili í Garðabæ

Samvinna við önnur tómsundaheimili (í Flataskóla og Hofstaðaskóla) síðustu tvö árin hefur verið að skornum skammti. Eitthvað hefur verið um samnýtingu að ræða í fríum og svo hafa umsjónarmenn borið saman bækur sínar og rætt starfið. Þetta samstarf mætti gjarnan efla og jafnvel með samnýtingu á sérhæfðu starfsfólki í huga. Reglulegir fundir með starfsfólki tómsundaheimilanna, heimsóknir á milli skóla og samvinna í fríum er eitthvað sem gæti styrkt starf skólanna. Samvinna við skóla á herra skólastigi





Nemendur í starfsnámi hafa verið skemmtileg viðbót við starfsmannaflóru tómsundaheimilisins síðustu tvö árin. Efla mætti þetta samstarf með því að hafa að fyrra bragði samband við kennara skólanna og vekja athygli á því að tómsundaheimilið taki við nemum. Að kynnst Sjálandsskóla og stefnu skólans er áhugavert og lærdómsríkt fyrir nemendur og einnig tómsundaheimilið og vinnan með börnunum.

### Fjölbraut í Garðabæ

Á haustönn 2006 var gerður samningur við FG um vettvangsnám í tómsundaheimili skólans. Verkefni var kallað “Tengsl lífs og náms” og fengu nemendur, auk launa eftir aldri, eina einingu fyrir hverja 20 unna tíma. Nemendur skila í lok annarinnar skýrslu og umsjónarmaður skilar inn umsögn um nemendann. Einungis einn nemandi tók þátt í verkefninu á haustönn 2006 en gjarnan mætti endurlífga verkefnið og athuga hvort að meiri áhugi verði í framtíðinni þegar ekki er eins mikil eftirspurn eftir starfskrafti á vinnumarkaði eins og þá var. Tengiliður verkefnisins í FG var sálfræðikennari sem kynnti þetta fyrir nemendum sínum. Einnig mætti kynna þetta fyrir öllum nemendum skólans en ekki binda þetta við einstök fög eða námsbrautir.

### Kennaraháskóli Íslands

Fyrsti umsjónarmaður tómsundaheimilis Sjálandsskóla var í námi á lokaári í kennaranámi í KHÍ. Annar starfsmaður sem vann fyrstu tvö ár skólans, auk þess að vera í hlutastarfi síðasta skólaár er einnig í kennaranámi í KHÍ. Það er því ljóst að starf í tómsundaheimilinu hentar nemum í þessu námi og mætti því gjarnan leita eftir starfskrafti úr þeirra röðum. Í vetur kom nemi í tómsundafræðum í KHÍ og vann verkefni í samvinnu við tómsundaheimilið. Var það mjög skemmtileg viðbót þótt stutt væri.

### Háskóli Íslands

Nemi í félagsfræði vann í tómsundaheimilinu í þrjár annir. Nemi í starfskynningu á námskeiðinu “Uppeldi og félagsstarf” í Uppeldis og menntunarfræðum í HÍ vann 20 stundir á vorönn 2008. Nýttust starfskraftar nemans mjög vel og voru mikil stuðningur við starfið.

### Námskeið



Ýmis námskeið hafa verið í boði síðustu tvö ár í tengslum við tómsundaheimilið. Þar má nefna dansnámskeið, skáknámskeið og tæknilegónámskeið. Einnig hafa kennarar skólans og Alþjóðaskólans verið með námskeið í skólanum. Tónlistaskóli Garðabæjar hefur verið með forskólakennslu á þessum tíma líka auk þess sem að börn í tómsundaheimilinu hafa farið á sundnámskeið með fylgd frá tómsundaheimilinu sjálfu. Gjarna mætti gera þessi námskeið markvissari og auka samvinnu

á milli skólanna. Tryggja þarf að námskeiðin séu auglýst vel og tómsundaheimilið og umsjónarmaður tómsundaheimilisins er í afbragðsstöðu til að halda utan um og auglýsa þessi námskeið þótt móttaka greiðslu og skipulag námskeiðsins sé í höndum námskeiðshaldara.

### Tillögur að bótum

Nokkrar tillögur að úrbótum hafa verið nefndar hér að ofan. Þar má helst nefna hvatningu til komandi umsjónarmanns og stjórn skólans um að sækja í raðir námsmanna þegar leitað er starfskrafta. Einnig mætti auka og bæta samvinnu milli tómsundaheimilanna og einnig nærumhverfisins. Gaman gæti verið að taka upp samstarf við eldri borgara í Jónshúsi í formi klúbba (svo sem föndurklúbba eða spilaklúbba) nú annar möguleiki væri handavinnu- eða lestravinir. Framtíðarmarkmið er að nemendur geti stundað áhugamál sín fyrir kl. 16/17 á daginn. Sérstaklega er mikilvægt að yngstu nemendur skólans fái tækifæri á því að stunda áhugamál sín í skólanum, í nágrenni skólans eða hafi tækifæri á fylgd frá skólanum á meðan foreldrar eru í vinnu.



Halda þarf áfram að leggja áherslu á samvinnu og gott upplýsingaflæði milli skóla og tómsundaheimilis. Mikill styrkur væri í útgáfu foreldrahandbókar fyrir foreldra barna í tómsundaheimilanna og er það framtíðarverkefni bæjarins.

Í lok skólaárs var umræða milli umsjónarmanns, foreldrafélags og foreldraráðs um foreldrafulltrúa tómsundaheimilis. Þessi hugmynd gengur út á að bæta við tveimur foreldrum, í foreldrasamstarfið, sem væru foreldrafulltrúar tómsundaheimilisins. Hlutverk þeirra væri meðal annars að vera fulltrúar foreldra og milliliðir sé þess þörf, ekki síður að vera stuðningur við umsjónarmann með hugmyndum og ráðgjöf auk þess að styðja við starfið á ýmsan hátt. Nauðsynlegt er að útbúa ramma utan um þessi hlutverk svo að það falli sem best inn í annað foreldrastarf í skólanum.

#### Lokaorð

Þrátt fyrir manneklu og mikla hreyfingu á starfsmönnum tómsundaheimilisins hefur starfið í vetur gengið mjög vel. Andrúmsloftið í tómsundaheimilinu hefur að jöfnu verið mjög notalegt og gott og nemendur sáttir. Frjáls leikur á útvöldum svæðum hefur verið algengasta fyrirkomulagið og hefur reynslan sýnt að langflestir nemendur vilja fá að leika sér á sínum eigin forsendum að skóladegi loknum. Eftir skipulagt starf í skólanum sækjast þau í frjálsa leikinn.

Ýmsar nýjungar hafa verið prófaðar í vetur, svo sem stjörnukerfið og valspjaldakerfið og komið vel út. Matarmálin halda áfram að þróast og mikil ánægja hefur verið með síðdegishressinguna jafnt hjá foreldrum, nemendum og starfsfólki.

Tómsundaheimilið hefur stækkað á milli ára, í þau þrjú ár sem að skólinn hefur starfað, og mun halda því áfram. Starfið hefur í takt við nýjar þarfir tekið miklum breytingum og mun gera áfram. Miklir möguleikar eru fyrir hendi sem tíundaðir hafa verið hér í skýrslunni að ofan og lengi má gera gott betra.

Persónuleg samskipti við foreldra og hlýja og umhyggja í samskiptum við nemendur hafa verið í forgangi í starfsemi tómsundaheimilisins. Enda er mikilvægast af öllu að nemendum líði vel í tómsundaheimilinu sínu - Sælukotinu.



Margrét Perla Kolka Leifsdóttir forstöðumaður tómtundaheimilis Sjálandsskóla

## Samtantekt og mat á árangri skólastarfsins

Þriðja starfsár Sjálandsskóla var farsælt. Skólinn náði tilætluðum árangri í starfi sínu og vel það. Mörg markmið sem stefnt var að samkvæmt skólaskýrslu 2006-2007 náðust á árinu en meiri vinnu þarf til að ná öðrum. Þau markmið sem unnið var með á skólaárinu voru eftirfarandi.

1. Auka vellíðan nemenda og leita á markvissan hátt eftir viðhorfum nemenda til skólastarfsins
2. Endurskoða og móta áætlun skólans um viðbrögð við námserfiðleikum nemenda og nemendum með ólíkan skólabakgrunn.
3. Efla og viðhalda áherslu skólans í útikennslu og hreyfingu.
4. Endurmeta enskukennslu skólans og samstarf um þá kennslu við Alþjóðaskólann.
5. Efla nýsköpunarkennslu í skólanum
6. Efla og móta markvissa þjálfun í tjáningu
7. Vinna að undirbúningi starfs á unglingastig.
8. Móta fleiri verkefni sem miða að því nemendur taki virkan hátt í mótun samfélags og umhverfis
9. Skerpa umhverfisstefnu skólans og festa sorpflokkun í sessi
10. Vinna markvisst að framgangi skólastefnu Garðabæjar

Skólastjóri og aðstoðarskólastjóri könnuðu líðan nemenda á haustdögum og nokkur heimaþing voru haldin yfir skólaárið.

Hafist var handa við að móta starfshætti lausnateymis og fest var í sessi stuðningsteymi þroskaþjálfara og sérkennara á hvoru heimasvæði. Sérkennari byrjaði að nota greingarforritið LOGOS í starfi sínu.

Útikennsla skólans var fest verulega í sessi og átti hver aldurshópur sinn útikennsludag fastan á töflu. (sjá skýrslu deildarstjóra)

Samstarf við Alþjóðaskólans efldist til muna í 1.- 4. bekk og á vordögum tók kennari Alþjóðaskólans að sér enskukennslu í 7. bekk.

Ekki tókst að hrinda af stað átaki í eflingu nýsköpunarkennslu í skólanum þar sem að smíðakennari skólans hætti störfum á áramótum.

Árgangar tóku að sér dagskrá í morgunsöng og efdi það og styrkti tjáningu nemenda. Einnig komu nemendur fram við ýmis tækifæri (t.d. þemakynningar, jól og “innilega”).

Unnið var markvisst að undirbúningi skólastarf á unglingastigi með þátttöku starfsmanna, nemenda og foreldra. 20 nemendur hefja starf á unglingastigi og verður svokölluð Vallaskólaleið farin í íslensku og stærfræði, þemakennsla í lífsleikni, trúarbragða-, samfélags-, náttúrufræði.

Nemendur lögðu gjörva hönd á plóg á umhverfisdegi og hlupu langleiðin í kringum landið í UNICEF hlaupinu og söfnuðu um 850.000 kr. 7. bekkur gaf út ljóðabók með frumsöndum ljóðum og gaf ágóðann í sömu söfnun.

Umhverfsinefnd skólans hittist í tvígang en ekki tókst að stíga nægjanlega mörg skref svo að hægt væri að verða grænfánaskóli.

Unnið var í öllu skólastarfinu að framgangi skólastefnu Garðabæjar.

## **Áherslur í starfi Sjálandsskóla árið 2008 – 2009**

Helstu áhersluatriði á skólaárinu 2008-2009 eru:

1. Efla nýsköpunarkennslu í skólanum
2. Hefja starf á unglingastigi
3. Gera úttekt á náms- og kennsluháttum
4. Gera úttekt á gæðum námsumhverfis
5. Móta sjálfsmatsáætlun skólans

Að auki verður unnið að því að ná þeim markmiðum sem ekki náðust á seinasta skólaári og festa í sessi þau markmið sem þá var unnið með.

## **Fylgiskjöl**

***Stefna skólans***

***Skóladagatal***

***Skipurit***

***Skýrsla vegna Noregsferðar***

***Skýrslur vegna deildarstjórnar***

***Skýrsla vegna foreldrakönnunar***

***Fréttir***

## Fylgiskjal 1 – Stefna Sjáländsskóla

### Leiðarljós í starfi Sjáländsskóla

Í lögum um grunnskóla segir að það sé markmið grunnskóla, í samvinnu við heimilin, að stuðla að alhliða þroska allra nemenda og þátttöku þeirra í lýðræðisþjóðfélagi sem er í sífelldri þróun. Þannig á grunnskólinn að leitast við að haga störfum sínum í sem fyllstu samræmi við eðli og þarfir nemenda og stuðla að alhliða þroska, heilbrigði og menntun hvers og eins. Skólinn á að stuðla að góðu samstarfi við heimilin með það að markmið að tryggja farsælt skólastarf, almenna velferð og öryggi nemenda. Starfshættir skóla skulu mótast af umburðarlyndi, jafnrétti, lýðræðislegu samstarfi, ábyrgð, umhyggju, sáttfýsi og virðingu fyrir manngildi. Grunnskólinn á að veita nemendum tækifæri til þess að afla sér þekkingar og leikni og temja sér vinnubrögð sem stuðla að stöðugri viðleitni til menntunar og þroska. Skólastarfið á því að leggja grunn að sjálfstæðri hugsun nemenda og þjálfra hæfni þeirra til samstarfs við aðra. Með framangreint að leiðarljósi er hugmyndafræði Sjáländsskóla byggð. Skólahúsnæði Sjáländsskóla er sveigjanlegt og í starfinu er lögð er áhersla á einstaklingsmiðað skólastarf og samvinnu nemenda.

Í Sjáländsskóla miðar umhverfi og starf að því að hver nemandi fái notið sín til fulls undir handleiðslu hóps samhentra starfsmanna. Kennarar beita fjölbreyttum kennsluáðferðum og hafa miklar væntingar til nemenda um námsárangur. Starfsmenn gera til nemenda raunhæfar kröfur um leið og þeir eru hvattir til þess að gera sitt besta, sýna sjálfstæði, áhuga og frumkvæði í námi, starfi og leik. Samhliða því læra nemendur að axla ábyrgð á eigin gjörðum, hjálpa öðrum og sýna sjálfum sér og umhverfi sínu virðingu. Í starfinu er lögð áhersla á að skapa tækifæri til margháttaðra námsaðstæðna, innan og utan skólans og fjölbreyttrar skiptingar í námshópa. Útikennsla, lýðræðisleg vinnubrögð, sköpun og tjáning eru samofin öllu skólastarfinu og nemendur fá fjölbreytt tækifæri til þess láta vonir sínar og væntingar rætast í námi og leik.

Skólinn er sameiginlegur vinnustaður margra ólíkra einstaklinga sem sýna hverjir öðrum hlýhug og umhyggju. Hver nemandi og starfsmaður á rétt á því að fá tækifæri til að vinna sína vinnu svo sem best verður á kosið. Unnið er markvisst að því að skapa andrúmsloft háttvísi og frelsis í skólanum. Ábyrgð nemenda á eigin starfi, leik, viðhorfum og framkomu verður þroskuð með því að veita þeim viðeigandi ábyrgð, val og frelsi eftir því sem þroski þeirra leyfir og með því að láta þá taka þátt í umræðu og eiga hlutdeild í ákvörðunum um réttindi sín og skyldur.

Í Sjáländsskóla er starfað samkvæmt einkunnarorðunum: **Að vilja og virða.**

#### **Að vilja vísar til þess að nemandinn sé hvattur til þess að:**

- Að gera sitt besta og vera virkur í náminu
- Sýna sjálfstæði, áhuga og frumkvæði í námi, starfi og leik
- Vilja axla ábyrgð og hjálpa öðrum.

#### **Að virða vísar til þess að nemandinn sé hvattur til þess að**

- Virða sjálfa/n sig
- Virða aðra
- Virða umhverfi sitt

## Fylgiskjal 2

Sjálundsskóli  
jún. 2008

# Skóladagatal

Skólaárið  
2008 – 2009

Kennardagur = 180


ÁGÚST	SEPTEMBER	OKTÓBER	NÓVEMBER	DESEMBER	JANÚAR	FEBRÚAR	MARS	APRÍL	MAJ	JÚNÍ
1 F	1 M	1 M	1 L	1 M	1 F	1 S	1 S	1 M	1 F	1 M
2 L	2 Þ	2 F	2 S	2 Þ	2 S	2 M	2 M	2 F	2 L	2 Þ
3 S	3 M	3 F	3 M	3 M	3 L	3 Þ	3 Þ	3 F	3 S	3 M
4 M	4 F	4 L	4 Þ	4 F	4 S	4 M	4 M	4 L	4 M	4 F
5 Þ	5 F	5 S	5 M	5 F (Gagn og gætt)	5 S	5 F	5 F	5 S	5 Þ	5 F
6 M	6 L	6 M	6 F (Gagn og gætt)	6 L	6 Þ	6 F	6 F	6 M	6 L	6 L
7 F	7 S	7 Þ	7 F (Gagn og gætt)	7 S	7 M	7 L	7 L	7 Þ	7 F	7 S
8 F	8 M	8 M	8 L	8 M	8 F	8 S	8 S	8 M	8 F	8 M
9 L	9 Þ	9 F	9 S	9 Þ	9 F	9 M	9 M	9 F	9 L	9 Þ
10 S	10 M	10 F	10 M	10 M	10 L	10 Þ	10 Þ	10 F	10 S	10 M
11 M	11 F	11 L	11 Þ	11 F	11 S	11 M	11 M	11 L	11 M	11 F
12 Þ	12 F	12 S	12 M	12 F	12 M	12 F	12 F	12 S	12 Þ	12 F
13 M	13 L	13 M	13 F	13 L	13 Þ	13 F	13 F	13 M	13 M	13 L
14 F	14 S	14 Þ	14 F	14 S	14 M	14 L	14 L	14 Þ	14 F	14 S
15 F	15 M	15 M	15 L	15 M	15 F	15 S	15 S	15 M	15 F	15 M
16 L	16 Þ	16 F	16 S	16 Þ	16 F	16 M	16 M	16 F	16 L	16 Þ
17 S	17 M	17 F	17 S	17 M	17 L	17 Þ	17 Þ	17 F	17 S	17 M
18 M	18 F	18 L	18 Þ	18 F	18 S	18 M	18 M	18 L	18 M	18 F
19 Þ	19 F	19 S	19 M	19 F	19 M	19 F	19 F	19 S	19 Þ	19 F
20 M	20 L	20 M	20 F	20 L	20 Þ	20 F	20 F	20 M	20 M	20 L
21 F	21 S	21 Þ	21 F	21 S	21 M	21 L	21 L	21 Þ	21 F	21 S
22 F	22 M	22 M	22 L	22 M	22 F	22 S	22 S	22 M	22 F	22 M
23 L	23 Þ	23 F	23 S	23 Þ	23 F	23 M	23 M	23 F	23 L	23 Þ
24 S	24 M	24 F	24 M	24 M	24 L	24 Þ	24 Þ	24 F	24 S	24 M
25 M	25 F	25 L	25 Þ	25 F	25 S	25 M	25 M	25 L	25 M	25 F
26 Þ	26 S	26 M	26 M	26 F	26 M	26 F	26 F	26 S	26 Þ	26 F
27 M	27 L	27 M	27 F	27 L	27 Þ	27 F	27 F	27 M	27 M	27 L
28 F	28 S	28 Þ	28 F	28 S	28 M	28 L	28 L	28 Þ	28 F	28 S
29 F	29 M	29 M	29 L	29 M	29 F			29 M	29 F	29 M
30 L	30 Þ	30 F	30 S	30 Þ	30 F			30 M	30 L	30 Þ
31 S		31 F		31 M	31 L			31 Þ	31 S	

Samkvæmt kjarasamningi Kennarasambands Íslands og Launanefndar sveitarfélaga skulu skóladagar nemenda vera 180 á tímabilinu 20. ágúst til 10. júní.  
Sérstakir starfsdagur kennara á starfstíma nemenda eru fimm (rauðir). Starfsdagur kennara utan starfstíma nemenda eru 8 (bláir dagar á skóladagatali).  
Skólanefnd skal staðfesta áætlun um starfstíma skóla



### Fylgiskjal 3

#### Skipurit Sjálandsskóla skólaárið 2007 - 2008



## Fygliskjal 4

# Námsferð kennara og þroskaþjálfra Sjálandsskóla, ágúst 2007

## Áhersla

Áhersla ferðarinnar var á útikennslu og vettvangsnám í grunnskóla. Ákveðið var að fara til Noregs þar sem að Normenn hafa á liðnum árum þróað markvissa starfshætti í útikennslu og hafa skólar þar jafnvel sérstakan útikennsludag í viku hverri. Þar sem að útikennslan í Noregi fer að mestu fram í skógi í útjaðri skólalóða þótti okkur einnig rétt að skoða hvernig útikennslu er háttað í námunda við fjöru. Kemur það til vegna staðsetningar Sjálandsskóla, við Arnarnesvog og Gálgahraun.

## Markmið

- Að efla þekkingu og færni kennara Sjálandsskóla í skipulagi og framkvæmd útikennslu.
- Að fræðast um hvernig Normenn hafa á liðnum árum byggt upp útikennslu á grunnskólastigi.
- Að stilla saman strengi starfshópsins í byrjun starfsárs.

## Gisting og ferðir

Flogið var með Flugleiðum.

Komið var til Noregs miðvikudaginn 15. ágúst og farið til baka sunnudaginn 19. ágúst. Gist var á Thon Hotel Slottsparken, 0166 Oslo (Tel: 23 25 66 00). Hótelíð er vel staðsett, rúmgott og snyrtilegt. Tryggara er að láta vita að óskað sé eftir reyklausum herbergjum. Í þeim herbergjum sem þrír gistu í var einn settur á bedda og gekk það en ekki mikið meira en svo. Óhætt er að mæla með hótelinu.

Rútufyrirtæki kom okkur milli flugvallar og hótels, sem og á alla vettvangsstaðina. Öll viðskipti við fyrirtækið gengu snurðulaust, rúturnar afar vandaðar og rúmgóðar. Bílstjórnarnir voru afar stundvísir. Óhætt að mæla með viðskiptum við fyrirtækið.

Arnor E. Jenssen Turbusstransport  
v/ Frode  
telf: + 47 67973080  
faks: + 47 67973081  
frode@jenssenturbuss.no  
www.jenssenturbuss.no

Akstur og allur kostnaður vegna dagskrár var greiddur af Sjálandsskóla.

## Dagskrá

Fimmtudagur 16. ágúst  
9-12. Heimsókn í Rustadskóla  
13-16 Heimsókn í Sjóskólann

Föstudagur 17. ágúst  
8 – 12:30 Heimsókn í Lutvannskóla  
13 – 16. Heimsókn í Tæknisafnið

### **Rustad skole**

Paal Bergs vei 30  
0692 Oslo  
Tel: 23 38

Trond Carlsson, skólastjóri tók á móti okkur. Reyndar hætti hann störfum í sumar en beðið var um að hann tæki á móti okkur vegna reynslu sinnar í Rustad skóla og reyndar einnig í Lutvann skóla.

Rustad skóli er fyrir 1.-7. bekk og hefur lagt nokkra áherslu á útikennslu í starfi sínu. Trond fjallaði um hugmyndafræðilegan grunn útikennslunnar og sína sýn á starfið í Rustad- og Lutvann-skóla. Einnig var skólalóðin skoðuð ásamt Lavvo (samtjald) sem notað er í útikennslu.

### **Oslo Sjöskole**

Hovedøya  
22 67 87 27

Tor Marthinsen, skólastjóri tók á móti okkur á skólaskútunni og stýrði henni til Hovedøya þar sem sjóskólinn er starfræktur. Sjóskólinn er miðstöð kennslu í sjósiglingum fyrir börn í grunnskólum Oslóborgar (þjónustuskóli). Einnig er lögð áhersla á að fræða nemendur um líf í fjöru. Tor sagði okkur frá starfi skólans, sýndi okkur helstu verkefni og einnig fengum við að prófa útbúnað.

### **Lutvann skole**

Dr. Dedichensvei 75  
0675 Oslo  
Tel. 22820800

Liv Sommer Holmen, deildarstjóri, tók á móti okkur. Lutvann skole tók útikennslu upp á arma sína árið 1995 og var einn af þróunarskólum í útikennslu. Liv fjallaði um hugmyndafræði starfsins og kynnti okkur verkefnagrunninn. Þá fórum við í útkennslustofuna sem er úti í skógi og glímdum þar við fjölbreytt verkefni. Hápunktur heimasóknarinnar var máltíð sem við elduðum yfir opnum eldi. Fyrir þessa heimsókn greiddum við 3.000 n.kr.

### **Norsk Teknisk Museum**

Kjelsåsveien 143  
0491 Oslo

Deildarstjóri fræðsludeildar safnsins tók á móti okkur og gekk með okkur í gegnum það. Kennarar glímdu við margvíslegar þrautir og fengu að upplifa undur eðlisfræðinnar í fjölbreyttum „leiktækjum“ líkt og finna má í tæknihluta

*Fjölskyldu og húsdýragarðsins.* Í lok heimsóknar var safnverslunin skoðuð. Þar er ýmis sniðugur varningur til sölu sem hentar til kennslu í raungreinum, vettvangsferðum sem og heima í skóla.

## Samantekt

Markmið ferðarinnar náðust öll og heppnaðist hún í alla staði vel. Nokkur skörun var milli heimsóknanna í Rustad- og Lutvann-skóla en kom það ekki að sök þar sem að nálgun viðfangsefnisins var ólík hjá þeim Liv og Trond. Heimsóknin í Lutvann reyndist sá hluti ferðarinnar sem stendur helst upp úr varðandi útikennisufraeðin. Við fengum mikið af gagnlegum og hagnýtum upplýsingum í öllum heimsóknunum og hugmyndafræðilegur grunnur okkar þéttist mjög. Ferðin mun án efa verða lyftistöng fyrir framkvæmd útikennslu og vettvangsnáms í Sjálundsskóla.

## Fylgiskjal 5

### **Skipt deildarstjórn Starfshluti: Heimilisfræði**

#### **Umsjónarmaður: Íris Björk Baldursdóttir**

Starfið fólst í að halda utan um heimilisfræðigögn, fylgjast með umgengni í eldhúsunum, safna gögnum fyrir heimilisfræðikennslu o.fl. Mikill tími fór í að taka til og koma hlutunum á rétta staði. Eldhúsin eru litamerkt og áhöldin sem þeim fylgja einnig. Eldhúsið á efra svæði er rautt eldhús og því eru áhöldin í því eldhúsi merkt rauðu. Eldhúsið á neðra svæði er merkt blátt. Í vetur kom ég af stað heimilisfræðivagni þannig að þegar verið er að vinna í eldhúsunum á að vera hægt að nálgast það sem vantar á þennan vagn, en ekki fara í önnur eldhús í húsinu. Allt sem er á vagninum er merkt grátt. Þetta gekk ágætlega til að byrja með en fljótlega fóru áhöldin af stað úr eldhúsunum og af vagninum öll í rugling. Brýna þarf fyrir starfsfólki að ganga betur um eldhúsin og vagninn þannig að auðveldara sé fyrir okkur að nota eldhúsin.

Ákveðið var að versla þurrvöru inn í stærri og jafnframt hagstæðari einingum. Í ljós kom þó að við gætum ekki verslað við heilidsölu vegna þess að magnið var ekki nógu mikið, þannig að við keyptum stórar pakkningar í Bónus. Það sem keypt var til að eiga í geymslu í kjallara var hveiti, heilhveiti, lyftiduft, sykur, kakó, bökunarpappír, salt, haframjöl og þurrger.

Safnast hefur þónokkuð af uppskriftum í vetur, en starfsmenn voru hvattir til að plasta þær uppskriftir sem verið var að nota þannig að hægt væri að nota þær aftur. Þessum uppskriftum var safnað saman í tímaritabox í vinnuherbergi starfsmanna.

Í vetur voru heimilisvikur í öllum árgöngum fyrir og eftir jól. Þá er unnið að markmiðum heimilisfræðinnar úr Aðalnámskrá grunnskóla. Unnin eru verkefni bæði í skólanum og heima.

### **Starfshluti: Listir – myndlist/textil, þar með talið efni og áhöld á heimsvæðum og skreytingar í skólanum.**

#### **Umsjónarmaður: Kristín Guðbrandsdóttir**

Listir – myndlist/textil, þar með talið efni og áhöld á heimsvæðum og skreytingar í skólanum var einn deildarstjórahluti fyrir áramót. Tíminn skiptist gróflega svona niður: 10 klst tók að koma upp málningaraðstöðu á heimasvæðunum. Rúmlega 12 klst fóru í að halda textílstofunni í horfinu. Þá er ekki talinn með tíminn sem fór í að hengja upp myndir á göngum skólans. Þetta eru rúmlega 22 klst fyrir október og nóvember en deildarstjórinn var í veikindaleyfi í desember. Ekki tókst að taka myndmenntastofuna í gegn fyrir jól.

Verkefnið var allt of stórt fyrir tímamagninu sem áætlað var í það. Það gekk ekki upp að halda tveimur listastofunum í horfinu ásamt því að sjá um heimasvæði og skreytingar á 8 klst á mánuði. Lagt var til að verkefninu yrði skipt upp í tvo hluta eftir áramótin.

#### **Eftir áramót**

### **Starfshluti: Efni og áhöld á heimsvæðum til skapandi starfs og umsjón textílstofu. Umsjónarmaður: Kristín Guðbrandsdóttir**

Eftir áramótin var umfang deildarstjórnarinnar minna og viðráðanlegra m.v. tímamagnið sem áætlað var í starfið. Önnin hófst á tiltekt í textílstofunni eftir forföllin í desember. Verkefnið var tímafrekt sökum mikillar óreiðu, tók u.þ.b. 15 klst. Eftir að allt var komið í samt lag gekk deildarstjórnin vel fyrir sig. Málningaraðstaða á heimasvæðum var yfirvarin 1x í viku og fyllt á eftir þörfum. Aðra hverja viku var lögð áhersla á að yfirfara óhjákvæmilega óreiðu í textílstofunni, s.s. í garnskúffum, efnisskápum, prjónaskúffu o.fl.

## **Starfshluti: Smiðjur og náttúrufræði**

### **Umsjónarmaður: Berglind Þórisdóttir**

#### **Smiðjur**

Hlutverk deildastjóra smiðjuvinnunnar var sú að halda utan um þau verkefni sem unnin voru.

Útbúin var mappa undir heitinu „smiðjur“ á sameign. Þar skiluðu umsjónamenn smiðjanna inn verklýsingu úr sinni smiðju ásamt öðrum skjölum sem fylgdu smiðjuvinnunni. Öðrum gögnum sem ekki voru á tölvutæku formi var komið fyrir í pappamöppu inn á vinnuherbergi kennara.

#### **Náttúrufræði**

Hlutverk deildastjóra náttúrufræðinnar var sú að hafa yfirsýn yfir þau verkefni sem einstaka kennarar og kennarahópar voru að vinna að í tengslum við náttúrufræði.

Verkefnin sem deildastjórinn vann á árinu voru:

Að koma öllum gögnum sem tengdust verkefnum í náttúrufræði fyrir í þar til gerða möppu inn á sameign.

Að hafa umsjón með öllum efnum og áhöldum sem tilheyra náttúrufræðikennslu í skólanum.

Merkja og raða á rétta staði efnum og áhöldum í náttúrufræðistofunni.

Koma til skila ýmsum upplýsingum til starfsfólks frá umhverfisráðuneytinu.

#### **Fyrir áramót**

### **Starfshluti: Grænfánaverkefni og náttúrufræðigögn.**

#### **Umsjónarmaður: Guðrún Dóra Jónsdóttir**

Grænfánaverkefnið – Byrjað var á því að fara yfir öll gögn sem eru til um það hvernig á að bera sig að áður en hægt er að sækja um Grænfánann. Þá farið yfir það hvað betur mætti fara í skólanum og m.a. voru flokkunarkassar endurmerktir með þeim hætti að auðveldara væri fyrir nemendur að átta sig á í hvaða kassa ætti að henda. Staðlaður gátlista var yfirfarinn með það að markmiði að starfsmenn og nemendur þyrftu að bæta sig í umhverfshugsun. Í ljós kom að skólinn stendur vel að vígi í umhverfismálum út frá þessum gátlista.

Umsjónarmenn voru skipaðir úr hverjum umsjónarhópi sem báru ábyrgð á því að vel væri gegnið um flokkunarkassana á þeirra svæði. Þessir nemendur komu á fund og reifaðar voru hugmyndir þeirra hvað mætti betur fara í umhverfismálum í skólanum.

Náttúrufræðigögn – Ekki tókst að vinna að skipulagi í náttúrufræðigögnunum vegna tímaskorts.

#### **Eftir áramót**

**Starfshluti: Umsjón í myndmenntastofu.**

**Umsjónarmaður: Guðrún Dóra Jónsdóttir**

Myndmenntastofan – Starfið fólst í því að sjá um að halda skipulagi í myndmenntastofunni í lagi ásamt því að panta inn efni og áhöld. Mikill tími fór í að taka til og ganga frá hlutum, þar sem margir ganga um stofuna. Byrjað var á því að endurskipuleggja í stofunni, færð voru til efni þannig að betri aðgangur skapaðist um þau.

Eftir þetta fólst starfið í því að viðhalda skipulaginu í stofunni og panta þau efni sem þarf hverju sinni.

#### **Starfshluti: Útikennsla**

**Umsjónarmaður: Hrafnhildur Sigurðardóttir**

Hlutverk deildarstjóra var að hafa yfirsýn yfir útikennslu árganga. Inn á sameign (tölvukerfinu) er sér svæði fyrir útikennslu og voru kennarar voru hvattir til þess að færa inn á punkta um þeirra útikennslu. Í kjallara skólans var sett upp geymsla fyrir efni og áhöld tengd útikennslu.

#### **Búnaður**

Á skólaárinu var keyptur/fenginn eftirfarandi búnaður til útikennslu sem geymdur er í útikennslugeymslu skólans í kjallara:

3 topptjöld (8-10 manna og 12-14 manna), eitt með innra tjaldi, botni og hitara

4 bakpokar

muurikka þanna

murrikka pottur

pottasett (stórt)

10 gasprímusar

10 pottasett (lítil)

eldstæði – færanlegt

þrífótur – til að elda yfir opnum eldi

glös og diskar (200 manns)

segl

24 áttavitar og kennsluáttaviti

6 talstöðvar

4 hnífar (tálgunar)

3 axir

gasgrill

4 sjóskoðunartæki

1 neðansjávarmyndavél

bönd

tommustokkar

málbönd

fánar

vagn

8 reiðhjól  
hjólaviðgerðarsett  
skóflur  
hrífur  
arfaklórur

Útikennslubakpokar umsjónarkennara

Í vetur voru útbúnir bakpokar fyrir hvern umsjónarkennara sem hann gat nýtt í útikennslu sinni. Í bakpokanum er:

hitabrúsi  
sjúkrapúði  
strætókort  
kveikjari  
fjölnotahnífur  
götukort af Garðabæ  
neyðarsímaskrá  
kíkir  
vasaljós

### **Verkefni deildarstjóra**

Búa til möppur inn á sameign og hvetja kennara til að setja inn verkefni og punta um sína útikennslu.

Fara í gegnum útikennslukompuna, merkja og koma búnaði fyrir.

Búa til efni sem hægt er að nota í útikennslunni t.d fána, hörð spjöld og verkefni.

Finna til uppskriftir sem hægt er að nota í útiöldun.

Vera með upprifjun á útikennslu og sýningu á þeim búnaði sem skólinn á.

Hjálpa til við að útbúa bakpoka með útikennsludóti fyrir hvern umsjónarhóp.

Hvetja kennara áfram og gefa þeim hugmyndir af verkefnum.

Erfitt var að sjá nákvæmlega hvað árgangarnir voru að fast við í útikennslu.

Deildarstjóri hefði þurft að hafa tíma til að hitta og jafnvel fara með árgöngum í útikennslu.

### **Starfshluti: Umsjón í íþróttum**

#### **Umsjónarmaður: Hrafnhildur Sævarsdóttir**

Fór yfir íþróttáhöldin og tónlistina og keypti inn það sem mér fannst nauðsynlega vanta í janúar þegar ég kom úr leyfinu.

Var með ráðleggingar um áhöld, kaup og notkun á þeim fyrir

heilsdagsgæsluna. Ásamt því að koma á samkomulgi í sambandi við skil á svæðinu að loknum síðasta íþróttatíma dagsins og eins í lok dags. Reyndi að leyðbeina í sambandi við hvað hægt er aðgera í stað boltaleikja.

Lagði áherslu á að það við starfsfólk að það verði að fara vel með hlutina sem tilheyra íþróttunum hvort sem um íþróttakennara er að ræða, nemendur eða aðra sem koma að þessum áhöldum.

Sá mjög oft um að ganga frá áhöldum á rétta staði þegar ég mætti til vinnu,

mjög mikið af boltum tapaðir sem er algjörlega óþolandi. Eins verður

frágangur að vera góður í framtíðinni (skilja við svæðið eins og vil viljum koma að því).



Sá um íþróttadaginn frá a-ö.  
Skráði niður áhaldaeign skólans.  
Talaði við Sigú í sambandi við hvernig ég á að skilja við íþróttaáhöldin og gekk frá áhöldunum.

**Starfshluti: Uppákomur nemenda**  
**Umsjónarmaður: Ólafur Schram**

Deildarstjórn mín fólst í að halda utanum og aðstoða við uppákomur nemenda, söng o.fl. sem gert var á sérstöðum dögum í skólanum s.s. degi íslenskrar tungu, 1.des. jóladagskrá o.fl. Einnig að aðstoða við uppákomur nemenda þegar þeir þurftu. Ég safnaði upplýsingum um þessa daga og dagskrá þeirra frá þeim kennurum sem að þeim komu. Þá aðstoðaði ég nemendur við að útsetja og taka upp tónlist sem þeir notuðu á jólaskemmtun og skipulaggði og hélt utanum tónlistarflutning nemenda í morgunsöng í desember. Einnig kom ég upptökum frá jólaskemmtun yfir á stafrænd DVD form.

Tímamagnið var rúmt en nýttist vel þegar slíkir dagar voru. Þeir voru hinsvegar ekki allar vikur vetrarins.

**Starfshluti: Grænfánaverkefnið**  
**Umsjónarmaður: Berglind Þórisdóttir**

Skólaárið 2007-2008 var annað árið í röð sem skólinn vann að því að fá Grænfánann. Í nefndinni þetta skólaárið sátu Helgi Grímsson, skólastjóri, Sigurður Guðleifsson, húsörður. Formaður nefndarinnar var Guðrún Dóra Jónsdóttir, kennari, fyrir áramót og Berglind Þórisdóttir, kennari, eftir áramót.

Verk nefndarinnar á árinu voru:

Farið var yfir umhverfisgátlista og skoðað hvað mætti gera betur.

Flokkunarkassar voru merktir með myndrænum leiðbeiningum.

Komið var á skipulagi hjá 1.- 4. bekk við frágang ferna og plastílát. Tveir umjónarmenn voru skipaðir úr hverjum bekk, á hverjum degi til að skola fernur og plastílát og ganga frá þeim í réttan flokkunarkassa.

Skipað var í umhverfisnefnd nemenda. Fulltrúar voru einn nemandi úr hverjum umsjónarhóp.

Á fyrsta fundi var kynning á nemendum og starfsfólki nefndarinnar. Á öðrum fundi var farið í gegnum flokkunarstöðvar skólans og athugað hvort verið var

að setja í réttar tunnur. Einnig var rætt hvað mætti bæta. Stórum rustatunnum var þá skipt út fyrir minni undir almennt sorp. Flokkunarstarfið sem fram fer í kjallara skólans var sýnd og kynnt fyrir nefndinni. Ákveðið var að hver umhverfisfulltrúi fylgdist vel með sínum umsjónarhóp og gætti þess að allir væru að flokkar rétt. Að lokum var ákveðið að sá bekkur sem stæði sig best í flokkun fengi peninginn sem þeir spöruðu skólanum í sinn bekkjarsjóð.

Fylgiskjal 6

# Hvert örstutt spor



Niðurstöður foreldrakönnunar í Sjáländsskóla 2007



## Inngangur

Sjálandsskóli í Garðabæ tók til starfa haustið 2005. Skólinn er í útjaðri Sjálandshverfis við Arnarnesvoginn og rennur Hraunsholtslækurinn undir skólann. Á þriðja starfsári voru nemendur í 1.- 7. árgangi og var fjöldi þeirra í byrjun október 161. Garðabæ er ekki skipt í eiginleg skólahverfi og hafa foreldrar því val um í hvaða grunnskóla nemendur stunda nám.

Í lögum um grunnskóla segir að grunnskólinn skuli í störfum sínum leitast við að haga störfum sínum í sem fyllstu samræmi við eðli og þarfir nemenda og stuðla að alhliða þroska, heilbrigði og menntun hvers og eins. Það er markmið grunnskóla að búa nemendur undir líf og starf í lýðræðisþjóðfélagi sem er í sífelltri þróun. Með framangreint að leiðarljósi er hugmyndafræði Sjálandsskóla byggð. Skólahúsnæði Sjálandsskóla er sveigjanlegt og í starfinu er lögð áhersla á einstaklingsmiðað skólastarf og samvinnu nemenda.

Í leiðarljósi Sjálandsskóla segir: „Í Sjálandsskóla miðar umhverfi og starf að því að hver nemandi fái notið sín til fulls undir handleiðslu hóps samhentra starfsmanna. Kennarar hafa miklar væntingar til nemenda um námsárangur og gera til þeirra raunhæfar kröfur um leið og þeir eru hvattir til þess að gera sitt besta, sýna sjálfstæði, áhuga og frumkvæði í námi, starfi og leik. Samhliða því læra nemendur að axla ábyrgð á eigin gjörðum, hjálpa öðrum og sýna sjálfum sér og umhverfi sínu virðingu. Í starfinu er lögð áhersla á að skapa tækifæri til margháttæðra námsaðstæðna og fjölbreyttrar skiptingar í námshópa þar sem til dæmis er tekið mið af mismunandi áhuga, námsstöðu, kyni og námsstíl nemenda. Sköpun, tjáning og lýðræðisleg vinnubrögð eru samofin öllu skólastarfinu og nemendur fá fjölbreytt tækifæri til þess láta vonir sínar og væntingar rætast í námi og leik. Einkunnarorð skólans eru: Að vilja og virða.“

Í starfinu hefur því í fjölmörgum atriðum verið vikið frá því sem einkennir hefðbundinn grunnskóla. Meiri áhersla er á einstaklingsmiðað nám, hópastarf, samþættingu námsgreina, sjálfstæða vinnu nemenda og samkenndu árganga. Daglegar venjur eru einnig að mörgu leyti ólíkar því sem gengur og gerist í skólum t.d. hafa nemendur val um hvort þeir eru inni eða úti í hádegisfrímínútum, morgunsöngur og umsjónarfundir er á hverjum degi. Lögð er áhersla á að nemendur ljúki vinnudegi sínum að mestu í skólanum og því er heimavinna í minna mæli en gengur og gerist.

Í nútíma samfélagi er þess vænst að skólinn starfi í nánum tengslum við foreldra og það er lykill að farsælu skólastarfi að samhugur sé meðal starfsmanna skólans, foreldra og nemenda um skólastefnu. Því þótti mikilvægt að kanna áfram hug foreldra til skólastarfsins líkt og gert var á fyrsta og öðru starfsári skólans.

## Aðferð

Spurningalistinn byggir að mestu á spurningalista sem foreldrar svöruðu í lok nóvember 2005 og lagður fyrir lítillaga endurskoðaður í nóvember 2006. Skólastjóri setti saman þann spurningalista og hafði hann foreldrakannanir

Fræðslumiðstöðvar Reykjavíkur (vor 2004, IMG Gallup) til hliðsjónar við val á spurningum og svarmöguleikum. Spurningalistinn var lesinn yfir af skólaráði Sjálundsskóla en í því eiga sæti: foreldraráð, kennararáð og fulltrúar starfsmanna.

Könnunin var send út í töskupósti til allra foreldra sem áttu nemendur í skólanum í lok nóvember 2007 en þá voru nemendur 161. Könnunin var kynnt í tölvupósti. 121 svar barst og var heildar svarhlutfall því 75,2%. Niðurstöður ættu því að gefa góða mynd af viðhorfi foreldra til þeirra þátta sem spurt var um í könnuninni. Svarhlutfall skiptist á eftirfarandi hátt eftir umsjónarárgöngum:

Tafla 1. Svarhlutfall skipt eftir bekkjum

Bekkur	Hlutfall
1. - 2. bekkur	70,5%
3. - 4. bekkur	61,7%
5. - 6. bekkur	82,1%
7. bekkur	85,3%

Algengast var að mæður svöruðu könnuninni (61%), feður svöruðu í 9% tilvika og báðir foreldrar í 30% tilvika.

Ritari skólans setti svör inn í SPSS tölfræðiforritið og svör við opnum spurningum inn í Exel. Skólastjóri sá um tölfræðilega úrvinnslu í SPSS og Exel og tók saman niðurstöður. Í könnuninni svöruðu foreldrar m.a. hver væri umsjónarkennari barnsins. Í þessari skýrslu eru aðeins birtar niðurstöður miðað við heildarsvörun. Ef umsjónarkennarar fara fram á það geta þeir fengið svör foreldra í eigin umsjónarhópi.

Til þess að skerpa samanburð á milli einstakra þátta var farin sú leið að gefa tilteknum svörum ákveðin stig á fimm bila kvarða. Þannig fékk svarið mjög sammála, mjög ánægð(ur), alltaf vel, hæfilegt 5 stig. Svarið frekar sammála, frekar ánægð(ur) eða oftast vel, fékk 4 stig. Svarið hvorki né, bæði og, stundum vel, fékk 3 stig. Svarið frekar ósammála, frekar óánægð(ur) eða oftast illa, fékk 2 stig. Svarið mjög ósammála, mjög óánægð(ur), alltaf illa 1 stig. Ekki var tekið tillit til svara þeirra foreldra sem töldu sig ekki hafa forsendur til að svara, eða svöruðu ekki. Með þessu móti var hægt að reikna út meðaltals niðurstöður hverrar spurningar.

Í nokkrum spurningum var spurt um hæfi einstakra atriða (t.d. lengd skóladags) ef foreldrar töldu hann hæfilega langan var gefið 5 stig, ef foreldrar töldu hann svolítið of langan eða svolítið of stuttan var svarinu gefið 3,5 stig. Ef foreldrar töldu hann allt of langan eða allt of stuttan var svarinu gefið 1 stig. Hæsta mögulega niðurstaða meðaltals í hverri spurningu gat því verið 5 stig og lægsta mögulega útkoma 1 stig. Í úrvinnslu var stuðst við svokallaðan *Gallupkvarða* sem notaður hefur verið í vinnustaðagreiningum. Í ljósi áratuga rannsókna hjá The Gallup Organization hefur meðaleinkunn verið flokkuð í þrennt og byggist sú flokkun á tengslum starfsánægju og framleiðni

starfsfólks. Og þar sem að skóli er vinnustaður nemenda þótti við hæfi að styðjast við þennan kvarða. Til einföldunar var einnig notast við litamerkingar. Ef meðaltalið var hærra en 4,2 fékk það bláan lit og telst til styrkleika skólans. Fyrir meðaltal á bilinu 3,7 – 4,19 fær það grænan lit og telst starfhæf staða. Fyrir meðaltal lægra en 3,69 er gefin rauður litur og ljóst að aðgerða er þörf.

Hér er á ferðinni breyting á litamerkingum og viðmiðunum frá skýrslum 2005 og 2006. Niðurstöður fyrri ára voru endurreiknaðar með tilliti til nýrra viðmiðunar og fylgja í umfjöllunni hér á eftir. Samantekt allra þessara spurninga er viðauki 1.

## Niðurstöður

Mikill meirihluti foreldra (95%) telur sig geta mælt mjög vel eða frekar vel með skólanum til annarra foreldra (meðaltal 4,70) eins og sjá má á mynd 1.

Mynd 1.



### Menntastefna

Í fyrsta hluta könnunarinnar var spurt um ýmsa þætti sem kalla mætti menntastefnu skólans s.s. hversu vel Sjáländsskóli nái í starfi sínu að vinna að meginmarkmiðum grunnskólastarfs þ.e. “að búa nemendur undir líf og starf í lýðræðisþjóðfélagi sem er í sífelldri þróun”. Einnig voru foreldrar spurðir um hversu vel eða illa einkunnarorð skólans birtist í daglegu starfi. Þá var spurt um hversu vel sé tekið tillit til þeirrar forþekkingar sem nemandinn hefur við upphaf náms. Í skólastarfinu er lögð áhersla á að vinna að samvinnuverkefnum sem skilað er í áþreifanlegri afurð og að nemendur vinni verkefni sem tengjast náttúru, menningu og samfélagi skólans (Garðabæjar

og umhverfi hans) og voru foreldrar spurðir um hversu vel þessar áherslur birtist í daglegu skólastarfi.

Almennt má segja að foreldrar sjái menntastefnu skólans birtast í daglegu skólastarfi eins og sjá má í töflu 2. Foreldrar eru almennt sammála þeirri hugmynd að þátttaka í heimilisstörfum sé hluti af heimavinnu nemenda og telja að börnin séu oftast að fást við verkefni við hæfi og tekið sé tillit til forþekkingar þeirra við skipulag náms.

Tafla 2. Menntastefna skólans

Spurning	Meðaltal		
	2007	2006	2005
Hvernig tekst að tengja skólann menningu og samfélagi	4,47	4,51	4,49
Hvernig tekst til um samvinnuverkefni með sjáanlegri afurð	4,44	4,41	4,49
Heimilisstörf séu hluti af heimavinnu nemenda	4,38	4,52	4,5
Vinna skólans í anda markmiða grunnskólalaga	4,33	4,38	4,53
Sýnileiki einkunnarorða skólans í daglegu skólastarfi (vilja - virða)	4,23	4,29	4,5
Hversu vel er tekið tilliti til forþekking nemenda við upphaf náms	4,12	4,12	4,11
Hversu vel tekst til að láta nemandann fást við verkefni við hæfi	3,92	4,09	4,1

### Viðmót, líðan, stjórnun

Foreldrar gefa viðmóti starfsmanna mjög góða einkunn og líðan nemenda er almennt góð í skólanum (sjá töflu 3). Það sama má segja um stjórnun skólans og umönnun starfsmanna.

Tafla 3. Viðmót starfsmanna og líðan nemenda

Spurning	Meðaltal		
	2007	2006	2005
Viðmót umsjónarkennara við barn	4,74	4,64	4,69
Viðmót umsjónarkennara við foreldri	4,71	4,74	4,75
Viðmót starfsmanna við barn	4,66	4,59	4,71
Viðmót starfsmanna við foreldri	4,64	4,72	4,76
Að ná sambandi við umsjónarkennara	4,57	4,71	4,62
Stjómun skólans	4,48	4,62	4,58
Líðan barns á leið til og frá skóla	4,37	4,43	4,44
Eftirlit umsjónarkennara með frammistöðu	4,37	4,42	4,34
Gæði almennrar umönnunar í skóla	4,28	4,39	4,63
Líðan barns í skóla	4,21	4,23	4,32
Líðan barns í matmálstíma	4,18	4,31	4,39
Líðan barns í útvist og frímínútum	4,12	4,24	4,24

### Upplýsingagjöf

Foreldrar eru almennt sáttir með upplýsingastreymi kennara um bekkjarstarfið og viðburði í skólanum. Öllu lægri einkunn fá upplýsingar um námslega stöðu og námsáætlanir.

Tafla 4. Upplýsingastreymi

Spurning	Meðaltal		
	2007	2006	2005
Upplýsingastreymi umsjónarkennara um þekkingarstarf	4,55	4,59	3,97
Upplýsingar um viðburði í skóla	4,29	4,38	4,22
Upplýsingar á heimasíðu	4,14	4,48	4,19
Upplýsingastreymi umsjónarkennara um líðan	4,01	4,12	4,01
Upplýsingar um félagslega stöðu	3,95	4,12	3,86
Upplýsingastreymi umsjónarkennara um námsframvindu	3,87	4,09	3,72
Upplýsingar um námsáætlanir	3,76	4,02	3,67
Upplýsingar um námslega stöðu	3,74	3,9	3,57

### Kröfur til nemenda og agi

Flestir foreldrar telja að félaglegar og námslegar kröfur í skólanum séu hæfilegar en nokkuð stór hópur telur að námskröfur séu svolítið of litlar eða allt of litlar (27,3%) Foreldrar virðast nokkuð sáttir við agann í skólanum og telja 73,6% hann hæfilegan þó svo að all nokkrir (20,7%) telji hann svolítið of lítinn eða allt of lítinn. Engum finnst aginn í skólanum of mikill. Hæfilegar kröfur til nemenda og agi teljast engu að síður til styrkleika skólans. Þessar spurningar eru í þessari könnun settar upp í fimm bila kvarða (allt of mikill, svolítið of mikill, hæfilegur, svolítið of lítill eða allt of lítill) en hafa í tveim fyrri könnunum verið í þriggja bila kvarða (of mikill, hæfilegur, of lítill). Því er ekki beitt samanburði milli ára ( sjá töflu 5. )

Tafla 5. Kröfur til nemenda og agi


Spurning	Meðaltal
	2007
Félagslegar kröfur	4,89
Agi í skólanum	4,46
Námslegar kröfur	4,34
Heimavinna	3,92

### Heimavinna

Í starfi Sjáländsskóla er lögð áhersla á að nemendur nýti skólann sem vinnustað sinn og að heimavinna sé fyrst og fremst lestur. Flestir foreldrar álíta að heimavinna nemenda sé hæfileg. Stór hópur foreldra telur hins vegar að heimavinna nemenda sé of lítill eins og sjá má á mynd 3 og töflu 5.




Mynd 3.



### Frímínútur

Sú stefna hefur verið við lýði að nemendur hafi val um það hvort þeir væru inni í skólanum eða úti á skólalóðinni í hádegisfrímínútum. Samkvæmt könnuninni eru foreldrar mjög ánægðir með þetta fyrirkomulag (4,64) eins og sjá má á mynd 4.

Mynd 4.




### Skóladagur og skólaár

Í Sjáländsskóla er skóladagur allra nemenda frá kl. 8:15 – 14:05. Er þetta breyting frá því á seinasta skólaári þar sem að byrjun skóladags var færð fram um 10 mínútur. 55,4% foreldra eru ánægð með þessa breytingu og 9% eru

óánægðir (3,79). Skólahúsið opnar kl. 7:30 og að loknum skóladegi er starfrækt tólmstundaheimili til kl. 17.15. Skóladagur allra nemenda er jafnlangur, þannig er skóladagur yngri nemenda svolítið lengri en gengur og gerist í öðrum skólum í Garðabæ en skóladagur eldri ívið styttri. Mikil sátt er meðal foreldra um lengd skóladagsins þar sem að 91,7% telja hann hæfilega langan (4,82).

Skoðanir foreldra um lengd skólaárs eru eilítið skiptar. Meirihluti foreldra telur engu að síður að skólaárið sé hæfilega langt (sjá mynd 5).

Mynd 5.



### Foreldrasamstarf og foreldrafundir


Í upphafi skólaárs komu nemendur og foreldrar þeirra í viðtal við umsjónarkennara. Í október og nóvember komu foreldrar í viðtöl við kennara eftir að kennslu lauk. Í könnuninni var spurt um á hvaða hátt foreldraviðtölum sé best fyrir komið. 25,8% foreldra vilja sérstaka foreldraviðtalsdaga þar sem allir foreldrar hitta umsjónarkennara en 73,3% vilja að foreldraviðtölum sé dreift yfir skólaárið eftir samkomulagi kennara og foreldra.

Foreldrar voru spurðir um hvort þeir vildu hafa svipuð, meiri eða minni áhrif á skólastarf en nú er. Almenn sátt virðist vera um núverandi fyrirkomulag (foreldraráð, foreldrafélag, starf í umsjónarhópi) þar sem að 91,7% vilja hafa svipuð áhrif. 8,3% vilja hafa meiri áhrif en enginn minni.

### Unglingastig og félagsstarf

Almennt eru foreldrar sammála því að bjóða eigi upp á skólastarf á unglingsstigi í Sjálandsskóla (4,43 - sjá einnig mynd 6) og styðja það að meira félagsstarf sé í boði í skólanum að loknum skóladegi (4,26)

Mynd 6.




### Matarmál

Í Sjálundsskóla er ætlast til þess að nemendur taki með sér ávexti eða grænmeti í morgunneisti og eru flestir vel sáttir við það fyrirkomulag (4,29). Foreldrum stendur til boða að kaupa heitan mat fyrir börn sín í áskrift og ef þeir kjósa það þá verða þeir að kaupa mat alla daga (geta ekki valið af matseðli). Maturinn er aðsendur og er fülleldaður í skólanum og að auki hafa nemendur aðgang að salatbar. Maturinn er borinn á borð og nemendur skammta sér sjálfir. Mikill meirihluti nemenda er í mataráskrift eða 82,6% af þeim sem svöruðu. Einu atriðin í þessari könnun sem fara á aðgerðabil varða matarmál (sjá töflu 6 og mynd 7).

Tafla 6. Matarmál

Spurning	Meðaltal		
	2007	2006	2005
Ávexta- og grænmetisneisti	4,29	4,32	4,45
Heitur matur alla daga	3,39	3,84	3,83
Gæði heits matar	3,25	3,06	3,52
Verð á skólamáltíðum	3,23	3,26	3,61

Mynd 7.



### Alþjóðskólinn

Á seinasta skólaári hóf Alþjóðaskólinn starf í húsnæði Sjáländsskóla. Nemendur hans starfa í hópum inni á heimasvæðunum og eru þeir með nemendum Sjáländsskóla að nokkru í list og verkgreinum, matmálstímum, frímínútum og útivist. Þá njóta nemendur Sjáländsskóla að nokkru kennslu í ensku frá kennurum Alþjóðaskólans. Samkvæmt niðurstöðum könnunarinnar er almenn ánægja með þessa tilhögun (meðaltal 4,27 var 4,50 árið 2006).

### Tómstundaheimili


Að loknum skóladegi nemenda stendur þeim til boða að taka þátt í starfi tómstundaheimilis. Í könnuninni voru foreldrar beðnir um að meta ýmsa þætti í starfi þess. Niðurstöður benda til almennrar ánægju foreldra með tómstundaheimilið eins og sjá má í töflu 7. Öll atriði sem varða tómstundaheimilið eru á styrkleikabili.

Tafla 7. Tómstundaheimili

Spurning	Meðaltal		
	2007	2006	2005
Samskipti tómstundaheimilis við þig	4,61	4,76	4,8
Samskipti tómstundaheimilis við barnið	4,57	4,68	4,64
Líðan barns í tómstundaheimili	4,54	4,53	4,56
Eftirlit með barninu í tómstundaheimili	4,46	4,32	4,68
Ertu ánægð / óánægð með eftirmiðdagsmáltíð í tómstundaheimilinu	4,41		
Viðfangsefni í tómstundaheimili	4,36	4,53	4,6

### Opnar spurningar


Í könnuninni var spurt um hvaða þætti foreldrar vilja hafa áhrif á. Ekki svöruðu margir þessari spurningu. Niðurstöður má sjá á mynd 8. Svör foreldra eru viðauki 2.



Mynd 8.

Í lok könnunarinnar voru foreldrar beðnir um að nefna eitt til þrjú atriði sem þeir eru sérstaklega ánægðir með í starfi Sjáländsskóla. Flestir nýttu tækifærið og bentu á þætti sem þeir eru ánægðir með í starfi skólans en helst var minnst á atriði sem varða skólastefnu og kennsluhætti, samskiptin í skólanum og útikennslu eins og sjá má á mynd 9. Svör foreldra eru viðauki 3.


Mynd 9.




Einnig voru foreldrar beðnir um að nefna eitt til þrjú átriði sem þeir eru sérstaklega óánægðir með í starfi skólans. Margir kus að láta þessari spurningu ósvarað en þeir sem það gerðu nefndu m.a. atriði sem varða nám

og kennslu, matarmál og aðbúnað á lóð og húsnæði eins og sjá má á mynd 10. Svör foreldra eru viðauki 4.

Mynd 10.



Þá voru foreldrar beðnir að tilgreina atriði sem þeir teldu að væru sérstaklega til bóta fyrir starfið í Sjálundsskóla. Flestar ábendingar vörðuðu kennslu og kennsluhætti, aðbúnað og matarmál eins og sjá má á mynd 11. Svör foreldra



eru viðauki 5.

Mynd 11.

## Umræða

Í hugmyndafræði Sjálandsskóla er lögð áhersla á sveigjanlegt skólastarf, lýðræðisleg vinnubrögð, einstaklingsmiðað nám og speglun náttúru, samtíðar og samfélags í skólastarfinu. Starfið fer fram í anda meginmarkmiða grunnskólalaganna undir einkunnarorðunum: Að vilja og virða. Skóli með ferska hugmyndafræði laðar gjarnan til sín eldhuga, fólk sem hefur brennandi áhuga á að takast á við nýjungar og láta draum um góðan skóla rætast.

Almennt má álykta sem svo að foreldrar séu mjög sáttir við starfið í Sjálandsskóla. Starfshópurinn fær góðan vitnisburð og er ljóst að foreldrar álíta að í Sjálandsskóla starfi afar hæft starfsfólk sem leggur alúð í starf sitt og samskipti sín við nemendur og foreldra. Það hefur tekist að byggja upp jákvæðan og hvetjandi skólabrag. Foreldrar taka það skýrt fram hvað börnum þeirra líður að öllu jöfn vel í skólanum.

Meginþættir einstaklingsmiðunar og sveigjanlegs skólastarfs hugnast foreldrum vel og telja þeir að mjög vel eða frekar vel hafi tekist til um eftirtalda þætti:

- Verkefni nemenda tengjast náttúru, umhverfi, menningu og nærsamfélagi skólans
- Nemendur fást við samvinnuverkefni sem skila áþreifanlegri afurð
- Skólastarf er í anda markmiðsgreinar grunnskólalaga
- Í starfinu endurspeglast einkunnarorð skólans: Að vilja og virða
- Lögð er áhersla á samþættingu námsgreina í þeim.
- Reynt er að taka tillit til forþekkingar og áhuga nemenda í verkefnavali
- Nemendur glíma við verkefni við hæfi.
- Nemendur starfa í aldursblönduðum hópum.

Almenn ánægja er með ýmsar ákvarðanir sem teknar hafa verið s.s.:

- Útikennsla og vettvangsferðir eru snar þáttur í skólastarfinu
- Dagurinn hefst á morgunsöng og morgunumsjón
- Nemendur hafa val um inniveru eða útiveru í hádegisfrímínútum
- Tímasetning foreldraviðtala er sveigjanleg
- Skóladagur allra barna er jafn langur
- Skólinn er vinnustaður nemenda og heimavinna er einstaklingsmiðuð og stillt í hóf.
- Heimilisstörf eru hluti af heimavinnu nemenda

Þá fær starfsemi tómstundaheimilis sérstakt lof hjá foreldrum.

Eins og áður segir þá þarf að sýna varúð þegar niðurstöður kannana 2007, 2006 og 2005 eru bornar saman. Að hluta er um tvo ólíka hópa að ræða og eins að foreldrar eru orðnir vanir tilteknum vinnubrögðum og áherslum.

Fjölmörg atriði í starfi skólans hafa öll þrjú starfsár hans talist til styrkleika hans. Þeir þættir lúta flestir að viðmóti starfsmanna, starfs í anda menntastefnu skólans, og starfs í tómstundaheimili skólans, Sælukoti. Áberandi er hversu margir foreldrar tilgreina áherslu á útikennslu sem sérstakt ánægjuefni. Gefur þetta skólanum byr undir báða vængi þar sem að starfshópurinn hefur lagt sérstaka áherslu á þróun útikennslu á þessu

starfsári. Þá er mikill stuðningur foreldra við það að bjóða upp á starf á unglíngastigi í skólanum og auka félagsstarf skólans.

Nokkur atriði falla á starfshæft bili og hefur atriðum á þessu bili fjölgað frá því á seinasta skólaári. Þau atriði varða upplýsingastreymi frá skólanum, líðan nemenda, heimavinnu ofl. Þessi atriði þarf að taka upp í starfshópnum og skólaráði til þess að leita leiða til þess að gera enn betur. Þó á eftir að greina þessar upplýsingar eftir einstökum árgöngum, það gæti breytt heildarmyndinni.

Í ljósi niðurstaðna er þó vert að velta eftirfarandi hugmyndum upp:

### **Upplýsingar á heimasíðu**

- Koma á betra skipulagi innanhúss á upplýsingaflæði til umsjónarmanns vefsíðu þannig að þar birtist alltaf það sem máli skiptir
- Með nýju vefsíðukerfi sem tekið verður í notkun fljótlega verður auðveldara fyrir kennara að koma efni frá sér á heimasíðuna
- Stofna fjölmiðla- og tækniklúbb nemenda sem hefði það hlutverk að afla fréttu af skólastarfinu, taka ljósmyndir og kvikmyndir af skólastarfinu, koma upplýsingum (fréttum, ljósmyndum, kvikmyndum) á heimasíðuna

### **Líðan barns í matmálstíma:**

- Kanna betur meðal nemenda með hvaða hætti er hægt að auka vellíðan þeirra í matartíma.
- Setja starfsmenn á borð með ákveðnum hópum

### **Heimavinna:**

- Skerpa enn frekar áherslu á heimalestur (gera hann markvissari)
- Leggja meiri áherslu á einstaklingsmiðaða heimavinnu
- Auka heimavinnuálag eftir aldri nemenda
- Gera reglulega heimakannanir í stærðfræði og íslensku

### **Forþekking við upphaf náms**

- Leggja fyrir kannanir í upphafi þema á þekkingu, skilningi og færni nemenda varðandi viðfangsefnið og nýta niðurstöður í verkefnavali í þemavinnunni

### **Líðan barns í útivist og frímínútum**

- Kanna betur meðal nemenda með hvaða hætti er hægt að auka vellíðan þeirra í útivist og frímínútum.

### **Gæði leikaðstöðu á lóð**

- Bæta við leiktækjum þar sem nú er leiksvæði leikskólans sumarið 2008
- Tvískipta nemendahópnum í útivist frá og með hausti 2008

### **Upplýsingastreymi umsjónarkennara um líðan**

- Umsjónarkennarar fjalli um líðan og samskipti nemenda í vikupóstum og upplýsi foreldra strax ef þeir verða varir við vanlíðan hjá einstökum nemendum og leiti leiða með þeim og samstarfsfólki til úrbóta

### **Verkefni við hæfi**



- Kennarar skerpi enn frekar einstaklingsmiðaðar áherslu og leggi ríkari áherslu á krefjandi verkefni við hæfi hvers og eins.

#### **Upplýsingastreymi kennara um námsframvindu**

- Kennarar séu vakandi fyrir því að upplýsa foreldra og nemendur um námsgengi og upplýsi foreldra reglulega um námsframvindu nemenda (t.d. strax að loknu þemauppgjöri, niðurstöður heimakannana ofl.)

#### **Upplýsingar um námsáætlanir**

- Upplýsa foreldra með skýrum hætti í vikupóstum hvaða námsmarkmið eru fyrirbyggjandi, upplýsingar um einstaka viðburði eru ekki nægjanlegar.

#### **Upplýsingar um námslega stöðu**

- Kennarar séu vakandi fyrir því að upplýsa foreldra og nemendur um námsgengi og upplýsi foreldra reglulega um námsframvindu nemenda (t.d. strax að loknu þemauppgjöri, niðurstöður heimakannana ofl.)

Í könnuninni koma víða fram ábendingar um að skerpa megi agann í skólanum þó svo að heildarniðurstaða falli á aðgerðabil. Í byrjun desember setti starfsfólkið saman áætlun um viðbrögð við hegðunarfrávikum. Standa vonir til þess að þessi áætlun skerpi á aga í skólanum.

Á þessu skólaári var tekin sú ákvörðun að flýta upphafi skóladags um 10 mínútur (8:15 í stað 8:25). Var það gert til þess að auka tíma starfsfólks til samstarfs og samráðs að loknum skóladegi og eins til þess að auka ró og frið í upphafi skóladags þar sem að svo margir nemendur voru komnir í skólann upp úr kl. 8. Spurt var um viðhorf foreldra til þessarar ákvörðunar og fellur hún á starfhæft bil. Þessi ákvörðun verður því endurmetin með skólaráði.

Þá er ljóst að fyrirkomulag hádegisverðar í skólanum þarf að skoða betur. Áberandi er að hádegisverðurinn er það atriði skólastarfsins sem helst hefur legið undir ámæli foreldra frá upphafi skólans. Það fyrirtæki sem bæjaryfirvöld hafa samið við um matarmál (Skólamatur) gerði á liðnu ári verulega bragarbót á starfi sínu t.d. með salatbar, endurskoðun matseðla og fullveldun matar í skólanum. Vonandi er þessi óánægja gamall draugur sem á eftir að kveða niður. Öll árin höfum við haft þá reglu að mataráskrift gildi alla daga. Eðlilegt er að ef fólk telur að matur sé of dýr og ekki nógu góður að það vilji “velja bestu dagana”. Þetta væri auðveld leið til að “fela” óánægju. Þessi regla hefur hins vegar gert andrúmsloftið í hádegismat mannvænna og börnin standa ekki í biðröðum að fá matinn sinn og læra að skammta sér sjálf. Það er því einlægur vilji skólastjórnenda til þess að halda fyrirkomulagi mataráskriftar óbreyttu þar til að reynsla er komin af mataráskrift í framleiðslueldhúsi skólans eftir að 2. áfangi rís. Þetta atriði verður engu að síður tekið fyrir í skólaráði.

## **Lokaorð**

Virkt foreldrastarf er einn af hornsteinum góðs skólastarfs og það þarf samtakamátt starfsmanna, foreldra og nemenda til þess að skapa góðan skóla. Svarhlutfall foreldra í þessari könnun var nokkuð hátt og er það ánægjulegt þó svo hlutfall hafi lækkað frá því á seinasta ári. Fljótt á lítið má draga þá ályktun af svörum foreldra að starfið í Sjálandsskóla sé á góðri leið

en engu að síður mikilvægt að nýta sér ábendingar foreldra til þess að gera enn betur í næstu skrefum. Niðurstöður könnunarinnar verða því vegvísir fyrir starfið á vorönn og á næsta skólaári. Nú hefur þessi könnun verið framkvæmd nánast með óbreyttu sniði í þrjú ár. Ef til vill væri eðlilegt að framkvæma þessa könnun á tveggja ára fresti en þess á milli kanna betur afmarkaðri þætti skólastarfsins.

Garðabæ, 18. janúar 2008

Helgi Grímsson, skólastjóri Sjálundsskóla

Viðauki 1.  
Samantekt spurninga á fimm bíla kvaða

	2007	2006	2005	
*Félagslegar kröfur	4,89			Styrkleikabil (> 4,20)
*Lengd skóladags	4,82			
Viðmót umsjónarkennara við barn	4,74	4,64	4,69	
Viðmót umsjónarkennara við foreldri	4,71	4,74	4,75	
Mæla með Sjálundsskóla við aðra	4,70	4,76	4,64	
Viðmót starfsmanna við barn	4,66	4,59	4,71	
Val um að vera inni eða úti í frímínútum	4,64	4,73	4,81	
Viðmót starfsmanna við foreldri	4,64	4,72	4,76	
Samskipti tómsundaheimilis við þig	4,61	4,76	4,8	
Samskipti tómsundaheimilis við barnið	4,57	4,68	4,64	
Að ná sambandi við umsjónarkennara	4,57	4,71	4,62	
Upplýsingastreymi umsjónarkennara um bekkjarstarf	4,55	4,59	3,97	
Líðan barns í tómsundaheimili	4,54	4,53	4,56	
Stjómun skólans	4,48	4,62	4,58	
Menning og samfélag	4,47	4,51	4,49	
Eftirlit með baminu í tómsundaheimili	4,46	4,32	4,68	
*Agi í skólanum	4,46			
Samvinnuverkefni	4,44	4,41	4,49	
*A að bjóða upp á starf á unglíngastigi	4,43			
*Ertu ánægð / óánægð með eftirmiðdagsmáltíð í tómsundaheimilinu	4,41			
Heimilisstörf	4,38	4,52	4,5	
Líðan barns á leið til og frá skóla	4,37	4,43	4,44	
Eftirlit umsjónarkennara með frammistöðu	4,37	4,42	4,34	
Viðfangsefni í tómsundaheimili	4,36	4,53	4,6	
*Námslegar kröfur	4,34			
Markmið grunnskólalaga	4,33	4,38	4,53	
Ávexta- og grænmetisnesti	4,29	4,32	4,45	
Upplýsingar um viðburði í skóla	4,29	4,38	4,22	
Gæði umönnunar í skóla	4,28	4,39	4,63	
Alþjóðaskóli	4,27	4,5		
*A að bjóða upp á meira félagsstarf	4,26			
Vilja virða	4,23	4,29	4,5	
*Lengd skólaárs	4,22			
Líðan barns í skóla	4,21	4,23	4,32	
Líðan barns í matmálstíma	4,18	4,31	4,39	Starfhæft bil (3,7 - 4,19)
Upplýsingar á heimasíðu	4,14	4,48	4,19	
Forþekking við upphaf náms	4,12	4,12	4,11	
Líðan barns í útivist og frímínútum	4,12	4,24	4,24	
Gæði leikaðstöðu á lóð	4,07	4,47	4,54	
Upplýsingastreymi umsjónarkennara um líðan	4,01	4,12	4,01	
Upplýsingar um félagslega stöðu	3,95	4,12	3,86	
*Heimavinna	3,92			
Verkefni við hæfi	3,92	4,09	4,1	
Upplýsingastreymi umsjónarkennara um námsframvindu	3,87	4,09	3,72	
*Haust 2007 byrjaði skólinn 10 mín fyrir	3,79			
Upplýsingar um námsáætlanir	3,76	4,02	3,67	
Upplýsingar um námslega stöðu	3,74	3,9	3,57	
Heitur matur alla daga	3,39	3,84	3,83	Aðgerðabil (< 3,69)
Gæði heits matar	3,25	3,06	3,52	
Verð á skólamáltíðum	3,23	3,26	3,61	
* Nýtt á fimm bíla kvarða				

## Viðauki 2

Þau atriði sem foreldrar vilja hafa áhrif á í starfi Sjálandsskóla, skipt eftir árgöngum

### Námið

- 7. Heimanámið
- 7. Kenna leiklist
- 7. Markvissari eftirfylgni námsárangurs
- 7. Efla íslenskukennslu, sérstaklega æfa ritun texta, riterðarsmíð
- 7. Betri enskukennslu
- 7. Fleiri listgreinatíma
- 5.-6. Að börnin fái krefjandi verkefni við sitt hæfi á hverjum degi til að ögra getu þeirra og þroska
- 5.-6. Heimanámið
- 5.-6. Stundaskrá - samsetningu á kjarnafögum vs. listir - myndmennt - smíði - matreiðslu
- 3.-4. Námshraða barns
- 1.-2. Sögustund á hverjum degi
- 1.-2. Börnin fá allt of lítil tækifæri til að spreyta sig á ritgerðarsmíð, segja sögur o.s.frv
- 1.-2. Of mikil áhersla á listir og föndur á kostnað reiknings og íslensku
- 1.-2. Auka heimavinnu + kröfu til nemenda
- 1.-2. Auka heimanám
- 1.-2. Enskukennslu
- 1.-2. Hafa próf

### Félagslegir þættir

- 7. Forvarnir
- 7. Líðan barnanna - úrvinnsla e. áföll og erfiðleika í þeirra lífi
- 7. Efla félagshæfni og bæta samskiptahæfni þeirra og andlega líðan
- 7. Frístundastarf
- 7. Bæta samskipti nemenda / útrýma einelti
- 7. Félagsþáttinn
- 5.-6. Eineltismál
- 5.-6. Félagslíf barnsins
- 5.-6. Félagslíf barnsins
- 5.-6. Forvarnir (í vímuefnumálum, fjármálum)
- 5.-6. Hvernig nemendur eiga að leysa vandamál sín sjálf.
- 5.-6. Skýrari reglur um afleiðingar neikvæðrar hegðunar (t.d. ljót orð), þó uppbyggilegar
- 1.-2. Brúa betur bilið úr leikskóla í grunnskóla, þ.e aðeins meira utanumhald við yngstu börnin t.d aðstoð við að klæða sig í útiföt
- 1.-2. Við viljum helst hafa áhrif á félagsþroska, vita hvað fer fram og hugsanlega taka þátt líka
- 1.-2. Fá að fylgjast meira með t.d umræðu um hvernig gengur á svæðunum, félagsl. tengsl barna (árekstrar, neikv.samskipti)
- 1.-2. Líðan barnanna
- 1.-2. Forvarnir og að efla andlega og félagslega líðan barnanna

### **Matarmál**

- 5.-6. Matarmálin - betri mat, meiri gæði
- 5.-6. Mikilvægi hollustu
- 5.-6. Að börnin fái hollan mat
- 5.-6. Matarmál
- 5.-6. Fyrirkomulag hádegismáltíða
- 1.-2. Matarmálin - betri mat, meiri gæði
- 1.-2. Matarmálin
- 1.-2. Máltíðir í hádeginu
- 1.-2. Matarmálin

### **Skipulag og eftirlit**

- 7. Meira eftirlit með börnum í frímínútum, í fataklefum og á göngum.
- 5.-6. Vetráfríð - sameina það öðrum bæjar/borgar félögum/hlutum
- 3.-4. Meira eftirlit með börnum í frímínútum, í fataklefum og á göngum þar sem einelti viðgengs
- 1.-2. Fylgjast betur með krökkunum í frímínútum. Heyri allt of margar sögur um stríðni og aldrei er gæsla nálægt MJÖG ÓÁNÆGÐ
- 1.-2. Frístundaheimilið, hvernig skipulag á starfi er þar
  
- 1.-2. Ég treysti starfsfóki Sjálandsskóla mjög vel fyrir skólastarfinu.

### Viðauki 3

Þau atriði sem foreldrar eru sérstaklega ánægðir með í starfi Sjálandsskóla. Skipt eftir árgöngum

#### Skólastefna og kennsluhættir

7. Skipulag
7. Námsefni
7. Þjálfun í sjálfstæðum vinnubrögðum
7. Heimilisfræðikennslan
7. Sveigjanleiki
7. Hópverkefni
7. Þemu
7. Skátastemningin
7. Skapandi starf
7. Heimþing
7. Hópastarfið er frábært
7. Áherslu á samvinnu nemenda
7. Áherslu á heimilisfræði / húsverk heima
7. Alþjóðaskólinn
7. Kennsluaðferðir
7. Tónlistakennslan
5. - 6. Einstaklingurinn fær að njóta sín
5. - 6. Samvinna
5. - 6. Þátttöku í heimilisverkum
5. - 6. Börnin fá mikið val
5. - 6. Kennslan mikið tengd raunveruleikanum
5. - 6. Námsmat
5. - 6. Aldursblöndunin
5. - 6. Tenging kennslu og efnis við raunveruleikann
5. - 6. Námsfyrirkomulagið
5. - 6. Áhersla á tónlist og tónlistarnám
5. - 6. Sveigjanleiki í leik & starfi
3. - 4. Samþætting námsgreina
3. - 4. Námsmatsmappan
3. - 4. Ég ætla að gera mitt besta blaðið
3. - 4. Opið skólastarf
3. - 4. Hreyfanleiki við vinnu
3. - 4. Samþætting námsgreina
3. - 4. Þemaverkefnið (góð til að hafa sömu markmið heima við og eru í verkefnum)
3. - 4. Hvernig kennt er með leikjum
3. - 4. Fjölbreytt námsefni + kennsluaðferðir
3. - 4. Tónlistakennslan
3. - 4. Sveigjanlegar námsaðferðir
3. - 4. Hópverkefni
3. - 4. Hópaskiptingar - ekki hefðbundið bekkjakerfi
3. - 4. Uppbygging námsefnis - það sem ég sé
1. - 2. Heimþing
1. - 2. Sveigjanleiki í skólastarfi

- 1. - 2. Þemamánuðirnir t.d. Kennslan um umf. merkin, Garðabæ og líkamann
- 1. - 2. Frjálsræði
- 1. - 2. Sveigjanleiki í skólastarfi
- 1. - 2. fjölbreyttar kennsluaðferðir
- 1. - 2. Lærdómurinn
- 1. - 2. Markviss kennsla

### **Samskipti, líðan og viðmót**

- 7. Gott viðmót + andrúmsloft
- 7. Gott andrúmsloft
- 7. Viðmótsþýðir nemendur
- 7. Mikil samskipti nemenda við yngri nemendur
- 7. Vel tekið á málum sem koma upp
- 7. Virðing fyrir umhverfi og öðrum nemendum
- 7. Til fyrirmyndar hvað er lagt vel upp úr því að láta nemendur líða sem best í skólanum þ.e.a.s. félagslega og andlega.
- 7. Góður andi í skólanum
- 5. - 6. Metnaður skólans til að gera vel
- 5. - 6. Góður skóli
- 5. - 6. Mikil áhersla á góð samskipti
- 5. - 6. Jákvætt andrúmsloft
- 5. - 6. Umburðarlyndi
- 5. - 6. Góður andi og samskipti milli kennara og nemenda
- 5. - 6. Áherlan á góð samskipti milli nemenda
- 5. - 6. Áhersla á vellíðan nemenda
- 5. - 6. Viðmót kennara til nemenda
- 5. - 6. Samskipti nemenda og kennara sem og skólastjórnendur
- 5. - 6. Áhersla á góða líðan nemenda
- 3. - 4. Setja upp kerfi fyrir krakkana að þau sem bjóða öðrum krökkum að vera með í leikjum ofl. fá verðlaun eða e-h (það þjálfar þau í að vera góð við hvort annað og kynnast öðrum)
- 3. - 4. Hvernig vandamál eru rædd í lok hvers dags (þ.e. ef þau eru) í umsjón, þau eru rædd og leyst.
- 3. - 4. Jákvætt andrúmsloft
- 3. - 4. Auðveldar samskiptaleiðir til kennara
- 3. - 4. Vel er tekið á eineltismálum
- 3. - 4. Hvernig tekið var á eineltismáli
- 3. - 4. Samskipti í tímum milli kennara og barna
- 3. - 4. Opinn samskipti
- 3. - 4. Viðmót kennara
- 3. - 4. Virðing og frelsi fyrir hvern einstakling
- 3. - 4. Hlýtt viðmót
- 3. - 4. Velvild
- 1. - 2. Samskipti milli nemenda og bekkja
- 1. - 2. Jákvætt andrúmsloft
- 1. - 2. Jákvætt viðmót starfsfólks
- 1. - 2. Greinilegt að starfsfólk er ánægt, gott andrúmsloft
- 1. - 2. Áherslan á að börnum líði vel
- 1. - 2. Gott andrúmsloft og afslappað
- 1. - 2. Jákvæðni

1. - 2. Vel tekið á málum í upphafi skólagöngu þegar barnið okkar var ekki að finna sig

### Útikennsla

7. Umhverfið nýtt til kennslu
7. Útikennsla
5. - 6. Útikennsla
5. - 6. Útivera
5. - 6. Útikennsla
5. - 6. Mikil útivera
5. - 6. Útikennsla
5. - 6. Áhersla á umhverfið, náttúru og útvist
5. - 6. Áhersla á útikennslu og það hvernig umhverfið er nýtt í kennslunni
5. - 6. Útikennslan
5. - 6. Útikennsla
5. - 6. Útikennsla
5. - 6. Áhersla á útiveru og tengsl við náttúruna
5. - 6. Útikennslan er góð tilbreyting í skólastarfinu
3. - 4. Útikennslan
3. - 4. Útikennsla er góð tilbreyting í skólastarfinu
3. - 4. Útikennslan
3. - 4. Útvistin
3. - 4. Útikennsla
3. - 4. Útikennsla
3. - 4. Fjölbreytt starf t.d. útikennsla
3. - 4. Útvistin
3. - 4. Kennsla - læra gegnum leik og upplifun s.s. Útikennsla
3. - 4. Útikennsla
1. - 2. Útikennsla
1. - 2. Útikennsla vel heppnuð
1. - 2. Fjöruferðir
1. - 2. Útiveran / útikennslan
1. - 2. Útikennsla
1. - 2. Tenging við náttúru
1. - 2. Útikennsla
1. - 2. Útikennslan
1. - 2. Útikennslan
1. - 2. Útikennslan
1. - 2. Hvernig umhverfið utan skólans er nýtt í kennslu
1. - 2. Útikennslan og útiveran

### Aðbúnaður

7. Kajakklúbburinn
7. Opnar stofur
7. Námsaðstaða mjög góð
5. - 6. Námskeið + tómstundir sem boðið er uppá strax eftir skóla
5. - 6. Umhverfi
5. - 6. Aðbúnaður
5. - 6. Fiskabúrið og umsjón þess
5. - 6. Frábært tæki og aðbúnaður í skólanum



- 5. - 6. Kajakar
- 3. - 4. Nálægð við fjöruna
- 3. - 4. Húsnæði
- 3. - 4. Húsnæði
- 3. - 4. Staðsetning skólans og hvernig tekst að tengja námið við náttúruna, sjóinn, kajaka ofl.
- 3. - 4. Dýrin
- 1. - 2. Námsaðstaða mjög góð
- 1. - 2. Umhverfið
- 1. - 2. Aðbúnaður
- 1. - 2. Opið vinnurými
- 1. - 2. Góð aðstaða
- 1. - 2. Tölvustofa og tölvubúnaður er góður
- 1. - 2. Sveigjanlegt vinnuumhverfi
- 1. - 2. Hversu opinn skólinn er
- 1. - 2. Bókasafnið

### **Einstaklingsmiðun**

- 7. Að kenna nemendum að frelsi fylgir ábyrgð
- 7. Sjálfstæði nemenda
- 7. Komið á móts við einstaklingsparfir nemanda
- 7. Að einstaklingurinn fái að njóta sín í námi við hæfi
- 7. Einstaklingsmiðað námsefni
- 5. - 6. Kennslan er mjög persónuleg
- 5. - 6. Að nemandinn áætli sjálfur sitt námsefni / markmið og að það séu ekki próf / prófdagar
- 5. - 6. Sjálfsmatið
- 5. - 6. Að nemandinn gera sjálfur sína vikuáætlun
- 5. - 6. Áhersla á eigin ábyrgð á námi
- 5. - 6. Viðeigandi námsefni eftir getu nemenda
- 5. - 6. Frelsið fyrir einstaklinginn
- 5. - 6. Einstaklingsmiðað nám
- 3. - 4. Einstaklingsmiðað nám
- 3. - 4. Einstaklingsmiðuð kennsla
- 1. - 2. Einstaklingsmiðað nám
- 1. - 2. Einstaklingsmiðað nám

### **Starfsfólkið**

- 7. Mjög góðir kennarar
- 7. Kennarinn hún Elfa
- 7. Góður umsjónarkennari
- 7. Tómsundaheimilið
- 5. - 6. Frábært viðmót kennara og starfsfólks
- 5. - 6. Húsvörðurinn er félagi/vinur barnanna
- 5. - 6. Góðir kennarar
- 5. - 6. Sælukot (Perla)
- 3. - 4. Starfsfók - kennara
- 3. - 4. Kennarar
- 3. - 4. Kennara
- 3. - 4. Góðir kennarar

- 3. - 4. Starfsfók
- 1. - 2. Kennara
- 1. - 2. Kennarar
- 1. - 2. Góður umsjónarkennari
- 1. - 2. Starfsfólkið og jákvætt viðhorf þeirra
- 1. - 2. Sælukot (Perla)
- 1. - 2. Kennarar
- 1. - 2. Gott starfsfólk, jákvætt viðhorf

### **Morgunsöngur**

- 7. Morgunsöngurinn (ótrúlegt að 7. bekk þar)
- 7. Morgunsöngur
- 5. - 6. Morgunsöngur
- 5. - 6. Morgunsöngur - morgunstundin
- 5. - 6. Morgunsöngur
- 3. - 4. Morgunsöngurinn
- 1. - 2. Morgunsöngur
- 1. - 2. Morgunsöngur
- 1. - 2. Morgunsöngur - alveg ómissandi
- 1. - 2. Morgunsöngurinn
- 1. - 2. Söngfundur í byrjun skóladags
- 1. - 2. Söngurinn
- 1. - 2. Morgunsöngurinn
- 1. - 2. Morgunsöngurinn

### **Stjórnun og agi**

- 7. Agi
- 7. Agi
- 5. - 6. Góður agi
- 5. - 6. Agi
- 5. - 6. Skólastjórn
- 5. - 6. Stjórnun til fyrirmyndar
- 3. - 4. Stjórnun
- 3. - 4. Góður agi
- 1. - 2. Skólastjórn
- 1. - 2. Frábærir skólastjórnendur
- 1. - 2. Mjög góður skólastjóri - er mjög sýnilegur
- 1. - 2. Vel rekinn skóli

### **Val í frímínútum**

- 7. Frelsi um að vera úti eða inni í frímínútum
- 7. Að hafa val í hádegisfrímínútum
- 5. - 6. Val um frímínútur
- 5. - 6. Val um útiveru í hádegishléinu
- 3. - 4. Val um útiveru í hádegishléinu
- 3. - 4. Að hafa val í hádegisfrímínútum

### **Heimavinna**

- 7. Engin heimavinna
- 7. Lítil heimavinna (hæfileg)

- 5. - 6. Svo til engin skiplögð heimavinna
- 5. - 6. Að þeirra vinnudegi sé lokið kl. 14:05 þ.e.a.s. að þá bíði ekki heimavinna
- 3. - 4. Að þeirra vinnudegi sé lokið kl. 14:05 þ.e.a.s. að þá bíði ekki heimavinna
- 1. - 2. Lítið heimanám, ekki próf

#### **Stærð skólans og námshópa**

- 7. Fámenni bekkir
- 7. Fáir krakkar í árgangi
- 5. - 6. Lítil skóli og vel haldið utan um nemendur
- 1. - 2. Fámennir bekkir

#### **Foreldrar**

- 5. - 6. Aðgengi foreldra að skólanum og skólstarfinu
- 1. - 2. Aðgengi foreldra að skólanum og skólstarfinu
- 1. - 2. Tölvupóstur í vikulok

#### Viðauki 4

Þau atriði sem foreldrar eru sérstaklega óánægðir með í starfi Sjálandsskóla. Skipt eftir árgöngum

#### Heimavinna

7. Meiri áherslu á heimanám
7. Tengja foreldra meira við heimanámið
7. Hefði viljað sjá smávegis heimalærdóm
7. Of lítil heimavinna - verður áfall að fara á næsta skólastig
- 5.-6. Mætti vera smá heimavinna (í boði ekki skylda)
- 3.-4. Skipulagðri heimavinnu
- 3.-4. Ekkert heimanám
- 3.-4. Vantar heimanám í því fagi sem vantar upp á hjá barninu
- 1.-2. Of lítið heimanám

#### Upplýsingar um nám og námsframvindu

7. Umsjónarkennarar ættu að hafa samband við foreldra (barna sem ganga illa eða eru sein í námi)um að hjálpa börnum heima í efni sem þau eru slök í.
7. Veit of lítið um námsframvindu nemenda
7. Námsframvinda hangir og mikið í lausu lofti
- 5.-6. Finnst stundum vanta upplýsingar um námsframvindu
- 5.-6. Upplýsingar um námsframvindu
- 5.-6. Upplýsingar um námsframvindu
- 5.-6. Óvissa um námsáætlun & námsframvindu
- 3.-4. Umsjónarkennarar ættu að hafa samband við foreldra barna sem eru slök eða sein í einhverri námsgrein, um aðstoð við námsefnið heima
- 1.-2. Upplýsingar um námsframvindu
- 1.-2. Lítil vitneskja um námsáætlun
- 1.-2. Upplýsingastreymi um námsframvindu, hvað er verið að gera í skólanum hvað er framundan ofl. mætti vera meira.

#### Matarmál

7. Morgunnestið
7. Maturinn betur mætti fara
- 5.-6. Matarmál
- 5.-6. Maturinn
- 5.-6. Maturinn
- 5.-6. Morgunnestið
- 5.-6. Maturinn
- 5.-6. Maturinn
- 5.-6. Fyrirkomulag matarmála í hádeginu - óánægja barns m/matinn
- 3.-4. Maturinn og fyrirkomulag hans
- 3.-4. Matarmál ?Kjötbúðingur/sveitabjúgu?
- 3.-4. Maturinn (barnið of oft óánægt)
- 3.-4. Maturinn - fyrirkomulagið
- 1.-2. Matarmál
- 1.-2. Mataraðstæður eru ekki góðar
- 1.-2. Matarmál í hádeginu

1.-2. Maturinn

**Aðbúnaður á lóð og húsnæði**

- 7. Vantar betri skólalóð og íþróttastöðu
- 7. Útisvæði ábótavant við að við fjölda nemenda
- 7. Opið svæði - veldur hávaða og truflun
- 5.-6. Mættu vera fleiri leiktæki á skólalóðinni
- 5.-6. Fleiri gervigrasvelli á skólalóðinni
- 5.-6. Lýsing á bílastæði núna í skammdeginu er hættulega lítil. Mjög erfitt að sjá börnin skjótast á milli bíla
- 3.-4. Óöruggt fyrir börn að ganga í skólann, keyrt hratt og ekki undirgöng
- 3.-4. Hvernig bílum er lagt í hringtorgið - oft þeir sem eru að sækja/keyra í leikskólann
- 3.-4. Aðkoma bíla að skólanum
- 1.-2. Fataklefinn er lítill og ekki gert ráð fyrir aukafötum og plássi fyrir húfur/vettlinga. Mætti merkja snaga, etv mætti líka nota töskuhillurnar fyrir aukaföt
- 1.-2. Of mikið opið rými
- 1.-2. Ekki læsing á neti
- 1.-2. Vantar betra íþróttahús
- 1.-2. Betri lýsing úti
- 1.-2. Þrengsli, mætti nýta pláss frá leikskóla eða Alþjóðaskóla

**Agi, gæsla, vinnufriður**

- 7. Agaleysi - strákarnir valta yfir stelpurnar
- 7. Þar sem ekki er þörf á gæslu þegar börnin ganga frá skólanum í skólasund heldur treyst á náungakærleikann, mætti vera ögn meiri sveigjanleiki hvenær nemandinn er sóttur í lok skóladags án þess að vera skráður í gæslu. Um er að ræða tímana á bilinu 15-20 mín.
- 7. Of lítill agi
- 5.-6. Illa tekið á eineltismálum
- 5.-6. Efumst um vinnufrið
- 3.-4. Agi / orðbragð nemenda - væntanl. foreldravandamál
- 3.-4. Dónaskapur eldri nemenda
- 1.-2. Of lítill agi á börnum, þau komast upp með að gagnrýna kennara + starfsfók án nokkra afleiðinga
- 1.-2. Fyrirkomulag í matartímum og við skólalok finnst vanta gangaverði/starfsfólk sem passar upp á yngsta fólkið
- 1.-2. Ekki nægjanlega haldið utan um 6 ára börnin t.d klæðnaður fyrir útisvæði og í hádegismat
- 1.-2. Auka eftirlit á undan og eftir kennslustundum. Hvar eru kennararnir eða íslenskumælandi skólaliðar. Mér hefði þótt flott að sjá kennara taka á móti börnum í anddyri 1.vikuna í haust en ekki skólaliða.
- 1.-2. Yngstu börnin send oft út án þess að neinn fylgist með að þau klæði sig í þau föt sem þau hafa meðferðis
- 1.-2. Gæsla nr. 1 2 og 3
- 1.-2. Mikil læti í tímum og barnið mitt truflast af því

**Kennsla og nám**

- 7. Námskröfur ekki nægar

7. þurfa að vinna meira og læra betur ákv.hluti eins og í stærðfræði
7. Það bráðvantar sérkennara
7. Íslenskukennslu ábótavant, sérstaklega hvað varðar ritgerðarsmið + orðaforða
7. Eftirfylgni námsárangurs þarf að vera markvissari
7. Vantar betri raungreinakennslu
- 5.-6. Sé ekki, afhverju ekki megi taka próf og gefa einkunn
- 5.-6. Blandaða árganga, væri betra að hafa hvern árgang sér
- 5.-6. Lífsleikni fléttuð inn í hið almenna nám
- 5.-6. Heimilisþemað
- 5.-6. Vantar lífsleiknikennslu
- 3.-4. Greina hvort börn séu með lesblindu og jafnvel e-ð fleira
- 3.-4. Betur mætti nýta sambúð með Alþjóðaskólanum í tungumálanámi, sérstaklega fyrir þá sem eru nú þegar sterkir í enska
- 3.-4. Einstaklingsmiðun skilar sér ekki í starfinu eða vinnubrögðum kennara - er að minnsta kosti ekki sýnilegt
- 1.-2. Íslenskukennslu ábótavant, sérstaklega hvað varðar ritgerðarsmið + orðaforða
- 1.-2. Eftirfylgni námsárangurs er mjög ruglingsleg, ekki nægilega vel skipulögð
- 1.-2. Engin próf
- 1.-2. Enskukennsla byrja of seint
- 1.-2. Þörf er á að miða verkefni og viðfangsefni enn frekar við hæfi einstakra nemenda
- 1.-2. Finnst að taka þurfi meiri tillit til þeirra nemenda sem eru vel læsnir - ég finn fyrir leiða hjá syni mínum - honum finnst ekki gaman þegar verið er að kenna stafina þar sem hann kann þá
- 1.-2. Blöndun aldurshópa felur í sér hættu á að hinir eldri stríði eða "kúgi" yngri - hef orðið vör við smá neikvæðni tengd samskiptum við eldri drengi
- 1.-2. Samkennslan
- 1.-2. Ekki sýndur nægilegur áhugi fyrir framvindu í námsbókum

### Ýmislegt

- 5.-6. Mætti upplýsa foreldra fyrr ef eitthvað kemur uppá
- 5.-6. Vinahópar sem voru skipaðir um daginn
- 5.-6. Skólinn byrjar of snemma
- 3.-4. Það hentar mér illa ef ég sjálf þarf að gera hitt og þetta út af e-h í skólanum
- 3.-4. Merkt föt sett í óskilamuni
- 1.-2. Valfrjálsar frímínútur hjá þeim yngstu
- 1.-2. Skipulagða leiki í frímínútum
- 1.-2. Föt sett í óskilamuni þó þau séu rækilega merkt - ómögulegt að finna þau aftur fyrir börnin

## Viðauki 5

Þau atriði sem foreldrar telja að yrðu til bóta fyrir starf í Sjálandsskóla. Skipt eftir árgöngum

### Kennslan

- 7. Matreiðsla
- 7. Leiklist
- 7. Ráðning sérstaks íslenskukennara + stærðfræðikennara + tungumálakennara (t.d. leikfimikennari kennir ensku, músíkþerapisti kennir dönsku o.s.frv.)
- 7. Meiri áhersla á raungreinar
- 7. Gera vel að hreyfingu og líkamsástandi nemenda
- 5.-6. Myndlist - meiri listsköpun, ekki blönduð í aðrar námsgreinar heldur sér grein - jafnvel þema
- 5.-6. Gott væri að vita betur hvað ætlast er til að nemendur kunni/læri t.a.m í íslensku og stærðfræði í hverjum bekk. Er t.a.m verið að kenna stafsetningu í 5. bekk?
- 5.-6. Áhugavert þemaverkefni
- 3.-4. Meiri tölvukennsla
- 1.-2. Bæta heimalærdóm og próf
- 1.-2. Ráðning sérstaks íslenskukennara + stærðfræðikennara + tungumálakennara (t.d. leikfimikennari kennir ensku, músíkþerapisti kennir dönsku o.s.frv.)
- 1.-2. Meiri samstarf við Alþjóðaskólann - fá meiri tungumálakennslu
- 1.-2. Meiri áhersla á listgreinar, myndlist, tónlist
- 1.-2. Auka heilsustefnu + efla forvarnir með lífsleikni námi og samvinna milli heilbrigðiskerfisins og sveitarfélagsins
- 1.-2. Skólasund yfir allt árið

### Aðstaða

- 7. Bæta við fótboltavöllum (eina sem sonurinn kvartar yfir þannig að starfið í heild sinni er mjög gott)
- 5.-6. Loka meira af vinnusvæðum
- 5.-6. Ný lýsing við skólann
- 5.-6. Raungreinastofa & skemmtileg raungreinaverkefni
- 5.-6. Það verur frábært að fá sundlaug og íþróttahús
- 3.-4. Merkja fatahengi þr nemenda
- 3.-4. Íþróttahús
- 3.-4. Miðla upplýsingum v/umferðar við torg til leikskólaforeldra
- 3.-4. Einnig verður kærkomið að fá íþróttahús
- 1.-2. Sundlaug - íþróttahús
- 1.-2. Meiri íþróttir / hreyfing
- 1.-2. Minni kennslurými

### Matarmál

- 5.-6. Mötuneyti
- 5.-6. Maturinn eldaður á staðnum og væri niðurgreiddur af Garðabæ
- 5.-6. Mötuneyti

- 3.-4. Að nemendur gætu fengið ávexti í árdegisnesti n.k ávaxtaáskrift gegn hæfilegri greiðslu
- 3.-4. Maturinn eldaður á staðnum
- 3.-4. Mötuneyti með heimatilbúnum mat
- 1.-2. Mötuneyti
- 1.-2. Fara betur eftir ávaxta og grænmetishressingunni
- 1.-2. Umsjónarkennari eða annar aðili ættu að matast / fylgjast með að nemendur borði í hádeginu, sérstaklega fylgjast með þeim yngstu

### **Upplýsingstreymi til foreldra**

- 5.-6. Betri upplýsingar um námsframvindu
- 5.-6. Fá reglulega upplýsingar um hvar barnið sitt er stadd námlega í bókum, þ.e. að við sem foreldrar getum hvatt barnið til frekari lærdóms ef einhver "leti" er í gangi
- 3.-4. Bætt heimasíða með auðveldari aðgengi kennara að fréttakerfi (bloggi) sem foreldrar gætu gerst áskrifendur að (með póstlistum og/eða RSS)
- 3.-4. Að einstaklingsmiðun verði skilvirik með t.d samvinnu foreldra
- 3.-4. Að foreldrar viti hvernig kennarar séu að beita einstaklingsmiðun
- 3.-4. Ég vil vita hvaða markmið er að ná með mitt barn
- 1.-2. Nákvæmari upplýsingar um námsáætlun og námsframvindu
- 1.-2. Meiri upplýsingaflæði á milli kennara og foreldra

### **Agi**

- 7. Taka betur á agamálum
- 7. Að ef þau standa sig ekki t.d. í samb. við að virða reglur þá hafa þau fyrirgert rétti sínum (t.d. snjókast). Þau þurfa að læra takmörkun.
- 3.-4. SMT-kerfið sem t.d. Flataskóli er að innleiða
- 3.-4. Agi og virðing fyrir náunganum
- 1.-2. Að starfsfólk skólans væri með markvissa stefnu varðandi hegðun nemenda, þ.e bæði hvernig á að styrkja jákvæða hegðun nemenda og hvernig skal taka á óæskilegri hegðun
- 1.-2. Með markvissri stefnu er tryggt að allir bregðist eins við uppákomum. Ef að það er markviss stefna í gangi hefur hún ekki skilað sér í upplýsingum til foreldra. Vil samt taka fram að ég veit ekki um viðbrögð starfsfólks við óæskilegri hegðun - ég er að tala um almennt.
- 1.-2. Bæta gæsluna

### **Félagsstarf**

- 5.-6. Hafa fleiri tólmstundir tengda skólanum eða í skólanum
- 5.-6. Ömmu og afa daga
- 5.-6. Samstarf við eldri borgara .... Ungir og aldnir vinna saman
- 5.-6. Tónlistarstarf gæti verið meira - hljómsveit, kór
- 3.-4. Stofna mætti kór

### **Þátttaka foreldra**

- 3.-4. Að gefa foreldraf. + bekkjaf. ekki of lausan taum
- 3.-4. Fleiri viðburði þar sem nemendur og foreldrar hittast - kannski frekar á vegum foreldrafélagsins
- 1.-2. Mér finnst að frekari þátttaka foreldra væri til bóta
- 1.-2. Frekari þátttaka foreldra í skólastarfi væri til bóta



### **Stuðningur/sérkennsla**

7. Stuðningur inn í bekkina til að létta á kennurum og nemendum þar sem þörf er
7. Mætti bæta þjónustu fyrir börn sem þurfa stuðning á að halda
- 5.-6. Námsráðgjafi eða listmeðfræðing

### **Annað**

7. Auka lífsleiknikennslu því það er gunnurinn að öllum forvörnum
7. Við verðum einnig að sjá að börnunum líði betur í skólanum, en síðasta könnun leiddi í ljós (sbr. R og G)
7. Meiri heimavinna - og sýnilegri
7. Ef sveigjanleiki er ekki framkvæmanlegur koma þá inn skilningi hjá nemandanum án afskipta foreldra að það megi ekki dvelja innan dyra skólans í 15 mín eftir að skóladegi lýkur, heldur eingöngu áður en skóladagur byrjar.
- 3.-4. Í tómstundaheimilinu mættu börnin vera meira úti
- 3.-4. Launahækkun kennara

Fylgiskjal 7

## Fréttadagbók 2007-2008

05. júní 2008

### Skólaslit

Skólanum var slitið 5. júní. Nemendur komu saman í tröppunum og sungu saman. Margir foreldrar komu og fylgdust með. Síðan var farið inná heimasvæðin þar sem nemendur fengu vitnisburð og kvöddu kennara sína. ... [\[ nánar \]](#)



03. júní 2008

### Innilegan

Esjugangan í gær heppnaðist mjög vel. Flestir nemendur gengu upp að steini og síðan var einn hópur sem fór alveg upp og einn hópur var niðri í hlíðum. Það voru margir sigrar unnir í fjallinu. Þegar heim var komið þ.e. í skólann fóru flestir nemendur á sín svæði þar sem þau höfðu búið um sig, sumir fóru að lesa, spila, spjalla eða leika með dótið sitt. ... [\[ nánar \]](#)

30. maí 2008

### 965196 krónur söfnuðust

Í dag kom Bergsteinn frá Unicef á Íslandi og veitti skólanum viðurkenningu fyrir þátttöku í UNICEF hlaupinu. Hann lagði áherslu á það hve mikilvægt það er að taka þátt og að sýna í verki að maður vilji láta gott af sér leiða og hugsi um aðra. Nemendur í Sjálandsskóla söfnuðu 865196 krónur. ... [\[ nánar \]](#)



28. maí 2008

### Undirbúningur fyrir árshátíð

Nú stendur undirbúningur fyrir árshátíðina yfir. Nemendur eru að æfa skemmtiatriði, skipuleggja tónlistina og matinn. Matarhópurinn fór í verslunarferð í Bónus í dag til að kaupa fyrir matseðilinn sem þau voru búin að ákveða. Mikið var spáð í verð og gæði. Á morgun verður síðan eldað, skreytt og æft. ... [\[ nánar \]](#)

27. maí 2008

### [Heimsókn frá Unicef](#)

Á föstudaginn munu fulltrúar frá Unicef koma og veita skólanum og nemendum viðurkenningu fyrir framlag sitt eftir unicef-hlaupið sl. föstudag. Miklir peningar söfnuðust og verður gerð grein fyrir þeim fjármunum þá.... [\[nánar\]](#)



26. maí 2008

### [Sveitaferð hjá 3.-4. bekk](#)

Í dag fóru nemendur í 3.-4. bekk ásamt Alþjóðaskóla í heimsókn á sveitabæinn Miðdal í Kjós. Þar fengu þau tækifæri á að kynna húsdýrunum sem þau hafa verið að læra um í þemanu. Þarna voru hestar, kýr, hundar, kettir, kindur, svín og geit ásamt afkvæmum. Fullt af fínum myndum á myndasíðu 3.-4. bekkjar.... [\[nánar\]](#)



23. maí 2008

### [Unicef - hlaupið](#)

Í dag fór fram hlaup hjá öllum nemendum Sjálandsskóla. Nemendur höfðu safnað áheitum fyrir hvern hlaupinn kílómetra. Féinu verður varið til að styrkja börn víða um heim sem búa við bágar aðstæður. Börnin í Sjálandsskóla voru mjög dugleg að hlaupa og hlupu frá einum uppí 15 kílómetra. Mjög margir hlupu 12 kílómetra. ... [\[nánar\]](#)



22. maí 2008

### [7. bekkur á sólarströnd](#)

7. bekkur naut veðurbliðunnar um daginn á ilströndinni hér í nágrenninu. Þó þau hafi ekki synt í sjónum voru sundfötin tekin fram og farið í ýmsa strandleiki. En þau skelltu sér í blautbúninga næsta dag og sigldu á kajak á sjónum og brugðu sér svo í bæjarferð til Reykjavíkur þar sem farið var í ratleik um merka staði í miðborginni. Sú ferð endaði í ísbúð. ... [\[nánar\]](#)

21. maí 2008

### [Aðalfundur Foreldrafélags](#)

Aðalfundur Foreldrafélags Sjálandsskóla og foreldraráðs verður haldinn í kvöld kl 20:00 í bókasafni Sjálandsskóla Óskað er eftir áhugasömum

foreldrum til starfa í foreldrafélaginu og í foreldraráði. Mikilvægt er að efla foreldrastarf í skólanum og er hér tækifæri til að taka þátt í að leiða það starf.

... [\[nánar\]](#)

21. maí 2008

### **Kynningarfundur**

Í dag klukkan 18:00 verður kynningarfundur fyrir foreldra 6 ára barna sem hefja skólagöngu í Sjálundsskóla í haust. ... [\[nánar\]](#)



15. maí 2008

### **Nýr vefur Sjálundsskóla**

Í dag fimmtudaginn 15. maí kl. 12 náðist sá skemmtilegi áfangi hjá Garðabæ að opnaðir voru fimm nýir vefir sem unnið hefur verið að í vetur. Vefirnir eru nýr vefur Garðabæjar, [www.gardabaer.is](http://www.gardabaer.is) og nýir vefir fyrir alla grunnskóla Garðabæjar, [www.flataskoli.is](http://www.flataskoli.is), [www.hofsstadaskoli.is](http://www.hofsstadaskoli.is), [www.gardaskoli.is](http://www.gardaskoli.is) og [www.sjalundsskoli.is](http://www.sjalundsskoli.is). ... [\[nánar\]](#)



15. maí 2008

### **Hjólað í vinnuna**

Nemendur og starfsfólk Sjálundsskóla hafa verið ótrúlega dugleg að hjóla eða ganga til og frá vinnu. Allir eru hvattir til að taka þátt sér til ánægju og heilsuefingar en ekki síður út frá umhverfissjónarmiði. Í dag mátti telja 120 reiðhjól fyrir utan skólann. ... [\[nánar\]](#)

14. maí 2008

### **Aðalfundur Foreldrafélags**

Aðalfundur Foreldrafélags Sjálundsskóla og foreldraráðs verður haldinn miðvikudaginn 21.5. kl 20:00 í bókasafni Sjálundsskóla Óskað er eftir áhugasömum foreldrum til starfa í foreldrafélaginu og í foreldraráði. Mikilvægt er að efla foreldrastarf í skólanum og er hér tækifæri til að taka þátt í að leiða það starf. ... [\[nánar\]](#)



13. maí 2008

## Fiskidagurinn á Dalvík

Skipuleggjendur hátíðarinnar Fiskidagurinn mikli á Dalvík fóru þess á leit við 1. bekkinga í grunnskólum landsins að þeir myndu teikna/mála fiska sem notaðir verða til að skreyta bæinn á hátíðinni í sumar. Nemendur í 1. bekk Sjálandsskóla unnu þessar fallegu myndir sem voru sendar í pósti norður.... [ [nánar](#) ]



06. maí 2008

## Íþróttadagur í Sjálandsskóla

Það var líf og fjör á skólalóðinni og vítt og breitt um bæinn í tilefni af íþróttadeginum. Nemendur höfðu valið sér í ýmsa aldursblandaða hópa. Í boði voru leikir á skólalóð, hjólaferðir, línuskautar og kajakferð.... [ [nánar](#) ]

14. maí 2008

## **Nýr vefur Sjálandsskóla**

Nýr vefur Sjálandsskóla og allra skólanna í Garðabæ verður opnaður á morgun.

6. maí 2008

## **Íþróttadagur Sjálandsskóla**

Það var líf og fjör á skólalóðinni og vítt og breitt um bæinn í tilefni af íþróttadeginum. Nemendur höfðu valið sér í ýmsa aldursblandaða hópa. Í boði voru leikir á skólalóð, hjólaferðir, línuskautar og kajakferð. Í byrjun dags voru allir nemendur saman á ýmsum hreyfistöðvum. Í annarri og þriðju lotu var hópskipting. Einn hópur fór á línuskautum að Hofsstaðaskóla. Hjólahópur eldri fór suður í Hafnarfjörð og upp í Áslandshverfi ásamt því að hjóla niður í miðbæ Hafnarfjarðar. Yngri hjólahópurinn hjólaði í Kópavoginn. Kajakhópurinn hjólaði upp að Vífilsstaðavatni þar sem kajakarnir biðu þeirra og þau spreyttu sig á vatninu sem var nokkuð úfið. Þeirra beið heitt kakó á staðnum sem eitt foreldri kom með færandi hendi. Í lok dags var brennó og kylómót.

30. apríl 2008

## **Vímuvarnarhlaup Lions**

Vímuvarnarhlaup Lionsklúbbsins Eikar var hlaupið í morgun og voru það nemendur í 5.-6. bekk sem tóku þátt. Alma Nylon stúlka ræddi fyrst við nemendur um mikilvægi þess að sneiða hjá vímuefnum. Síðan fóru allir útá battavöll og þar stilltu liðin sér upp ásamt stuðningsmannaliðum. Mjótt var á milli liða en 5.-6. B vann. Við óskum öllum þátttakendum til hamingju með drengilega keppni.



**29. apríl 2008**

## Esjuganga

Nemendur í 3.-4. bekk hafa verið í þema um Ísland undanfarnar vikur. Í tengslum við það var farið í göngu á Esju. Þau fór þangað með strætó og þurftu að taka 3 strætisvagna hvora leið. Við Esjurætur var fallett veður en nokkuð hvasst en nemendur voru duglegir að ganga mislangar leiðir. Síðan fengu allir sér nesti og tóku síðan strætó til baka. Þetta voru duglegir krakkar í útivistinni og í strætó voru þau mjög þrúð svo eftir var tekið. Sjáið myndir hjá 3.-4. bekk.



[Lesað meira](#)

**28. apríl 2008**

## Blöðruípróttir

Í ípróttatíma í síðustu viku var 1. og 2. bekkur í leikjum og að gera æfingar með blöðrunni. Blöðrunni var haldið á lofti með ýmsum líkamspörtum og í ýmsum stellingum þar sem nemendur voru einir, tveir og tveir saman eða í stærri hópum. Það var ágætis tilbreyting að gera æfingar með blöðrunni í stað þess að nota bolta og það voru fleiri sem gátu notið sín enda ekki á færi allra að halda bolta oft á lofti. Sjáið fleiri myndir hjá 1.-2. bekk.

Lesið meira



25. apríl 2008

## Umhverfisdagurinn

Í dag er umhverfisdagurinn. Að því tilefni fóru allir nemendur út og hreinsuðu til í nágrenni skólans. Yngstu börnin voru á skólalóðinni, ásamt því að baka brauð og kanna smádyr. 3.-4. bekkur fór út með fjörunni og göngustígana. 5.-6. bekkur fór í kringum lækinn og út með uppfyllingunni útað smábátahöfn. 7. bekkur fór út í Gálgahraun og þar var gríðarlega mikið drasl en þar voru í kringum 50 svartir plastpokar. Það voru duglegir og vinnusamir krakkar sem unnu við að fegra umhverfi skólans og næsta nágrenni í dag með mjög góðum árangri.



Í lok skóladags voru grillaðar pylsur. Sjáið myndirnar undir "Myndir úr skólstarfinu".

[Lesið meira](#)

**23. apríl 2008**

## Listakona í beinni

Þuríður Sigurðardóttir var í beinni útsendingu hjá nemendum í 7. bekk. Þetta var verkefni sem myndlistarkonan Sari Maarit Cedergren var að vinna að í tengslum við kennsluréttindanám sitt við Listaháskóla Íslands í samvinnu við Kristínu Guðbrandsdóttur listakennara. Þuríður var stödd á vinnustofu sinni á Korpúlfsstöðum og nemendur í skólanum. Þau spurðu hana um myndlistina, hún svaraði þeim beint og sýndi þeim síðan vinnustofuna sína og sýnishorn af myndum með vefmyndavélinni. Sjáið myndir á myndasíðu 7. bekkjar.



[Lesið meira](#)

**21. apríl 2008**

## Krabbagildran

Í dag fóru nokkrir strákar með Sigú niður í fjöru að kíkja í krabbagildruna sem hafði verið í sjónum síðan á föstudag. Í henni leyndust 5 kuðungakrabba eða einbúar sem strákarnir fylgdust með af athygli áður en þeir létu þá í sjávarbúrið. Þar verður svo hægt að fylgjast með þeim áfram. Sjáið myndir úr skólstarfinu.



[Lesið meira](#)

**11. apríl 2008**



## Kajakklúbburinn

Kajakklúbburinn var að prófa blautbúningana um daginn. Krakkarnir fóru í lækinn og úti sjó. Búningarnir reyndust flestir vel eins og sjá má á myndunum í myndasafninu. Krakkarnir hittast á föstudögum og sigla en í þetta skipti hreinsuðu þau lækinn og þara.

[Lesi meira](#)



**10. apríl 2008**

## Foreldraheimsóknir - listadagar

Nemendur í 1.-2. bekk og 7. bekk buðu foreldrum sínum í heimsókn í dag. Nemendur í 1.-2. bekk unnu með foreldrum sínum að klippimyndum af þeim sjálfum. Mikill áhugi og gleði ríkti á svæðinu. Nemendur í 7. bekk kynntu nýju ljóðabókina sína Sjáländsljóð og foreldrar lásu upp ljóð úr bókinni. Myndir á myndasíðunni.

[Lesi meira](#)



Mægðurnar Ragný og Margrét við vinnu.

**9. apríl 2008**

## Opnunarhátíð

Listadagar í Garðabæ voru opnaðir formlega í Sjálandsskóla í morgun. Margrét Björk Svavarsdóttir forstöðumaður menningar- og fræðslumála setti hátíðina. Við fengum góða heimsókn frá leikskólabörnum í Sjálandi og Montessorisetrinu. Nemendur fluttu ljóð, dans og tónlist. Sjáið myndir á myndasíðunni.

[Lesið meira](#)



Börn úr Montessorisetrinu sungu og spiluðu.

**8. apríl 2008**

## **1.-2. bekkur íþróttir**

Nemendur í 1.-2. bekk hafa unnið á hreyfistöðvum í íþróttum. Í hreyfistöðvum er hreyfingu blandað saman við íslensku og stærðfræði. Sem dæmi um tvær æfingar eru: Þau kasta teningum, leggja útkomuna saman og gera æfinguna jafn oft og útkoman gefur tilkynna t.d. sippa eða kasta á milli. Hvað varðar íslensku þá draga þau miða með orði á, læra það utan að, ganga jafnvægisgang á leifimibekk og skrifa svo orðið rétt niður (þau bera orðin saman til að athuga hvort það er rétt skrifað hjá þeim). Sjáið myndir hjá 1.-2. bekk.



[Lesið meira](#)

**8. apríl 2008**

## Listadagar í Garðabæ

Dagana 9. - 12. apríl verða listadagar barna og ungmenna haldnir í þriðja sinn í Garðabæ. Þemað að þessu sinni er náttúran og umhverfið. Á listadögum verða ýmsar uppákomur um allan bæ sem ungir listamenn hafa unnið hörðum höndum við að undirbúa. Það gefur vonandi bæjarbúum innsýn í það gróskumikla og fjölbreytta listastarf sem fram fer í skólum og stofnunum bæjarins.



Dagskráin er fjölbreytt og skemmtileg og eru allir

bæjarbúar velkomnir hvort sem það er í stofnanir eða skólana. Nálgast má dagskrá listadagana og nánari upplýsingar á vef Garðabæjar. Markmið Sjálandsskóla á listadögum er að gefa mynd af því skapandi starfi sem fram fer í starfi skólans. Við setningu hátíðarinnar kl. 10 á miðvikudag verður dans, tónlistarflutningur, söngur og ljóðalestur. Um allan skólann má sjá afrakstur vinnu nemenda 1.-7. bekkjar í vetur. Í Jónshúsi er sýning á verkum nemenda 5. og 6. bekkjar sem tileinkuð eru Kjarval en hann sótti einmitt myndefni í Gálghraunið. Þá verður í vikunni útgáfuhátíð ljóðabókar 7. bekkjar. Verðið velcomin í Sjálandsskóla.

[Lesu meira](#)

**7. apríl 2008**

## Lokahátíð stóru upplestrarkeppninnar

Úrslit í stóru upplestrarkeppninu voru haldin á Seltjarnarnesi. Þar kepptu nemendur frá Valhúsaskóla, Sjálandsskóla, Flataskóla og Hofsstaðaskóla. Okkur nemendur stóðu sig með miklum sóma þó þau hefðu ekki hlotið verðlaunasæti. Karólína hlaut viðurkenningu fyrir ljóðalestur. Sjálandsskóli bauð upp á tónlistarflutning en það var Helgi Freyr nemandi í 7. bekk sem spilaði á píanó. Til hamingju krakkar, þið stóðuð ykkur vel. Sjáið myndir hjá 7. bekk.



[Lesu meira](#)

**7. apríl 2008**

## Birgitta og Magni

Foreldrafélag skólans bauð nemendum og foreldrum upp á frábæra morgunstund s.l. föstudag. Birgitta og Magni komu og fluttu okkur nokkur lög. Foreldrafélagið sá um morgunkaffi. Stór hópur foreldra kom og tók þátt í gleðinni ásamt börnum sínum sem skemmtu sér mjög vel. Kíkið á myndir úr skólafarfinu.



Lesið meira

Ólöf, Helgi, Birgitta og Magni

**31. mars 2008**

## Kynning á námi og félagslífi unglinga

Nám og félagsstarf á efsta stigi grunnskóla í Garðabæ skólaárið 2008-2009 verður kynnt á morgun. Foreldrum barna sem fædd eru 1995 er boðið á kynningarfund í Flataskóla þriðjudaginn 1. apríl kl 20-21:30. Á fundinum kynni Sjálandsskóli væntanlega unglingadeild svo og Alþjóðaskólinn og Garðaskóli. Einnig verður kynning á félagsmiðstöðinni Garðalundi.

Lesið meira

**28. mars 2008**

## Stóra upplestrarkeppnin

Nemendur í 7. bekk hafa verið að taka þátt í undankeppnum fyrir Stóru upplestrarkeppnina sem fram fer á Seltjarnarnesi í apríl. Allir nemendur tóku þátt og var keppt í skólastofunni og kennarar máttu það að 8 færu í undanúrslitakeppni þar sem foreldrum var boðið og öðrum utanaðkomandi. Þrír "alvöru" dómarrar völdu þá þrjá sem fara áfram á Nesið. Þeir 8 nemendur sem kepptu um ferðina á hátíðina eru þau: Arnór, Oddný Helga, María, Karólína, Sveinn Sigurður, Árný, Vilborg María og Natallía.



Þau sem fara áfram eru: Sveinn Sigurður, Karólína og Oddný Helga.

Flottur tónlistarflutningur var frá Helga sem spilaði á píanó og Krístrúnu á básúnu.

Þátttaka var góð og menn stöldruðu lengi við, fengu hressingu og spjölluðu. Sjáið myndir frá keppninni undir myndasafni 7. bekkjar.

**26. mars 2008**

## Lífshlaupið og bingó

Fyrir páska hélt foreldrafélagið bingó með góðum vinningum. Síðasta skólادag fóru allir nemendur og starfsmenn í göngu í tilefni þess að lífshlaupinu lauk. Sjáið myndir frá þessum atburðum undir myndir úr skólastarfinu.

[Lesið meira](#)



**23. mars 2008**

## Að loknu páskaleyfi

Skólastarf í Sjálandsskóla hefst á ný að loknu páskaleyfi þriðjudaginn 25. mars samkvæmt stundaskrá.

**12. mars 2008**

## Listamenn í 5.-6. bekk

Nemendur í 5.-6. bekk fóru úti Gálgahraun um daginn og fengu innblástur í málverk sem þau eru að byrja að mála. Þau tóku ljósmyndir og gerðu skissur sem þau nýttu sér við vinnuna í dag er þau máluðu með akrýl á striga. Einbeiting og áhugi skín úr hverju andliti. Annar hópur nýtir sér ferðina og notar teikniforrit til að vinna með myndirnar sem þau tóku í hrauninu. Sjáið myndirnar úr myndmenntastofunni þar sem Guðrún Dóra myndmenntakennari var að vinna með þeim í dag.



[Lesið meira](#)

**11. mars 2008**

## **Bingó bingó bingó**

Foreldrafélag Sjálandsskóla stendur fyrir Páskabingói fimmtudaginn 13. mars næstkomandi í sal Sjálandsskóla. Bingóið hefst klukkan 18 og áætlað að standi til klukkan 20, eða þar til allir vinningar verða gengnir út.

Fjöldi veglegra vinninga í boði. Seldar verða pizzur og ávaxtasafar í hléi á kr. 300.

Verð á bingóspjaldi er kr. 350.

Mætum öll og eigum ánægjulega bingó-stund saman.

Stjórn foreldrafélags Sjálandsskóla.

**11. mars 2008**

## **Opið hús 13. mars**

Fimmtudaginn 13. mars er opið hús í Sjálandsskóla fyrir foreldra og nemendur sem hugsanlega vilja stunda nám í Sjálandsskóla næsta skólaár. Foreldrum og nemendum gefst tækifæri til að skoða skólann, kynna sér skólastarfið og ræða við stjórnendur, kennara og nemendur. Opið verður frá klukkan 16:30 -18:00

**4. mars 2008**

## **Stöðvápjálfun hjá 1. - 2. bekk**

Þriðjudaginn 26. febrúar var stöðvápjálfun í íþróttum hjá 1. og 2. bekk. Á einni stöðinni spiluðu þau bandý með mjúkum kylfum, á annarri stöðinni var ég að meta þau í sippi, drippli og að kasta og grípa og á þriðju stöðinni var þrautabraut sem tók á þoli, liðleika, styrk, jafnvægi, áræðni og fleiru. Á myndunum eru þau tvö og tvö saman annar fer í gegnum þrautabrautina meðan hinn er að hvetja hann áfram og svo var skipt um hlutverk. Í lok tímans ræddi ég



við þau um hvernig þeim hafi liðið þegar félagi þeirra var að hvetja þau áfram og þau voru öll sammála um það að það hafi verið mjög góð tilfinning. Sjáið myndirnar hjá 1.-2.bekk. Kveðja Hrafnhildur íþróttakennari.

[Lesu meira](#)

**2. mars 2008**

## Frábær skíðaferð

Ferðin í Bláfjöll tókst í alla staði mjög vel. Það er alltaf gott þegar allir koma heilir heim. Nemendur voru alveg til fyrirmyndar og frábært að sjá hversu margir foreldrar áttu kost á að fara með okkur (tæplega 20 foreldrar komu). Þátttaka foreldra stuðlar enn frekar að því að fleiri nemendur nái tökum á skíðaíþróttinni og það verður heimilslegri bragur á allri ferðinni. Þó svo að veðrið væri ekki það besta var hægt að kenna þeim sem helst þurftu á því að halda í barnabrekkunni. Við prófuðum að taka með okkur útivistartjaldið og fengum heita matinn uppeftir og buðum þeim sem það vildu. Þetta var smá tilraun og tókst það mjög vel og stefnum við að því að bjóða upp á heitan mat á næsta ári. En sem sagt, ... frábær ferð í alla staði ... svo er um að gera að halda sér við og skella sér á skíði á meðan veður og færi leyfir!



[Lesu meira](#)

**28. febrúar 2008**

## Vetrarferð í Bláfjöll

Á morgun er veðurspá þannig að nokkur snjómugga verður um morguninn, kalt og nokkuð hvasst fram undir hádegi. Birtir til og lægir þá. Í ljósi þess stefnum við á skíðaferð á morgun þrátt fyrir að stólalyfturnar verði ef til vill ekki opnaðar fyrir en á hádegi. Mæting er í skólann kl. 08.15. Nemendur sem ætla að kaupa sér dagskort í lyftur eða leigjar sér skíði þurfa að hafa peninga með sér og koma þeim til umsjónarkennara. Munið að nesta nemendur vel og huga vel að hlýjum klæðnaði (ullarsokkar, hlý nærföt, góðir vettlingar/lúffur, húfa ....) Við ítrekum að foreldrar eru hjartanlega velkomnir með okkur!

22. febrúar 2008

## Kjarvalsstaðir

Nemendur í 5.-6. bekk fóru í heimsókn á Kjarvalsstaði. Þar fræddust þau um listaverk Kjarvals og einbeittu sér sérstaklega að myndum hans af hrauni þar sem þau ætla að fara út í Gálgahraun og fá innblástur í eigin hraunmyndir. Þetta er liður í undirbúningi fyrir listaviku í Garðabæ. Sjáið myndirnar hjá 5.-6. bekk.

[Lesu meira](#)



22. febrúar 2008

## Rósaball

Rósaball í Sjálundsskóla var haldið í vikunni fyrir nemendur í 7. bekk. Nemendum úr Flataskóla og Hofstaðaskóla var einnig boðið. Bekkjarfulltrúar foreldra stóðu að undirbúningi ásamt nemendum og kennurum. Diskótekið Dísá sá um fjörið. Ballið tókst mjög vel, glæsilegar veitingar, skemmtilegir krakkar og mikið fjör. Sjáið myndir á myndasíðu 7. bekkjar.

[Lesu meira](#)



8. febrúar 2008

## Vetrarleyfi



Vetrarleyfi er í skólum Garðabæjar vikuna 11.-15. febrúar. Kennsla hefst aftur mánudaginn 18. febrúar.

[Lesið meira](#)

## 8. febrúar 2008

### Afródans á vegum Alþjóðaskólans

Nýtt námskeið fyrir nemendur Alþjóðaskólans og Sjálandsskóla hefst hjá Alþjóðaskólanum þriðjudaginn 19. febrúar.

Kennari: Sandra Erlingsdóttir frá Kramhúsinu.

Námskeiðið er fyrir nemendur í 2. - 6. bekk

Tími: Þriðjudagar kl. 14:15 í 4 skipti (19. feb, 26. feb, 4. mars, 11. mars)

Verð: 3.500 kr.

Búast má við góðri þátttöku og því viljum við hvetja áhugasama til að skrá börn sín sem fyrst!

## 6. febrúar 2008

### Öskudagur

Öskudagurinn í Sjálandsskóla tókst mjög vel. Nemendur mættu í búningum og höfðu margir undirbúið söngatriði. Kennsla var í fyrstu kennslustund en síðan hittust allir á sal þar sem nokkrir hópar sýndu dansatriði og svo dönsuðu allir saman. Þá opnuðu búðir í skólanum og nemendur fóru á milli og sungu og fengu nammi. Ýmsar búðir voru opnar m.a. Bókabúðin, Heilsubúðin, Mökkakaffi, Shop-USA, Heimstorgið, Vöflubúð Sigríðar, Hippabúðin og fleira. Þá gátu nemendur reynt sig við ýmsar þrautir og draugahúsið var í kjallaranum. En myndirnar tala sínu máli, skoðið myndasafn skólans.



5. febrúar 2008

## Á hafís

Í frosthörkum undanfarinna daga hefur myndast mikill ís á Arnarnesvöginum. Í gær og í dag var ákveðið að leyfa nemendum að fara undir ströngu eftirliti í stutta göngu á ísnum. Það er ekki á hverjum degi sem tækifæri gefst til þess að leika sér og röltu um á ísilögðum sjó. Sjáið fleiri myndir í myndasafni.

[Lesið meira](#)



4. febrúar 2008

## Niðurstöður foreldrakönnunar

Út er komin skýrsla með niðurstöðum foreldrakönnunar sem gerð var í desember 2007. Skýrsluna má finna hér til vinstri undir útgáfa.

[Lesið meira](#)

Hvert örstutt spor



1. febrúar 2008

## Heimsókn í Jónshús

Niðurstöður foreldrakönnunar í Sjáländsskóla 2007

SJÁLÁNDSSKÓLI

Björg Óskarsdóttir nemi í tólmstundarfræðum í Kennaraháskólanum stóð fyrir skemmtilegri ferð elstu stelpnanna í Sælukoti. Ferðin var hluti af verkefni Bjargar í skólanum. Stelpurnar fóru með Björgu yfir í Jónshús með handavinnudót sem að þær komu með, bæði að heiman og verkefni sem að þær voru að vinna með í textíl hjá Kristínu Guðbrandsdóttur textílkennara. Í Jónshúsi nutu þær félagsskaps og leiðsagnar góðra kvenna. Þetta heppnaðist frábærlega vel og voru stelpurnar sér og skólanum til sóma. Þær einbeittu sér vel og fengu í staðinn einkakennslu hjá þaulreyndum handavinnukonum. Vonandi verður þetta upphafið að skemmtilegri samvinnu milli Sjálandsskóla og nágrannanna í Jónshúsi. Sjáið myndir úr ferðinni á síðu tólmstundaheimilisins.



[Lesið meira](#)

**31. janúar 2008**

## Skólabúðirnar Reykir í Hrutafirði

Í síðustu viku dvöldu nemendur í 7. bekk í skólabúðunum að Reykjum í Hrutafirði. Ferðin gekk mjög vel og nemendur undu glaðir við nám og leik. Myndir eru komnar inn á svæði 7. bekkjar.

[Lesið meira](#)



**28. janúar 2008**

## Öskudagur í næstu viku

Skóladagurinn á öskudag í Sjálandsskóla hefst á hefðbundnum tíma en skóladeginum lýkur kl. 12:30. Börnin mega koma í öskudagbúningum í skólann og verður kennsla samkvæmt stundarskrá í fyrsta tíma. Kl. 10:15 hefst öskudagsskemmtun með dansi, limbó, hoppukastala, ýmsum þrautum og (hugsanlega) draugahúsi og að sjálfsgöðu verður sleginn köttur úr tunnunni. Skemmtunin stendur fram að hádegisverði, kl. 12:15.

Nemendur geta einnig heimsótt "verslanir" í skólanum á meðan skemmtun stendur og fengið að launum sælgæti fyrir vel flutt söngatriði. Að loknum

hádegisverði er tómsundaheimilið opið fyrir þá sem það vilja.

Í fyrra var öskudagur með þessu sniði í skólanum og heppnaðist hann afar vel. Skipti þar mjög miklu hvað nemendur og foreldrar voru duglegir að útvega og gefa sælgæti til þess að afhenda í verslunum skólans.

Ég hvet því foreldra til þess að leggja okkur lið á þessum skemmtilega degi með því að útvega okkur sætindi og annað sem gleður söngglaða nemendur. Markmiðið er að dagskráin sé það vel heppnuð í skólanum og það ríkulega veitt að ekki sé þörf á bæjar- eða Kringlurápi.

Tekið er við sælgæti á skrifstofu skólans frá og með mánudeginum 4. febrúar.

Lesi meira

**25. janúar 2008**

## **7. bekkur - frétt kl. 15.45**

Ferðalangarnir eru komnir framhjá Hafnarfjalli. Áætluð koma að Sjálundsskóla kl. 16:45 - 17.00.

**25. janúar 2008**

## **Fréttir úr Reykjaskóla**

Nemendur 7. bekkjar hafa þessa vikuna verið í skólabúðum á Reykjum í Hrutafirði. Í dag eru þau á heimleið. Miðað við færð þá má ekki búast við því að þau komist af stað fyrr en um kl. 13 og hugsanlega verða þau 4-5 klukkustundir á leiðinni. Frekari fréttir verða settar á síðuna eftir því sem tíðindi berast.

**25. janúar 2008**

## **Íþróttir hjá 1.-2. bekk**



Þrautabraut var í íþróttatíma hjá 12 bekk um daginn. Þrautirnar tóku á þoli, krafti, jafnvægi, áræðni, samvinnu og liðleika. Í lokin fóru nemendur eina ferð í gegnum brautina með bundið fyrir augun og höfðu þau félagi sér til halds og traust sem leiddi þau eða leibeindi þeim í gegnum brautina. Það tókst alveg ótrúlega vel og voru flestir krakkarnir vel sveittir eftir tímann. Sjáið fínu myndirnar.

[Lesið meira](#)

**25. janúar 2008**

## Ferðalangar á ferð

7. bekkur er núna staddur við Baulu í Borgarfirði (kl. 14.30). Búist er við að þau verði kominn í bæinn um kl. 17. Nánari tímasetning sett á heimasíðuna þegar þau eru komin fyrir Hafnarfjall.

**11. janúar 2008**

## Góð og skemmtileg skólabyrjun

Skólastarfið hefur farið vel af stað. Nemendur eru að fást við skapandi og frumleg verkefni, börnin eru yfir höfuð einbeitt og glöð í vinnu, þau eru þrosandi, kurteis og maður finnur fyrir jafnvægi, ró og lífsgleði.

Í morgun kom Þórarinn Eldjárn rithöfundur og flutti ljóð fyrir nemendur í 5.-6. bekk og fræddi þau um ljóðagerð.

Nemendur í 1.-2. bekk eru á kafi í tröllapema, fluttu leikrit um tröllasögu í morgun og fóru síðan út í Gálgahraun í tröllaleit. Þau fundu víst 19 tröll. Sjáið myndirnar hjá 1.-2. bekk.



[Lesið meira](#)

**4. janúar 2008**

## Gleðilegt nýtt ár 2008

Starfsfólk Sjálandsskóla færir öllum bestu óskir um gleðilegt nýtt ár og þakkar samstarfið á liðnu ári.

Kennsla hefst samkvæmt stundaskrá mánudaginn 7. janúar.

Breytingar í starfsmannahaldi nú um áramót eru þessar: Sesselja Þóra kemur úr fæðingarorlofi og tekur við umsjón í 3.-4. bekk, Hrafnhildur Sævarsdóttir íþróttakennari kemur til starfa eftir fæðingarorlof, Þórey Íris Halldórsdóttir tekur við starfi umsjónarkennara í 3.-4. bekk í stað Eddu Bjargar sem fór til annarra starfa nú um áramótin. Andri Freyr Björnsson kemur sem stuðningsfulltrúi og í frístundaheimili og Jóhanna Elísa Magnúsdóttir kom til starfar seint á síðasta ári sem meðferðarfulltrúi. Við bjóðum þau öll velkomin til starfa.



**19. desember 2007**

## Jólaskemmtun á morgun

Fimmtudaginn 20. desember verða jólaskemmtanir.

### **Klukkan 8:30-10:15 1.-2. bekkur og 7. bekkur**

8:30-9:15 Skemmtidagskrá í stiga

- Helgileikur

- Skemmtiatriði frá 1.-2. bekk og 7. bekk og Alþjóðaskóla

9:15-9:45 Dansað í kring um jólatré

9:45-10:15 Litlu jól í stofu með smákökum og gosi. Síðan er skóla lokið.

### **Klukkan 10:30-12:15 3.-4. bekkur og 5.-6. bekkur**

10:30-11:15 Dansað í kring um jólatré

11:15-11:45 Skemmtidagskrá í stiga

- Helgileikur í umsjón 5. bekkjar

- Skemmtiatriði frá 3.-4. bekk, 5.-6. bekk og Alþjóðaskóla

11:45-12:15 Litlu jól í stofu með smákökum og gosi. Síðan er skóla lokið.

Jólaleyfi hefst að lokinni jólaskemmtun.

Kennsla hefst síðan samkvæmt stundaskrá mánudaginn 7. janúar. Starfsfólk Sjálandsskóla óskar öllum gleðilegra jóla og þakkar samstarfið á árinu.

Lesið meira

**18. desember 2007**

## Kirkjuferð

Í morgun fóru nemendur og starfsfólk Sjálandsskóla í Garðakirkju. Ármann æskulýðsfulltrúi tók á móti okkur. Linda í 7. bekk kveikti á kertunum og Ármann fræddi um boðskap jólanna. Helgi skólastjóri flutti jólasögu. Ólafur tónmenntakennari spilaði á gítar og börnin sungu eins og englar marga fallega jólasálma. Nemendur stóðu sig frábærlega vel í þessari ferð þannig að allir áttu notalega stund í kirkjunni. Sjáið finu myndirnar.



Lesið meira

**17. desember 2007**

## Ferð í Jötunheima

Í dag fórum nemendur í 3.-4. bekk í skátamiðstöðina Jötunheima. Nemendur drukku og nörtuðu í smákökur, einnig æfðu þau leikrit fyrir litlu jólin og síðast en ekki síst sáu þau húsakynni og starfsemi Hjálparsveitarinnar í Garðabæ. Að lokum fengu nemendur endurskinsmerki að gjöf og því ættu allir nemendur að vera sjáanlegir í myrkrinu.



Lesið meira

**14. desember 2007**

## Morgunsöngur

Í morgunsöng í morgun spilaði Marteinn Guðmundsson nemandi í 3.-4. bekk fallega á píanó.

Einnig fengum við góða heimsókn er Rafn Emilsson gítarleikari og Anna María Björnsdóttir söngkona fluttu okkur nokkur jólalög. Þess má geta að Anna María er dóttir Sigríðar sérkennara og Rafn hefur unnið við skólann. Sjáið myndirnar undir "Myndir úr skólafarfi".

Lesið meira



14. desember 2007

## Óveður í dag

"Samskiptamiðstöð almannavarna vill koma því á framfæri að foreldrar á höfuðborgarsvæðinu haldi börnum sínum heima í dag þar sem veður er mjög slæmt á höfuðborgarsvæðinu." Sjáländsskóli er opinn í dag en foreldrar beðnir um að hafa varann á. Búið er við að versta veðrið verði á tímanum frá kl. 12-15. Börnin verða ekki send heim úr skólanum fótgangandi. Nauðsynlegt er að foreldrar sækji börnin sín í skólann og aki alveg upp að skólanum. Í ljósi tilkynningar frá Almannavörnum er mikilvægt að það sé ekki gert meðan versta veðrið gengur yfir.


13. desember 2007

## Heimasíður 7. bekkinga

Nemendur í 7. bekk hafa verið að útbúa sínar eigin heimasíður í tölvutímum undanfarið. Margir nemendur hafa lagt sig mikið fram í þessari vinnu, útbúið bakgrunna og myndir í teikniforriti, skrifað um áhugamálin, tekið myndir og sett þetta allt saman í eina heild.

Unnið var í forritinu Frontpage

og fannst mörgum þetta nokkuð snúið í byrjun en síðan lék þetta í höndunum á þeim. Nemendur geta svo bætt við síðum seinna í vetur ef þeir vilja setja fram á heimasíðuna einhver verkefni sem þeir eru að vinna í skólanum. Heimasíðurnar er að finna hér til hægri "Tónlist og verkefni nemenda" og á myndasíðu 7. bekkjar





[Lesa meira](#)

12. desember 2007

## Þetta er Sjálandsskóli í dag

Það var notalegt að ganga um skólann í morgun og sjá vinnusama nemendur á öllum aldri. Sumir voru í stærðfræðiverkefnum, aðrir lestri, ljóðagerð myndmennt, saumum eða jólaföndri. Gleðin schein úr andlitum, áhugi og einbeittni. Einn hópur úr 7. bekk var í gönguferð að flytja ljóð úti náttúrunni. Þetta er Sjálandsskóli í dag. Sjáið myndir undir "Myndir úr skólasterfinu".



[Lesa meira](#)

11. desember 2007

## Kirkjuferð og jólaskemmtun

Lengd allra skóladaga verður með eðlilegum hætti nema 20. desember á jólaskemmtun.

Þriðjudaginn 18. desember kl. 10:30 verður farið með strætó í Garðakirkju.

Fimmtudaginn 20. desember verða jólaskemmtanir.

### **Klukkan 8:30-10:15 1.-2. bekkur og 7. bekkur**

8:30-9:15 Skemmtidagskrá í stiga

- Helgileikur

- Skemmtiatriði frá 1.-2. bekk og 7. bekk og Alþjóðaskóla

9:15-9:45 Dansað í kring um jólatré

9:45-10:15 Litlu jól í stofu með smákökum og gosi. Síðan er skóla lokið.

### **Klukkan 10:30-12:15 3.-4. bekkur og 5.-6. bekkur**

10:30-11:15 Dansað í kring um jólatré

11:15-11:45 Skemmtidagskrá í stiga

- Helgileikur í umsjón 5. bekkjar

- Skemmtiatriði frá 3.-4. bekk, 5.-6. bekk og Alþjóðaskóla

11:45-12:15 Litlu jól í stofu með smákökum og gosi. Síðan er skóla lokið.

[Lesa meira](#)

**11. desember 2007**

## Piparkökur skreyttar

Nemendur í 1.-2. bekk mættu í skólann ásamt fjölskyldu og skreyttu piparkökur. Foreldrafélagið stóð fyrir þessu á áttu allir notalega stund saman í skólanum. Sjáið hressu krakkana í myndasafni 1.-2.bekkjjar.

Lesið meira



**5. desember 2007**

## Hækkun á verði skólamáltíða

Í samningi milli Skólamatar ehf. og Garðabæjar kemur fram að verð á skólamáltíðum skuli taka breytingum samkvæmt vísitölu neysluverðs til verðtryggingar og skal endurskoðað 1.ágúst og 15.desember ár hvert.

Samkvæmt því breytist verð fyrir fasta áskrift alla daga í kr. 390 og fyrir fjórar máltíðir eða færri kr. 398. Breytingar þessar taka gildi nú um áramót

Lesið meira

**3. desember 2007**

## Diskótek hjá 5.-7. bekk

5.-7. bekkur hélt diskótek þann 29. nóvember og var yfirskriftin 80´s. Þau komu mjög mörg uppáklædd og sveif 80´s andinn yfir vötnum eins og sjá má á myndunum. Diskótekið Dísu hélt uppi fjörinu og gerði það með sóma. Sjáið skrautlegar myndir undir "Myndir úr skólastarfinu".

Lesið meira



**3. desember 2007**

## Skólareglur

Á liðnum vikum hefur starfsfólk Sjálandsskóla verið að þróa áætlun um viðbrögð við hegðunarfrávikum nemenda og hefur áætlunin verið rædd í foreldraráði. Þessa áætlun má sjá [hér](#) og hér til vinstri undir skólinn, skólareglur.

Foreldrar eru hvattir til þess að kynna sér þessa áætlun vel. Allar ábendingar og athugasemdir eru vel þegnar.

[Lesið meira](#)

**23. nóvember 2007**

### 1.-2. bekkur bekkjarkvöld

Fimmtudaginn 15. nóvember hélt 1.- 2. bekkur bekkjarkvöld hér í skólanum. Gaman var að sjá hve margir sáu sér fært að mæta og óhætt er að segja að foreldrar, börn og kennarar hafi átt góða stund saman yfir frábæru veitingum. Sjáið myndirnar og einnig myndir úr heimsókn í leikskólann Sjáland í myrkrinu.



[Lesið meira](#)

**19. nóvember 2007**

### Ferð á Árbæjarsafn

Nemendur í 7. bekk fóru í Árbæjarsafn þann 14. nóvember. Þar hittu þau fyrir safnvörðinn Sigurlaug sem sýndi okkur gömlu torfbæina og fræddi krakkana um gamla tíma. Einnig sýndi hann okkur hús sem geymdi stórt líkan af brunanum mikla í Reykjavík árið 1915. Þessi ferð var farin í tengslum við þemað Ein grjóthrúga í hafinu.



[Lesið meira](#)

**16. nóvember 2007**

## Verðhækkun á skólamáltíðum

Vegna hækkun á vísitölu neysluverðs munu skólamáltíðir hækka á áramótum. Þetta þýðir að hver máltíð í fastri áskrift um kosta 387 og sveigjanleg áskrift 395.

**14. nóvember 2007**

## Göngum í skólann

Í dag koma börnin heim með bækling "Öruggar leiðir". Í þessum bækling, sem Garðabær hefur gefið út, er bent á góðar gönguleiðir í skólann. Sjálandsskóli hvetur foreldra eindregið til að kynna sér bæklinginn og hjálpa sínum börnum til að finna út bestu gönguleiðina í skólann. Einnig vill skólinn eindregið minna á notkun endurskinsmerkja og að hver nemandi ætti að eiga slíkt.

[Lesið meira](#)

**13. nóvember 2007**

## Leikhúsferð - Foreldrafélag

Foreldrafélag Sjálandsskóla stendur fyrir leikhúsferð fyrir nemendur og fjölskyldur þeirra sunnudaginn 20. janúar kl. 14:00. Farið verður á leikritið Skilaboðaskjóðuna í Þjóðleikhúsinu. Takið daginn frá. Nánari upplýsingar síðar.

[Lesið meira](#)



**9. nóvember 2007**

## Umhverfisdagur í Garðabæ

Föstudaginn 1. nóvember var umhverfisdagur í Garðabæ. Í tilefni dagsins kynntu skólarnir í bænum áherslur sínar í umhverfis- og útivistarmálum. Krakkarnir í kajaklúbbi Sjálandsskóla buðu gestum upp á brauð sem steikt var á stóru pönnunni. Útbúin var myndasýning um starf skólans þar sem m.a. var fjallað um fjöruna, siglingar, karteflurækt, hænurnar okkar, útieldun og ferðir í Gálgahraun. Einnig var til sýnis tjaldið okkar, eldunarbúnaður og kajak.



[Lesið meira](#)

## 6. nóvember 2007

### Jól í skókassa

Jól í skókassa“ er alþjóðlegt verkefni sem felst í því að fá börn jafnt sem fullorðna til þess að gleðja önnur börn sem lifa við fátækt, sjúkdóma og erfiðleika með því að gefa þeim jólagjafir. Með slíkum gjöfum er þeim sýndur kærleikur. Gjafirnar eru settar í skókassa og til þess að tryggja að öll börnin fái svipaða jólagjöf er mælt til þess að tilteknir hlutir séu í hverjum kassa.



1.-2. bekkur tók þátt í verkefninu. Á föstudaginn fóru krakkarnir svo í strætóferð í höfuðstöðvar KFUM/K í Reykjavík með jólapakkana sem þau höfðu útbúið. Þar afhentu þau gjafirnar stolt og fengu að sjá myndir frá því í fyrra þegar jólagjöfunum var útdelt til barna sem aldrei áður höfðu fengið jólagjöf. Sjáið finu myndirnar á myndasíðu 1.-2. bekkjar.

[Lesið meira](#)

## 1. nóvember 2007

## Sundtímar hjá 5.-6.bekk

Hrafnhildur sunkennari hefur þetta að segja: "Nemendur 5. og 6. bekkjar eru hreinlega frábær í sundi. Það sem ég segi þeim að synda það synda og þau og ég hef varla undan að setja þeim fyrir æfingar og segja þeim hvað þau eiga að gera. Ekkert óþarfa tuð og röfl í þessum krökkum - sankallaðir sundgarpar. Þau eru að synda 750m og meira í hverjum tíma sem er ótrúlega flott finnst mér. Síðustu mínútunum á miðvikudögum eyðum við í sundleiki. Þau eiga það heldur betur skilið fyrir góða frammistöðu í tímum. Starfsfólk Ásgarðs er líka mjög ánægt með framkomu nemanda sem og aðrir sundgestir sem tala um þessi kurteisu börn." Sjáið fínu myndirnar.



[Lesu meira](#)

**30. október 2007**

## Ferð í Kaldársel

7. bekkur fór í stórskemmtilega ferð í Kaldársel og gistu eina nótt. Þau fóru í hellaferð undir leiðsögn Helga skólastjóra, gengu inn í Valaból, spiluðu, undirbjuggju skemmtiatriði fyrir kvöldvöku og að sjálfsögðu var mikill fótbolti spilaður hjá karlþjóðinni. Eftir frumlega kvöldvöku og gamaldags kvöldkaffi var slegið upp diskóteki og sumir fengu að hlusta á krassandi kvöldsögur fyrir svefninn. Um morguninn vöknudðu allir snemma og fengu sér góðan morgunverð og síðan örkuðu allir í hressandi göngutúr í hrauninu í dýrindis veðri. Fullt af myndum úr ferðinni.



[Lesu meira](#)

**21. október 2007**

## Skipulagsdagur 22. október

Mánudaginn 22. október er skipulagsdagur í Sjálandsskóla og í öllum skólum Garðabæjar. Pennan dag fellur öll kennsla niður.

[Lesið meira](#)

**19. október 2007**

## **Þjóðminjasafnið**

Í vikunni fóru nemendur í 5.-6. bekk í heimsókn í Þjóðminjasafnið í tengslum við þemað um landnám Íslands. Fjallað var um landnámið og skoðaðar fornleifar sem eru einstakar fyrir Þjóðminjasafnið. Nemendur skoðuðu og snertu eftirgerðir hluta og hlustuðu á frásögn landnámskonu (hljóðstöð í grunnsýningu). Allir nemendur klæddust landnámsbúningum sem merktir voru nöfnum úr Landnámu meðan á heimsókninni stóð. Sjáið fínu landnámsmennina okkar í myndasafni 5.-6. bekkjar.



[Lesið meira](#)

**17. október 2007**

## **Samræmd próf í 4. og 7. bekk**

Samræmd próf í 4. og 7. bekk eru á fimmtudag 18. og föstudag 19.

Á fimmtudag er íslenska en föstudag stærðfræði.

Nemendur eiga að mæta samkvæmt stundaskrá og eru venjulegan skólatíma að loknum prófum báða dagana

[Lesið meira](#)

**16. október 2007**

## Sundnámskeið

Síðustu 4 vikur hafa nemendur í 3.-4. bekk verið á sundnámskeiði hjá henni Hrafnhildi Sævarsdóttur íþróttakennara tvisvar í viku. Þau hafa verið að æfa bringusund, skriðsund, baksund og skólabaksund. Krakkarnir hafa verið hörkudugleg og ætla að æfa sig vel í vetur áður en þau mæta aftur á 4 vikna sundnámskeið í vor. Sjáðu myndirnar af þeim



[Lesu meira](#)

15. október 2007

## Útikennsla í Gálgahrauni

1.-2. bekkur fór út í Gálgahraun með nesti og tjald á föstudaginn. Helgi skólastjóri var með í för og kenndi nemendum að tjalda stóra indjánatjaldinu okkar og að kveikja eld. Allir nemendurnir 40 komu sér síðan saman inni tjaldinu með nestið og hlustuðu á sögur og eitt og annað skemmtileg. Það var mjög notaleg stund. Kíkið á finu myndirnar.



[Lesu meira](#)

11. október 2007

## Heimilisfræðivika - útiöldun



Nemendur í 5.-6. bekk hafa verið í heimilisfræðiviku og í því sambandi fóru nemendur í út í hraun að elda. Nemendum var skipt upp í 8 hópa, 4 hópar suðu pasta, 1 hópur skar niður, 1 steikti, 1 hitaði kakó og 1 tjaldaði og hélt eldi lifandi. Eldað var á gasi fyrir 40 manns ljúffengt spaghetti bolognese. Boðið var uppá kakó með vatni sem hafði verið hitað yfir opnum eldi. Indjاناتjaldið fór upp og það var opinn eldur inn í því, mjög kósý. Eins og sjá má á myndunum höfðu allir nóg fyrir stafni og maturinn bragðaðist vel.



[Lesið meira](#)

**8. október 2007**

## **Starfsdagur 22. október**

Mánudaginn 22. október er skipulagsdagur kennara í grunnskólum Garðabæjar. Þennan dag fellur niður öll kennsla í Sjálandsskóla. Tómstundaheimilið verður opið þennan dag. Umsóknareyðublað og nánari upplýsingar hér til vinstri undir tómstundaheimili.

[Lesið meira](#)

**2. október 2007**

## **Pétur og úlfurinn**



Bernd Ogradnik kom með brúðuleikhús sitt og flutti fyrir yngri nemendur Pétur og úlfinn. Hann spilaði á hljóðfæri, söng og lék og fór í hin margvíslegustu hlutverk með aðstoð flottu brúðanna hans. Allir nutu sýningarinnar.

[Lesu meira](#)

**29. september 2007**

## Samkomulag

Undirritað hefur verið samkomulag milli Garðabæjar og kennara Sjálandsskóla um breytt vinnufyrirkomulag og vinnutíma kennaranna á þessu skólaári. Þannig er ætlunin að efla enn frekar samstarf og samráð kennaranna sem aftur skilar sér í auknum gæðum skólastarfs. Þetta samkomulag markar tímamót í skólastarfi í Garðabæ og verður vonandi vegvísir til framtíðar um skipulag skólastarfs.



[Lesu meira](#)

**28. september 2007**

## Innanbæjarstrætó í Garðabæ

Ný strætisvagnaleið, leið 25, hefur akstur um Garðabæ mánudaginn 1. október 2007. Bæjarráð samþykkti á fundi sínum í vikunni að Strætó gerði tilraun með innanbæjarakstur í Garðabæ tímabilið október 2007 – maí 2008. Kostnaður við aksturinn er greiddur af Garðabæ. Vagninn fer hring um Ásahverfið, í Ásgarði, eftir Bæjarbraut að Mýrinni og út á Arnarnes. Fyrsta ferð frá Ásgarði er kl. 6.49 á morgnana. Akstri lýkur kl. 18.30 á kvöldin. Vagninn keyrir á virkum dögum, mánudaga til föstudaga. Tímatöflu er að finna á heimasíðu Garðabæjar og [straeto.is](http://straeto.is)

**27. september 2007**

## Lífríki Vífilsstaðavatns

Í gær fóru nemendur 5. og 6. bekkjar hjólandi að Vífilsstaðavatni þar sem fiskifræðingurinn Bjarni Jónsson og Sigurður Hafliðason starfsmaður garðyrkjudeildar Garðabæjar tóku á móti okkur. Þeir leiddu nemendur í allan sannleikann um lífríki vatnsins og lækjarins. Veiddir voru fiskar og hinar ýmsu lífverur vatnsins fangaðar af sprækum nemendum. Ekki er hægt að segja að veðrið hafi leikið við okkur en nemendur stóðu sig með sóma og nutu ferðarinnar þrátt fyrir veðrið. Eftir góða stund við vatnið var svo hjólað í skólann þar sem Bjarni krufði urriða og þeim fiskum sem náðust lifandi var sleppt í fiskabúrið. Í dag fengu nemendur síðan frekari tíma til að rannsaka aflann. Kíkið á myndirnar.

[Lesað meira](#)

**25. september 2007**

## Umhverfið Garðabær

Nemendur í 5.-6. bekk voru að klára þemað Umhverfið Garðabær sem að þeir unnu í hópum. Hver hópur sérhæfði sig í ákveðnu námsefni eins og t.d. Gálgahraun, þekktir Garðabæingar, atvinnulíf í Garðabæ, flóð og fjara svo að eitthvað sé nefnt. Nemendur kynntu verkefnið fyrir samnemendur sína í dag. Sjáið myndirnar.



[Lesað meira](#)

**19. september 2007**

## Púðar og fleira

Nemendur í 3.- 4. bekk hafa verið að sauma litríka púða sem fara eiga í heimakrók. Kíkið á myndirnar hjá 3.- 4. bekk af saumaskapnum og vinnu við forsiðu á bók.

[Lesið meira](#)

**13. september 2007**

## Smiðjur

Í dag og s.l. þriðjudag voru nemendur í aldursblönduðum hópum í smiðjum. Það voru fjölbreytt verkefni í boði m.a. útiildun, heimilisfræði, myndmennt, hljóðfæragerð, útileikir, myndlist í tölvum. Hér til hægri undir verkefni nemenda má finna taktæfingar sem nemendur í 1.-4. bekk unnu í hljóðfærasmiðjunni.


[Lesið meira](#)

**11. september 2007**

## Legokeppni

Nemendum í 5.-7. bekk í Sjálandsskóla gefst nú í fyrsta skipti tækifæri til að taka þátt í alþjóðlegri Legokeppni. Keppnin nefnist "First Lego League" og hefur slegið í gegn bæði vestanhafs og austan. Íslenska keppnin verður haldin í Háskóla Íslands 10. nóvember. Markmið hennar er að efla tækni- og raunvísindaáhuga barna á grunnskólastigi. Keppendur eru á aldrinum 10 til 16 ára og hvert lið samanstendur af 6-12 börnum og a.m.k. einum fullorðnum liðsstjóra. Það lið, sem vinnur keppnina á Íslandi, á kost á að fara til Noregs í úrslitakeppni Norðurlandanna. Við erum nú þegar komin með fullskipað lið og æfingar eru hafnar undir handleiðslu Gunnars Hrafns Jónssonar sem er faðir einnar stúlku sem er í liðinu og Gissurar Jónassonar verkfræðinema. Sjá [heimasíðu keppinnar](#)

[Lesið meira](#)



**6. september 2007**

## Sundsnillingar framtíðarinnar

Í gær var 1.-2. bekkur í sundkennslu hjá Hrafnhildi Sævarsdóttur. Í lokin fengu þau frjálsan tíma þar sem þau voru öll svo óskaplega dugleg í tímanum. Kíkið á myndirnar þar sem gleðin skín úr hverju andliti.

[Lesið meira](#)



**3. september 2007**

## Útikennsla hjá 3.-4. bekk

Á föstudaginn fór 3.-4. bekkur í útikennslu í Gálgahrauni. Þar grilluðu þau pylsur yfir opnum eldi, drukku kakó inn í tjaldi og fóru í leiki í hrauninu. Sjáið myndirnar hér til hægri undir "Myndir úr 3.-4. bekk".

[Lesið meira](#)



**29. ágúst 2007**

## Skólaskýrsla Sjálandsskóla

Skólaskýrslu Sjálandsskóla má finna undir "Útgáfa" hér til vinstri. Markmið skýrslunnar er að gefa sem bestar upplýsingar um starfið í skólanum veturinn 2006-2007.

[Lesið meira](#)

**28. ágúst 2007**

## Útikennsla hjá 1. - 2. bekk

Í fyrsta útikennslutímanum hjá 1.-2. bekk skoðuðu krakkarnir skólalóðina og umhverfi hennar. Þau fóru í fjöruna með háfa og skoðuðu lífríki hennar. Lækurinn sem rennur undir skólann var rannsakaður. Einnig heimsóttu nemendur hænurnar og hanana í hænsnakofann. Kíkið á myndirnar af glöðum og áhugasömum krökkum hér til hægri undir "Myndir úr 1.-2. bekk".



Hvað leynist undir steininum?

[Lesið meira](#)

**24. ágúst 2007**

## Skólamáltíðir

Til þess að gerast áskrifandi þarf greiðandi áskriftar að fara inn á heimsíðuna [www.skolamatur.is](http://www.skolamatur.is) og velja "Sækja um skólamat". Verð fyrir hverja máltíð er kr. 378.-. Aðeins er hægt að panta áskrift fyrir alla daga vikunnar. Fyrsta áskriftartímabilið er frá skólabyrjun til 3.okt. Áskrift þarf að segja upp fyrir 27. hvers mánaðar. Skráning í skólamáltíðir fer ekki fram í skólanum.

[Lesið meira](#)

**23. ágúst 2007**

## Skólasetning

Í dag var Sjálandsskóli settur í 3. sinn. Nemendur við skólann eru nú um 200 þar af 40 við Alþjóðaskólann. Mjög margir nýir nemendur hefja nám hér í dag og bjóðum við þau og fjölskyldur þeirra velkomin í hópinn. Það var mikil eftirvænting og margt nýtt að læra þennan fyrsta skóladag. Nemendur unnu bæði inni og úti í dag í flestum bekkjum. Myndir frá skólabyrjuninni á myndasíðunni hér til hægri.



Lesið meira

**20. ágúst 2007**

## Tómstundaheimilið Sælukot

Tómstundaheimili Sjálandsskóla, öðru nafni Sælukot, er opið frá lok skóladags til 17:15. Sælukot hefur aðsetur á efri hæð Sjálandsskóla en nýtir sér einnig skólalóðina og nánasta umhverfi skólans. Starfsmenn Sælukots eru Margrét Perla Kolka Leifsdóttir umsjónarmaður tómstundaheimilisins (kóngurinn í Sælukoti) og Kristján Páll Kolka Leifsson félagsfræðinemi. Sérlega vantar fleira starfsfólk og eru allir þeir sem hafa áhuga á að skemmtilegri og fjörugri vinnu í notalegu starfsumhverfi beðnir um að hafa samband við Perlu eða Helga Grímsson skólastjóra. Í Sælukoti er mikið lagt upp úr því að eiga notalegar og skemmtilegar stundir saman. Börnin taka bæði þátt í skipulögðum verkefnum en fá einnig að njóta sín í frjálsum leik. Boðið verður upp á snarl að skóla loknum á kostnaðarverði þar sem áhersla verður lögð á grænmeti og ávexti. Frekari upplýsingar um matarmálin má fá hér. Gjaldskrá fyrir tómstundaheimili í Garðabæ og upplýsingar um tímaútreikninga má finna hér til vinstri undir tómstundaheimili ásamt frekari upplýsingum. Sími í Sælukoti 590 3113 - gsm Perlu 893 6669 – netfang perla@sjalandsskoli.is

Lesið meira

**12. ágúst 2007**

## Innkaupalisti 2007 - 2008

Allir nemendur skólans þurfa að eiga merktan regnfatnað, stígvél, ullarsokka, húfu, vettlinga og fatnað til útiþróttar. Á seinasta skólaári var gerð tilraun með sameiginleg innkaup allra ritfanga, áhaldna og gagna sem nemendur þurftu að nota yfir skólaárið og gafst það vel. Mörgum nemendum þótti hins vegar miður að geta ekki valið áhöld í sitt eigið pennaveski. Því hefur verið ákveðið að hver og einn nemandi kaupir eigin ritfæri og önnur áhöld í pennaveski en stílabækur,

möppur ofl. verði keypt sameiginlega og foreldrar rukkaðir um þann kostnað. Listi yfir það sem þarf að vera í pennaveskjum verður birtur í byrjun vikunnar.

**12. ágúst 2007**

## **Breytt byrjun skóladags**

Skóladagurinn í Sjálundsskóla mun hefjast kl. 8:15 næsta skólaár og ljúka kl. 14:05. Skólahúsið opnar eins og áður kl. 7:30 og Tómsundaheimilið verður opið til 17:15.

**7. ágúst 2007**

## **Skólabyrjun 2007**

Skólaárið hefst á foreldraviðtalsdegi 22. ágúst. Umsjónarkennarar verða í sambandi við foreldra á næstu dögum vegna nánari tímasetningar. Skóladagatal 2007-2008 er að finna undir "Skólinn". Kennsla hefst samkvæmt stundaskrá fimmtudaginn 23. ágúst.

[Lesu meira](#)